**DRYNJANDI HESTÖFL**

*Ein stærsta bílasýning heims er haldin í Genf*

Bílar

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**VOR OG SUMAR**

*Mynstrað og kaotískt*

Sérblað um tísku

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. mars 2006 — 62. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## Jákvæð og neikvæð viðbrögð



Hallgrímur Óskarsson auglýsingasérfræðingur um framsetningu forvarnarauglýsinga eins og Blátt áfram-herferðina

**VIÐTAL 34**

## Framtíð í nýju landi



Anh-Dao Tran er menntunarráðgjafi og verkefnisstjóri Framtíðar í nýju landi, tilraunaverkefnis sem miðar að því að aðstoða erlend ungmenni á aldrinum 15-25 ára við að afla sér menntunar og virkja þau til frekari þátttöku í íslensku samfélagi.

**VIÐTAL 36**

## Af hetjulund, miskunnsemi og mannkærleik



Með Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins er hlúð að íslenskum hetjum sem vinna góðverk sín án upphrópana, þótt góðverkin séu öll af þeim toga að vera ómetanleg, dýrmæt og einstök fyrir íslenskt samfélag.

**VIÐTÖL 26-28**

## Alfreð ráðinn til 2007

Alfreð Gíslason hefur verið ráðinn landsliðsþjálfari til 1. júlí 2007 þegar hann tekur við Gummersbach. Þungu fargi er létt af HSÍ en Alfreð var alltaf fyrsti kostur í starfið. Ekki hefur verið gengið frá ráðningu aðstoðarþjálfara.

**ÍÞRÓTTIR 52**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆG BREYTILEG ÁTT** Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Éljagangur með norður- og austurströndinni en bjartviðri um sunnan- og vestanvert landið. Frost 0-8 stig að deginum, kaldast til landsins.

**VEÐUR 4**

# Bauhaus fær lóðina þrátt fyrir mótmæli

**Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi segir Bauhaus fá lóð við Úlfarsfell. Almenningur hagnist á því. Leitun sé að bæjarstjórum sjálfstæðismanna sem vilji fyrirtækið á markað. Framkvæmdastjóri Smáragarðs er ósáttur.**

**SKIPULAG** „Í þeim gögnum sem fram eru komin bendir ekkert til annars en að við úthlutum lóðinni við Úlfarsfell til Bauhaus í næstu viku,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar. „En við förum yfir fram komnar athugasemdir til þess að taka af allan vafa.“

Auk meirihluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar andmæla forsvarsmenn Smáragarðs úthlutuninni. Þeir hafa sóst eftir lóð austan Vesturlandsvegar síðan 1998 en verið úthlutað lóð vestan við. „Þetta var okkar verri kostur,“ segir Guðmundur Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri Smáragarðs sem sækist einnig eftir lóðinni. Skipulagi svæðisins sé breytt fyrir Bauhaus.

Dagur bendir á að á lóðinni sem Smáragarður hafi fengið sé gert ráð fyrir mun fleiri byggingum en komist fyrir á svæðinu sem Bauhaus sé ætlað. Skipulaginu hafi ekki verið breytt. „Hins vegar á eftir að deiliskipuleggja þessa lóð og það hyggjumst við gera í ljósi umsóknar Bauhaus, því hún er áhugaverð út frá almannahagsmunum.” Hann segir dæmin sanna að þar sem Bauhaus komi á markað lækki vöruverð. „Það er mikilvægt að við tryggjum samkeppni og vísum ekki svona fyrirtækjum út á guð og gaddinn. Mér sýnist vera leitun að bæjarstjóra Sjálfstæðisflokksins sem vill lyfta litla fingri til þess að stuðla að samkeppni á byggingamarkaði,“ segir Dagur og vísar til þess að Bauhaus hafi hvorki fengið lóð í Kópavogi né Garðabæ.

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, sendi andmælabréf til borgarráðs og svæðisskipulagsráðs höfuðborgarsvæðisins fyrir hönd bæjarins og mótmælti lóðaúthlutuninni þar sem hún bryti í bága við sameiginlega þróunaráætlun bæjarfélaganna.

Þröstur Karlsson, bæjarfulltrúi Framsóknar, segir málið aldrei hafa verið rætt í bæjarstjórn. „Nær væri hjá bæjarstjóra að bjóða Bauhaus velkomna í Mosfellsbæ. Þetta upphlaup lyktar eins og pólitískur vinargreiði við forstjóra BYKO.“

Ragnheiður segir Bauhaus fá lóð í Mosfellsbæ sæki þeir um. „Með mótmælunum er ég að gæta hagsmuna Mosfellsbæjar með tilliti til undirritaðrar þróunaráætlunar. Mér þykir afar miður ef bæjarfulltrúar í Mosfellsbæ og Reykjavík ætla sér að spyrða mig við ágætan forstjóra BYKO, sem einu sinni var bæjarstjóri í Garðabæ. Mér finnst það lágkúra,“ segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

**- gag**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**BARÁTTA Í MINNINGU SKÓLASYSTUR** Skólasystur Höllu Margrétar Ásgeirsdóttur, sem lést eftir bílslys á Bæjarbraut í Garðabæ, hafa hrundið af stað umferðarátaki í bænum og fengið til þess stuðning bæjaryfirvalda. Framtak stúlknanna hefur vakið verðskuldaða athygli.



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR** Rektor Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rektor HÍ um háleit markmið:

## Í fremstu röð á tíu árum

**MENNTAMÁL** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, telur mögulegt að skólinn komist í röð hundrað bestu háskóla í heimi á tíu árum. Hún vill ekki gefa upp hver kostnaðurinn við verkefnið verður, fyrst ætlar hún að kynna menntamálaráðherra útreikninga sína.

Í viðtali við Fréttablaðið í dag segir Kristín frá þeirri skoðun sinni að ekki sé ráðlegt að taka upp skólagjöld í HÍ enda sýni dæmin að um leið kunni að draga úr ríkisframlögum til skólans. Þá segir hún inntökuskilyrði skólans til athugunar en nú stendur hann opinn þeim sem lokið hafa stúdentsprófi.

**- bþs /** **sjá síðu 30**

Norskur bær aflar fjár:

## Elgir vinsælir til ættleiðingar

**OSLÓ, AP** Elgir runnu út eins og heitar lummur í Vegaarshei í Suður-Noregi nú fyrir helgina. „Við eigum fjóra eða fimm eftir, en þeir eru allir að fara,“ sagði Helge Sines, yfirmaður skógræktarinnar. Elgirnir fóru þó ekki neitt, heldur hlutu þeir bara nöfn.

Upphaf málsins liggur í ákvörðun bæjaryfirvalda um að merkja 25 elgi með hálsólum með rafeindasendi svo hægt verði að fylgjast með hreyfingum dýranna í tvö ár. En verkefnið reyndist of kostnaðarsamt, svo ákveðið var að nefna skepnurnar eftir hverjum þeim sem vildi kosta ól á elg. Það gekk vonum framar og voru það fyrirtæki sem ættleiddu elgina.

**- smk**


## Bílalán á 0% vöxtum

Vaxtalausir dagar standa nú yfir hjá Bílalandi B&L, Grjóthálsi 1. Opið er í dag frá 10 til 17 og á morgun frá 10 til 16. Fjöldi bíla er í boði með fullu 100% vaxtalausu láni. Lántökugjöld eru enn fremur felld niður. Ef þig vantar notaðan bíl á frábærum kjörum, komdu þá við hjá Bílalandi B&L eða hjá umboðsmönnum B&L á landbyggðinni. Athugaðu að þessi hagstæðu lán eru eingöngu veitt á vaxtalausum dögum.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is


Sáttamiðlun mistekst fyrir fund IAEA um kjarnorkuáætlun Írans:

# Íranar láta sér ekki segjast

**VÍN, MOSKVA, AP** Viðræðum milli „evrópska þríeykisins“, ESB-veldanna Bretlands, Frakklands og Þýskalands, og Írana um kjarnorkuáætlun Írans var slitið snemma í gær án þess að samkomulag næðist á endasprettinum fyrir úrslitafund í Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni á mánudag. Nú er fastlega búist við því að á þeim fundi verði akveðið að vísa deilunni til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

ESB-veldin vilja að Íranar hætti auðgun úrans á heimavelli en Íranar segjast hafa fullan rétt á þeirri vinnslu. Rússar hafa boðist til að auðga úran í samvinnu við Írana, en þær viðræður hafa einnig strandað á kröfu Rússa um að Íranar hætti þá slíkri starfsemi heima í Íran. Með auðgun úrans er bæði hægt að framleiða eldsneyti til raforkuframleiðslu í kjarnorkuverum en einnig efni í kjarnorkusprengjur. Íranar halda því fram að kjarnorkuvinnsla þeirra sé eingöngu í friðsamlegum tilgangi.



**EKKERT SAMKOMULAG** Franski utanríkisráðherrann Philippe Douste-Blazy, Ali Larijani, aðalsamningamaður Írana, og Javier Solana, utanríkismálastjóri ESB eftir fund þeirra í Vín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra Rússa, Sergei Lavrov, sagði að þó svo færi að málið kæmi til kasta öryggisráðsins væri ekki þar með sagt að samstaða yrði um framhaldið meðal kjarnorkuveldanna sem þar hafa neitunarvald. Hann sagði enga alþjóðlega áætlun til aðgerða vera til í því tilviki.

Þó að ESB hafi lýst yfir að ekki verði gripið til vopna, hafa Bandaríkjamenn sagt að vel komi til greina að ráðast á Íran í þeim tilgangi að stöðva kjarnorkuáætlun klerkastjórnarinnar.

**- smk**






## SPURNING DAGSINS

*Ragnheiður, eru þetta ekki bara fordómar gagnvart útlendingum?*

„Geta menn ekki bara fallist á það?“

Mosfellingar mótmæla hugmyndum skipulagsráð Reykjavíkurborgar um að veita þýsku verslunarkeðjunni Bauhaus lóð undir stórverslun við Úlfarsfell. Ragnheiður Ríkharðsdóttir er bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir að eiga mikið magn barnaklámmynda:

# Hefur tekið á klámfíkninni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var í gær dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar og skilorðs til þriggja ára fyrir að hafa í fórum sínum klámfengið myndefni af ungum börnum. Manninum var jafnframt gert að greiða allan sakarkostnað, sem nemur um 190 þúsund krónum.

Lögreglan í Reykjavík fann við húsleit hjá manninum tæplega fjörutíu þúsund ljósmyndir af börnum í kynferðislegum athöfnum, auk tæplega tvö hundruð hreyfimynda af klámfengnu efni.

Í dómi héraðsdóms segir að stór hluti myndanna sem voru í einkasafni mannsins hafi verið grófur og sýni börn í kynferðislegum og klámfengnum stellingum. Maðurinn hefur að undanförnu markvisst reynt að vinna bug á klámfíkn sinni og lagði við aðalmeðferð málsins fram gögn sem staðfestu það.

Héraðsdómur tók einnig til greina að maðurinn væri fjölskyldumaður en hann á eiginkonu, níu ára stjúpson og kornabarn, auk þess sem kona hans er ólétt af öðru barni þeirra.

Dómurum í málinu þótti þetta nægileg ástæða til að dæma manninn í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi en brjóti hann skilorðið gæti hann átt yfir höfði sér níu mánaða fangelsi til viðbótar. **- mh**



**MIKIÐ MAGN BARNAKLÁMS** Tæplega 40 þúsund barnaklámmyndir voru gerðar upptækar hjá karlmanni á fertugsaldri og var hann dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar fyrir vikið.

Amfetamínsmygl:

# Gæsluvarðhald framlengt

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald yfir Lithág, sem situr inni vegna rannsóknar á smygli fljótandi amfetamíns hefur verið framlengt af Héraðsdómi Reykjavíkur til 17. mars. Maðurinn kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.

Annar Lithái sem reyndi að smygla efninu til landsins, en var tekinn í Leifsstöð, á að sitja í gæsluvarðhaldi til 7. apríl.

Báðir þessir menn sitja inni vegna sama málsins, það er þegar reynt var að smygla tveimur áfengisflöskum með fljótandi amfetamíni til landsins í síðasta mánuði. **- jss**

Greiddi ekki 4,5 milljónir:

# Fékk skilorðsbundinn dóm

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi framkvæmdastjóri og prókúruhafi Arnartaks hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Hann skilaði ekki vörslusköttum að upphæð tæplega 4,5 milljónir króna á árunum 1998 til 2002.

Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða 8,5 milljónir í skaðabætur. Greiði hann ekki sektina innan fjögurra vikna sætir hann fimm mánaða fangelsi. Maðurinn sem er á sjötugsaldri hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi og því þarf hann ekki að sitja inni greiði hann sektina og haldi skilorð í tvö ár.

Fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota í fyrstu viku desembermánaðar. **- gag**



**RANNSÓKNARSTOFA Á KELDUM** Forsvarsmenn á Keldum leggja mikla áherslu á að byggingu krufningaraðstöðu verði hraðað eftir föngum.

# Brýnt að koma upp stöð til krufningar

**Starfsmenn á Keldum eru í kapphlaupi við tímann við að koma upp krufningaraðstöðu. Ríkisstjórnin ákvað að veita 20 milljónir króna til verksins. Mikilvægt er að koma upp aðstöðu þar sem hvorki starfsfólk né umhverfi er í hættu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum í kapphlaupi við tímann,“ segir Eggert Gunnarsson, dýralæknir á Keldum, sem nýkominn er að utan þar sem hann kynnti sér aðstöðu til rannsókna á dýrasjúkdómum, bæði í Svíþjóð og Noregi. Keldnamenn leggja áherslu á að uppbyggingu krufningaraðstöðu þar verði hraðað eftir föngum vegna yfirvofandi fuglaflensu.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gærmorgun að beita sér fyrir því að veitt yrði 20 milljónir króna til að koma upp krufningaraðstöðu á Keldum. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum á sú upphæð að duga fyrir framkvæmdum.

„Við verðum að koma okkur upp rannsóknarstofu þar sem við getum krufið við öruggar aðstæður, þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af,“ segir hann. „Það er algjör nauðsyn. Fuglaflensan kallar á krufningaraðstöðu núna, en almennt séð þurfum við bæði slíka aðstöðu og rannsóknarstofu þar sem við getum tekist á við hættulega smitsjúkdóma. Við erum búin að biðja um það í mörg ár. Það geta alltaf komið upp hættulegir sjúkdómar sem þarf að fást við eins og dæmin sanna núna. Fuglaflensan er yfirvofandi og hún kemur.“

Eggert segir enn fremur að talsvert sé gert úr því að mönnum stafi ekki stór hætta af villtum fuglum sem drepist úr fuglaflensu. Það sé sjálfsagt rétt, þegar um staka fugla sé að ræða.

„En þegar búið er af safna þeim saman á einn stað til þess að kryfja þá og taka sýni, þá er farið að magna upp smitefnið. Það er ekki forsvaranlegt gagnvart þeim sem starfa við það. Þetta á ekki einungis við um starfsfólkið, sem kannski getur varið sig með ákveðnum hlífðarbúnaði, heldur umhverfið líka. Það þarf því að sía allt andrúmsloft frá rannsóknarstofunni í gegnum ákveðnar síur, þannig að það sleppi ekki út í umhverfið.“

Eggert segir það hafa komið til tals að flytja inn gáma til að setja upp bráðabirgðaaðstöðu fyrir krufningar á Keldum. Það gæti tekið nokkrar vikur að koma slíkri aðstöðu upp. Mikið liggi við, því um leið og fuglaflensan komi upp í Bretlandi reikni menn með að hún sé einnig komin hingað til lands.

jss@frettabladid.is

Hjúkrunarfræðingur dæmdur:

# Lífstíðardómur fyrir 29 morð

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur hjúkrunarfræðingur var á fimmtudag dæmdur í ellefu lífstíðarfangelsi fyrir morð á minnst 29 sjúklingum. Charles Cullen, einn afkastamesti morðingi innan heilbrigðisgeirans í sögu Bandaríkjanna, slapp við dauðadóm með því að gefa upp nöfnin á fórnarlömbum sínum.



Charles Cullen

Hann játaði að hafa drepið allt að 40 manns á 16 ára ferli sínum sem hjúkrunarfræðingur. Á þeim tíma vann hann á 10 elliheimilum og sjúkrahúsum, en hætti eða var rekinn frá sjö þeirra eftir að grunsemdir vöknuðu hjá yfirmönnum hans. Hann fékk þó alltaf aðra vinnu, að hluta til því yfirmenn sjúkrahúsanna sögðu ekki frá grun sínum af ótta við málaferli. **- smk**

## DÓMSMÁL

**Engin refsing** Ungur maður slapp við refsingu vegna þriggja brota fyrir Hæstarétti. Játaði hann brot sín greiðlega auk þess sem héraðsdómari, sem áður hafði dæmt manninn til tíu mánaða skilorðsbundins dóms, gerði sér ekki grein fyrir að umræddur skilorðsdómur hafði verið dæmdur með í öðru máli.

**Forsjársvipting** Móðir sex ára gamals barns var svipt forsjá fyrir Hæstarétti í gær að kröfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Var mat dómsins að móðirin hefði ekki tekið sig á sem skyldi og forsendur forsjár væru því brostnar.

## NORÐURLÖND

**Verkalýðsfélög kæra** Verkalýðsfélög flugmanna í Danmörku og Noregi ætla að kæra SAS fyrir að hafa brotið á rétti starfsmanna sinna. Flugfélagið breytti samningum við flugmenn í vikunni en þær voru ástæða víðtækra verkfalla flugmanna í janúar.



**FJÖGUR EFSTU** Framsóknarmenn eru klárir í slaginn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Tillaga uppstillingarnefndar:

# Fjögur efstu sætin kynnt

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Kynnt var formlega í gær hverjir það eru sem skipa fjögur efstu sæti lista framsóknarmanna í Reykjavík. Björn Ingi Hrafnsson skipar fyrsta sætið, í öðru er Óskar Bergsson, í þriðja er Marsibil Sæmundsdóttir og Ásrún Kristjánsdóttir í því fjórða.

Björn Ingi Hrafnsson segir góða samstöðu vera meðal framsóknarmanna um skipan listans.

Kjördæmissambönd framsóknarmanna í Reykjavík munu taka tillögu uppstillingarnefndar til afgreiðslu á miðvikudag. **- mh**






Samkomulag náðist á síðustu stundu við ljósmæður vegna heimaþjónustu:

# Nógu sáttar til að skrifa undir

**KJARAMÁL** „Við náðum ekki öllu okkar fram en erum nokkuð sáttar og komum í veg fyrir að allt fari í bál og brand á spítölunum,“ sagði Unnur Friðriksdóttir, varaformaður Ljósmæðrafélags Íslands.



**STEFNDI Í ÓEFNI** Uppábúin rúm á gangi kvennadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öngþveiti var afstýrt á síðustu stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Samningar tókust milli ljósmæðra og samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins síðdegis í gær, flestum að óvörum enda höfðu fyrri fundir verið með öllu árangurslausir. Stefndi í ófremdarástand á sængurkvennadeildum Landspítalans þar sem nýbakaðar mæður gátu ekki farið til síns heima fljótlega eftir fæðingu eins og meirihluti þeirra kýs öllu jöfnu. Voru sængurkvennadeildir orðnar fullar strax í gær og aðeins tímaspursmál hvenær í verulegt óefni yrði komið.

Fimmtán milljónum króna munaði á því tilboði samninganefndarinnar sem lagt var fyrir ljósmæður og því sem þær fóru fram á fyrr í vikunni. Unnur segir að markmið hafi ekki öll náðst en samningurinn hafi verið lending sem báðir aðilar sættu sig við. „Þess utan var mikil pressa á okkur þar sem afar lítið þurfti til að það skapaðist neyðarástand á kvennadeild spítalans en við erum nógu sáttar til að hafa skrifað undir.“

Starfsfólk kvennadeildar Landspítala vann að því hörðum höndum áður en fregnir af samningnum bárust að sameina á stofum og senda feður heim enda ekkert pláss lengur fyrir þá eða aðra aðstandendur. Þess utan var megn óánægja hjá allnokkrum mæðrum með að komast ekki heim en þær geta nú andað léttar. **- aöe**




**Nýtt**
**Húsasmiðjublað**
**Stútfullt af**
**frábærum tilboðum**




**1.995**

**Stingsög**
**DWT**, 550 W, framkast
5245277

# Allt fyrir handlagna



**Slípirokkur**
**B&D**, 900 W, 115 mm
5245387
**3.495**
~~4.995~~



**Topplyklasett**
**Yamoto**, 1/2", 30 stk.
5052486
**6.995**
~~9.995~~



**2.495**
~~3.995~~

**Heftibyssa**
**Prebena**, 6 mm-14 mm hefti
5058824

**1.395**
~~1.895~~



**Hallamál**
**Stanley**, 80 sm
5014076

**1.395**
~~2.495~~



**Skiptilyklasett**
**Costa**, 6", 8" og 10"
5050457



**Búkkar**
Járnprófíll, 2stk.
5079901
**1.995**
~~2.995~~

# Verkfæradagar

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 3.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,73 | 66,05 |
| Sterlingspund | 115,27 | 115,83 |
| Evra | 78,96 | 79,4 |
| Dönsk króna | 10,58 | 10,642 |
| Norsk króna | 9,849 | 9,907 |
| Sænsk króna | 8,348 | 8,396 |
| Japanskt jen | 0,5643 | 0,5677 |
| SDR | 94,87 | 95,43 |

*Gengisvísitala krónunnar*
110,75

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eiginmaður ráðherra í bresku stjórninni í ítalskri spillingarrannsókn:

# Ásakanir um mútuþægni

**LUNDÚNIR, AP** Tessa Jowell, menningarmálaráðherra Bretlands, braut ekki gegn siðareglum bresku ríkisstjórnarinnar með aðkomu sinni að fjármálaviðskiptum eiginmanns hennar. Þessu lýsti breski forsætisráðherran Tony Blair yfir á fimmtudag eftir að Sir Gus O'Donnell, æðsti embættismaður breska stjórnkerfisins, komst að þeirri niðurstöðu að Jowell hefði ekki gerst sek um slíkt brot. Blair sagðist bera fullt traust til Jowell.

Mál Jowell hefur verið fyrirferðamikið í bresku pressunni í vikunni. David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, kallaði eftir því að rannsókn á viðskiptum eiginmanns



**TESSA JOWELL** Menningarmálaráðherrann breski situr hér á milli þeirra Gordons Brown og Tonys Blair á fundi í Lundúnum.

Jowell, lögmannsins David Mills, við ítalska forsætisráðherrann og auðkýfinginn Silvio Berlusconi verði víkkuð út. Mills sætir rannsókn af hálfu saksóknara í Mílanó í tengslum við hugsanlega málsókn vegna spillingar á hendur Berlusconi. Blair sagði að í opinberri rannsókn málsins verði „allar ásakanir sem fram koma“ kannaðar.

Berlusconi er sakaður um að hafa fyrirskipað greiðslu upp á minnst 600.000 bandaríkjadali, andvirði um 39 milljóna króna, til Mills á árinu 1997. Greiðslan hafi verið mútur fyrir að bera ljúgvitni í réttarhöldum á árunum 1997 og 1998. Berlusconi og Mills segja ásakanirnar pólitískan róg.

Í Sunday Times var greint frá því að veðlán sem Mills og Jowell tóku hafi verið liður í því að breiða yfir hina meintu mútugreiðslu. ■

Vísindasiðanefnd fundar:

# Nefndin enn að afla gagna

**VÍSINDI** Vísindasiðanefnd kemur saman á þriðjudag til þess að fara yfir bóluefnarannsóknir Lyfjaþróunar hf., auk annarra mála sem liggja fyrir hjá nefndinni.

Undanfarnar vikur hefur nefndin verið að afla gagna um rannsóknir sem gerðar voru á vegum Lyfjaþróunar hf. á árunum 1999 til 2004, en í þeim fólst að kannað var hvort hægt væri að nota nefúða við bólusetningu. Rannsóknunum var hætt þar sem þær stóðu ekki undir væntingum.

Snemma á þessu ári bárust nefndinni ábendingar um að hugsanlega hefði ekki verið átt við niðurstöður rannsóknanna. **- mh**



**BÆKISTÖÐ** Búgarður John Fowles, eins hinna ákærðu í stærsta ráni í sögu Bretlands. Talið er að þjófarnir hafi notað búgarðinn sem bækistöð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stóra ránið í Kent:

# Milljónir finnast í London

**LONDON, AP** Breska lögreglan tilkynnti í gær um fund á milljónum punda í vörugeymslu í suðausturhluta London. Seðlarnir, sem geymdir voru í pokum, eru taldir vera hluti af feng ræningjanna sem réðust inn í birgðageymslur Securitas í Kent 1. febrúar, í því sem talið er vera stærsta rán Bretlandssögunnar. Óvíst er hversu mikið fé fannst en ljóst er að um margar milljónir punda er að ræða, að sögn lögreglu.

Fjórir hafa verið ákærðir í málinu, þar með talinn breski auðkýfingurinn og bílasalinn John Fowles. Ræningjarnir höfðu á brott með sér um sex milljarða króna í seðlum. **- smk**

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær að Gunnar Freyr Þormóðsson hefði fengið átján mánaða fangelsisdóm fyrir þátt sinn í líkamsárás sem átti sér stað á Akureyri í mars í fyrra. Rétt er að Gunnar Freyr fékk tveggja mánaða fangelsi en Steindór Hreinn Veigarsson, sem mestan þátt átti í árásinni, fékk hins vegar átján mánaða fangelsisdóm. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Berjast í minningu skólasystur sinnar

**Þann 22. febrúar síðastliðinn lést Halla Margrét Ásgeirsdóttir eftir að ekið var á hana á gangbraut í Garðabæ nokkru áður. Vinkonur hennar hafa hrundið af stað umferðarátaki í minningu hennar með aðstoð bæjaryfirvalda.**

**UMFERÐARÖRYGGI** Fjölmörg kerti loga innan um blómvendi í fjölda lita á gangbraut við Bæjarbraut í Garðabæ. Á sama stað er skrifað „hvíldu í friði“ á lítið umferðarskilti. Ástæðan er sú að á þessum stað á Bæjarbraut var ekið á 15 ára gamla stúlku, Höllu Margréti Ásgeirsdóttur, með þeim afleiðingum að hún lést á sjúkrahúsi nokkrum dögum eftir slysið.

Á hverju kvöldi síðan 22. febrúar, eða dagsins sem Halla Margrét lést, hafa þær komið þarna við í litlum hópum, og ein og ein. Með þessu vilja þær minnast vinkonu sinnar og tryggja að vegfarendur í Garðabæ viti hvar slysið átti sér stað og fari varlega.

En heimsóknir að slysstaðnum er ekki það eina sem þessar kraftmiklu ungu konur gera í minningu vinkonu sinnar. Fyrir nokkrum dögum gengu þær á fund Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra í Garðabæ, til að tala um umferðaröryggi í bænum. Umrædd gangbraut var þar efst á baugi því stúlkurnar telja að hún sé sérstaklega hættuleg. Áður hefur orðið þarna dauðaslys og tvær þeirra tala af reynslu, því keyrt var á þær á þessum stað fyrir nokkrum árum.

Gunnar segir að fundurinn hafi verið sérstaklega ánægjulegur þó að tilefnið hafi verið sorglegt. Að honum loknum fól hann verkfræðistofu að gera úttekt á öllum helstu göngubrautum í Garðabæ til að auka öryggi þar sérstaklega. Einnig hafa verið fest kaup á hraðamælingatækjum. Gunnar segir að hann vilji ekkert frekar en að fundur hans með stúlkunum megi verða til þess að allir bæjarbúar snúi bökum saman í því að auka öryggi þeirra sem í umferðinni eru.



**VIÐ SLYSSTAÐINN** Þessar ungu stúlkur hafa vakið athygli og aðdáun Garðbæinga fyrir framtak sitt. Þær vilja minnast vinkonu sinnar með því að auka umferðaröryggi í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stúlkurnar eru líka ánægðar með bæjarstjórann sinn. „Hann var alveg rosalega vel undirbúinn og talaði við okkur í klukkutíma,“ segir ein stúlknanna og önnur bætir við: „Það er ekki nóg að bíða bara og vona. Það verður að tala um þetta og gera eitthvað.“ Framtak stúlknanna hefur vakið mikla athygli í Garðabæ. Á meðan Fréttablaðið ræddi við þær á slysstaðnum stöðvuðu vegfarendur bíla sína til að koma skilaboðum til þeirra. Þau voru öll á sama veg: hvatningarorð og hrós.

Útför Höllu Margrétar Ásgeirsdóttur var gerð frá Vídalínskirkju í Garðabæ í gær. **svavar@frettabladid.is**

Atvinnulíf mun eflast:

# Eyfirðingar fagna álveri



**MAGNÚS ÞÓR ÁSGEIRSSON**

**STÓRIÐJA** Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (AFE) fagnar ákvörðun Alcoa þess efnis að könnuð verði hagkvæmni álvers á Bakka við Húsavík.

„Vissulega vonuðum við að Alcoa myndi kjósa Dysnes í Eyjafirði,“ segir Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri AFE. Hann segir að úr því að Bakki varð fyrir valinu þá vænti menn þess að stjórnvöld nú þegar að eflingu atvinnulífs og þjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu.

„Þar sjáum við meðal annars fyrir okkur gerð Vaðlaheiðarganga, lengingu flugbrautarinnar á Akureyri og uppbyggingu Háskólans á Akureyri,“ segir Magnús Þór. **- kk**

Hert lög í Kína:

# Lífláta má töskuþjófa

**KÍNA, AP** Ný lög hafa verið sett í suður-kínversku héraði sem heimila yfirvöldum að lífláta þjófa sem stela handtöskum. Lögin þykja afar hörð, en þau taka við af öðrum sem heimiluðu mest þriggja ára fangelsi fyrir þjófnað. Nú er þriggja ára fangelsisdómur hið minnsta sem slíkir minni háttar glæpamenn geta átt von á.

Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa mótmælt lagabreytingunni.

Talið er að um 8.000 fangar séu teknir af lífi á ári hverju í Kína, fleiri en í nokkru öðru landi. Kínversk yfirvöld hafa sagt svo hörð lög nauðsynleg til að hafa hemil á þjóðinni, sem telur 1,3 milljarða manna. **- smk**








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**BREYTINGAR EFTIR HELGINA**

Helgin verður á keimlíkum nótum og verið hefur. Hægar norðlægar áttir með stöku éljum norðan og austan til. Á sunnudag má þó búast við éljagangi á Suðausturlandi.

Á mánudag hlýnar hjá okkur með slyddu og síðar rigningu sunnan og vestan til og jafnvel austan til einnig en þurrt ætti að verða á Norðurlandi miðju. Hlýtt verður í næstu vinnuviku.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hægviðri og léttskýjað. Vægt frost.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hæglætisveður.

*» mánudagur*



5-10 m/s

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -1°C hálfskýjað | París | 4°C hálfskýjað | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Osló | -8°C alskýjað | Berlín | 3°C hálfskýjað | Mílano | 5°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C snjóél | Frankfurt | 2°C hálfskýjað | New York | -1°C snjóél |
| Helsinki | -8°C alskýjað | Madríd | 12°C skúrir | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 6°C hálfskýjað | Barcelona | 15°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 24°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




2. - 6. mars

# Kaup*hlaup*

í Smáralind

VERÖLDIN OKKAR
HEILBRIGÐ SKEMMTUN






Á Kauphlaupi í Smáralind eru nýjar vörur á **ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI**!

Sýnt verður úr leikritinu **Hafið bláa** fyrir utan Vero Moda á fyrstu hæð í dag kl. 15.00.

Komdu og gerðu góð kaup!




**OPIÐ til kl. 21.00 alla fimmtudaga!**

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM20792



## KJÖRKASSINN

*Ertu fylgjandi byggingu álvers við Húsavík?*

| | |
|---|---|
| Já | 49% |
| Nei | 51% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á lögreglan að leggja tálbeitur fyrir barnaníðinga?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Loðnuveiðar og vinnsla víða um land:

# Loðnuvertíð er nærri lokið

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er síðasti dagurinn sem fer í hrognatöku,“ segir Ásgeir Þorvarðarson verkstjóri í Saltveri í Reykjanesbæ í gær. Hann segir þessa loðnuvertíð vera afar frábrugðna þeim sem hann þekki. „Það hefði verið eðlilegt að byrja hrognatöku núna en nú er þetta að vera búið. Þetta sögðu líka japönsku eftirlitsmennirnir sem komu hingað samkvæmt venju í fyrradag.“

„Við erum að taka síðustu tonnin núna af þessum takmarkaða kvóta sem við fengum,“ segir Aðalsteinn Helgason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunar. „Þetta hefur verið afar stutt vertíð en ég held að öllum hafi tekist að hámarka verðmætin eins og hægt var af þessum takmörkuðu heimildum sem menn höfðu. Það fór nær ekkert í bræðslu og ég held að það sé algjört einsdæmi að bræðslan á Seyðisfirði hafi staðið auð yfir loðnuvertíð eins og nú varð raunin,“ bætir hann við.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir að þar séu menn nær alveg búnir með kvótann.

- jse



**ÁSGEIR ÞORVARÐARSON VERKSTJÓRI** Hrognatöku er nú nær lokið og menn undirbúa sig í Saltveri að snúa sér aftur að saltfiskverkun eftir stutta loðnuvertíð. VÍKURFRÉTTIR/ELG

Sjúkra- og slökkviliðssmenn:

## Viðræðurnar á viðkvæmu stigi

**KJARAMÁL** Samninganefnd slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna fundaði enn með Launanefnd sveitarfélaganna í gærkvöld þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Vernharður Guðnason framkvæmdastjóri, sem á sæti í samninganefndinni, vildi ekki tjá sig um gang viðræðna þegar eftir því var leitað. Sagði hann einungis að ómögulegt væri á þeim tímapunkti að meta hvort sættir næðust enda viðræður á viðkvæmu stigi. Taldi hann nokkuð ljóst að fundað yrði fram eftir kvöldi og jafnvel lengur.

Sjúkra- og slökkviliðsmenn hafa boðað verkfall ef ekki semst þann 20. mars.

- aöe



**DÆMDUR** Poppstjarnan Gary Glitter var í gær dæmd í þriggja ára fangelsi fyrir misnotkun á tveimur víetnömskum telpum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskur barnaníðingur:

## Fangelsaður í Víetnam

**VÍETNAM, AP** Fyrrverandi bresk poppstjarna, Gary Glitter, var í gær dæmd í þriggja ára fangelsi í Víetnam fyrir að misnota tvær telpur þar í landi. Telpurnar eru tíu og ellefu ára gamlar, en Glitter er 61 árs.

Jafnframt var honum gert að greiða fjölskyldum telpnanna samtals sem svarar um 40.000 krónum, sem og allan málskostnað. Glitter neitaði sök en í desember „gaf“ hann fjölskyldum telpnanna samtals rúmar 260.000 krónur, sem varð til þess að hann hlaut mildari dóm en hann hefði ella hlotið, að sögn dómarans.

Glitter verður gerður brottrækur úr Víetnam þegar hann hefur afplánað dóminn.

- smk

### PALESTÍNA

**Hamas gefur sig ekki** Leiðtogar Hamas-hreyfingarinnar neituðu því að milda afstöðu sína gagnvart Ísrael í viðræðum við Rússa í Rússlandi í gær. Rússar höfðu farið fram á að hreyfingin, sem Evrópusambandið skilgreinir sem hryðjuverkasamtök, viðurkenndi tilverurétt Ísraels og segði skilið við ofbeldi.

### LÖGREGLUFRÉTT

**Stöðvuðu ölvaðan ökumann** Lögreglan í Reykjavík stöðvaði ölvaðan ökumann eftir stuttan eltingarleik í fyrrinótt. Sinnti maðurinn ekki stöðvunarboðum og var brugðið á það ráð að aka í veg fyrir hann. Engin slys urðu og skemmdir litlar á bílunum.

# Nýtt akstursbann slær á spennu í Írak

**Óttast var að Írak væri á barmi borgarastríðs, en róin sem færðist yfir Bagdad í gær vakti vonir í brjóstum fólks að óöldinni færi að linna. Viðræður um myndun þjóðstjórnar eru í uppnámi.**

**ÍRAK, AP** Börn léku sér í fótbolta á helstu umferðargötum Íraks í gær og fjölskyldur spásseruðu í moskur til föstudagsbæna. Mörgum virtist létt við róna sem færðist yfir borgina eftir að bílaumferð var bönnuð frá klukkan 6 í gærmorgun til klukkan 16, en ofbeldisalda hefur riðið yfir Írak síðan tvær sprengjur stórskemmdu helgidóm sjía-múslima í Samarra fyrir tíu dögum. Stjórnarmyndunarviðræður hafa fallið niður í kjölfar þess að súnní-arabar sögðu sig úr þeim í mótmælaskyni við árásir á moskur þeirra eftir árásina á Gullnu moskuna, og óttast margir að landið sé á barmi borgarastyrjaldar.

Bílaumferðin var bönnuð eftir að 58 manns fórust í sprengjutilræðum víðs vegar um Bagdad og Írak á fimmtudag, en alls hafa yfir 500 manns farist síðan sprengjurnar tvær skemmdu Gullnu moskuna í Samarra.

Bæði sjía- og súnní-klerkar notuðu föstudagsbænir til að predika um nauðsyn þess að Írakar standi saman og kenndu margir erlendum öflum um óöldina. „Írakar bjuggu samstíga saman áður en innrásarliðið og þeir sem fylgdu því komu hingað til lands. Þeir hafa kynt undir sundrungu milli trúarhópa,“ sagði súnní-arabaklerkurinn Ahmed Hassan al-Taha í ræðu sinni í Samarra.

Einn helsti herhöfðingi Bandaríkjahers í Írak, George Casey, sagðist í samtali við fréttamenn í gær telja að mestu óeirðirnar væru yfirstaðnar.

Á miðvikudag sameinuðust leiðtogar þriggja stjórnmálafylkinga, Kúrda, súnní-araba og flokks fyrrverandi forsætisráðherra, um að fara fram á að sjíinn Ibrahim al-Jaafari, sem helsti flokkur sjía hefur tilnefnt til að taka við forsætisráðherraembættinu, taki ekki við embætti og að sjíar tilnefni einhvern annan til starfans. En aðstoðarmaður al-Jaafari lýsti því yfir á fimmtudag að hann yrði ekki felldur og að sjíar myndu ekki kjósa sér annan forsætisráðherra. Viðræður um myndun þjóðstjórnar eru því í uppnámi.

Al-Jaafari var kosinn í embætti sitt með eingöngu eins atkvæðis meirihluta hinn 12. febrúar, en í kosningum sem haldnar voru í landinu í desember hlaut stærsta stjórnmálafylking sjía 130 þingsæti af 275.

Mun fleiri sjía-múslimar byggja Írak en súnní-arabar.

smk@frettabladid.is



**SORG** Mikið öngþveiti ríkir í Írak þessa dagana vegna óeirðaöldu sem riðið hefur yfir landið. Óttast er að hún marki upphaf borgarastyrjaldar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**INDLANDSFERÐ** George W. Bush Bandaríkjaforseti ræðir við Indverja eftir ræðu sem hann hélt í Nýju-Delhí í Indlandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vaxandi gengi Indlands:

## Bush fagnar samkeppninni

**INDLAND, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði Indverjum í gær að landsmenn hans ættu að fagna indverskri samkeppni og skipta við Indverja frekar en að loka dyrum sínum á alþjóðaviðskipti. Jafnframt ættu þeir að sjá Indland sem land tækifæranna en ekki sem ógnun. Bush hélt ræðuna í lok þriggja daga ferðar sinnar til Indlands.

Fjölmenn mótmæli voru haldin í Indlandi í gær vegna heimsóknar Bush.

Bandaríkjaforseti flaug svo til Pakistans síðdegis í gær ásamt gríðarlegu öryggisliði og mun halda heim á leið í dag.

- smk

### ÍRAK

**Bandaríkjaher borgar** Bandaríkjaher mun halda áfram að greiða íröskum fjölmiðlum fyrir að birta fréttir, að sögn helsta herforingja Bandaríkjahers í Írak, Georþe Casey. Herinn hefur rannsakað þessa hefð, og segir herforinginn hana vera innan laga og verkahrings hersins.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Einn bíll útaf** Mikil hálka olli því að bíll lenti útaf þjóðveginum til móts við Akureyri seinni partinn í gær. Tvennt var í bílnum en engin slys urðu á fólki. Bíllinn skemmdist lítillega.






Reykjavíkurborg vill rifta samningi við starfsmenn sorphirðu borgarinnar:

# Launin lækka um 300 þúsund

**KJARAMÁL** „Þeir vilja einhliða taka af okkur sextán yfirvinnustundir á mánuði og það er tekjumissir upp á 300 þúsund krónur á ári,“ segir Stefán Þór Helgason, trúnaðarmaður starfsmanna Sorphirðu Reykjavíkur.

Borgaryfirvöld vilja rifta núverandi samningi við starfsmenn deildarinnar með það að markmiði að leiðrétta það sem kallað er óunnin yfirvinna en við það missa starfsmennirnir drjúgan hluta tekna þessa. Er mikil óánægja vegna þessa en fundum vegna málsins hefur tvívegis verið slegið á frest og enginn er boðaður. Að sögn Stefáns snýst deilan um að samningurinn sem er í gildi og hefur verið um árabil gefur starfsmönnum sorphirðu leyfi til að vinna af sér hluta hvers föstudags og hætta fyrr á daginn gegn því að taka aðeins einn klukkutíma á dag í mat eða kaffi.

„Við fáum einn og hálfan yfirvinnutíma daglega en borgin vill nú aðeins greiða okkur fyrir hálfa klukkustund á dag sem þýðir mikið tekjutap og þessu skella þeir framan í okkur án nokkurs fyrirvara. Þetta er alvarleg kjaraskerðing og ljóst að kjör okkar versna til muna.“

Stefán segir hugmyndirnar undarlegar í ljósi þess að almenn ánægja sé með störf sorphirðumanna eins og nýleg könnun borgarinnar sýndi. Voru niðurstöður hennar að tæplega 90 prósent borgarbúa voru ánægðir með þjónustu og viðmót starfsmanna sorphirðunnar.

- aöe



**KJARASKERÐING** Reykjavíkurborg vill rifta samningi við starfsfólk sorphirðu í borginni sem hefur í för með sér allverulega kjaraskerðingu fyrir það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



AFMÆLISTILBOÐ!
NÚNA ER LIÐIÐ 1 ÁR FRÁ STÆKKUN HÚSGAGNDEILDAR Í RÚMFATALAGERNUM!
KOMIÐ OG FAGNIÐ MEÐ OKKUR Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR
BJÓÐUM UPP Á KAFFI OG KLEINUR
Í TILEFNI DAGSINS.
50% AFSLÁTTUR
... ATH! TAKMARKAÐ MAGN! ...
VERÐ ÁÐUR: 109.900,-
54.900,-
"VENICE" LEÐURSÓFASETT 3+2
Mjúkur og þægilegur leðursófi með grófum saumum, ekta sjónvarpssófi. 3ja sæta st. 227 sm. 2ja sæta st. 173 sm.
ALVEG ÓTRÚLEG TILBOÐ!
25% AFSLÁTTUR
YFIRDÝNA INNIFALIN
VERÐ ÁÐUR: 19.900,-
14.900,-
ST. 90 X 200 SM ÁN FÓTA
PLUS B10 BOXDÝNA
Tvöfalt gormalag með fallegu vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Í efra lagi eru 230 LFK-gormar á hvern fermetra og í neðra lagi dýnunnar eru 150 Bonell-gormar á hvern fermetra. Miðlungs stíf. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheillri furu.
60% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 4.990,-
1.990,-
KRAKKASTÓLAR
Sniðugir stólar fyrir krakkana!
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 6.990,-
2.990,-
"BERN" KOMMÓÐA
Frábær kommóða í beykilit á frábæru verði. Stærð 70 x 38 x 100 sm. Gerðu góð kaup!
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 7.990,-
3.990,-
"BONN" FATASKÁPUR
Stílhreinn og fallegur fataskápur í beykilit. Núna á ótrúlegu verði! Stærð á skápnum er 175 x 80 x 50 sm. Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup!
30% AFSLÁTTUR
... ATH! TAKMARKAÐ MAGN! ...
VERÐ ÁÐUR: 69.900,-
49.900,-
"MESSINA" BORÐ + 6 STÓLAR
Frábært borðstofusett úr gegnheilli eik. Borð 180x90 sm.
U.Þ.B 50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 38.790,-
19.990,-
"UTE" KOJA MEÐ RENNIBRAUT OG DÝNU
Fallegt og vandað rúm úr gegnheilli furu með rennibraut. Þú færð allt þetta: koja, beyki botn, rennibraut og springdýnu með pokagormum.
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 19.900,-
9.990,-
"JONAS" SKRIFBORÐSSTÓLL
Stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hækkun/lækkun á setu stólsins. Leður á öllum slitflötum. Fæst í svörtum lit.
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# Bókaðu bílinn heima

## - og fáðu 500 Vildarpunkta



Tilboð
Bókaðu fyrir 1. apríl og fáðu
1.000
Vildarpunkta fyrir leigu hvar sem er í heiminum

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

Hertz
50 50 600 • www.hertz.is






ARCTIC TRUCKS Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Með 35" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa skemmtilega jeppa einfaldlega orðin enn meiri. Hann er áfram jafn og þægilegur í akstri og nú ævintýri líkastur.

**Líttu inn og berðu hetjuna augum!**

**Verðið á breyttum Nissan Pathfinder er frá 4.379.000 kr.**

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16


Háskóla Íslands og Samorka undirrita samning:

# Kosta sérfræðistöðu

**MENNTAMÁL** Undirritaður var í gær samningur milli Háskóla Íslands og fyrirtækisins Samorku um kostun starfs sérfræðings til rannsókna í auðlindarétti við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Sérfræðingur verður ráðinn til þessa nýja starfs til þriggja ára og mun hann stunda rannsóknir í auðlindarétti með áherslu á orkurannsóknir. Páll Hreinsson, forseti lagadeildar, segir samninginn í samræmi við þá stefnu deildarinnar að leggja aukna áherslu á rannsóknir og kennslu í auðlindarétti en hann segir þá fræðigrein fjalla um þá hagsmuni þjóðarinnar sem hvað mestu máli skipti. **- jse**



**VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Viðar Már Matthíasson, stjórnarformaður Lagastofnunar, Kristín Ingólfsdóttir rektor, Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri Samorku, og Páll Hreinsson, forseti lagadeildar.



**STJÓRN SPH FURÐAR SIG Á LEKA** Gögn sem fóru einungis á milli stjórnar SPH og FME láku út til fjölmiðla. Nokkur samþjöppun hefur átt sér stað í eigendahópnum.

# Stofnbréfið í 90 milljónir

**Aðeins sjö af gömlu eigendunum í SPH eru eftir. Tveir sparisjóðir eiga mest í sjóðnum. Stofnfjárhluturinn hækkaði um 40 milljónir króna á hálfu ári.**

**VIÐSKIPTI** Innan stjórnar SPH er mikil óánægja með að trúnaðargögn sem hafa farið á milli sparisjóðsins og opinberra aðila hafi lekið út til fjölmiðla. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa þessi gögn einungis komið fyrir sjónir stjórnar SPH og Fjármálaeftirlitsins (FME).

Í gögnunum, sem birtust í Morgunblaðinu þann 28. febrúar síðastliðinn, kemur fram að óbeinn virkur eignarhluti ákveðinna aðila hafi myndast að mati FME og snýr að fimm einstaklingum og tveimur fyrirtækjum. Gögnunum var vísað til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra sem rannsakar einnig hvort ólöglegg viðskipti með stofnfé hafi átt sér stað.

„Ég get staðfest það að málið er hér til meðferðar en get ekkert sagt nánar um það eða hvernig það stendur," segir Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislöreglustjóra.

Stofnfjáreigendahópurinn í SPH hefur tekið miklum breytingum frá því að ný stjórn komst til valda í sparisjóðnum í apríl fyrir ári síðan. Aðeins sjö af gömlu stofnfjáreigendunum 47 eru eftir í hópnum. Sparisjóður Kópavogs og Sparisjóður vélstjóra eru stærstu stofnfjáreigendurnir í SPH eftir að listi yfir stofnfjárhafa var birtur í fyrsta sinn. Hlutur þeirra er 5,3 prósent af heildarstofnfé. MP – fjárfestingarbanki, sem er annar stærsti stofnfjáreigandinn í SPV, á annað eins.

**STÆRSTU STOFNFJÁREIGENDUR Í SPH**

| | |
|---|---|
| Sparisjóður Kópavogs | 5,40% |
| Sparisjóður vélstjóra | 5,40% |
| MP - fjárfestingarbanki hf. | 5,40% |
| Björn Þorri Viktorsson | 4,30% |
| Bygg ehf. | 4,30% |
| Fons ehf. | 4,30% |
| Íslandsbanki | 4,30% |
| Karen Millen | 4,30% |
| Kevin Stanford | 4,30% |
| Magnús Ármann | 4,30% |
| Myllan - brauð ehf. | 4,30% |
| Saxhóll ehf. | 4,30% |
| Sigurður Bollason ehf. | 4,30% |
| Sigurður G. Guðjónsson | 4,30% |
| Sjóvá-Almennar | 4,30% |

Félög í eigu Baugs og einstaklingar og fyrirtæki, sem hafa verið í viðskiptum með Baugi, eru einnig mjög fyrirferðarmikil í eigendahópi SPH. Ætla má að þessir aðilar eigi samanlagt um 40 prósent stofnfjár.

Verð á stofnfjárhlutum í SPH hefur hækkað talsvert frá því að viðskipti hófust með þá fyrir tæpu ári. Hluturinn hækkaði um 40 milljónir króna á sex mánuðum, úr 50 milljónum króna í 90, en Fjárfestingafélagið Saxhóll hefur greint frá því að það hafi keypt tvo hluti fyrir 180 milljónir króna í nóvember.

Ný stjórn SPH hittist í gærmorgun og skipti með sér verkum. Tekur Jón Auðun Jónsson lögmaður við stjórnarformennsku í SPH af Páli Pálssyni.

**eggert@frettabladid.is**

Febrúar sá fjórði hlýjasti frá upphafi mælinga:

# Heitt en vætusamt

**VEÐUR** Veðrið í febrúar var með eindæmum gott. Þetta er fjórði hlýjasti mánuðurinn frá upphafi mælinga í Reykjavík en hitinn var 3,3 stig en það er 2,9 stigum hærra en að meðallagi.

Á Akureyri var febrúar sjöundi hlýjasti mánuðurinn frá fyrstu mælingum en þar var hitinn 1,9 stig en það er 3,4 stigum hærra en meðaltalið er. Úrkoma mældist mikil í febrúar en í Reykjavík var hún 20 prósentum yfir meðallagi, alls 87mm. Sólskinsstundir voru 58 í Reykjavík en 43 á Akureyri. Mestur mældi hiti á landinu var á Sauðanesvita 17,2 stig en kaldast var á Brúarjökli -25,8 stig.


PÉTUR GAUTUR
Við óskum Þjóðleikhúsinu til hamingju með Kassann, nýtt leiksvið í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar.
Sameiginlegt átak Þjóðleikhússins og Landsbankans gerði þessa glæsilegu aðstöðu til leiksýninga að veruleika.
Fyrsta frumsýning í Kassanum er meistaraverk Ibsens, Pétur Gautur, í leikstjórn Baltasars Kormáks.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 31399 02/06

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.465 **+0,96%** **Fjöldi viðskipta:** 564 **Velta:** 4.308 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | +3,51% | **Icelandic Group** | -7,50% |
| **Dagsbrún** | +2,60% | **Atlantic Petroleum** | -2,99% |
| **Grandi** | +2,51% | **Bakkavör** | -0,39% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,60 +2,35% ... Alfesca 4,04 +1,00%... Atorka 6,05 +0,00% ... Bakkavör 51,80 -0,39% ... Dagsbrún 6,70 +2,60% ... FL Group 26,10 +0,39% ... Flaga 3,85 +0,00% ... Íslandsbanki 20,20 +0,50% ... KB banki 928,00 +0,76% ... Kögun 66,50 +0,00% ... Landsbankinn 28,50 +1,79% ... Marel 68,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,70 +3,51% ... Straumur-Burðarás 19,10 +0,53% ... Össur 111,50 +0,91%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Átján eiga yfir milljarð

Þeir sem mest eiga í félögum skráðum í Kauphöll Íslands eru flestir á aldrinum 51 til 70 ára gamlir. Í nýjasta eintaki Kauphallartíðinda kemur fram að 547 einstaklingar, 411 karlar og 136 konur, eigi yfir 50 milljónir króna hver í félögum skráðum í Kauphöllina.

Í þessum tölum er ekki horft til mögulegs eignarhlutar gegnum eignarhaldsfélög eða verðbréfasjóði. 27 eiga svo yfir 500 milljónir króna og 18, 15 karlar og þrjár konur, eiga yfir milljarð króna.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Þórður er forstjóri Kauphallar Íslands og gleðst væntanlega yfir góðu gengi einstaklinga sem eiga í fyrirtækjum þar skráðum.

Karlar eru litlu fleiri en konur í hópi 52.470 hlutafjáreigenda, 53 prósent á móti 47. Eignarhlutur þeirra er hins vegar töluvert meiri. Tæplega 70 prósent fjárins eru skráð á karlana.

Yfir 88 prósent hluthafanna, 46.410 manns, eiga undir fimm milljónum króna. Þeir sem eiga yfir 50 milljónir eru hins vegar ekki nema um eitt prósent.

Samkvæmt upplýsingum Kauphallarinnar nemur meðaleign þeirra sem eiga yfir milljarð króna 1,7 milljörðum, en meðaleign þeirra sem eiga undir milljón um 300 þúsund krónum. Um áramót nam heildareign einstaklinga rúmum 223 milljörðum króna og telur Kauphöllin líklegt, miðað við þróun markaðarins, að sú eign standi nú líklega í um 267 milljörðum króna. **- óká**

# Nói-Síríus í enskt nammi

Nói Síríus hefur gengið frá kaupum á enska fyrirtækinu Elizabeth Shaw, sem er þekkt sælgætisfyrirtæki og sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á súkkulaðivörum af ýmsu tagi. Saga fyrirtækisins nær allt aftur til 19. aldar en þekktustu merki þess eru Mint Crisps, sem eru innpakkaðar súkkulaðiskífur með myntubragði og Famous Names, sem eru líkjörsfylltir konfektmolar. Elizabeth Shaw er með svipaða ársveltu og Nói-Síríus eða sem svarar um 1.400 milljónum króna.





**FRÁ AÐALFUNDI STRAUMS**

# Tækifærum fækkað

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, horfði um öxl á aðalfundi félagsins sem haldinn var í gær og taldi að bernskuárum hins frjálsa fjármálamarkaðar, sem hófust með einkavæðingu bankanna, væri trúlega lokið.

Í máli hans kom fram að tækifærum til umbreytingarverkefna og uppstokkunar á Íslandi hefði fækkað og því sé ljóst að bankinn þurfi að leita fanga víðar til að tryggja arðsemi og auka landfræðileg umsvif sín, einkum í Norður-Evrópu.

Aðalfundurinn samþykkti að greiða 6.679 milljónir króna í arð til hluthafa fyrir árið 2005. Þetta samsvarar 65 prósenta arði. Arðgreiðslan er óvenjuleg fyrir þær sakir að hún er í þrenns konar formi, mestmegnis í hlutabréfum í Avion Group fyrir fimm milljarða að markaðsvirði. Einnig verður arðurinn greiddur í hlutabréfum í Icelandic Group að markaðsvirði 350 milljónir króna og peningum að upphæð 1.329 milljónir króna.

Greiningardeild KB banka vekur athygli á því að hlutabréfin í Icelandic Group muni skiptast á margar hendur, enda eru hluthafar í Straumi yfir 23 þúsund talsins. **- eþa**

# Styrkir sig á norskum markaði

Íslandsbanki hefur keypt ríflega helmingshlut Union Group sem er leiðandi fyrirtæki í sölu, ráðgjöf og samsetningu viðskipta með atvinnuhúsnæði í Noregi.

Tekjur Uninon í fyrra námu 160 milljónum norskra króna eða tæplega 1,6 milljörðum íslenskra króna. Hagnaður fyrirtækisins var tæpar 900 milljónir íslenskra króna. Starfsmenn eru 25 en kaupverðið er trúnaðarmál. Bankinn stefnir að því að eignast félagið að fullu á næstu þremur árum.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, segir þessi kaup styrkja starfsemi Íslandsbanka í fyrirtækjaráðgjöf og fasteignaviðskiptum. Íslandsbanki keypti fyrir ári síðan BN bank sem er sterkur á lánamarkaði húsnæðis. Bjarni segir tækifærin með kaupunum liggja í að komast fyrr í ferlið í fasteignaviðskiptum. Samlegðartækifæri séu við þær stoðir sem bankinn hafi fyrir á norska markaðnum. „Dreifikerfi Norse kemur okkur til góða, aukin viðskipti við BN bankann og nýting á efnahagsreikningi Íslandsbanka við brúarfjármögnun og fleira."

Bjarni segir að með þessum kaupum tryggi bankinn sér markaðsaðgang og sérfræðiþekkingu í fasteignaviðskiptum annars staðar en í fjármögnun, þar sem BN bankinn er sterkur. „Nálægðin við markaðinn eykst verulega með þessum kaupum."

Bjarni segir að mörg tækifæri liggi á norskum fasteignamarkaði. Með kaupunum hafi bankanum tekist að búa til góða heild. Noregur er ásamt Íslandi skilgreindur sem heimamarkaður Íslandsbanka, en Bjarni segir það liggja fyrir að bankinn hyggist sækja fram á fleiri mörkuðum og horfi þar til Norðurlandanna og Bretlands. **- hh**



**BJARNI ÁRMANNSSON** Forstjóri Íslandsbanka segir kaup á Union Group færa bankann nær norskum fasteignamarkaði og markaði í fyrirtækjaráðgjöf.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Breytingar á leiðinni!

Á morgun, sunnudaginn 5. mars, taka gildi breytingar á leiðakerfi Strætó.

Með þessum breytingum er verið að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar og ábendingar þeirra.

Nýja leiðabók er að finna á sölustöðum strætó og einnig er allar upplýsingar að fá á www.straeto.is.

Alla leið með Strætó.




Ástæða til að fagna:
Meðal breytinga á leiðakerfinu eru nýjar leiðir bæði í Kópavogi og Reykjavík.

ARGUS / AP áhrevatengl

# VAXTALAUST

## 0% VEXTIR - 100% LÁN

## ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

**VAXTALAUSIR DAGAR alla helgina**
**hjá BÍLALANDI B&L, Grjóthálsi 1.**
**Þú gerir ekki betri kaup á notuðum bíl!**

### Dæmi um bíla á vaxtalausum kjörum:











































Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur

**Opið laugardag frá kl. 10 til 17.**
**og sunnudag frá kl. 12 til 16.**

## 575 1230

**Vaxtalausir dagar eru einnig hjá SG Bílum Keflavík 421 4444, Bílás Akranesi 431 2622, Bílasölu Akureyrar 461 2533 og JG Bílum Egilsstöðum 471 2584**

bíla land B&L
notaðir bílar

**Grjóthálsi 1**
**bilaland.is**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Íslendingar hasla sér völl meðal Indverja.

## Indland – Ísland

Indland hefur töluvert verið í sviðsljósinu hér undanfarna daga, einkum af tveimur ástæðum. Íslendingar hafa opnað þar sendiráð og var tími til kominn að það yrði gert. Í annan stað hafa heimsmiðlarnir mjög beint sjónum sínum að Indlandi vegna heimsóknar George Bush Bandaríkjaforseta þangað og þá ekki síst vegna samningsins um kjarnorkumál sem forsetinn undirritaði ásamt forsætisráðherra Indlands á fimmtudag. Þetta er talinn tímamótasamningur, en eftir að hann var undirritaður hafa víða heyrst efasemdarraddir um hann, ekki aðeins í nágrannaríkjunum Pakistan og Kína heldur víða um heim í fjölmiðlum og hjá stjórnmálamönnum.

Indland er annað fjölmennasta ríki heims með rösklega 1,1 milljarð íbúa og kemur þar fast á hæla Kína. Fyrir löngu var orðið tímabært fyrir okkur Íslendinga að opna þar sendiráð, hvað sem hver segir um útþenslu utanríkisþjónustunnar. Það er auðvitað alltaf matsatriði fyrir okkur Íslendinga sem fámenna þjóð hvar við eigum að hafa sendiráð með öllum þeim kostnaði sem því fylgir. En hvar eigum við að hafa sendiráð ef ekki í fjölmennustu ríkjum heims eins og Kína og Indlandi? Í þessum tveimur löndum telja margir að felist einhver mestu tækifæri framtíðarinnar á sviði viðskipta. Þótt þessi lönd eigi það sameiginlegt að vera mjög fjölmenn og þar sé mikill efnahagslegur uppgangur er annað sem skilur þau að fyrir utan tungumál, trúmál og fleira, en það er stjórnskipulagið. Í Indlandi er töluvert löng lýðræðishefð, allt frá því landið hlaut sjálfstæði frá Bretum árið 1947, og þar eru samsteypustjórnir eiginlega regla. Í Kína er þessum málum öðruvísi farið sem kunnugt er.

Heimsókn forseta Indlands hingað til lands á síðsta ári markaði tímamót í samskiptum landanna og það vakti athygli víða að forsetinn skyldi leggja leið sína hingað með sínu mikla föruneyti. Þar með var Indlandsforseti að endurgjalda heimsókn forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, til Indlands á sínum tíma og báðar þessar heimsóknir má rekja til tengsla forseta Íslands við Indland.

Íslensk fyrirtæki hafa nú þegar haslað sér völl á Indlandi. Dæmi um það er lyfjafyrirtækið Actavis sem í vikunni opnaði nýja starfsstöð í Bangalore og Sæplast sem rekur verksmiðju í landinu. Aðeins þessi tvö fyrirtæki hafa mörg hundruð manns í þjónustu sinni og er þess að vænta að fleiri fyrirtæki fylgi í kjölfarið í ýmsum greinum. Sturla Sigurjónsson sendiherra og hans fólk fá nú það hlutverk að þróa og bæta samband landanna eftir að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og staðgengill utanríkisráðherra, opnaði sendiráð Íslands á Indlandi. Jafnframt því sem við höfum opnað sendiráð þar hljótum við að gera þá kröfu til Indverja að þeir opni sendiráð hér til að jafnræði ríki milli landanna í þeim efnum eins og venjan er í samskiptum landa.

Þótt mikil tækifæri séu fyrir hendi á Indlandi má þó segja að þar mætist tveir heimar - aldagamlir siðir og tækniveröldin. Í sumum héruðum er fátækt á Indlandi og Hjálparstofnun kirkjunnar hér hefur haldið uppi hjálparstarfi þar um árabil og stuðlað að menntun og uppeldi barna. Við fjölfarnar umferðaræðar í stórborgum landsins má stundum sjá kýr á beit á umferðareyjum við hlið glæsibifreiða og má segja að þar sé komið eitt af því sem einkenni landið í augum Vesturlandabúa. ■




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvorki gulrót né vöndur**

Stundum kemur fyrir að greinarþúfa í dagblaði veltir þungu fréttahlassi. Þetta á hins vegar ekki við um nokkrar greinar sem birst hafa í Morgunblaðinu undanfarnar vikur um skert lífeyriskjör bankamanna og ógnir sem steðja að lífeyrissjóði þeirra. Samt hafa málaferli risið um þau mál sem greinarhöfundar fjalla um. Rétt hugsanlegt er að ríkissjóður verði á endanum krafinn um 2,6 milljarða króna vegna handvammar við hlutafélagavæðingu Landsbankans. Kjartan Jóhannesson, forstöðumaður hjá Reiknistofu bankanna, segir til dæmis í grein síðastliðinn þriðjudag: „Í gassaganginum í kring um einkavæðingu Landsbankans lítur helst út fyrir að vinstri hönd stjórnvalda hafi lítið vitað hvað sú hægri gerði.“ Kjartan fjallar einmitt um þá deild í Lífeyrissjóði bankamanna sem er við það að fara á hausinn. Vera má að bankamenn hafi samið af sér þegar Landsbankanum var breytt í hlutafélag eins og Kjartan Gunnarsson, þáverandi formaður bankaráðs Landsbankans, gaf í skyn í frétt Fréttablaðsins um þetta mál fyrr á árinu. Það var hvorki gulrót né vöndur í samningum við bankamenn, sagði hann svo hnyttilega.



**Timburmenn einkavæðingar**

Sveinbjörn Hafliðason, fyrrverandi aðallögfræðingur Seðlabankans, er einn þeirra sem búa við skert eftirlaun. Hann ritaði í Morgunblaðið 23. febrúar síðastliðinn og taldi það vera kröfu starfsmanna sem hagsmuna eiga að gæta að Davíð Oddssyni, nýjum formanni bankastjórnar Seðlabankans, yrði kynnt tilurð og staða þessara mála án undanbragða. En spyr svo: „Eða er þörf á því? Hann ætti að þekkja málið þar sem einn af hans nánustu samstarfsmönnum, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins þá og nú, fór fremstur í flokki til að níða á ódrengilegan hátt af starfsmönnum Seðlabankans og fleirum áunnin réttindi sem ekki virðast njóta réttarverndar hérlendis, samanber niðurstöður dómstóla.“ Og bætir svo við: „Verði sú niðurstaðan að engar bætur fáist má segja að einkavæðingin hafi verið gerð á kostnað okkar starfsmanna...“ Hér er aðeins eftir að nefna að þáverandi formaður bankaráðs Landsbankans og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins eru einn og sami maðurinn.

johannh@frettabladid.is



## Til hamingju Ísland, þið veljið mig

Í DAG
HRÓPENDUR Í EYÐIMÖRKINNI
ELLERT B. SCHRAM



*Mér leiðast jábræður og nytsamir sakleysingjar. Ég hef ímugust á undirgefnum og auðsveipum meðreiðarsveinum. Sem er sennilega ástæðan fyrir því að mér hefur tekist að skipta um flokk og skipta um skoðanir og taka kollsteypur í lífinu.*

Ef ég á að vera alveg heiðarlegur og hreinskilinn (sem ég er stundum inn á milli), þá fyllist ég aðdáun og gleði þegar einhverjir menn eða konur leyfa sér að rísa upp á móti straumnum og valdinu og bjóða því birginn.

Þannig finnst mér það flott hjá Vilhjálmi Bjarnasyni aðjúnkt í Háskóla Íslands, þegar hann framkvæmir sjálfstæða rannsókn á sölu Búnaðarbankans og leggur fram gögn um brotalamir í ferli, sem bæði ríkisstjórn og Ríkisendurskoðun voru búin að leggja blessun sína yfir. Hann þorir. Með sama hætti hefur Stefán Ólafsson prófessor við sama skóla neitað að gefast upp gagnvart fullyrðingum stjórnvalda, ráðherra og ráðuneytis, í deilunni um það hvort skattar lífeyrisþega hafi lækkað eða hækkað. Stefán hefur raunar afhjúpað útreikninga stjórnvalda og jafnvel maður eins og ég, sem veit aldrei hvort tveir og tveir séu fjórir eða fimm, sé ekki betur en að Stefán hafi rétt fyrir sér. Skattarnir hafa hækkað. Þó er það ekki aðalatriðið, heldur hitt að maðurinn þorir að malda í móinn, þorir að standa á sínu, gegn straumnum, gegn valdinu.

Ég dáist líka af Steingrími joð, þegar hann hneykslast á þeirri „niðurlægingu“ ríkisstjórnarinnar að bugta sig og beygja fyrir ákvarðanatöku Alcoa, um að álver skuli reist við Húsavík. Þetta gerir Steingrímur þótt silfurfatið sé fært heim í kjördæmið hans og átthagana. Nú er ég reyndar ekki sammála Steingrími en ég tek samt ofan hattinn fyrir því hugrekki að standa á meiningu sinni. Þora að vera á móti.

Kannske dáist ég að þessum hrópendum í eyðimörkinni, af því að það er einhver Steingrímur í mér sjálfum, sem hefur tilhneigingu til að rísa upp og ganga til liðs við andófið og hafa storminn í fangið. Mér leiðast jábræður og nytsamir sakleysingjar. Ég hef ímugust á undirgefnum og auðsveipum meðreiðarsveinum. Sem er sennilega ástæðan fyrir því að mér hefur tekist að skipta um flokk og skipta um skoðanir og taka kollsteypur í lífinu. Maður er alltaf að reka sig á fólk og hagsmuni, reka frá sér viðhlæjendur og svokallaða vini, með því einu að vera á móti, vera hornóttur og öðruvísi og það er engum um að kenna, nema manni sjálfum. Og þessari sérviskulegu afstöðu að jánka ekki alltaf síðasta ræðumanni.

En hvernig væri umhorfs í þjóðfélaginu, ef allir væru eins? Ef allir lægju flatir fyrir hinum pólitíska rétttrúnaði, já ef þjóðfélagið væri sífellt sammála síðasta ræðumanni? Ef enginn nennti eða þyrði að láta sig varða almannahagsmuni?

Það var enginn sem bað Vilhjálm um að hefja sjálfstæða rannsókn á Búnaðarbankamálinu og hafa sínar efasemdir. Það var ekkert sem rak Stefán Ólafsson til að stíga upp úr þægilegum prófessorstól sínum og rengja útreikninga hins háæruverðuga fjármálaráðuneytis.

Af sama meiði er þessi persónugervingur Ágústu Evu sem heitir Sylvía Nótt. Víst er hún búin að skandalisera og ganga fram af bæði mér og öðrum, en ég hef samt lúmskt gaman af þessari stelpu, vegna þess að hún er öðrum þræði og aðallega að storka samfélaginu og draga upp þá hégómlegu mynd af samtímanum, sem snýst um útlit, frægð og gerviþarfir. Þetta gervi hennar er ýkt sýn af tísku og tildri, skrumskæling á samfélaginu og eftir höfðinu dansa limirnir, akkúrat eins og maður upplifir þennan þunga straum værukærðar og múgsefjunar allt um kring á öðrum vettvangi. Allir eins, allir í takt, allir í sama hjáróma kórnum. Til hamingju Ísland. Þið veljið mig.

En mitt í þessari taktföstu skrúðgöngu er ég sem sagt að benda á og tala um sérvitringana, öfuguggana, sem stundum eru þverhausar, sem stundum eru utan við sína samtíð, en eru samt nauðsynlegir fyrir það eitt að vera á öndverðum meiði, fyrir að ganga ekki í takt og þora að vera á móti. Hugrekki segir einn, fífldirfska segir annar. En hvað sem það er kallað og hver svo sem tilgangurinn og málstaðurinn er, þá hefur þetta fólk alla mína samúð og virðingu, því án þvergirðinga og sjálfstæðrar hugsunar er engin framþróun, engin umræða og ekkert viðnám gegn valdi og yfirgangi og það kæmi að því að hin útvalda hirð, sendiboðar rétttrúnaðarins, hrópuðu til lýðsins og þegnanna, rétt eins og Sylvía: til hamingju Ísland, þið veljið mig.

Og undirtektirnar eru sýnilegar í litlum tuttugu þúsund Sylvíum á öskudegi!

### MEST LESNU FRÉTTIRNAR Á VÍSI

1. **Banaslys á Sæbrautinni** Nítján ára stúlka lést eftir að hafa misst stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann fór út af akbrautinni og lenti á þremur ljósastaurum.
2. **Annar lést en hinn slasaðist alvarlega** Annar mannanna tveggja sem voru í jeppa sem féll niður í sprungu á Hofsjökli var látinn þegar björgunarmenn komu að. Hinn maðurinn er alvarlega slasaður.
3. **Annar mannanna látinn** Banaslysin settu sitt mark á vikuna. Fyrstu fréttir af banaslysinu á Hofsjökli vöktu athygli lesenda Vísis.
4. **Maður og geit í það heilaga** Maður í Súdan neyðist til að kvænast geit. Maðurinn var í ástaratlotum við geitina þegar eigandinn hennar kom að honum. Sá krafðist þess að maðurinn gengi að eiga geitina og samþykkti bæjarráðið kröfuna.
5. **Jeppi féll í sprungu** Jeppi féll niður í djúpa sprungu á Hásteinum á austanverðum Hofsjökli. Þyrlur frá Varnarliðinu og danska varðskipinu Triton voru sendar á slysstað.
6. **Banaslys í Garðabæ** Fimmtán ára gömul stúlka lést eftir að hafa orðið fyrir bíl á Bæjarbraut í Garðabæ 15. febrúar.
7. **Íslendingur í bresku fangelsi** Íslenskur karlmaður á þrítugsaldri er í gæsluvarðhaldi í Burnley í Englandi, en hann var handtekinn í síðustu viku á hótelherbergi, þar sem 14 ára bresk stúlka var með honum.
8. **Fá ekki að eyða saman síðustu æviárunum** Eldri hjón í Hveragerði geta ekki eytt síðustu æviárunum saman þar sem annað þeirra er hressara en hitt.
9. **Súkkulaðiát hollt** Ný bandarísk rannsókn bendir afdráttarlaust til þess að súkkulaðiát sé hin hollasta iðja.
10. **Sorg á Akureyri** Ungu mennirnir tveir úr Eyjafirði, sem voru í för með mönnunum sem hröpuðu niður í jökulsprungu á Hofsjökli um helgina með þeim afleiðingum að annar lést, eru miður sín eftir atburðina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# STÓRI BÓKAMARKAÐURINN

Perlunni - **Síðasta helgin**

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 10-18




Furðulegt háttalag hunds

~~4.490,-~~ **999,-**




Heimsmetabók Guinness

~~4.990,-~~ **1.999,-**




Zorro

~~4.690,-~~ **1.999,-**




Í fylgd með fullorðnum

~~4.680,-~~ **1.990,-**




DAN BROWN - Englar og Djöflar

~~4.280,-~~ **1.490,-**




DAN BROWN - Blekkingaleikur

~~4.280,-~~ **1.990,-**

# Síðasta helgin!

Ef þú ætlar ekki að missa af **Stóra Bókamarkaðinum** þetta árið þarftu að drífa þig af stað. Við erum með nýjar bækur sem gamlar, allar á frábæru verði, en margar í takmörkuðu upplagi. **Drífðu þig í Perluna í dag!**






Á milli kl. 12 og 17 í dag gefum við öllum gestum **Frissa Fríska** og hinn nýja léttkolssýrða **Mexican-Lime Kristal,** á meðan birgðir endast.




Kortlagning hugans

~~4.980,-~~ **1.499,-**




Vegir og villigötur

~~2.290,-~~ **990,-**




Baskerville hundurinn

~~2.390,-~~ **999,-**




Dauðans óvissi tími

~~4.680,-~~ **1.490,-**




Fiskisagan flýgur

~~5.980,-~~ **2.990,-**




Garðblómabókin

~~3.990,-~~ **1990,-**



**Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda!**



McCULLOCH

23.900

Vnr.53302400

## Hekkklippur 19.900

McCULLOCH Virgina hekkklippur, 25 cc tvígengismótor, bensín 0,7kW. Klippurnar eru með 55 cm sverð, klippa allt að 18 mm greinar, vegur 4,8 kg.



LUX

Vnr.68316410

## Greinaklippur

LUX stórgreinaklippur, 70 cm, klippir 5 cm þykkar greinar.

990 1.390



24.900

32.990

BOSCH

Vnr.74891630

## Greinakurlari

BOSCH greinakurlari AXT 1600W, 220V. Hámark greina 30 mm í þvermál.

# KLIPPT OG SKORIÐ *fyrir* VORIÐ

*Garðverkfæri á lægra verði!*



VERÐ VERND BYKO



Vnr.68315210

## Hekkklippur

LUX hekkklippur.

**1.490**

~~1.950~~



Vnr.79291069

## Hjólabörur

GINGE hjólbörur, 90 ltr.

**3.990**

# BOSCH




Vnr.74890004

## Hekkklippur

BOSCH hekkklippur AHS 4-16, sverðlengd 42 cm, 390W.

**4.990**

~~6.990~~



Vnr.68870523

## Strákústur

**390** ~~590~~

LUX strákústur 30 cm með skafti.

FRÁBÆRT VERÐ!



Vnr.53521026

## Sorppokar

**699**

Sorppokar 750x1150x0,055 mm, 25 stk.

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR




MAÐUR VIKUNNAR

# Farsæll að eðlisfari

**EYJÓLFUR SVERRISSON**
LANDSLIÐSÞJÁLFARI Í FÓTBOLTA

Eyjólfur Sverrisson þreytti frumraun sína með íslenska landsliðið í knattspyrnu í vikunni. Undir stjórn Eyjólfs í fyrsta sinn beið íslenska liðið lægri hlut fyrir Trínidad og Tóbagó í leik sem fram fór í London en fram undan er undankeppni fyrir EM þar sem Ísland er í gríðarlega öflugum riðli. Fær Eyjólfur það hlutverk að laða fram það besta í leikmönnum liðsins í þeirri keppni.

Eyjólfur G. Sverrisson fæddist 3. ágúst árið 1968 á Sauðárkróki og sleit þar barnsskónum. Hann vakti snemma athygli fyrir afburðaíþróttahæfileika og á sínum yngri árum var Eyjólfur mikill afreksmaður í nánast öllu því sem hann tók sér fyrir hendur. Hann var mjög góður sundmaður og setti fjölda meta í frjálsum íþróttum auk þess sem miklir hæfileikar í flestum boltaíþróttum voru honum í blóð bornir.

Mestur var áhuginn á fótbolta og körfubolta og var Eyjólfi einkum spáð glæstum frama í síðarnefndu íþróttinni. Strax á táningsaldri var Eyjólfur farinn að spila með meistaraflokki Tindastóls, á sumrin í fótbolta og á veturna í körfubolta, en hann þótti mjög þroskaður miðað við aldur og með skrokk á við fullvaxta karlmann. Hann þótti gríðarlega efnilegur í báðum íþróttunum og í kringum tvítugt var hann fastamaður í u-21 árs landsliðum Íslands í þeim báðum.



Haustið 1989 spilaði Eyjólfur unglingalandsleik sem átti eftir að breyta lífi hans. Það var í fótboltanum, gegn Finnum á Akureyrarvelli, og skoraði Eyjólfur öll mörkin í 4-0 sigri Íslands. Útsendarar frá Stuttgart sáu til hans og skömmu síðar hafði Eyjólfur skrifað undir samning við þýska stórliðið.

21 árs gamall hóf Eyjólfur atvinnumannaferilinn sem átti eftir að spanna næstum fjórtán ár. Hann varð meistari með Stuttgart árið 1992 en fór til Besiktas í Tyrklandi veturinn 94-95 þar sem hann varð einnig meistari. Haustið 1995 hélt Eyjólfur aftur til Þýskalands, nánar tiltekið til höfuðborgarinnar Berlínar, þar sem hann átti eftir að leika stórt hluverki í einhverri ævintýralegustu uppbyggingu félagsliðs í fótbolta á síðari árum. Hertha Berlin lék í 2. deildinni þegar félagið fékk Eyjólf til sín en aðeins fjórum árum síðar sigraði liðið AC Milan í Meistaradeild Evrópu.

Sem knattspyrnumaður naut Eyjólfur ávallt gríðarlegrar virðingar, af samherjum sínum, þjálfurum og fjölmiðlum um alla Evrópu. Kunnugir segja að það sé ekki síst vegna þess að Eyjólfur hafi ávallt borið af sér góðan þokka, hann sé kurteis og lunkinn í mannlegum samskiptum. Kannski einum of segja sumir, en frægt er orðið þegar Eyjólfur var kosinn kynþokkafyllsti karlmaðurinn í Berlín á sínum tíma. Eyjólfur lagði takkaskóna á hilluna árið 2003 og til marks um hversu vel hann var liðinn í Berlín ákváðu forráðamenn Herthu að halda kveðjuleik honum til heiðurs. Hann fór fram hinn 27. júlí árið 2003 fyrir framan 35 þúsund áhorfendur og batt formlega enda á feril Eyjólfs, án þess að hann spilaði nokkru sinni í efstu deild á Íslandi.

Farsælar ákvarðanir einkenndu leikmannaferil Eyjólfs. Nánast alltaf hefur hann verið byrjunarliðsmaður í sínum liðum og alltaf náði hann að finna sinn stað í öllum liðum. Fjölhæfni hans sem leikmaður hafði þar mikið að segja en auðvitað spilaði heppni einnig stóra rullu - sem dæmi má nefna slapp Eyjólfur lygilega vel við alvarleg meiðsli. „Eyjólfur er farsæll að eðlisfari og virðist alltaf taka réttar ákvarðanir,“ sagði einn viðmælenda blaðsins.

Það er tekið mark á Eyjólfi þegar hann tekur til máls og var það ekki síst þess vegna sem honum var treyst fyrir því ábyrgðarhlutverki að stjórna A-landsliðinu í fótbolta þrátt fyrir að búa yfir afar takmarkaðri reynslu sem þjálfari. Landsliðsferill Eyjólfs er einn af þeim glæsilegri í sögunni; hann lék 66 landsleiki og skoraði í þeim tíu mörk auk þess sem hann bar fyrirliðabandið alls nítján sinnum.

Utan vallar er Eyjólfur mikill fjölskyldumaður. Hann er harðgiftur Önnu Pálu Gísladóttur, sem hann kynntist á sínum tíma á Sauðárkróki, og saman eiga þau tvo syni, sex og fimmtán ára gamla. Eyjólfur er mikill veiðimaður og þykir fátt betra en að fá útrás með annað hvort veiðistöngina eða riffilinn að vopni. Hann er orðinn vel liðtækur kylfingur á stuttum tíma og þá hefur áhugi hans á hestamennsku farið sívaxandi með hverju árinu sem líður. Þegar Eyjólfur fær þörf fyrir að komast út fyrir hasarinn í höfuðborginni finnst honum fátt betra en að fara norður á heimaslóðir og sinna þessum áhugamálum sínum.

Þeir sem ólust upp með Eyjólfi voru ávallt sannfærðir um að hann myndi ná langt í því sem hann tæki sér fyrir hendur, ekki síst vegna óbilandi metnaðar hans og þess hugarfars sem hann hefur tamið sér í gegnum tíðina. Þeir sömu segja að þjálfarastarfið ætti ekki að vera nein undantekning þar - Eyjólfur sé, og verði líklega alltaf, einfaldlega góður í öllu sem hann taki sér fyrir hendur.

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




# þú færð
# orku
# í 10-11

**opið allan sólarhringinn**
**í Lágmúla, Staðarbergi,**
**Keflavík og á Akureyri**

10-11
*...þegar þér hentar*

www.10-11.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Það þýðir ekki að koma hér skipti eftir skipti og segja að við eigum að gera eitthvað annað. Þá verður háttvirtur þingmaður að koma hingað einhvern tíma og skýra frá því hvað það er.“*

***Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra um Ögmund Jónasson í stóriðjuumræðu á Alþingi síðastliðinn fimmtudag.***

*„Iðnaðarráðherra hefur ekki farið fyrir okkur til útlanda til að undirrita viljayfirlýsingu við álframleiðanda.“*

***Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, um niðurstöðu Alcoa-fundar í New York.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Úr bakherberginu...

### Fyrirspurn svarað

Fyrir tæpum tveimur vikum óskaði Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, skriflegra svara um kaup Eglu hf. á Búnaðarbankanum. Hann spurði hvort viðskiptaráðherra gæti upplýst, meðal annars á grundvelli upplýsinga frá Fjármálaeftirlitinu og sambærilegri stofnun í Þýskalandi, hvort þýski bankinn Hauck & Aufhauser hefði raunverulega verið meðal kaupenda og síðan eigenda Búnaðarbankans, sem hluti af Eglu. Ögmundur segir sjálfur að við sölu Búnaðarbankans hafi verið lagt til grundvallar að erlendur banki ætti hlut að kaupunum og á þeim grundvelli yrði gengið frá sölunni. Afleiðingarnar gætu því orðið víðtækar hafi Hauck & Aufhauser-bankinn reynst vera leppur og viðskiptin hálfgerður blekkingarvefur.

Um þessa fyrirspurn má segja, að ekki einasta Ögmundur, heldur hálf þjóðin veit fyrirfram, að svör viðskiptaráðherra verði á þá leið, að ekkert gruggugt hafi verið við sölu Búnaðarbankans eins og leitt hafi verið rækilega í ljós, meðal annars af ríkisendurskoðanda.



### Verða Kínverjar órólegir?

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hafði á orði í Silfri Egils fyrir viku, að hann þyrfti ævinlega að hugsa sig tvisvar um áður en hann þæði boðsferðir eða önnur fríðindi sem þingmaður. Fyrir kæmi að hann afþakkaði góð boð.

Þetta á líkast til við um ferð sem honum bauðst að fara í dag alla leið til Taívans. Eftir því sem best er vitað situr hann heima. Heimildir herma að þingmennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir séu aftur á móti á leiðinni þangað ásamt mökum sínum og fleira málsmetandi fólki. Alþjóðasvið Alþingis kannast ekki við að hafa skipulagt förina þannig að hún hlýtur að vera farin í boði þarlendra stjórnvalda. Sem leiðir hugann að því, að heimsóknir þingmanna eru alltíðar til Taívans. Fyrir réttu ári fór Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, og tveir varaforsetar þingsins til Taívans og uppskáru háværmótmæli Kínverja úr sendiráði þeirra hér á landi. Tan Sun Chen, utanríkisráðherra Taívans, kom til landsins frá Noregi á miðju sumri, þó ekki í opinberri heimsókn. 1998 fóru meðal annarra Tómas Ingi Olrich og Össur Skarphéðinsson þangað, en árið áður hafði Lien Chen, varaforseti Taívans, heimsótt Ísland. Nú er beðið átekta eftir viðbrögðum Kínverja en sem kunnugt er hefur um langt skeið andað köldu milli þjóðanna.

## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# Plástrastefnan



Ákveðin tegund hentistefnu gegnsýrir íslensku þjóðina. Hún færir sér í nyt það sem gagnlegt reynist. Rætur þessa einkennis eru í lífsbaráttu sjálfsþurftarbúskapar fyrri tíma og veiðimennsku. Pólitísk stefnufesta, grundvallarreglur eða hugmyndafræði er ekki látin þvælast fyrir þegar leysa þarf aðsteðjandi vanda.

Þetta á einnig við um stjórnmálaþátttöku. Menn ganga í stjórnmálaflokk fremur af nytsemis- en hugsjónaástæðum. Einstaklingshyggja, eigin hagsmunir, hagur fjölskyldunnar, ættarinnar eða fyrirtækisins ræður ferðinni. Þetta má kalla hneigð fremur en algilt lögmál. Það er helst að í samtímanum gæti hugsjónaelds í umræðum og átökum um umhverfismál.

Einkenni þessi hafa sterklega komið fram í þjóðmálaumræðu að undanförnu um opinbera stjórnsýslu og regluverk íslenska velferðarkerfisins. Umbætur, sem gerðar hafa verið á því undanfarna áratugi, eru fólgnar í ofnotkun plástra. Það sem eitt sinn átti að vera skýrt, einfalt, réttlátt og gagnsætt er nú óskýrt, flókið og ranglátt og mismunar fólki. Gjaldafrumskógurinn í heilbrigðis- og tryggingakerfinu er dæmi um þetta. Vera má að hann hafi átt rætur í skýrri hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar fyrir 20 árum um að láta þegnana greiða sjálfa fyrir heilbrigðisþjónustuna innan ákveðinna marka og draga samtímis úr ríkisútgjöldum. Jafnaðarmenn hafa valdalausir og með veikum mætti reynt að breyta regluverkinu þannig að það miðaði að jafnari tekjudreifingu eða auknu félagslegu réttlæti. En niðurstaðan er í rauninni bágborin efnahagsstjórn hentistefnunnar, óljós byggðastefna, flókið og ranglátt heilbrigðiskerfi, veikar eftirlitsstofnanir og svo mætti lengi telja.

Sársaukaminnst er að rífa plástrana af með snöggu átaki og gera einfaldleikann að hugmyndafræði sinni.

ÚTSÖLUMARKAÐUR
GK REYKJAVÍK
LAUGAVEGI 66
2. HÆÐ
ER HAFINN

GK REYKJAVÍK
LAUGAVEGUR 66 101 REYKJAVÍK

# Völd Fjármálaeftirlitsins

**Viðskiptaráðherra hefur lagt til margvíslegar breytingar á lögum um fjármálaeftirlit, fjármálafyrirtæki, verðbréfaviðskipti, starfsemi kauphalla, verðbréf og vátryggingastarfsemi. Tilgangur þess er að styrkja Fjármálaeftirlitið og heimildir þess til gagnaöflunar.**



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR** Sigurður telur það orka tvímælis að auka valdheimildir Fjármálaeftirlitsins.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Frumvarp Valgerðar færir Fjármálaeftirlitinu aukin völd til eftirlits. Einnig er gert ráð fyrir að ágreiningsmál um störf þess fari beint til dómstóla.

Átök um eignarhald á Sparisjóði Hafnarfjarðar hafa komið inn á borð Fjármálaeftirlitsins. Brigslyrði ganga á víxl og einstaklingar sem sóst hafa eftir auknum hlut í sparisjóðnum hafa verið sakaðir um bolabrögð og jafnvel lögbrot. Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður segir í Morgunblaðsgrein í gær að Fjármálaeftirlitið hafi frá upphafi tekið illa tíðindum um að í undirbúningi væri framboð gegn sitjandi stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Sigurður, sem vinnur fyrir gagnframboðið í sparisjóðnum, bendir á að orkað geti tvímælis að veita Fjármálaeftirlitinu auknar valdheimildir til gagnaöflunar. Skilja má á Sigurði að nauðsynlegt sé að verja trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings hans gegn slíku valdi rétt eins og nauðsynlegt sé að verja trúnað blaðamanns og heimildarmanns hans.

Sigurður heldur áfram og segir: „Fjármálaeftirlitið tók tíðindum af þessu framboði strax illa og boðaði í bréfi þann 19. apríl 2005 athugun á því hvort til væri orðinn virkur eignarhluti í sparisjóðnum.“ Hann rekur síðan að Fjármálaeftirlitið hafi kært hluta stofnfjáreigenda til embættis ríkislögreglustjóra og beðið viðskiptaráðherra um auknar valdheimildir.

### Styrkara eftirlit

Breytingarnar sem Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra leggur til í áðurgreindu frumvarpi eru margvíslegar.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekin verði af tvímæli um að opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi taki ekki aðeins til eftirlitsskyldra aðila eins og banka, verðbréfafyrirtækja og tryggingafélaga, heldur einnig til eftirlits sem fjallað er um í öðrum lögum.

Í öðru lagi er með frumvarpinu leitast við að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitið geti beitt þvingunum eins og dagsektum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum ef þau láta eftirlitinu ekki í té nauðsynlegar upplýsingar vegna rannsóknar eða ef þau fara ekki að kröfum um úrbætur.

Þær viðbárur heyrast um þetta atriði, að ekki sé hægt að veita Fjármálaeftirliti sambærilegar vald- og eftirlitsheimildir og skattayfirvöld hafa til eftirlits.

### Ágreiningur beint til dómstóla

Í máli Sparisjóðs Hafnarfjarðar kom upp sú staða að einstaklingar neituðu að svara erindi Fjármálaeftirlitsins. Það brást við með því að beita viðkomandi dagsektum. Sú ákvörðun var kærð til kærunefndar sem ógilti ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Ógilding ákvörðunarinnar hefur orðið til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði ákvæði um að heimilt verði að skjóta ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til dómstóla. Þetta merkir nánar til tekið að kærunefndin eða hlutverk hennar gagnvart Fjármálaeftirlitinu verður afnumið. Vísað er til ritgerðar Friðgeirs Björnssonar um úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni, en þar er reifaður sá möguleiki að láta allar stærri stjórnsýsludeilur fara fyrir dómstóla án þess að fara fyrst til úrskurðarnefnda. Farið er orðum um það að Fjármálaeftirlit sé mikilvægt fyrir traustan og heilbrigðan fjármálamarkað og því verði að teljast eðlilegt að ágreiningsmál vegna starfa þess komi til meðferðar dómstóla.

Með þessum rökum er síðan lagt til í frumvarpinu að ágreiningsmál vegna ákvarðana Fjármálaeftirlitsins komi beint til meðferðar dómstóla.

Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gefur umsögn um frumvarpið og telur að verði frumvarpið óbreytt að lögum hafi það ekki í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Því er einnig lýst að tilgangur frumvarpsins sé að skýra og styrkja eftirlitsákvæði og eyða óvissu.

johannh@frettabladid.is

JAFNVEL ÞÓTT
VIÐ NJÓTUM
ÞESS AÐ SELJA
FLOTTUSTU BÍLA
Á LANDINU
VERÐUM VIÐ
STUNDUM
AÐ LYFTA
OKKUR UPP

ENNEMM / SÍA / NM20799

LOKAÐ Í DAG VEGNA ÁRSHÁTÍÐAR
STARFSFÓLK INGVARS HELGASONAR

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2  Sími 525 8000  www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00



# Styrkir úr Pokasjóði

**Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 10. mars n.k.**

**Umsóknum skal skilað á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.**

Allur hagnaður af sölu plastpoka merktum Pokasjóði rennur til uppbyggjandi málefna, en Pokasjóður, sem áður hét Umhverfissjóður verslunarinnar, veitir styrki til **umhverfis-menningar-, íþrótta- og mannúðarmála.**

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 10. MARS

Aðeins er hægt að sækja um á heimasíðu sjóðsins og skal umsókn send í síðasta lagi á miðnætti þann 10. mars n.k.

POKASJÓÐUR

pokasjodur.is MERKI UM UPPBYGGINGU




# Hvað eru 50 cm milli vina?



Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

**Í Dagbók Þráins Bertelssonar er miklast af vel lukkuðum smjördeigsbollum, hugsað um vinsældir fjandans, fjallað um húsaníðinga, undrast hvernig hægt sé að byggja í friði fyrir yfirvöldum án þess að eiga tommustokk og bent á umhverfisslys sem hægt er að skoða án þess að fara inn í óbyggðir.**

**MÁNUDAGUR, 27. FEB.**

## Bollumeistarinn

Í gærkvöldi bakaði ég **smjördeigsbollur** – sem ekki féllu! Það hefur mér ekki tekist áður, en þessar voru fullkomnar og hefðu dugað til að fá hæstu einkunn við hvaða húsmæðraskóla sem er! Svo lagði **Sólveig** til rjómann og sultutauið og dagurinn leið í dýrlegum fögnuði.



Fékk loksins bréf frá Símanum sem segir að ég þurfi að borga fyrir að fá að geyma afruglarann þótt ég noti hann ekki og hafi hvergi kvittað fyrir móttöku hans. Ég viðurkenni að þetta er mjög sniðugt hjá þeim og er að hugsa mótleikinn.

**ÞRIÐJUDAGUR, 28. FEB.**

## Að gæta hófsemi

Allir mánuðir ættu að vera 28 dagar og enda á **sprengidegi**. Ég hef reyndar ekki borðað saltketsbita síðan á síðasta sprengidag. Ástæðan fyrir þessari tólfmánaða saltketsföstu er sú að ég reyni eftir megni að forðast að borða fæðutegundir nema þær stuðli að vellíðan og heilbrigði. Enda er ég stálheilbrigður, **sjö, níu, þrettán**.



Skrýtið að við sem tökum föstuna ekki alvarlega skulum gera svona mikið mál úr því að eta okkur í spreng áður en hún hefst. Sennilega hefðum við samt bara gott af því að hugsa okkar ráð og gæta hófsemi í 40 daga og 40 nætur.

**MIÐVIKUDAGUR, 1. MARS.**

## Fjandinn og árar hans

Þegar ég gekk fram hjá sjónvarpsskjánum áðan var **Jón heilbrigðisráðherra** þar og Sigmar var að spyrja hann út úr um bunka af afsláttarkortum sem eru framleidd til að fólk eigi erfiðara með að fá afslátt í heilbrigðiskerfinu. Aumingja Jón, þessi góði drengur, leit út eins og maður sem er búinn að **gera í buxurnar** og orðinn vondaufur um að aðrir komist ekki að því. Ekki vildi ég vera heilbrigðisráðherra og eiga eftir að byggja hátæknisjúkrahús á Landspítalatorfunni og láta **Alfreð Þorsteinsson** sjá um peningamálin. Í venjulegu landi hefði verið spurt: Vantar okkur nýtt sjúkrahús? Hvernig sjúkrahús eigum við að byggja? Hvar er best að hafa það? Og hver er best til þess fallinn að halda kostnaði í skefjum. Í staðinn ákvað ríkisstjórnin upp úr þurru að splæsa milljarði í hátæknisjúkrahús, tilviljun réði þeirri ákvörðun að hola því niður á Landspítalatorfunni og ég veit ekki af hverju Alfreð Þorsteinssyni var falið að sjá um peningamálin.



Ef ég væri Jón mundi ég nota föstuna til fara með nesti og nýja skó inn í **Ódáðahraun** sem er hvort sem er í hans kjördæmi og hugsa ráð mitt fjarri mannabyggðum í 40 daga og 40 nætur. Og biðja Alfreð og hátæknisjúkrahúsið að víkja frá mér á meðan.

Það var mikið um dýrðir hjá ungviðinu á öskudaginn. **Kári vinur minn** var upp á búinn sem Dauðinn með ljá í hendi. **Andri** dulbjó sig sem Fjandann. Merkilegt hvað myrkraöflin eru vinsæl strax hjá börnum. Ég sá lítið af englum á ferli.

**FÖSTUDAGUR, 3. MARS.**

## Húsaníðingar og ónáttúran

Ég er stundum að velta því fyrir mér hvort hér á landi sé til sérstakur hópur fólks sem hefur sálræna þörf fyrir að níðast á gömlum húsum, nokkurs konar húsaníðingar, og níðingar af þessu tagi séu sérdeilis **vel tengdir pólitískt** eða eigi af einskærri tilviljun marga sálufélaga í borgarstjórn.

Samt vita allir að gömul hús eru ákaflega viðkvæm og takmörkuð auðlind, ekki síst í landi eins og Íslandi sem var bláfátæk nýlenda í meira en 600 ár af 1100 ára sögu sinni, og sjaldgæft að hér risu hús sem verðskulduðu það nafn. Þau hús eru merkileg og okkur ber að varðveita þau.



**HLAÐVARPAHÚSIN** Málaliðar frá Lithaugalandi eru að breyta þeim í útibú frá Hótel Plaza.

Húsaníðingar þurfa ekki aldeilis að læðupokast á internetinu með ónáttúru sína. Þeir fá sína útrás fyrir allra augum.

Hérna **í Grjótaþorpinu** er núna verið að breyta hinum sögufrægu Hlaðvarpahúsum í útibú frá Hótel Plaza. Innfluttir handverksmenn frá Lithaugalandi starfa þarna eins og hlutlausir málaliðar sem stendur á sama um hvað þeim er falið að leggja í rúst fyrir borgun.

Verklagni og smekk byggingaraðila er hægt að sjá með því að skoða Hótel Plaza við Aðalstræti og Fischersund þar sem áður stóðu merkilegar byggingar. Væntanlega í viðurkenningarskyni fengu sömu aðilar líka leyfi til að búa til súrrealíska götumynd í Grjótaþorpi með því að byggja **göngubrú úr gleri eða plasti** yfir Fischersundið svo að túristar geti gengið á náttfötum milli Hótel Plaza og Hlaðvarpans. Þetta gerist allt í hverfi þar sem flest húsin, þar á meðal Hlaðvarpinn, eru rammlega friðuð.

Ef ég fengi skyndilega þá flugu í höfuðið að betur færi um gesti mína ef ég tæki upp á því að hækka húsið mitt í leyfisleysi og héldi því fram að ég kæmist ekki yfir Fischersundið nema gegnum glergöng yrði ég sennilega **vistaður á Kleppi** þar sem ég væri auðvitað best geymdur. Nema hvað borgarráð samþykkti þessa Hlaðvarpaframkvæmd í blóra við íbúa Grjótaþorps ásamt með 75 sm hækkun og hafði að engu mótmæli þeirra, né áður yfirlýsta friðunarstefnu. Þessi gáfulega ákvörðun var tekin á borgarráðsfundi 12. maí sl. og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. júní 2005. Gott og vel. Einhver hefði verið ánægður með að fá svona fína fyrirgreiðslu í vel smurðu borgarapparatinu.

En mikið vill meira. Leyfið til að hækka Hlaðvarpahúsin um 75 sentimetra og byggja steinsteypukumbalda yfir síðasta kaupmannsport Reykjavíkur var greinilega ekki nóg, því að í kyrrþey hefa framkvæmdaaðilarnir bætt hálfum metra ofan á dýrðina frá eigin brjósti svo að hækkunin er 130 sentimetrar í stað 75 og guð má vita hversu margir rúmmetrar umfram leyfið. Þeir hljóta að hugsa sem svo: **Sálu- eða flokksfélagar okkar í borgarkerfinu** sem veittu okkur umbeðin leyfi og daufheyrðust við mótmælum nágranna og athugasemdum sem fram komu við málamynda grenndarkynningu hljóta að sjá gegnum fingur sér með smáhækkun sem enginn tekur eftir. Hvað er hálfur metri milli vina? Og fáeinir rúmmetrar?

Ef einhver vitfirringur keyrði eftir götum Reykjavíkur og færi 50 km yfir lögboðinn hámarkshraða væri hann sviptur ökuleyfi á staðnum og sektaður í ofanálag. Sama hlýtur að gilda um aðrar reglur sem menn eiga að fylgja. Að stækka hús að vild umfram lipurlega veittar heimildir ber ekki bara vott um eindreginn brotavilja heldur mikla og einlæga fyrirlitningu á mannlegu samfélagi.

Það væri gaman að vita hvort annars staðar á Vesturlöndum sé hægt að finna svo afskekktan útnára að menn geti haft byggingareglur að engu og byggt eftir sínu höfði rétt eins og tommustokkur hafi ekki verið fundinn upp – eða hvort Reykjavík er eina menningarborg Evrópu þar sem byggingaryfirvöld eiga ekki tommustokk.

Það er ómaksins vert fyrir áhugafólk um umhverfismál að kíkja niður í Grjótaþorp og virða fyrir sér þessar sérkennilegu framkvæmdir í hjarta Reykjavíkur. Maður þarf ekki að æða inn í óbyggðir til að sjá **umhverfisslys**.


Sony gæði
á BT verði!
23.988 kr.
ef keypt er með
Sony Sjónvarpi
1.999 pr mánuð
32"
THE PINK PANTHER
SONY®
SONY 32"LCD SJÓNVARP
KLVS32A10
• 32" LCD sjónvarp
• 1366x768 pixel Upplausn
• Contrast 1000:1• Birta 500 cd/m2
• HD Ready
• Svartími 8ms (Grátt í Grátt)
• Textavarp (250 Bls minni)
• Magnari 2x10W
Virtual Dolby BBE Surround
• HDMI 3 Scarttengi (2 RGB)
/Component/S-VHS
• PC tengi
• Borðstandur (hægt að snúa)
• Fjarstýring
BT býður betur
FYLGIR
15.799**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
189.588
Staðgreitt
219.999
30.000kr. lækkun
SONY®
DAVDZ100
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100
• S-Master Digital Magnari
• BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
• Mutli Stereo
• Spilar allan heiminn, elsku mamma!
• Dolby Digital, DTS og PLII
• Hljóðtengi fyrir sjónvarp
• Fjarstýring
720W RMS
2.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988
STAÐGREITT
Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.
Gjafabréf
1 mánuður
eða
Þú velur!
Gjafabréf
10 dagar
digital ísland
Skemmtipakkinn eða fræðslupakkinn
BÍÓ
FYLGIR
GSM sími
PHILIPS
CT355
GSM Philips 355 með myndavél
• Endist 5 klst. í tal • litaskjár
• myndavél - 355 x 288 punkta
• Java, MMS, GPRS, WAP
• 8MB innbyggt minni • Java leikir
• Handfrjáls hátalari (speakerphone)
Ódýrt
Tilboð!
Uss pakkinn eða Startpakkinn fylgja
6.999
GSM sími
NOKIA
GSM NOKIA 6101
• Þyngd 97 gr.
• Matrix litaskjár 65,536 litir
• IrDA, GPRS og EDGE
• Innbyggð myndavél
• Íslensk valmynd
• Tölvupóstur POP3 og IMAP4
• FM stereo útvarp. Stereo heyrnartól fylgja
• Myndinnskot og upptaka
Vinsælasti GSM síminn
17.999
DVD skrifari
NEC
DVD SKRIFARI
16 hraða dual layer DVD skrifari
Fáanlegur í svörtu, hvítu og silfurlit.
Algjör brenni-vargur
3.999
4.999
Botn verð
Harður diskur
Western Digital
Western Digital
250GB 7200RPM
8MB harður diskur
250 Gíg
8.499
LISTAVERÐ: 8999kr.
TOSHIBA Satellite
15,4"
THE PINK PANTHER
TOSHIBA SATELLITE PRO M70-134
PSM75E-00900JED
• Intel® Centrino™ mobile tækni
• Intel® Pentium® M 760 1.73 GHz (Dothan)
• 512MB DDR2(533) vinnsluminni -mest 2048
• 60GB (5400rpm) S.M.A.R.T - SATA harður diskur
• 15.4" Breiðtjaldsskjár 1280x768 upplausn
• Intel® Graphics Media Accelerator 900 - TV-Out
• Super DVD Multi brennari
• MediaBay kortalesari - Les öll helstu minniskort
• Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
• i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0 - DV Ready
• Windows XP Professional
• 2 ára alþjóðleg ábyrgð
WiFi
Intel Centrino
Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem er allt að 22% hraðvirkari en þeir eldri og vinnur lengur á sömu hleðslu.
DV Ready
Firewire tengi gerir það leik einn að tengja tökuvélar við vélina og klippa heimamyndböndin.
DIGITAL VIDEO READY
S.M.A.R.T. Diskur
Verndar gögnin þín, Tölvan lætur þig vita af yfirvofandi bilun.
XP professional
FYLGIR
12.000kr. lækkun
3.196*
119.988
Þú velur greiðsluform sem hentar þér
3.196* Tölvukaupalán 48 mán.
8.999** Vaxtalaust 12 mán.
107.988 Staðgreitt
Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.
BT
Klikkaðir kaupaukar
FYLGIR
FYLGIR
FYLGIR
3.999
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444





# Vortískan

**Taktu þátt í Tískuleik Kringlunnar, Nokia og Icelandair**

Þú gætir unnið ferð til hátískuborgarinnar Parísar eða nýjan Nokia L'Amour Collection tískusíma. Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittunina þína við þátttökuseðil og skila í kassann á 1. hæð!

ICELANDAIR NOKIA

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |



# í Kringlunni alla helgina

## Spennandi dagskrá um helgina

Þú getur átt von á óvæntum uppákomum þegar þú kynnir þér allt það ferskasta og flottasta í verslunum Kringlunnar.

**13:00 – Atriði úr Sister Act** / Fjölbrautarskólinn í Garðabæ
**14:00 – Tískusýning** / Börn og fermingar
**15:00 – Tískusýning** / 7 verslanir sýna það helsta í vor- og sumartískunni
**16:00 – Tískusýning** / Börn og fermingar
**17:00 – Hawaiian Tropic** / Kynning á þátttakendum í keppni

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

**Veitingastaðir og Kringlubíó**
hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**LEONARD WARREN (1911-1983) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Barítónar eru fæddir þorparar í óperunni."*

*Leonard Warren var frægur bandarískur barítón sem lést á hræðilegan hátt á sviði þennan dag árið 1983.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 4. MARS 1987

# Fimmtíukall fyrir þrennu

Á þessum degi árið 1987 setti Happdrætti Háskóla Íslands happaþrennuna sína á markað. Fyrstu happaþrennurnar var hægt að fá fyrir fimmtíu krónur íslenskar og hæsti mögulegi vinningur á hverja þrennu nam hálfri milljón króna. Lægsti vinningur var aftur á móti fimmtíu krónur, akkúrat nóg til að freista gæfunnar á ný. Happaþrennan kynnti skemmtilega nýjung í happdrættum hér á landi og hennar helsti kostur að spilarinn þurfti ekki lengur að bíða eftir drættinum til að vita hvort vinningur leyndist á miðanum. Einnig bauð happaþrennan upp á skemmtilegan leik fyrir



einungis fimmtíu kall þar sem börn jafnt og fullorðnir hafa enn gaman af því að skafa. Happaþrennan lifir enn góðu lífi meðal Íslendinga en er nú til í miklu fleiri útgáfum en upphaflega þrennan, bæði í nýtískulegri búningi og með möguleika á hærri vinningum. Hún hefur undanfarin nítján ár oft verið notuð sem gjöf og hefur til dæmis verið tíður gestur í skóm barna þegar líður að jólum.

Eins og af öðrum miðum Happdrætti Háskóla Íslands rennur hagnaður af happaþrennunum til Háskóla Íslands og hefur hann verið notaður til að fjármagna flestar byggingar og framkvæmdir á háskólasvæðinu.

## MERKISATBURÐIR

1936 Þýska loftfarið Hindenburg fer í sína fyrstu ferð.

1964 Fimm íslenskar hljómsveitir leika í Háskólabíói og hafa tónleikarnir verið taldir fyrstu bítlatónleikarnir á Íslandi. Hljómar vekja mikla hrifningu.

1971 Uppstoppaður geirfugl er sleginn Íslendingum á uppboði í London en safnað var fyrir honum um allt land áður en uppboðið fór fram. Hann er nú geymdur á Náttúrufræðistofnun.

1975 Meistari þöglu kvikmynda, Charlie Chaplin, er sæmdur riddaranafnbót í athöfn í Buckinghamhöllinni.

1983 Menningarmiðstöðin Gerðuberg í Breiðholti í Reykjavík er tekin í notkun.

## ANDLÁT

**Þorgerður S. Einarsdóttir**, frá Hlíðarenda á Ísafirði, lést á heimili sínu, Hrísmóum 1, Garðabæ, miðvikudaginn 1. mars.

**Bjarni Þorsteinsson**, fv. matsveinn og leigubílstjóri, lést 15. febrúar.

**Dagbjört Á. Siemsen**, Skaftahlíð 34, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 28. febrúar.

**Herdís Björnsdóttir**, Varmalæk í Skagafirði, lést sunnudaginn 26. febrúar.

**Ragnar Kr. Karlsson**, læknir, lést miðvikudaginn 1. mars.

**Álfrún Edda Sæm Ágústsdóttir** lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi við Hringbraut mánudaginn 20. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Þorvaldur Óskarsson**, frá Kaldárhöfða, Mánagötu 3, Grindavík, verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju.

13.30 **Ómar Steindórsson**, Ægissíðu 15, Grenivík, verður jarðsunginn frá Grenivíkurkirkju.

13.30 **Jón Kristinn Stefánsson**, bóndi, Munkaþverá, Eyjafjarðarsveit, verður jarðsunginn frá Munkaþverárkirkju.

14.00 **Þorbjörg Sveinbjarnardóttir**, Huppahlíð, Miðfirði, verður jarðsungin frá Staðarbakkakirkju, Miðfirði.

14.00 **Olgeir Sigurgeirsson**, fv. útgerðarmaður, Skálabrekku 5, Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.

## AFMÆLI



**Þorfinnur Guðnason** kvikmyndagerðarmaður er 47 ára.



**Friðrik Erlingsson** rithöfundur er 44 ára.

**Árni Snævarr** blaðamaður er 44 ára.



**Ottó Davíð Tynes** auglýsingagerðarmaður er 36 ára.





†

*Móðir mín og amma*

**Guðrún Sveinsdóttir**

*áður til heimilis að Hamraborg 18 og Þönglaskála Skagafirði,*

lést 2. mars á hjúkrunarheimilinu Grund.

Fyrir hönd aðstandenda

**Eysteinn Jónsson**
**Edda Þorleifsdóttir**



†

*Þökkum innilega samhug og hlýju í veikindum og við andlát elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu*

**Aðalheiðar V. Steingrímsdóttur**

Hjallahlíð 4, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 21A á Landspítalanum og Heimahlynningar Krabbameinsfélagsins. Guð blessi ykkur öll.

**Steingrímur Bjarnason**
**Gunnlaugur I. Bjarnason**
**Eyþór Már Bjarnason**
**og barnabörn.**

**Jóhanna H. Guðmundsdóttir**
**Ásta Guðjónsdóttir**
**Katrín B. Baldvinsdóttir**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
- allt að 50% afsláttur

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is




**Í MÖRGU AÐ SNÚAST** Pétur Gautur Svavarsson opnar sýningu á afmælisdaginn sinn en ætlar að láta nafna sinn í Þjóðleikhúsinu bíða betri tíma, þrátt fyrir að frumsýninguna beri upp á afmælisdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

PÉTUR GAUTUR SVAVARSSON: FERTUGUR Í DAG

# Heldur upp á afmælið með sýningaropnun

Engin lognmolla verður í kringum Pétur Gaut Svavarsson myndlistarmann í dag. Ásamt því að halda upp á að hafa lifað í fjörutíu ár opnar hann sýningu í Hafnarborg. „Þetta er fyrsta stóra sýningin mín í nokkur ár. Ég sýndi hérna síðast fyrir sex árum, einmitt á afmælisdaginn líka," segir hann. Tilviljunin ein réð tímasetningunni árið 2000 en í ár valdi Pétur Gautur opnunardaginn með fertugsafmælið í huga, enda ekki alltaf sem stórafmæli ber upp á laugardag.

„Ég bæði lít aftur á bak og fram á veg," segir Pétur Gautur um tímamótin. Hann segist meðal annars vera í fyrsta sinn með veglega sýningaskrá þar sem hann lítur yfir feril sinn. „Hugmyndin var að gera svona „best of" frá fyrri sýningum, alveg frá 1993 þegar fyrsta myndlistarsýningin mín var haldin hér í Hafnarfirði," segir hann. Verkefnið vakti upp sterkar minningar hjá Pétri Gaut sem hafði mikla ánægju af því að líta um öxl og gera upp fortíðina. „Það hefur verið gaman að leita uppi gömlu myndirnar og sjá þær aftur með tilliti til þess hvað maður var að gera og hvernig maður hefur þróast."

Aðspurður um hvort sýningaropnanir verði nú daglegt brauð á stórafmælum segir Pétur Gautur að hann ætli sér nú að halda oftar sýningar en á tíu ára fresti. „Ég reyni að vera með sýningar á hverju ári en það er orðið dálítið erfitt núna," segir hann og kennir sýningarstefnunni hér á landi um. „Fólk er bara valið eins og í stóru fínu söfnunum úti í heimi, sem er dálítið öfugsnúið," bætir hann við. Hann ætlar þó aðeins að slaka á í náinni framtíð enda undirbúningurinn fyrir sýninguna búin að vera dálítil törn. „Ég ætla að taka mér smá pásu núna og vera með fjölskyldunni og börnunum."

Hvíldin er þó ekki hafin enn enda afmælisdagurinn ekki liðinn. Fleira skemmtilegt er líka að gerast í dag því svo heppilega vill til að verkið Pétur Gautur er einmitt frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. „Ég er afskaplega ánægður og hrærður að Þjóðleikhúsið skyldi frumsýna Pétur Gaut á afmælinu og mér þar með sýndur þessi heiður," segir hann, hlær dátt og bætir svo við að reyndar hafi gleymst að bjóða honum á sýninguna. Tilviljunin sé engu að síður stórskemmtileg enda sé hann skírður í höfuðið á söguhetjunni.

Þegar hann er spurður hvort kvöldinu verði þá eytt í Þjóðleikhúsinu segist hann hafa annað á dagskrá. „Dagurinn verður tekinn undir sýninguna og síðan ætla ég að skemmta mér með vinum og fjölskyldu í afmælisveislu um kvöldið," segir hann og bætir við: „Pétur Gautur fær að bíða betri tíma."



# Afmæli

*90 ára*

***Konráð Sæmundsson***

*verður 90 ára 6. mars. Af því tilefni tekur hann á móti gestum kl. 15-17 hinn 5. mars í samkomusal Gullsmára 13, Kópavogi.*

# Nýtt í vísindum

Í gær hófst raunvísindaþing 2006 í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, og heldur þingið áfram í dag. Fimmtíu erindi eru á dagskrá og hundrað og þrjátíu veggspjöld verða til sýnis. Erindin og veggspjaldakynningarnar hefjast klukkan níu og lýkur formlegri dagskrá klukkan 16.15.



**ASKJA**

Dagskrá dagskrá raunvísindaþings 2006 er að finna á heimasíðu Háskóla Íslands, hi.is, en þingið er öllum opið.


Hágæða sterkir og notadrjúgir plastkassar
EKKERT BRUÐL
SERVÖRU VERSLANIR
Gegnsæir og góðir!
HÆFILEGA STÓR FYRIR A4 BLÖÐ
9 lítra
999 KR.
GÓÐUR UNDIR RÚMIÐ
50 lítra
1799 KR.
HÆFILEGA STÓR FYRIR KVENSKÓ
5 lítra
799 KR.
MJÖG GÓÐUR FYRIR A4 MÖPPUR
35 lítra
1499 KR.
Allt klárt í Bónus
Óskrifaðir DVD og CD diskar
MR. P CD DISKAR
699 KR.
10 CD
MR. P DVD-r 8 HRAÐA
1499 KR.
10 DVD
Geisladiskarnir með DRAUMADRENGJUNUM IL DIVO á sérstöku tilboði um helgina.
AH! Aðeins seldir 2 diskar á mann!
IL DIVO DISKUR
999 KR.
IL DIVO
-drengirnir redda helginni!
ÁLRAMMAR 13x18sm
ÁLRAMMI
249 KR.
13x18 sm
HERÐATRÉ ÚR VIÐI MEÐ SLÁ 8 SAMAN
8 HERÐATRÉ
398 KR.
ÚR VIÐI
SCHOU KRÓMKANNA
2999 KR.
SCHOU KAFFIKANNA
1499 KR.
HITAKETILL
999 KR.
1.7 LÍTRA
Látlaust Einfalt Stílhreint
5 SOKKAPÖR
499 KR.
TRENDYMAN
5 PÖR Í PAKKA
100 KRÓNUR PARIÐ!
Krómað og krassandi!
2500 watta krómketill frá SCHOU
SCHOU RAFKETILL
2999 KR.
SCHOU BRAUÐRIST
1499 KR.
500 prentarablöð
500 BLÖÐ
299 KR.
PRENTPAPPÍR
SCHOU BRAUÐRIST
2999 KR.
SCHOU BRAUÐRIST
1999 KR.
www.bonus.is
BÓNUS

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# Af hetjulund, miskunnsemi og mannkærleik

**Stundum er sagt um Íslendinga nútímans að þeir séu hættir að skipta sér af náunganum og hraði sér afskiptalausir framhjá sambræðrum og -systrum í nauð. Í annálum íslenskra verðlauna má sjá heiðraða íþróttamenn, listamenn, námsmenn, viðskiptajöfra og aðra afreksmenn, meðan minna hefur farið fyrir hetjum hvunndagsins; þeim ótalmörgu sem af rausn og fáheyrðu örlæti gefa tíma sinn og orku í betri lífsgæði samfélaginu öllu til handa.**

**Með Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins er hlúð að íslenskum hetjum sem vinna góðverk sín án upphrópana, þótt góðverkin séu öll af þeim toga að vera ómetanleg, dýrmæt og einstök fyrir íslenskt samfélag. Fréttablaðið óskar hetjunum átta til hamingju með verðlaunin og hvetur Íslendinga alla til að opna hjarta sitt gagnvart náunganum, í gleði og sorg, sátt og raunum, sem og öruggu skjóli og háskaslóðum.**

## Blóðgjöf fyrir kornabörn

Frá árinu 1965 hefur **Guðbjörn Magnússon** reglulega gefið blóð sitt í Blóðbanka Íslands, öðrum landsmönnum til lífs og heilsu. Hann er „Hvunndagshetja“ Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins og sagði ***Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur*** frá blóðskömmtunum, sem senn verða 150 talsins.



**GUÐBJÖRN MAGNÚSSON, HVUNNDAGSHETJA OG BLÓÐGJAFI** Duglegasti blóðgjafi Íslands og hefur frá árinu 1965 gefið hátt í 150 blóðskammta, sem fyrst voru gagngert notaðir til blóðskipta í ungbörnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðbjörn var í Loftskeyta- og sjómannaskólanum þegar starfsmaður Blóðbankans kom þangað einn haustdag í leit að blóðgjöfum meðal nemenda.

„Þá kom í ljós að ég var í blóðflokki O mínus og algjörlega hlutlaus þannig að ég gat gefið öllum blóð, burtséð frá blóðflokki þess sem þiggja þurfti blóðið,“ segir Guðbjörn, sem skipar fremur fámennan flokk slíkra blóðgjafa.

„Í kjölfarið fóru konurnar í Blóðbankanum að hringja þegar nýburar foreldra sem voru í óheppilegum blóðflokkum til barneigna fengu eitrun og þurfti að skipta um blóð í þeim við fæðingu. Þá hringdu þær oftast á föstudegi og einhvern veginn þróuðust málin þannig að ég fór að koma á undan, á þriggja mánaða fresti, enda vissi ég að föstudagar væru besti tíminn og þá yrði til skammtur fyrir kornabörnin litlu,“ segir Guðbjörn, sem síðan hefur alla tíð á þriggja mánaða fresti mætt reglulega á blóðtökubekki Blóðbankans.

„Ég hef aldrei þurft að neita útkalli sjálfur, en í eitt skiptið var gjöfinni hafnað því ég hafði lent í smávægilegu slysi og þurfti að jafna mig betur. Ég man annars ekki eftir útkalli síðan í gamla daga vegnu litlu barnanna,“ segir Guðbjörn, sem fær stundum járntöflur með sér í nesti eftir blóðgjafir þar sem aðeins hefur gengið á járnbúskap líkamans.

„Á öllum þessum árum hafa myndast tengsl við starfsfólk Blóðbankans og mér finnst ákaflega notalegt að koma þar við, njóta góðrar þjónustu, vinalegheita og góðs kaffis og meðlætis að blóðgjöf lokinni,“ segir Guðbjörn sem hefur alls gefið blóð 147 sinnum.

„Ætli 150. skiptið verði ekki jólagjöfin mín í ár,“ segir hann hlæjandi. „Ég er við fína heilsu og hætti ekki fyrr en heilsan gefur sig eða ég verð stoppaður. Ég hef aldrei fundið nokkurn einasta mun á mér eftir blóðgjafir, en blóðgjöfin er orðin mun þægilegri nú á seinni árum en þegar gefin var deyfingarsprauta áður en nálinni fyrir blóðgjöfina var komin fyrir í handleggnum. Deyfingin var ekkert sérstaklega þægileg og í raun alveg óþörf,“ segir Guðbjörn, sem fæddur er á lýðveldisárinu 1944 og starfar sem eftirlitsmaður Kone-lyftna hjá Kone ehf.

„Blóðgjöf er vissulega lífgjöf og vonandi að ég hafi bjargað einhverjum með þessum 147 skömmtum, en um slíkt fær maður aldrei að vita, utan blóðskiptanna í ungbörnunum hér áður fyrr. Það er góð tilfinning að vita til þess að blóðið komi öðrum að gagni,“ segir Guðbjörn og bætir brosmildur við að kannski nái hann eigin þyngd af blóðgjöfum í restina.

„Þetta er orðinn lífsstíll og rútína hjá mér. Ég mæti þarna umhugsunarlaust og finnst hver blóðgjöf frábær. Ekki mín vegna, heldur vegna málstaðarins. Þetta bjargar mannslífum og ef ekki væri fyrir Blóðbankann væru áreiðanlega margir daprari.“



**UPPFRÆÐARAR ÁRSINS, ÞRÁINN HAFSTEINSSON O**
laun fyrir framúrskarandi frjálsíþróttastarf með ung

## Viljum búa þjóðfélags-

Þórdís Lilja Gísladóttir og Þráinn Hafsteinsson fengu verðlaun sem uppfræðarar ársins fyrir framúrskarandi frjálsíþróttastarf með unglingum í ÍR. Þau sinna mannrækt í víðum skilningi.

Þórdís og Þráinn eru að leiðbeina unglingunum við hlaup og köst í hinni nýju og glæsilegu höll í Laugardalnum en gefa sér þó smá stund til spjalls enda hópurinn vel agaður og veit hvað hann er að gera. „Vissulega er gaman að fá viðurkenningu án þess að eiga nokkra von á því. Við erum nefnilega svona fólk á bak við tjöldin eins og þeir í Spaugstofunni eru stundum að sýna,“ segir Þórdís brosandi og Þráinn bætir við: „Í öðrum íþróttagreinum en frjálsum er oft rætt við þjálfarana þegar vel gengur en við leggjum áherslu á að krakkarnir komi fram þegar sigrar vinnast. Vitneskjan um að þeir séu að bæta sig er okkar viðurkenning.“ Þau hjón segjast hafa orðið hálf forviða þegar þeim var tilkynnt að þau væru tilnefnd til verðlauna en segjast vona að það beini athygli fólks að því að víðar sé eitthvað að gerast í íþróttunum en í meistaraflokkum. „Oft eru haldin stórmót fyrir kannski 2-300 krakka með öllu sem því fylgir en athygli fjölmiðla er öll á tuttugu manna meistaraliði,“ bendir Þórdís á.

Þórdís er Reykvíkingur en Þráinn er frá Selfossi og bæði eru þau afreksmenn í íþróttum. Þórdís á Íslandsmetið í hástökki og Þráinn átti Íslandsmetið í tugþraut á undan Jóni Arnari Magnússyni. Eftir háskólanám í íþróttafræðum í Bandaríkjunum kenndu þau sex ár við Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni en starfa nú í höfuðborginni, hann sem frístundaráð-



**HETJAN UNGA, GYLFI BRAGI GUÐLAUGSSON** Hefur ávallt lagt sig fram um hjálpsemi við náungann og hikaði hvergi þegar hann sá þykkan reyk stíga frá kjallara einbýlishúss í Hlíðunum í fyrrasumar, en inni voru þrír íbúar sofandi og mátti ekki tæpara standa. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## *Besta tilfinning í heimi*

**Gylfi Bragi Guðlaugsson** er „Ung hetja“ Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins, en hann sýndi snarræði þegar hann kom að eldsvoða í einbýlishúsi við Stigahlíð í fyrrasumar. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** hitti Gylfa Braga í frímínútunum í Hlíðaskóla.

Það var fagur ágústmorgunn þegar Gylfi Bragi Guðlaugsson rölti með Morgunblaðskerruna á milli einbýlishúsa við Stigahlíð meðan hverfið var enn í fasta svefni.

„Ég var staddur í neðsta botnlanganum þegar ég fann brunalykt og varð var við lítilsháttar reyk,“ segir Gylfi Bragi, sem hélt áfram að bera út Moggann í húsin sín þar til hann sá reykinn magnast.

„Ég var reyndar lengi að átta mig á þessari einkennilegu lykt sem minnti á eiturgufur, en þegar ég sá hvað reykurinn var vaxandi og mikill tók ég til fótanna og hljóp að húsinu, sem er ekki í þeim botnlanga þar sem ég ber út blöðin. Þegar ég kom að húsinu sá ég að eldur var laus í kjallaranum og hringdi strax í Neyðarlínuna, þar sem ég var beðinn um að banka á glugga og hurðir til að freista þess að vekja þá sem mögulega svæfu í íbúðinni, en það tókst ekki,“ segir Gylfi Bragi, sem tók á öllu sínu til að vekja íbúana.

„Ég mátti alls ekki brjóta rúður því þá hefði eldurinn magnast upp. Mig langaði þó mikið til að brjóta upp hurðina og kalla inn til fólksins, en alls voru þrjár manneskjur sofandi í kjallaranum og fleiri á eldlausri efri hæðinni. Loks kom lögreglan og hjálpaði mér, braut upp kjallarahurðina og sótti tvær manneskjur sem sváfu djúpum svefni vegna reyksins, en sú þriðja brenndist illa,“ segir Gylfi Bragi, sem nýlega hætti að bera út Morgunblaðið en var sannarlega réttur maður á réttum stað þennan örlagaríka morgun.

„Ég hef hvorki fyrr né síðar lent í því að bjarga mannslífum, en ávallt lagt mig fram um að vera hjálpsamur og með augun opin ef einhver er hjálpar þurfi. Ég er feginn að hafa verið staddur í Stigahlíðinni þennan morgun því það munaði víst svakalega litlu að illa færi,“ segir Gylfi Bragi, sem fékk enga áfallahjálp eftir atburðinn né hefur hitt íbúana við Stigahlíð eftir eldsvoðann.

„Það var lítið talað við mig á slysstað, en tekin stutt skýrsla og



G ÞÓRDÍS LILJA GÍSLADÓTTIR Þau fengu verð-
lingum í ÍR.

# til betri þegna

gjafi í þjónustumiðstöð Breiðholts og hún við kennslu á íþróttafræðibraut Háskólans í Reykjavík. Auk þess þjálfa þau unglinga hjá ÍR í frjálsum þrjá tíma á dag, alla virka daga, fylgja þeim eftir á mótum um helgar og halda stundum með þá í æfingabúðir. Áherslan er þó ekki bara á íþróttaafrek unglinganna heldur líka næringu, siðfræði, kurteisi og gott samstarf við foreldrana.

„Við viljum búa til betri þjóðfélagsþegna og metum ekki einstaklingana út frá því hvort þeir eru efnilegir íþróttamenn heldur leggjum okkur fram um að efla hvern og einn bæði andlega og líkamlega. Ef við fáum afreksmenn út úr því er það fínt en við leggjum mikið upp úr félagslega þættinum - að allir séu með,“ segir Þórdís. „Já, við höfum horft upp á unglinga sem í fyrstu þorðu varla að líta á nokkurn mann en hafa náð að blómstra og mæta nú glaðir og hressir á hverjum degi. Slíkt gefur okkur ekkert minna en að horfa á okkar fólk á verðlaunapalli,“ segir Þráinn.

Þau hjón telja góðra þjálfara ekki síst þörf í grasrót íþróttahreyfingarinnar. Þar séu unglingarnir að mótast, bæði andlega og líkamlega, beinin að styrkjast og vöðvarnir að vaxa. Það er líka eftirtektarvert að áherslur þeirra hjóna hafa skilað stærsta og öflugasta unglingaliði landsins í frjálsum íþróttum. „Starfið hjá ÍR hefur alltaf verið á mannlegum nótum. Það hefur aldrei verið þessi harða afreksstefna sem sumsstaðar gildir - allt fyrir gullið!“ segir Þráinn. „Við trúum því líka að ef fólki líði vel í því sem það er að gera og hafi gott sjálfstraust þá nái það árangri. Þannig er okkar heimspeki.“

svo hélt ég bara áfram að bera út blöðin. Ég vissi því ekkert hvernig aðstæður innandyra voru fyrr en í fréttunum þegar ég kom heim. Mig grunaði þó þegar sjúkraflutningamennirnir hlupu inn að eitthvað mikið væri að og fékk áhyggjur um að einhver væri alvarlega slasaður eða jafnvel látinn. Það var mjög óþægileg tilfinning,“ segir Gylfi Bragi einlægur, en hann stundar nám í tíunda bekk Hlíðaskóla.

„Þetta var góð upplifun og hefur breytt lífi mínu mikið. Það hlýtur að vera besta tilfinning í heimi að bjarga mannslífum og koma að svona gagni. Kennarar mínir, vinir og fjölskylda voru ægilega stolt og sjálfur gladdist ég mjög yfir því að svona vel fór,“ segir Gylfi Bragi, sem ætlar á náttúrufræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð á hausti komanda.

„Þessi upplifun kveikti svo sem ekkert í mér að feta braut björgunarmanna eða lækna og ég er enn mjög óráðinn með framtíðina. Þetta er þó rétta brautin ef mér skyldi snúast hugur,“ segir hetjan unga hughraust og brosmild áður en skólabjallan glymur á ný.


Sölusýning í dag!
frá kl. 10 - 16





Léttbyggð hjólhýsi á ótrúlegu verði

Helstu mál:
lengd á húsi 305 cm
breidd 195 cm
hæð 181 cm
þyngd 750 kg

Verð og búnaður

| Gerð | Fjöldi | Búnaður | Verð með vsk. |
|---|---|---|---|
| N-126 N | 3 fullorðnir + 1 barn | Gashellur + vaskur + ískápur + hitari | 1.050.000 |
| N -126 NT | 2 fullorðnir | Gash. + vaskur + ískápur + hitari + wc | 1.100.000 |
| N-126 NTL | 3 fullorðnir | Gash. + vaskur + ískápur + hitari + wc | 1.150.000 |

Verð frá kr. 1.050.000,-

Yuchai vinnuvélar á frábæru verði




Kerrur í miklu úrvali

Jeppakerrur – fólksbílakerrur – bílaflutningakerrur og kerrur með uppákeyrslubúnaði fyrir smávélar og mótorhjól.



Velkomin í nýja verslun og sýningarsal

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ



**SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR** Forsvarsmaður samtakanna Blátt áfram sem vinna að forvörnum gegn kynferðisofbeldi gegn börnum.

# Vírar sálarinnar tengdir á réttan hátt

„Fyrir okkur þýðir viðurkenningin að fólk vill viðbrögð við kynferðisofbeldi og að við erum að gera rétt,“ segir **Sigríður Björnsdóttir**, sem ásamt systur sinni Svövu stofnaði samtökin Blátt áfram. Samtökin vinna að forvörnum gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Þau hlutu samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrir framlag til æskulýðsmála.

„Að beita börn kynferðisofbeldi er sálarmorð því að um leið og brotið er gegn þeim breytist líf þeirra algerlega. Ofbeldið breytir sálinni og tilfinningunum og brýtur niður sjálfsímyndina. Sé brotið endurtekið verða afleiðingarnar verri og verri. Allir vírarnir kippast í sundur og vaxa vitlaust saman,“ segir Sigríður. Samtökin ætla að halda áfram á þeirri braut sem þau hafa fetað með auglýsingaherferðinni Rjúfum þögnina og fræddu barnið þitt – það er þín ábyrgð.

Auglýsingaherferðin hefur fengið mikla athygli. Sigríður segir foreldra hringja og þakka þeim fyrir framtakið: „Við höfum einnig fengið ábendingar um að börn sjái auglýsingarnar. Foreldrar fá spurningar frá börnunum sem gefur þeim tækifæri til að ræða málin strax.“ Sigríður segir fræðslu um kynferðisofbeldi á heimilum og meðvitund um það oft þurfa að koma utan frá: „Foreldrar eru ekki á varðbergi ef þeir vita ekki í hvernig aðstæðum svona ofbeldi verður til og ræða það því ekki við börnin.“

Sigríður segir að þrátt fyrir að börn hafi ekki upplifað kynferðisofbeldi skilji þau umræðuna vel. „Þú ræðir samt ekki eins við öll börn heldur tekur tillit til þroska þeirra. Börnin í auglýsingunni voru til dæmis uppfrædd um málefnið og fannst það koma þeim vel,“ segir Sigríður og bætir við: „Svo sannnarlega hefði það hjálpað mér hefði ég verið frædd á mínum yngri árum um að ég mætti segja nei og að ég mætti setja fólki mörk inni á heimili mínu og utan þess.“ Sigríður var ásamt systur sinni misnotuð af fósturföður þeirra sem barn. Hún þakkar Önnu Margréti Sigurðardóttur hjá Hvíta húsinu og Guðjóni hjá Spark fyrir hjálpina við herferðina. Þau hafi hannað hana og gefið afrakstur vinnu sinnar.

Þær systur halda ótrauðar áfram. Sigríður er í fullu starfi hjá samtökunum; vinnur við fræðslu, heldur fyrirlestra og kemur brúðuleikhúsinu, sem

*„Að beita börn kynferðisofbeldi er sálarmorð því að um leið og brotið er gegn þeim breytist líf þeirra algerlega. Ofbeldið breytir sálinni og tilfinningunum og brýtur niður sjálfsímyndina. Sé brotið endurtekið verða afleiðingarnar verri og verri. Allir vírarnir kippast í sundur og vaxa vitlaust saman.“*

fræðir börnin, á framfæri. Svava er flutt til Bandaríkjanna og leitar að meira efni sem þær geta notað í baráttu sinni og hyggst setja starfsemina á stokk þar. „Við reynum ekki að finna upp hjólið. Við reynum að finna efni sem við vitum að virkar og höldum starfinu áfram.“

Auk þess að halda áfram með auglýsingaherferðina verða næstu skref samtakanna að skipuleggja ráðstefnu sem haldin verður í maí þar sem einblínt verður á gerendurna. Sigríður segir að skylda þurfi þá í meðferðir svo þeir fremji ekki fleiri brot eftir afplánun kynferðisdóma.

# Umburðarlyndi

**Toshiki Toma**, prestur innflytjenda á Íslandi, hefur eytt sinni starfsævi í það að aðstoða fólk til betra lífs. Toshiki var heiðraður fyrir starf sitt gegn fordómum þegar Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru afhent.

Allt frá því Toshiki kom upp athvarfi fyrir bágstaddar útlendar konur í miðborg Tókýó, þegar hann hafði nýlokið prestanámi, hefur samfélagsleg fórnfýsi einkennt mikilvægt framlag hans til mannlífsins. Óeigingjarnt starf hans hefur hjálpað útlendingum á Íslandi, sem margir hverjir koma úr gjörólíkum menningarheimi, að fóta sig hér á landi. „Ég hef alltaf trúað því að fólk eigi að hafa rétt til þess að skapa sér lífsmynstur og aðstæður, óháð því hvar í heiminum það lifir. Hér á Íslandi hefur margt breyst til batnaðar síðan ég hóf að starfa hér á landi árið 1993. Sérstaklega hefur viðhorf Íslendinga til tungumáls innflytjenda breyst, því hér áður fyrr var miklu

# Verðlaunin eru en milljón kró

Forma, samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi, fengu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins og hlutu styrk upp á eina milljón króna. Þær **Alma Dröfn Geirdal** og **Edda Ýrr Einarsdóttir** eru krafturinn bak við Forma og segja þær verðlaunin ómetanlega hjálp í málefnabaráttu sinni.

Í sófahorninu á Kaffi Sólon tóku Alma Dröfn Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir á móti blaðamanni með breiðu brosi. Tveggja barna móðir og sálfræðinemi í fullu námi, 26 og 23 ára, ungar konur með stóra drauma og háleit markmið. Báðar háðu harða baráttu við átröskun og nú heyja þær baráttuna við sjúkdóminn fyrir aðra. Forma, samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi, voru stofnuð í apríl 2005 og á þeim stutta tíma sem samtökin hafa verið starfandi hafa Alma og Edda náð mörgum af þeim markmiðum sem þær upphaflega settu sér. „Við Edda hittumst fyrst fyrir rúmu ári eftir að ég las blaðaviðtal við hana þar sem hún sagði sína sögu af sjúkdómnum og þeirri sýn sem hún hafði á baráttuna gegn honum,“ segir Alma. „Ég gerðist bara kræf og setti mig í samband við Eddu og út frá sameiginlegum skoðunum og draumum, varðandi sjúkdóminn, varð Forma til.“

Stelpurnar sameinuðu krafta sína og héldu af stað í baráttuna með eljuna eina að vopni. „Við ákváðum einfaldlega að byrja strax og byrja einhvers staðar og byggja svo á því,“ segir Edda. „Við höfðum enga hugmynd um hvað við vorum að gera til að byrja með en við vissum hvað við vildum og sóttumst eftir því.“ Fljótlega eftir að samtökin voru stofnuð fóru stúlkurnar af stað með fjölbreytt starf í formi hópfunda fyrir sjúklinga og aðstandendur, ráðgjafaþjónustu ásamt því að halda málþing undir yfirskriftinni Ímynd 2005, sem nú verður árlegur viðburður.

Alma og Edda segja Samfélagsverðlaunin ómetanlega viðurkenningu á starfi þeirra og því málefni sem þær berjast fyrir. „Fyrir okkur er þetta stærsta viðurkenning sem við mögulega gátum fengið. Þetta er viðurkenning á málefninu og starfsemi samtakanna og er okkur ómetanleg sérstaklega þar sem viðurkenningin kemur frá samfélaginu. Nú erum við loksins orðnar sýnilegar og rödd okkar orðin háværi samfélaginu,“ segir Alma og Edda er sammála. „Þetta er miklu meira en milljón króna virði. Þetta er vítamínsprauta í æð og eflir okkur til að gefa okkur hundrað prósent í þau verkefni sem við tökumst á við,“ segir Edda.

Alma og Edda vilja nýta verðlaunin til að efla starf samtakanna enn frekar. Þeirra stærsta markmið er þó að opna meðferðarheimili á Íslandi og hafa þær farið í rannsóknarferðir til Danmerkur til að kynna sér hvaða meðferðarúrræði eru þar fyrir hendi. „Okkar helsta vandamál í dag er að við erum húsnæðislausar og getum ekki hýst starfsemina. Við höfum verið að halda fundina heima hjá okkur eða á



**VÍTAMÍNSPRAUTA Í ÆÐ** Alma Dröfn Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir eru aflið sem drífur áfram Forma, samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi. Þær segja Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins ómetanlega viðurkenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# að leiðarljósi

erfiðara fyrir útlendinga að gera sig skiljanlega.“

Toshiki segir Íslendinga almennt ekki fordómafulla en hann vill þó sjá örari breytingar hjá íslenskum stjórnvöldum í þá átt að útlendingar eigi auðveldara með að aðlagast aðstæðum hér á landi, án þess að réttindi þeirra séu skert með einhverjum hætti. „Ég held að íslensk stjórnvöld verði að skapa gott fordæmi með djúpskyggnari lögum um útlendinga. Lögin verða sífellt strangari en það er á ábyrgð stjórnvalda að sjálfsögð mannréttindi fólks séu ekki skert með þeim. Máli mínu til stuðnings get ég nefnt lögin sem fela það í sér að fólk geti ekki komið hingað til lands sem hjón ef það hefur ekki náð tuttugu og fjögurra ára aldri. Þetta eru að mínu mati óskynsamleg og óþörf lög.“

Toshiki segir það mestu máli skipta í umræðu um fordóma að valdsmenn í íslensku þjóðfélagi boði þá ekki, hvorki meðvitað né ómeðvitað. „Í mínum huga verða fordómar að alvarlegu samfélagsmeini þegar þeir eru boðaðir af valdsmönnum, það er þeim sem stöðu sinnar vegna geta haft áhrif á skoðanir almennings.“

Toshiki Toma kom hingað til lands árið 1993 og starfaði þá í Háteigskirkju. Hann fékk síðan réttindi til að starfa sem prestur hér á landi árið 1996 eftir að hafa stundað nám í Háskóla Íslands. Starf hans fyrir innflytjendur á Íslandi getur oft á tíðum verið margslungið og flókið. Fólk frá öllum heimshornum hefur sest að hér á landi og er það hlutverk Toshiki að sætta ólík sjónarmið og hjálpa fólki að aðlagast íslensku samfélagi.

„Ég er prestur í kristinni kirkju og mín lífsspeki er boðskapur kristninnar. Ég er trúaður á minn eigin hátt og held að það sé öllu fólki mikilvægt. Það hefur verið nauðsynlegur þáttur í mínu starfi að hafa samskipti við múslima, búddista og trúleysingja, svo ég taki dæmi. Það er hlutverk fólks að læra að meta venjur og lífshætti þeirra sem búa í heiminum. Þess vegna hef ég þá skoðun að útlendingum á Íslandi eigi að vera sköpuð skilyrði til þess að aðlagast íslensku samfélagi sársaukalaust.“



**TOSHIKI TOMA Á HEIMILI SÍNU** Toshiki hefur verið ötull talsmaður útlendinga á Íslandi síðan hann flutti hingað til lands og hóf að starfa sem prestur innflytjenda. Hann hefur alla tíð starfað að mannúðarmálum, sem hann segir einstaklega gefandi og þroskandi vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# meira na virði

kaffihúsum,“ segir Edda og hlær. „Draumurinn er að fá húsnæði fyrir samtökin þar sem fólk getur labbað inn til okkar og fengið hjálp,“ bætir Edda við og nefnir Stígamót sem dæmi um starfsemi sem þær vilji líkja eftir.

„Við viljum hugarfarsbreytingu gagnvart átröskunarsjúkdómum. Við verðum að kenna börnunum okkar og næstu kynslóðum að lífið er of stutt til að velta sér upp úr útlitinu. Það er ekki þess virði,“ segir Alma og Edda bætir við að kenna þurfi börnum frá unga aldri að hamingjan snýst um annað en staðalímyndir. „Ábyrgðin liggur hjá samfélaginu og við höfum öll getuna til að breyta hugarfarinu til hins betra.“




# Margar hendur vinna létt verk!

## - samstarfsaðilar óskast -

Við leitum eftir samstarfi við félagasamtök, sveitarfélög og stofnanir sem ætla að vinna að verkefnum á sviði umhverfismála eða ferðamála í sumar.



*Stígagerð í Esju*



*Gróðursetning í Kaldárhöfða*



*Ræktun við Úlfarsfell*

Við bjóðum fram krafta vinnuhópa ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára sem starfa hjá okkur á sumrin. Auk þess sem hóparnir sinna viðhaldi og snyrtingu í nágrenni mannvirkja okkar hafa þeir um árabil sinnt umhverfismálum og sköpun aðstöðu til útivistar og ferðamennsku víða um land. Við viljum eiga samstarf um verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun og öðrum umhverfisbótum ásamt t.d. stígagerð og stikun gönguleiða.

***Við bjóðum fram*** vinnuframlag unglinganna og flokkstjórn yfir þeim.

***Við óskum eftir*** að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni, samkvæmt nánari lýsingu á umsóknareyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Landsvirkjunar **www.lv.is**

***Nánari upplýsingar veita:***
Þorsteinn Hilmarsson upplýsingafulltrúi
og Ragnheiður Ólafsdóttir umhverfisstjóri
**sími 525 9000**
**thorsteinn@lv.is** og **ragnheidur@lv.is**

***Umsóknum skal skila með vefumsókn á lv.is eða bréflega í síðasta lagi 31. mars til Landsvirkjunar,***
Margar hendur vinna létt verk,
***Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.***

**Landsvirkjun**
Góðir straumar í 40 ár



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR** rektor Háskóli Íslands Hún hefur sett sér og skólanum háleit markmið og rær að því öllum árum að ná því. „Þegar ég tók við þessu starfi lagði ég áherslu á að Háskóli Íslands þyrfti að komast í fremstu röð og að ég myndi leggja sjálfa mig að veði fyrir að svo yrði. Og það er það sem ég er að gera.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stefnt á að komast í fremstu röð

Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið að komast í röð hundrað bestu háskóla í heiminum. **Kristín Ingólfsdóttir** rektor lýsti því markmiði í ávarpi við brautskráningu kandídata um síðustu helgi. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segist Kristín sannfærð um að þetta háleita markmið sé raunhæft enda hafi skólinn faglega burði til að ná því. Hún segir meðal annars nauðsynlegt að efla doktorsnám skólans og óttast að ríkisframlög til Háskóla Íslands kunni að lækka ef skólagjöld verða tekin upp.

Kristín Ingólfsdóttir hefur aðeins gegnt rektorsembætti í átta mánuði þegar hún stígur fram og opinberar þá stefnu sína – og skólans alls – að stefna beri að því að koma Háskóla Íslands á lista yfir hundrað bestu háskóla í heimi. Það þarf ekki að koma á óvart að Kristín skuli stefna hátt enda var það sérstakt stefnumál hennar fyrir rektorskjörið á síðasta ári að koma Háskóla Íslands í fremstu röð. Það kann hins vegar að koma á óvart að hún skuli stefna jafn hátt og raun ber vitni.

„Ég er sannfærð um að við Íslendingar verðum að eiga háskóla í fremstu röð, ekki síður en aðrar Norðurlandaþjóðir. Við getum ekki keppt í launakostnaði í framleiðslu við þjóðir í Asíu. Okkar vettvangur verður í þekkingargreinum. Þar þurfum við að byggja markvisst upp.“

Í byrjun desember hófst stefnumótunarvinna í öllum deildum og stjórnsýslueiningum skólans með þetta í huga. „Ég kynnti þetta starf fyrir menntamálaráðherra og hún spurði hversu hátt við stefndum og hvað skólinn þyrfti að gera til að komast í röð hundrað bestu háskóla í heiminum. Mér þótti þetta djörf spurning en mjög í anda þess sem við vorum að hugsa. Eftir að hafa kynnt mér þá mælikvarða sem lagðir eru til grundvallar er niðurstaðan sú að faglega höfum við alla burði til að gera þetta.“

Kristín leggur ríka áherslu á að takmarkinu verði ekki náð við núverandi aðstæður. Mikið þurfi að koma til svo Háskóli Íslands geti skipað sér á bekk með bestu háskólum í heimi.

**Fjöldi doktorsnema fimmfaldaður**

Þrjár úttektir hafa verið gerðar á starfi Háskólans á undanförnum árum og að sögn Kristínar hafa þær staðfest að grunnur skólans sé mjög góður. „Við höfum jafnframt fengið ábendingar um ýmislegt sem betur má fara og erum að bregðast við þeim.“

Útskriftir doktorsnema vega þungt þegar gæði háskóla eru metin. Þrettán doktorsnemar útskrifuðust frá HÍ á síðasta ári og segir Kristín að fimmfalda þurfi fjölda þeirra svo skólinn verði samanburðarhæfur.

„Doktorsgráða er æðsta menntagráða sem háskóli veitir. Við höfum lagt á það áherslu að vinna doktorsverkefnin í tengslum við bestu alþjóðlegu háskóla og höfum fengið hingað andmælendur þaðan. Þetta skapar mjög mikilvæg og verðmæt tengsl fyrir kennara og nemendur. Íslendingar hafa lengi sótt framhaldsnám erlendis og það er mikilvægt að það haldi áfram. En það er líka gífurlega mikilvægt að byggja jafnframt upp hér heima. Það styrkir alla innviði í háskólakerfinu, fleiri fara í doktorsnám og það tengir Háskólann beint við strauma í alþjóðlegu vísinda- og menntastarfi.“

Hyggja þarf að mörgu þegar rætt er um eflingu doktorsnáms. Fjölga þarf kennurum og nemendum og tryggja að doktorsnemar geti sinnt námi sínu af fullu starfi. Gæta þarf að því hve langan tíma námið tekur því ekki þykir gott að fólk dvelji of lengi við það. Þá þarf að bæta námsaðstöðuna. „Við þurfum betri aðstöðu í mörgum greinum; aukna rannsóknaraðstöðu, öflugra bókasafn, tækjabúnað og bæta aðstöðu fyrir nemendur,“ segir Kristín.

Þegar liggur fyrir að svonefnt Háskólatorg verði reist en á því verða tvær byggingar. Í nýju húsi Landspítala - háskólasjúkrahúss verður kennsluaðstaða heilbrigðis vísindagreinanna, vísindagarðar munu rísa í Vatnsmýrinni og Hús íslenskra fræða verður reist á háskólalóðinni. En þetta er ekki nóg, háskóli í fremstu röð þarf fleiri byggingar. Og vitaskuld tækjabúnað af bestu gerð.

**Ríkisframlagið lægra en hjá öðrum skólum**

Ljóst má vera að kostnaður við að koma Háskólanum í fremstu röð er ærinn. Kristín vill ekki segja hve mikið það kostar en fjárhagsáætlun liggur fyrir. „Ég vil ekkert segja um tölur að svo stöddu. Fyrst ætla ég að kynna þær menntamálaráðherra,“ segir hún og vonast til að geta upplýst ráðherra í næstu viku. „Í mínum huga kristallast í þessu hið raunverulega hlutverk ríkisins í menntamálum, það er að segja að sjá fyrir þarfir samfélagsins á næstu áratugum og leggja grunn að framtíðarvelsæld með því að fjárfesta í þekkingu og mannauði. Það mun skila sér margfalt til baka til samfélagsins.“

Háskóli Íslands fær rúmlega sjö milljarða króna til rekstursins á ári, 4,8 milljarða úr ríkissjóði en sjálfur aflar skólinn 2,5 milljarða. Fást þeir peningar ýmist með samstarfi við fyrirtæki eða úr sjóðum; bæði innlendum og erlendum. Áætlanir gera ráð fyrir enn frekari sókn í sjálfsaflafé.

Í nokkur ár hefur verið rætt um hvort Háskóli Íslands eigi að leggja skólagjöld á nemendur sína en slík gjöld eru innheimt af nemum einkarekinna háskólanna. Kristín segir umræðu um skólagjöldin verða tekna í haust þegar lög um HÍ verða endurskoðuð. Það er annars hennar skoðun að skólagjöld gætu skaðað skólann. „Athuganir sýna að rekstur háskólans er hagkvæmur fyrir samfélagið, ríkisframlagið til okkar er talsvert lægra en í sambærilegum skólum annars staðar í Evrópu. Ég tel mjög mikilvægt að Háskóli Íslands verði áfram í hópi best reknu skóla, en bilið er of mikið og við þurfum að leggja þarna meira til. Við höfum dæmi um þróun þar sem skólagjöld hafa verið tekin upp að ríkisframlag hefur lækkað. Og þróunin gæti orðið sú að skólagjöld hækki þó þau verði tiltölulega lág til að byrja með og á móti lækki ríkisframlagið. Það er jafnframt mikilvægt að það gleymist ekki í umræðu um skólagjöld, að ríkisvaldið leggur talsverða fjármuni af mörkum í gegnum lánveitingu fyrir skólagjöldum og niðurgreiðslu vaxta og afborgana.“ Kristín telur jafnframt hættu á að skólagjöld dragi úr aðsókn í framhaldsnám.

**Inntökuskilyrðin hugsanlega hert**

Inntökuskilyrði í Háskóla Íslands eru einföld: Stúdentar skulu hafa lokið stúdentsprófi. Ekki er víst að saman fari að stefna að því að komast í röð bestu háskóla í heimi og taka við öllum sem hafa stúdentspróf upp á vasann. Kristín segir inntökuskilyrðin til athugunar. „Þetta er eitt af því sem við erum að skoða. Auðvitað er það liður í að tryggja að gæði skólans verði sem mest að við getum tryggt að við fáum afbragðs nemendur. En þetta þarf að skoða vel.“

Það gæti sumsé verið að inntökuskilyrðin verði hert. Að ekki verði sjálfgefið að fólk geti hafið nám í HÍ þó það hafi lokið stúdentsprófi. En það, eins og margt annað, mun koma í ljós.

Einnig er til athugunar hvort breyta þurfi stjórnskipulagi skólans. „Háskólinn þarf að hafa skýrara skipurit og skilgreina þarf betur völd og ábyrgð,“ segir Kristín.

Ellefu deildir eru reknar innan hans og til greina kemur, að mati Kristínar, að fækka þeim og stækka. Bæði kemur til álita að sameina deildir og fræðasvið innan deilda. Inn í þá vinnu blandast svo hugsanleg sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Kristín segir þá vinnu ganga vel en hún miðar að því að efla báða skólana.

Stefnumótun Háskólans lýkur á vordögum og eins og gengur verður afraksturinn kynntur í skýrslu. Kristín tekur undir að hún verði mikil að vöxtum en lofar um leið að hún verði skemmtileg. „Í henni verður bæði heildarstefna skólans og stefna hverrar deildar fyrir sig. Hún á að ná til fimm ára, til afmælisársins 2011 en þá verður skólinn hundrað ára. Að vera meðal hundrað bestu er langtímamarkmið en ég tel að ef við fáum þann stuðning sem við þurfum getum við náð því á tíu árum.“

*„Ég er sannfærð um að við Íslendingar verðum að eiga háskóla í fremstu röð, ekki síður en aðrar Norðurlandaþjóðir. Við getum ekki keppt í launakostnaði í framleiðslu við þjóðir í Asíu. Okkar vettvangur verður í þekkingargreinum.“*

Augljóst er að ærinn starfi er fram undan hjá Kristínu Ingólfsdóttur. Háleit markmið útheimta mikla vinnu og jafnvel blóð, svita og tár ef út í það er farið. Kristín veit hvað hún er að ráðast í. „Ég er í þessu hverja vakandi stund og sinni ekki öðru á meðan en árangurinn byggir fyrst og síðast á því feikiöfluga starfsfólki sem starfar hér innan skólans. Ég er sannfærð um að þetta sé það sem þarf og er komin hingað til að vinna að þessu markmiði. Þegar ég tók við þessu starfi lagði ég áherslu á að Háskóli Íslands þyrfti að komast í fremstu röð og að ég myndi leggja sjálfa mig að veði fyrir því að svo yrði. Og það er það sem ég er að gera.“ ■



## LEYNIBÚÐIN Á BRÖTTUGÖTU

Skartgripabúðina Fridu Thomas er að finna á Bröttugötu 3. Hönnuðurinn notar mikið af steinum en engir tveir skartgripir eru eins.

TÍSKA 8



## UMHVERFISVÆNNI HESTÖFL Í GENF

Í Genf stendur nú yfir ein stærsta bílasýning heims. Hún er nú haldin í 76. sinn og hefur ákveðna sérstöðu innan bílaheimsins.

BÍLAR 2



## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI BÍLAR FERÐIR ]**

**Tískudagar** eru hafnir í Kringlunni. Þar er hægt að sjá allt það nýjasta í vor- og sumartískunni.



**Laugavegurinn** er staðurinn að vera á því í dag er langur laugardagur. Þá eru ýmis tilboð og búðir eru opnar lengur.

**Ferðaáætlun** Ferðafélags Íslands árið 2006 er komin út. Hægt er að nálgast hana á tölvutæku formi á www.fi.is. Frekari upplýsingar er að finna í síma 568-2533.

**Bílaland** B&L auglýsir nú vaxtalausa daga um helgina. B&L er til húsa að Grjóthálsi 1.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 4. mars, 63. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.25 | 13.39 | 18.55 |
| Akureyri | 8.13 | 13.24 | 18.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sverrir Örn Ólsen er stoltur af nýja dráttarbílnum sínum, sem hann segir að sé sá fullkomnasti á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Fullkominn dráttarbíll

***Nýlega fengu Dráttarbílar Verktakasambandsins í Reykjanesbæ einn fullkomnasta dráttarbíl landsins í sínar raðir. Sverrir Örn Ólsen, einn af eigendum Verktakasambandsins, segist himinlifandi með bílinn.***

„Þetta er kannski ekki stærsti dráttarbíll landsins en hann er líklega sá fullkomnasti,“ segir Sverrir. „Hann er smíðaður mjög lágur, sem auðveldar margt í upptöku bíla. Hann er einnig með sérstök statíf til þess að taka mótorhjól,“ heldur Sverrir áfram. Hann bætir því einnig við að bíllinn sé með sæti fyrir fimm manns en fæstir dráttarbílar bjóða upp á þann kost. Þannig getur dráttarbíllinn tekið með sér farþega ef bíll bilar, til dæmis á Reykjanesbrautinni. Eins og áður segir er dráttarbíllinn með sínar höfuðstöðvar í Reykjanesbæ en Verktakasambandið er rótgróið fyrirtækið í sveitarfélaginu. Bíllinn er þó notaður til ýmissa starfa á höfuðborgarsvæðinu.

Bíllinn er nokkuð léttur miðað við dráttarbíl, rétt rúm fimm tonn. Burðargetan er einnig hátt í fimm tonn. „Ég get mest tekið einn bíl upp á, einn bíl að aftan og eitt mótorhjól, sem er ágætt,“ segir Sverrir. Bíllinn er að Mercedes Benz gerð og árgerð 2006.

Helsti kostur bílsins segir Sverrir að sé hversu sparneytinn bíllinn sé. Sé það sérstaklega mikill kostur eftir að þungaskatturinn var lagður af bílum með dísilvélum. „Það munar rosalega um olíueyðslu, þessi bíll er að eyða um helmingi minna en fyrri dráttarbílar sem við höfum átt. Þetta var líka ein af aðalástæðan fyrir því að við keyptum hann inn. Hann er einnig mjúkur og fer vel með mann, mjög þægilegur að öllu leyti. Ég veit ekki hvað ætti að vera að hægt að biðja um meira í svona bíla,“ segir Sverrir ánægður. Hann segist að lokum vonast eftir því að bíllinn eigi eftir að endast mjög lengi og jafnvel standi til að kaupa fleiri. *steinthor@frettabladid.is*


HJÁ ELÍSABETU BORGAR ÞÚ BARA FYRIR ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.





**Allir bílar** eiga að fara í skoðun einu sinni á ári. Þeir sem ekki létu skoða bílinn sinn á síðasta ári ættu að drífa í því.





Volkswagen ætlar sér að að kynna tuttugu nýja bíla fram til 2008. Sá fyrsti er sýndur á sýningunni í Genf, Concept A fjölvegabíllinn.
LJÓSMYNDIR: NORDICPHOTO/AP

# Umhverfisvænni hestöfl og óþekktir bílar í Genf

***76. bílasýningin í Genf hefur ákveðna sérstöðu í bílaheiminum.***

Í Genf stendur nú yfir ein af stærstu bílasýningum heims. Fyrir óvana mætti halda að bílasýningar væru hver annarri lík en meira að segja þeir sem þekkja ekki Lamborghini frá Ferrari átta sig fljótlega á því að sýningin í Genf er ekki eins og hver önnur bílasýning. Ekki alveg.

Það sem aðgreinir Genfarsýninguna helst frá öðrum bílasýningum er fjöldi sýnenda. Ef þú ert í forsvari fyrir lítinn framleiðanda og vilt ná á eina sýningu á árinu, þá er þetta sýningin sem þú vilt mæta á. Þar sýna fleiri framleiðendur en til dæmis á stóru sýningunum í Detroit. Ástæðan? Kannski er hún að margir litlu framleiðandanna eru evrópskir. Kannski að Evrópumarkaðurinn er einn sá fjölbreyttasti í bílaheiminum. Þar má finna meira úrval en víðast hvar annars staðar í heiminum. Kaupendur eru fljótir að meðtaka nýjungar og markaðssvæðið er í heild fjárhagslega fært um að skipta ört um bíla. Evrópu má líkja við markaðstorg bílaiðnaðarins.

Á sýningu sem þessari má skipta sýningargripunum í fjóra meginflokka: Litla, sparneytna og umhverfisvæna borgarbíla, tryllitæki sem James Bond langar í, villta hugmyndabíla sem rata aldrei í framleiðslu en sýna fram á að hönnunardeildin er enn mönnuð og drekkur stundum of mikið kaffi og loks nýjustu útfærslur af vinsælum



110 hestafla rafmagnsbíll. Mitsubishi EZ-MIEV.



Nissan Pivo hugmyndabíllinn sækir útlit sitt í höfundarverk japanska listamannsins Takashi Murakami. Farþegahúsið getur snúist í 360 gráður og útrýmt þannig „blindum blettum“ og vandræðum við að leggja í stæði sem maður sér illa til.



400 hestafla Saab Aero-X hugmyndabíllinn minnir á bíl Batmans. Því miður er hæpið að hann fari í framleiðslu.








ALLT Á EINUM STAÐ

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066











Lotus Europa S. Fjögurra sæta hálfbróðir Elise.

bílum. Þeir eru í framleiðslu og hafa verið keyptir undanfarin ár til daglegra nota. Það kann að virðast undarlegt en síðasti flokkurinn laðar að sér flesta.

Fimmta flokkinn má svo finna í Genf og hann getum við kallað bíla sem flestir hafa aldrei heyrt um. Í tölum Umferðarstofu yfir innflutta bíla á síðasta ári er til dæmis ekki að finna framleiðendur eins og Fenomenon, Laraki, Bolloré eða Edag. Né heldur Bizzarini, Spyker eða Pagoni. Sumir þessara bíla eru jafn framandi í hönnun og nöfnin gefa til kynna og flestir eiga það sameiginlegt að vera aðeins of dýrir fyrir almenning. Eða jafnvel fáránlega dýrir. Þeir eru engu að síður augnayndi og því er ásóknin í bása þeirra mikil. Bandarískur blaðamaður sagði til dæmis að hápunktur heimsóknar hans á sýninguna hefði verið þegar sænski ofurbíllinn Koenigsegg var ræstur og þaninn hressilega.

Á sýningunni sem nú stendur yfir má glögglega sjá að framleiðendur eru í auknum mæli farnir að horfa til umhverfisins og nýrra orkugjafa. Smábílar hafa skipað stóran sess á sýningum undanfarin ár en nú hafa bæst við hressilegir bílar sem eiga að vera enn hagkvæmari og umhverfisvænni í rekstri, án þess að akstursánægjunni sé til fórnað, eins og Saab Aero X hugmyndabíllinn sem skilar 400 hestöflum með mótor sem getur gengið á nánast hverju sem er, þar með talið eldsneyti unnu úr sorpi.

Mitsubishi sýnir líka EZ-MIEV hugmyndabíl sinn sem er fjölnotabíll með rafmótorum á hverju hjóli. Saman skila þeir um 110 hestöflum, sem verður að teljast mjög gott, en þau nást meðal annars með því að sleppa gírkassa og drifsköftum úr drifrásinni.

Á hinum endanum eru svo bílar eins og tuttugu milljóna króna Lamborghini Murciélago LP 640. Það er kraftmeiri útgáfa af Murciélago en áður þekktist og skilar hann nú 640 hestöflum. Loksins, loksins fá allir Lambo-eigendurnir sem finnst bílar sínir kraftlausir eitthvað að stefna á.

Af aðeins hefðbundnari sportbílum má nefna frumsýningu á nýjum Alfa-Romeo Spyder sem fékk viðurkenninguna blæjubíll ársins 2006. Þegar viðstaddir voru inntir eftir því hvort þeir vildu hann með 2,2 eða 3,2 lítra vélinni sagði einhver að hann mætti þess vegna vera vélarlaus - hann væri nægilega fallegur til að horfa á hann allan daginn.

Af þeim bílum sem sýndir eru í Genf í ár er eftirlæti undirritaðs hiklaust bíll sem stefnir beina leið á framleiðslu; Lotus Europa S. Bíll með sama nafni var framleiddur í um 10.000 eintökum fyrir þrjátíu árum en á fátt skylt með þessum fjögurra sæta ofurbíl. Europa S er hálfbróðir Elise og Exige, bíla sem eru frægir fyrir að vera hrein unun að keyra og keppa við dýra ofurbíla í frammistöðu. Europa S er nokkurs konar fjölskylduútgáfa af þeim tryllitækjum með 200 hestafla vél, pinnstífri fjöðrun, leðursætum, loftpúðum og GPS-staðsetningartæki. Enginn aukabúnaður er fáanlegur.

Bílasýningin í Genf stendur til 12. mars. Nánar verður fjallað um sýninguna síðar.

*einareli@frettabladid.is*



Alfa Romeo Spyder hefur fengið andlitslyftingu. Svo góða reyndar að einn sýningargesta var reiðubúinn að taka hann vélarlausan.

# Breyttur Ford Explorer

***Betri, öruggari og hljóðlátari jeppi.***

Ford kynnti nýlega nýja útgáfu af Explorer-jeppa sínum. Bíllinn hefur breyst töluvert í útliti, ekki aðeins hið ytra heldur hefur innréttingin einnig tekið stakkaskiptum.

Bíllinn er þannig rúmbetri að innan, sætin eru betri, gírskipting er komin í stokk á milli framsætanna og í sjö sæta útgáfunni eru komin tvískipt sæti í öftustu röð. Bíllinn er byggður á grind og með bæði hátt og lágt drif og er því mjög öflugur við erfiðar aðstæður.

Af nýjungum sem eru ekki augljósar við fyrstu sýn má nefna öflugri V8 vél og nýja sex þrepa sjálfskiptingu.

Hvort tveggja er reyndar aukabúnaður. Gerðar hafa verið breytingar á grind og fjöðrun bílsins til að bæta akstурseiginleika. Hljóðeinangrun hefur einnig verið endurbætt og er nú með því besta sem þekkist í þessum flokki bíla.

Explorer fékk nýlega hæstu einkunn sem gefin er í árekstrarprófi hjá hinni þekktu NHSTA-stofnun í Bandaríkjunum. Meðal öryggisbúnaðar eru fjórir öryggispúðar, öryggisgardínur sem falla niður með hliðum að innanverðu til varnar í árekstri á hlið og við veltu bæði fyrir þá sem í fram- og aftursætum sitja og stöðugleikastýrikerfi með veltivörn.



Nýjar línur á kunnuglegum bíl. Nýi Explorer-inn hefur fengið andlitslyftingu sem hæfir þessum vinsæla bíl.

allt atvinna
Alla sunnudaga

BIFREIÐASTILLINGIN
**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?**
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**

MAZDA SPEED 6
Vel búinn og rúmgóður fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll en jafnframt fullvaxinn orkubolti með 274 hestafla vél.
Komdu og finndu....

Komdu og reynsluaktu!
X4 ehf.
**Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. 12-16**
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

fyrir vorið


**Gúmmívinnustofan**
Réttarhálsi 2 · 110 Reykjavík
**587 5588**
www.gvs.is
**Hjólbarðahöllin**
Fellsmúla 24 • 108 Reykjavík
**530 5700**
www.hollin.is
Bílanaust



Lotus Europa S. Fjögurra sæta hálfbróðir Elise.

bílum. Þeir eru í framleiðslu og hafa verið keyptir undanfarin ár til daglegra nota. Það kann að virðast undarlegt en síðasti flokkurinn laðar að sér flesta.

Fimmta flokkinn má svo finna í Genf og hann getum við kallað bíla sem flestir hafa aldrei heyrt um. Í tölum Umferðarstofu yfir innflutta bíla á síðasta ári er til dæmis ekki að finna framleiðendur eins og Fenomenon, Laraki, Bolloré eða Edag. Né heldur Bizzarini, Spyker eða Pagoni. Sumir þessara bíla eru jafn framandi í hönnun og nöfnin gefa til kynna og flestir eiga það sameiginlegt að vera aðeins of dýrir fyrir almenning. Eða jafnvel fáránlega dýrir. Þeir eru engu að síður augnayndi og því er ásóknin í bása þeirra mikil. Bandarískur blaðamaður sagði til dæmis að hápunktur heimsóknar hans á sýninguna hefði verið þegar sænski ofurbíllinn Koenigsegg var ræstur og þaninn hressilega.

Á sýningunni sem nú stendur yfir má glögglega sjá að framleiðendur eru í auknum mæli farnir að horfa til umhverfisins og nýrra orkugjafa. Smábílar hafa skipað stóran sess á sýningum undanfarin ár en nú hafa bæst við hressilegir bílar sem eiga að vera enn hagkvæmari og umhverfisvænni í rekstri, án þess að akstursánægjunni sé til fórnað, eins og Saab Aero X hugmyndabíllinn sem skilar 400 hestöflum með mótor sem getur gengið á nánast hverju sem er, þar með talið eldsneyti unnu úr sorpi.

Mitsubishi sýnir líka EZ-MIEV hugmyndabíl sinn sem er fjölnotabíll með rafmótorum á hverju hjóli. Saman skila þeir um 110 hestöflum, sem verður að teljast mjög gott, en þau nást meðal annars með því að sleppa gírkassa og drifsköftum úr drifrásinni.

Á hinum endanum eru svo bílar eins og tuttugu milljóna króna Lamborghini Murciélago LP 640. Það er kraftmeiri útgáfa af Murciélago en áður þekktist og skilar hann nú 640 hestöflum. Loksins, loksins fá allir Lambo-eigendurnir sem finnst bílar sínir kraftlausir eitthvað að stefna á.

Af aðeins hefðbundnari sportbílum má nefna frumsýningu á nýjum Alfa-Romeo Spyder sem fékk viðurkenninguna blæjubíll ársins 2006. Þegar viðstaddir voru inntir eftir því hvort þeir vildu hann með 2,2 eða 3,2 lítra vélinni sagði einhver að hann mætti þess vegna vera vélarlaus - hann væri nægilega fallegur til að horfa á hann allan daginn.

Af þeim bílum sem sýndir eru í Genf í ár er eftirlæti undirritaðs hiklaust bíll sem stefnir beina leið á framleiðslu; Lotus Europa S. Bíll með sama nafni var framleiddur í um 10.000 eintökum fyrir þrjátíu árum en á fátt skylt með þessum fjögurra sæta ofurbíl. Europa S er hálfbróðir Elise og Exige, bíla sem eru frægir fyrir að vera hrein unun að keyra og keppa við dýra ofurbíla í frammistöðu. Europa S er nokkurs konar fjölskylduútgáfa af þeim tryllitækjum með 200 hestafla vél, pinnstífri fjöðrun, leðursætum, loftpúðum og GPS-staðsetningartæki. Enginn aukabúnaður er fáanlegur.

Bílasýningin í Genf stendur til 12. mars. Nánar verður fjallað um sýninguna síðar.

*einareli@frettabladid.is*



Alfa Romeo Spyder hefur fengið andlitslyftingu. Svo góða reyndar að einn sýningargesta var reiðubúinn að taka hann vélarlausan.

# Breyttur Ford Explorer

***Betri, öruggari og hljóðlátari jeppi.***

Ford kynnti nýlega nýja útgáfu af Explorer-jeppa sínum. Bíllinn hefur breyst töluvert í útliti, ekki aðeins hið ytra heldur hefur innréttingin einnig tekið stakkaskiptum.

Bíllinn er þannig rúmbetri að innan, sætin eru betri, gírskipting er komin í stokk á milli framsætanna og í sjö sæta útgáfunni eru komin tvískipt sæti í öftustu röð. Bíllinn er byggður á grind og með bæði hátt og lágt drif og er því mjög öflugur við erfiðar aðstæður.

Af nýjungum sem eru ekki augljósar við fyrstu sýn má nefna öflugri V8 vél og nýja sex þrepa sjálfskiptingu.

Hvort tveggja er reyndar aukabúnaður. Gerðar hafa verið breytingar á grind og fjöðrun bílsins til að bæta akstурseiginleika. Hljóðeinangrun hefur einnig verið endurbætt og er nú með því besta sem þekkist í þessum flokki bíla.

Explorer fékk nýlega hæstu einkunn sem gefin er í árekstrarprófi hjá hinni þekktu NHSTA-stofnun í Bandaríkjunum. Meðal öryggisbúnaðar eru fjórir öryggispúðar, öryggisgardínur sem falla niður með hliðum að innanverðu til varnar í árekstri á hlið og við veltu bæði fyrir þá sem í fram- og aftursætum sitja og stöðugleikastýrikerfi með veltivörn.



Nýjar línur á kunnuglegum bíl. Nýi Explorer-jeppinn hefur fengið andlitslyftingu sem hæfir þessum vinsæla bíl.

allt atvinna
Alla sunnudaga

BIFREIÐASTILLINGIN
Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

MAZDA SPEED 6
Vel búinn og rúmgóður fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll en jafnframt fullvaxinn orkubolti með 274 hestafla vél.
Komdu og finndu....



Komdu og reynsluaktu!



X4 ehf.
Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. 12-16
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is




Gúmmívinnustofan
Réttarhálsi 2 · 110 Reykjavík
587 5588
www.gvs.is

Hjólbarðahöllin
Fellsmúla 24 • 108 Reykjavík
530 5700
www.hollin.is

Bílanaust



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Dr. Jekyll og hr. Hyde?

Eins og margir aðrir nota ég leigubíla við og við. Stundum er maður einfaldlega ekki í ástandi til að keyra sjálfur og stundum er bíllinn ekki akkúrat þar sem maður þyrfti á honum að halda. Eins og þegar maður er í útlöndum, en bíllinn ekki.

Í Austurríki þáði ég þjónustu tveggja leigubílstjóra fyrir skemmstu. Ekki samt í einu.

Sá fyrri sá um að koma mér og fleiri Íslendingum upp í fjall eitt kvöld, þar sem sleðakeppni ein mikil skyldi haldin. Hann var einstaklega samvinnuþýður og hans eina markmið í lífinu virtist vera að koma okkur á tilsettan stað á tilsettum tíma. Því keyrði hann eins og hann ætti lífið að leysa upp snarbrattan fjallveg í fljúgandi hálku, með Íslendinga innanborðs sem sitt á hvað öskruðu „það var lagið“ og „guð minn góður“.

Fyrst vorum við viss um að hann væri á fjórhjóladrifnum bíl, negldum dekkjum og með gott togspil í skottinu, slíkt var öryggið, rásfestan og hraðinn. En hann sór að hann væri á einu drifi, og ónegldur í þokkabót. Enda Austurríkisbúar meira fyrir keðjur, sem okkar maður var þó ekki með heldur.

Þegar hann sagðist heldur ekki vera atvinnurallbílstjóri, og þess síður hafa þegið kennslu hjá íslenskum jeppamönnum, tókum við hann í guðatölu.

Sá seinni sá um að lesta okkur til baka frá fyrrgreindum viðburði. Hann var eins líkur starfsbróður sínum í fasi og sykurmoli er líkur tunglinu. Um leið og fyrsti farþeginn steig um borð byrjaði reiðilesturinn og handapatið. Það var helst að skilja að hann vildi að við flýttum okkur mikið að fylla bílinn svo hann gæti klárað þennan túr. Enda öruggalega brjálað fyrir hann að gera. Bærinn sennilega álíka stór og Akranes – og þriðjudagskvöld. Á eftir hverjum fyrirlestri kom önnur af tveimur setningum sem ég kann í þýsku: Skilurðu mig? Og ég svaraði á hinni: Nei, ekki einu sinni smá.

Eftir mikið stapp og röfl fylltist bíllinn. Af stað fór hann og bílstjórinn hélt áfram að rífast við okkur um eitthvað sem við skildum hvorki upp né niður í. Gæti verið veðrið, gæti verið stríðið í Írak. Eða offramboð á Íslendingum í Austurríki á þriðjudagskvöldum.

Það var ekki fyrr en einn farþegann þraut þolinmæðin og bað hann vinsamlegast um að grjóthalda ká joð, á íslensku, að hann hætti öskrunum og keyrði okkur á hótelið.

Næst fer ég með Norrænu. Og tek bílinn með mér.

# Umhverfis jörðina án vandræða eða viðgerða

***Ók einn á óbreyttum Kia-jeppa umhverfis jörðina.***



Á óbreyttum Sorento fór Gerlach í kringum hnöttinn án þess að þurfa að standa í alvarlegri viðgerðum en að gera við sprungið dekk.

Christer Gerlach er margverðlaunaður sænskur methafi og ævintýramaður. Hann lauk hinni 27.000 kílómetra löngu ævintýraferð sinni þegar hann ók algjörlega óbreyttum Kia Sorento-jeppa að hliði konungshallarinnar í Stokkhólmi fjórum mánuðum eftir að hann lagði af stað um miðjan ágúst frá þessari þekktu sænsku byggingu.

„Ég var sannfærður um að ég gæti treyst á frammistöðu, gæði og áreiðanleika bílsins og ég varð ekki fyrir vonbrigðum,“ sagði hinn 61 árs gamli Svíi glaður í bragði.

Gerlach heimsótti ellefu lönd á ferð sinni umhverfis jörðina, þar með taldar afskekktustu byggðir Kasakstans og Mongólíu, og hann ók 3.500 km leið í óbyggðum um ókortlögð svæði í Síberíu á leið til hinnar þekktu rússnesku hafnarborgar Vladivostok. Þaðan tók hann ferju til Suður-Kóreu og var þá hálfnaður með þessa einstöku ævintýraferð.

Gerlach valdi sér sjálfskiptan Sorento með 3,5 lítra V-6 vél, bíl sem var algjörlega óbreyttur og búinn venjulegum vegahjólbörðum.

Svíinn treysti algjörlega á aldrif bílsins, ók einn síns liðs án stuðningsliðs og hafði aðeins ein olíuskipti á áætluninni, í höfuðstöðvum Kia í Seúl í Suður-Kóreu. Ekki var öðrum viðhaldsstörfum sinnt í þessari gríðarlöngu ökuferð.

Það sýndi sig að Gerlach var óhætt að treysta á bílinn. Hið eina óvænta sem kom fyrir á leiðinni til Kóreu var að tvívegis þurfti að gera við sprungið dekk og skipta þurfti um eina ljósaperu og festa laust ökuljós. Á síðari hluta ferðarinnar varð Gerlach aftur að skipta um ljósaperu en að öðru leyti kom ekkert fyrir Kia-jeppann.

Seinni hluti ferðarinnar lá um Bandaríkin og Mexíkó eftir þjóðvegi 66. Svo var siglt yfir Atlantshaf með stærsta flutningaskipi heims til Bremerhaven í Þýskalandi og lokaáfanginn lá meðal annars um hina átta kílómetra löngu brú yfir Eyrarsund frá Danmörku til sænsku heimaborgarinnar.

Fjölskylda Gerlachs er vön því að hann bregði undir sig betri fætinum þegar hann er ekki að störfum við blaðamennsku. Hann hefur tvívegis áður komist í heimsmetabók Guinness fyrir ævintýri sín.



Gerlach á ferð um Kasakstan.



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

# Dísilmótor í Le Mans

*Audi stígur skrefið inn í dísilöld akstursíþrótta.*

Vegna reglugerðabreytinga neyddist Audi til að skipta út R8-keppnisbíl sínum sem hefur gert góða hluti í Sebring og Le Mans kappökstrunum. Nýi bíllinn heitir R10 og fyrir utan að hafa slegið fjögurra ára gamalt brautarmet í prófunum, vera illilega flottur og hlaðinn tæknibúnaði gæti einhverjum þótt hann hljóma undarlega þegar hann er þaninn. Ástæðan er sú að hann er útbúinn 650 hestafla V-12 dísilvél. Já - dísil.

Bandarískir blaðamenn hafa keppst við að lýsa furðu sinni á þessari ákvörðun Audi. Framleiðandinn bendir réttilega á að á heimamarkaði séu dísilbílar sjötíu prósent seldra bíla og því ekkert undarlegt við evrópskan kappakstursbíl með dísilvél.

Þó að þróunarkostnaður vélarinnar hafi verið gríðarlegur er hún sögð ævintýralega sparneytin, sem gæti farið að skipta meira og meira máli í heimi akstursíþrótta. Ökumenn liðsins segja að bíllinn standi undir væntingum sem Audi-bifreið en hafi mun meira tog. Skyldi engan undra með 5,5 lítra V-12 dísilmótor með tveimur túrbínum.



Gamla hugmyndin um um þunga og hægfara dísilbíla hefur endanlega verið jörðuð.

## Vaxtalausir dagar um helgina

NOTAÐIR BÍLAR Á HAGSTÆÐUM 100 PRÓSENTA LÁNUM HJÁ BÍLALANDI.

Vaxtalausir dagar standa yfir hjá Bílalandi B&L núna um helgina og eru þá sem kunnugt er í boði allt að 100 prósenta vaxtalaus bílalán. Að sögn Guðlaugs A. Sigfússonar, sölustjóra Bílalands, eru vaxtalausu lánin þau hagstæðustu sem bjóðast núna. Þau beri hvorki vexti né verðtryggingu. Þá sé enn fremur ekkert lántökugjald reiknað af þeim og við það sparist til viðbótar 4,5 prósent af kaupverði bíls.

Guðlaugur bendir jafnframt á að vaxtalausu lánin séu afar gagnsæ fjármögnun á bíl. Kaupverðið dreifist einfaldlega jafnt á fjölda afborgana og mánaðarlegar greiðslur séu fyrir vikið þær sömu út lánstímann. Vaxtalausum dögum lýkur hjá Bílalandi B&L á morgun, sunnudag kl. 16.



Hægt er að gera góð kaup á vaxtalausum dögum Bílalands B&L núna um helgina.



Með einföldum aflauka má fjölga hestöflum í Mitsubishi-dísiljeppum umtalsvert.

## Mitsubishi aflmeiri

AUKIN HESTÖFL OG TOG Í MITSUBISHI-JEPPUM.

Hekla, umboð Mitsubishi á Íslandi, hefur nú hafið sölu á Rallitronic-aflauka fyrir Mitsubishi-dísilvélar. Aflaukinn er sagður fjölga hestöflum vélarinnar um þrettán prósent og togafl hennar um tuttugu prósent. Hægt er að fá aflaukann í 3,2 lítra dísilvélar í Pajero árgerðir 2002 til 2006 og í 2,5 lítra dísilvélina í Pajero, Pajero Sport og L-200 árgerðir 2002 til 2006.

Aflaukinn með ísetningu kostar hjá Heklu 150.000 kr.



Íslandsmeistarinn 2005, Helgi Reynir Árnason, er meðal þeirra sem keppa um stig í 3. umferð WPSA Snocross í dag.

# Snjókrosskeppni í dag

***3. umferð Íslandsmeistaramótsins hefst klukkan 14.00 við Húsavík.***

Íslandsmeistaramótið í snjókrossi heldur áfram í dag, 4. mars. Keppnin hefst klukkan 14.00 og er haldin við Húsavík.

Síðasta umferð WPSA Snocross fór fram 18. febrúar á Ólafsvík í frábæru veðri og á góðri braut. Spennandi verður að sjá hvernig málin þróast í dag en staðan í keppninni til Íslandsmeistara er sem hér segir:

Í unglingaflokki er Aðalbjörn Tryggvason efstur með 100 stig, Baldvin Þór Gunnarsson annar með 95 stig og Páll Snorrason þriðji með 61 stig.

Fyrsta sæti í sportflokki skipar Ásgeir Frímannsson með 99 stig, í öðru sæti er Jónas Stefánsson með 95 stig og í því þriðja er Guðmundur Skúlason með 79 stig.

Í meistaraflokki er von á harðri keppni. Eftir fjarveru í fyrstu umferð er Alexander „Lexi“ Kárason mættur aftur til leiks og varð í öðru sæti í annarri umferð. Í fyrsta sæti var Eyþór Hemmert, sem er líka efstur í keppninni til Íslandsmeistara með hundrað stig. Í öðru sæti er núverandi Íslandsmeistari, Helgi Reynir Árnason, með 87 stig og í því þriðja er Steindór G. Stefánsson með 79 stig.

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Viðurkenndur þjónustuaðili
sem byggir á áratugareynslu

Ræsir hefur frá árinu 1942 þjónað landsmönnum dyggilega með innflutningi og sölu nýrra bíla og varahluta frá ýmsum framleiðendum, auk viðgerðarþjónustu og sölu á notuðum bílum.

Atvinnubílar
Traustir atvinnubílar af öllum stærðum og útfærslum.

Þjónustumiðstöð
Viðurkennd, sérhæfð og örugg varahluta- og verkstæðisþjónusta fyrir eftirtaldar tegundir bifreiða: Mercedes-Benz, Mazda, Chrysler, Dodge og Jeep. Öll önnur almenn verkstæðisþjónusta.







MANTRA 4x4
Ræsir er umboðsaðili fyrir Mantra 4x4, torfærutröll sem byggir á traustum grunni frá Mercedes-Benz.



Bílasala
Útvegum flestar gerðir bíla, atvinnubíla jafnt sem fólksbíla , nýja sem notaða. Áratugareynsla og þekking hjá sölumönnum okkar.

Bílasalan er opin frá kl. 9–18 alla virka daga og 12–16 laugardaga.
Varahlutaverslun er opin frá kl. 8–18 alla virka daga og 10–14 laugardaga.
Verkstæðið er opið frá kl. 7.30–18 alla virka daga og 9–13 laugardaga.

Mercedes-Benz CHRYSLER Jeep Dodge mazda MANTRA 4x4

**Pottaleppar** koma sér vel í eldhúsinu. Það er miklu betra að eiga pottaleppa á vísum stað en að þurfa alltaf að leita að einhverju öðru þegar taka þarf á heitum hlutum.



# Stílhrein ljós í versluninni Lumex

***Alltaf er eitthvað nýtt að sjá þegar litið er inn í verslunina Lumex í Skipholti. Þar eru ljós eftir þekkta hönnuði í fyrirrúmi.***

Ljós eftir þekkta hönnuði eru í fyrirrúmi í Lumex. Meðal þeirra ljósa sem athygli vekja er eitt sem heitir Notte. Það er frá Prandina og fæst bæði í svörtu gleri og krómað sem verður eins og spegill.



Notte krómað. Verðið er 88.000 krónur.



Jón Stefánsson

LISTMUNAUPPBOÐ

á morgun, 5. mars, kl. 19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 160 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14, í dag kl. 11.00 - 17.00, á morgun kl. 12.00 - 17.00

Uppboðsskráin er einnig á netinu: www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga




Hrönn Vilhelmsdóttir rekur Gallerí Loka ásamt eiginmanni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Þrettán íslenskar konur sýna verk í Gallerí Loka

***Sýningin Upphaf Loka hófst í Gallerí Loka um síðustu helgi. Á sýningunni eru sýndir listmunir eftir þrettán íslenskar konur.***

Gallerí Loki er nýtt listmunagallerí sem verður opnað formlega í vor en þar verða seldir listrænir minjagripir sem tengjast Hallgrímskirkju, Leifi heppna og Reykjavík á einn eða annan hátt. Galleríið er beint á móti Hallgrímskirkju og eigendur þess eru hjónin Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson. „Hugmyndin er hefur gerjast lengi hjá okkur hjónum,“ segir Hrönn en þau hjónin búa á Barónsstíg og hafa tekið myndir af Hallgrímskirkju út um eldhúsgluggann hjá sér í fimmtán ár. „Í fyrrasumar vorum við með sýningu á þessum myndum uppi í Hallgrímskirkjuturni og við ætlum meðal annars að vinna minjagripi út frá þeim.“

Markmiðið er að bjóða upp á fleira en listræna minjagripi í Gallerí Loka. „Í vor opnum við líka kaffihús í húsnæðinu, þar sem hægt verður að fá pönnukökur, flatbrauð og íslenska kjötsúpu auk þess sem Textílkjallarinn, sem er mitt fyrirtæki, flyst þangað,“ segir Hrönn. Hún segir að þau hjónin dreymi um að sjá meira mannlíf á torginu við Hallgrímskirkju. „Í flestum stórborgum er mikið mannlíf á kirkjutorgum og víða eru þau miðpunktur borgarinnar.“

Þrátt fyrir að Gallerí Loki verði ekki opnað formlega fyrr en í vor verður opið um helgina og næstu helgi vegna sýningarinnar Upphafs Loka. Listakonurnar sem eiga muni á sýningunni auk Hrannar sjálfrar eru Sveinbjörg Hallgrímsdóttir, Freyja Önundardóttir, Áslaug Davíðsdóttir, Jóhanna Sveinsdóttir, Gunnhildur Ólafsdóttir, Charlotta R. Magnúsdóttir, Dröfn Guðmundsdóttir, Sesselja Tómasdóttir, Guðný Jónsdóttir, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, S. Helga Olgeirsdóttir og María Valsdóttir.

emilia@frettabladid.is




Bergli 4,826,000 157,5 m2
Grunnverð á byggingasetti með öllu. Húsin verða tilbúin að utan sem innan.



Höystad 6,088,000 189,6 m2



Ambassadör 7,250,000 185 m2

Byggingasett með öllu
Í verði er byggingasett með öllu þar sem veggir afhendast í einingum (MESTER-ELEMENT).
Byggingasettið inniheldur allt efni sem þarf til að fá húsið fullbúið að utan og innan. Þakefni, þakrennur og niðurföll eru innifalin í verði. Með fylgja vinnu og bygginga lýsingar fyrir þann er byggir.



Bo for sex 4,112,000 131,2 m2



4,746,000 Skogheim



3,274,000 Skeikampen



NORSK HÚS OG BÚSTAÐIR
MIKIÐ ÚRVAL
35 ÁRA REYNSLA

Hús & Tæki ehf www.hthus.is 540 9600 / 540 9605 / 896 1081 Hjörtur / 863 6062 Þorkell


# Brjáluð ös í Antikbúðinni

***Stórútsala er í Antikbúðinni á Laugavegi 101.***



Antikklukka

„Hér er ekkert heilagt og hlutirnir fara á því verði sem klingir í höfði kaupandans,“ segir Jónas kaupmaður í Antikbúðinni á Laugavegi 101 sem er með rokna útsölu. Hann ætlar að loka sjoppunni um 20. apríl og allt á að seljast áður. Þannig varð það þegar hann flutti úr Aðalstrætinu upp undir Hlemm. Bækur eru á 70 prósenta afslætti, myndir allar á 50 prósent og húsgögnin á 30-70 prósenta afslætti. Jónas er þó ekki hættur kaupmennskunni því hann heldur áfram að reka verslun sína að Bæjarhrauni 10b í Hafnarfirði.



Easy Drain niðurfallið hentar vel inni á baðhergi þar sem sturtubotninn er ekki uppsteyptur.

# Easy Drain til bjargar

***Egill Árnason í Ármúla er með til sölu sérlega skemmtilegt niðurfall sem kallast Easy Drain.***

Easy Drain niðurfallið er úr ryðfríu stáli og er innfellt í gólf á baðherbergjum. Easy Drain niðurfallið hefur yfir sér fallegan einfaldleika og hentar sérstaklega vel inni á baðherbergi þar sem sturtubotninn er ekki uppsteyptur heldur er sturtan í samfelldri línu við gólfið. Niðurfallið má leggja samsíða flísunum og verður enginn hæðarmunur þar á og því kemst niðurfallið auðveldlega undir sturtuhurð sem nemur við gólf og hindrar þannig að vatn flæði um allt.



Easy Drain kemur í mörgum stærðum og er auðvelt að fella niðurfallið að gólfflísum svo lítið fari fyrir því.

Easy Drain fæst í mörgum stærðum, með misumandi áferðum og er auðvelt í þrifum. Nánari upplýsingar fást hjá Agli Árnasyni í Ármúla.

## matarsódi }

Matarsódi virkar vel til að útrýma vondri lykt. Ef gæludýrið þitt hefur gert þarfir sínar á teppið er nóg að setja eina matskeið af matarsóda á blettinn, láta liggja í sólarhring og ryksuga svo upp.



Ef vond lykt er í ruslaskápnum er nóg að strá matarsóda í smá af uppþvottalegi og skrúbba skápinn upp úr blöndunni með hörðum bursta.

Margir kannast við ógeðslegu lyktina sem blossar stundum upp í ísskápnum. Aftur kemur matarsódinn til bjargar því að nóg er að setja hann í opið ílát og setja inn í ísskáp í nokkra stund. Svo er hægt að hreinsa niðurfallið í vaskinum um leið með því að sturta matarsódanum í vaskinn í staðinn fyrir í ruslatunnuna.

Matarsódinn virkar ekki bara vel til að útrýma óþef heldur er líka hægt að nota hann til að fægja silfrið. Setið matarsóda í vatn í potti. Leggið svo álpappír í botninn, silfrið ofan á það og sjóðið. Þá ætti silfrið að verða skínandi fallegt.











**Djörf mynstur og austurlensk áhrif** eru áberandi í tískunni fyrir sumarið. Best er auðvitað ef hægt er að sameina þetta tvennt.




Þórdís Sigfúsdóttir
Ropeyogakennari

Ropeyoga í Mjódd

Ný námskeið hefjast 6. mars
„Örfá pláss laus“
Lokaðir 6 manna hópar
Upplýsingar og skráning í síma 694 2595
Tímatafla á kaerleikssetrid.is



FERMING
Í FLASH
Kjólar
Pils
Toppar
Jakkar
Ótrúlegt úrval

FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

ROCHET
PARIS
Flott fyrir herra í ferminguna




Sjáum um viðgerðir á úrum og skartgripum.

ROPE YOGA
Bæjarhrauni 22

NÝ 16 og 24 TÍMA BYRJENDANÁMSKEIÐ
HEFJAST 6. og 7. MARS.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á www.ropeyoga.net
og í símum 555-3536 og 695-0089
Kennarar: Ósk og Domí

Bjóðum uppá frjálsa
mætingu 17 tíma
í viku í ástundun
FRÁBÆRT VERÐ






Fríða Thomas hannar skartgripi í samnefndri búð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Leynibúð á Bröttugötu

***Skartgripaverslunina Fridu Thomas er að finna á Bröttugötu 3. Hönnuðurinn notar mikið af steinum en engir tveir skartgripir eru eins.***

Á Bröttugötu 3 í Grjótaþorpinu leynist skartgripabúðin Frida Thomas. Verslunin er nefnd eftir eiganda sínum sem jafnframt hannar skartgripina þar. Fríða bjó erlendis í þrjátíu ár, lengst af í Danmörku en einnig í Svíþjóð og New York. Síðustu fjögur árin starfaði hún sem skartgripahönnuður fyrir þekkta verslun, Beadhouse of Copenhagen, en fyrir einu og hálfu ári síðan ákvað hún að hanna undir eigin nafni.



Kristalshálsfesti. Samkvæmt steinaspeki skapa kristalar meðal annars mikla orku og virka mjög hreinsandi.

„Ég opnaði fyrst á Óðinsgötu en flutti síðan hingað. Ég fékk húsnæðið þar sem endurvekja átti gömul atvinnuhúsnæði í Grjótaþorpinu með því að fá í þau handverk. Mér finnst borgin hins vegar hafa unnið á móti mér því skömmu eftir að ég flutti var farið í miklar framkvæmdir á vegum borgarinnar. Gatan var til dæmis algjörlega lokuð allan desember. Þar var verið að vinna með risastóra bora svo það hristist allt og skalf og fólk hljóp út úr búðinni aftur. Síðan er þetta eina gatan sem ekki er í götuskrá símaskrárinnar og borgin hefur nú tekið niður eina skiltið þar sem stóð að þetta væri Brattagata. Það má því segja að borgin hafi gert þetta að algjörri leynibúð,“ segir Fríða.

Í búðinni má finna skartgripi af öllum stærðum og gerðum. Fríða kveðst aldrei gera tvennt eins svo þeir sem vilja vera spes og öðruvísi geta fundið eitthvað við sitt hæfi þarna inni. „Mér finnst gaman að gera alla mögulega misjafna stíla og nota allt frá dýrum steinum yfir í plast þess vegna,“ segir Fríða, sem kveðst verða fyrir áhrifum af öllu mögulegu í umhverfi sínu. „Ég vinn mikið með steina. Hver steinn hefur ákveðna merkingu og mér finnst fólk sækja mikið í þá steina sem það þarf orkuna úr,“ segir Fríða að lokum.

mariathora@frettabladid.is



Hálsfesti úr karneol. Samkvæmt steinaspeki veitir karneol jákvæða tilfinningu, styrkir sjálfsvitund, vinnur á móti líkamlegum og andlegum sársauka og styrkir hormónakerfið og maga.



Verslunin er á fallegum stað í Grjótaþorpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Festi úr vísundahorni.



Hálsfesti með kórölum. Kóralar eru sjávarafurð úr kalki. Þeir hafa verið notaðir sem blóðhreinsandi meðöl og vörn gegn sjúkdómum svo sem lifrarvandamálum, sykursýki og húðsjúkdómum.



Stella McCartney hefur viðskiptavit.

# Stella komin á skrið

Fatalínu Stellu McCartney var vel tekið á tískuvikunni í París nýlega. Þar strunsuðu fyrirsætur um fallega skreyttan danssal í prjónakjólum og ofurþröngum gallabuxum í anda áttunda áratugarins sem svo margir hönnuðir líta hýru auga til þessa dagana.

McCartney er sögð hanna föt á konur sem líkjast henni sjálfri og hefur útlit hennar þróast með lífsstílnum, allt frá rokkuðu gellunni sem umbylti frönsku línunni Chloe í lok tíunda áratugarins til móðurinnar og viðskiptakonunnar sem hún er í dag.

# Tískan er að verða dýrari

***Hátíska hefur alltaf verið dýr. Verðið er hins vegar alltaf að hækka og virðist sú þróun engan enda ætla að taka.***

Verðið í tískuheiminum á nýjum vörum stærstu hönnuðinna hefur að jafnaði hækkað um 25-50 prósent á síðustu fimm árum. Ástæðurnar eru ekki skýrar en margir vilja meina að þarna sé um að kenna græðgi bæði hönnuða og verslunareigenda. Vitað er að álagning hátískuvöruverslana er langt umfram það sem gengur og gerist í öðrum verslunum og að helstu hönnuðurnir verðleggja sig dýrt.

Á móti kemur að vörur kosta sjaldnast meira en það sem viðskiptavinurinn er tilbúinn að borga fyrir hana. Þegar svo margir hafa fé milli handanna, fé sem þeir vita ekkert hvað þeir eiga að gera við, sjá hönnuðir sér leik á borði. Föt eru nauðsynjavara en föt frá Yves Saint Laurent eru lúxusvara. Lúxusvara sem sýnir velmegun og stöðu, lúxusvara sem fólk er tilbúið að kaupa á 2.000.000 kr.



Kjólar frá Yves Saint Laurent geta kostað rúmar tvær milljónir. NORDICPHOTOS/AFP



**Fótboltaferðir** geta verið ógleymanlegar. Það er einstök upplifun fyrir unnendur fótbolta að fara á leik með uppáhaldsliðinu sínu á heimavelli.



Stortorget í Gamla stan í Stokkhólmi.

# Feneyjar norðursins

***Dagný Benediktsdóttir býr í Stokkhólmi þar sem hún stundar nám í umferðarverkfræði við Konunglega tækniháskólann. Hún segir borgina heillandi og henni leiðist ekki dvölin enda af nógu að taka.***

„Ég kann mjög vel við Stokkhólm, sem segja mætti að sé lítil stórborg,“ segir Dagný Benediktsdóttir nemi í umferðarverkfræði við Konunglega Tækniháskólann í Svíþjóð. „Stokkhólmur er oft kallaður Feneyjar norðursins þar sem borgin stendur á fjórtán eyjum,“ segir Dagný, sem býr sjálf á eyjunni Kungsholm en hana umlykur falleg strönd.

„Fólkið hér er mjög vinalegt og þegar sænskir jafnaldrar mínir heyra að ég sé frá Íslandi þá slá þeir um sig með orðunum „þungur hnífur“ úr myndinni Hrafninn flýgur sem er víst sýnd í öllum barnaskólum landsins,“ segir Dagný og hlær.

Dagný segir auðvelt að komast á milli staða með almenningssamgöngum á öllum tímum sólarhringsins. Aðspurð hvað sé skemmtilegast að gera í Stokkhólmi hlær Dagný og segir að sér finnist hún eiga svara sem svo að skemmtilegast sé að vera í skólanum og læra. „Þar fyrir utan þá er gaman að ganga um borgina sem hefur ótal mörg græn svæði sem og „blá“ svæði sem sjórinn og stöðuvatnið Mälaren mynda og gera borgina svo heillandi. Einnig er hægt að fara í siglingu um skerjagarðinn, í óperuna, á skauta eða þræða H&M búðirnar sem eru hér á hverju strái,“ segir Dagný. „Samfélagið hér er mjög fjölþjóðlegt og því mikið úrval af veitingastöðum sem bjóða upp á framandi mat frá framandi löndum.“ Dagný er hæstánægð með nýja dvalarstaðinn sinn enda segir hún af nógu að taka og er Stokkhólmur orðin ein af hennar uppáhaldsborgum.

*johannas@frettabladid.is*



Stokkhólmur er sannarlega glæsileg og heillandi borg. Fremsta húsið á myndinni er Nordiska museet, norræna safnið, á Djurgården-eyju, þeirri sömu og Skansen og Vasasafnið standa á.

## DAGNÝ MÆLIR MEÐ...



Dagný Benediktsdóttir, nemi, býr í litlu stórborginni Stokkhólmi sem hún segir heillandi og viðburðaríka.

... göngutúr um gamla bæinn, Gamla stan, þar sem höllin er. Litlar og þröngar hellulagðar götur liggja milli gamalla og fallegra húsa og þar má finna lítil og sjarmerandi kaffihús og verslanir.

... Wirströms á þriðjudagskvöldum sem er bara í Gamla stan. Þar koma saman tónlistarmenn úr ýmsum áttum og spila af fingrum fram.

... Skansen sem má segja að sé húsdýragarður og Árbæjarsafn Svía. Þar eru elgir, birnir, kýr, kindur, hestar og fleira og fólk sem bregður sér í hlutverk bakara, skósmiða, glerlistamanna og fleira og sýna hvernig hin ýmsu störf voru unnin í gamla daga.

... Vasasafninu sem byggt er utan um Vasa skipið sem sökk á jómfrúarsiglingu sinni 1628 og var híft upp úr sjónum 1961. Mæli með að byrja heimsóknina á því að horfa á heimildarmynd um skipið og uppgröft þess og ganga svo um safnið í fylgd leiðsögumanns til að fá allar helstu staðreyndirnar um þennan merkilega fund.

... Tjejmilen. Tíu kílómetra kvennahlaup um Stokkhólmsborg síðasta sunnudaginn í ágúst. Tilvalin leið til að skoða borgina.

... veitingastaðnum Chakula. Suður- og Austur-Afrískur veitingastaður á Kungsholmen. Antilópu-carpaccio sem forréttur klikkar ekki.

... veitingastaðnum Indian Curry House. Látlaus indverskur staður á Kungsholmen sem býður upp á mjög góðan mat á námsmannahæfu verði.

# Óvissuferðir um landið allt

***Hjá Óvissuferðum.is er hægt að panta margar skemmtilegar ferðir fyrir stóra sem smáa hópa.***

Hópbílar ehf. halda úti starfsemi Óvissuferða.is en á hverju ári fer fyrirtækið með hundruð hópa í óvissuferðir víða um landið. Mismunandi er hvernig hóparnir eru samsettir sem kjósa að halda á vit örlaganna en mörgum finnast óvissuferðir skemmtilegur kostur fyrir gæsa- og steggjadaga, starfsmannaferðir, útskriftarferðir eða annað álíka.

Óvissuferðir.is geta sett saman ferð að eigin vali og reyna að koma til móts við óvissuferðamenn eftir bestu getu. Einnig er boðið upp á fyrirfram skipulagðar ferðir og má þar nefna Desperate Housewives-ferðina sem hugsuð er fyrir kvennahópa en ferðin snýst um dekur, létta afþreyingu og mat. Óvissuferðin Með reistan Makka er skemmtilega samsett en þá er farið er í útreiðartúr, settar upp hestaþrautir og að endingu er farið í heita pottinn og borðað.

Fjölmargar aðrar ferðir eru í boði sem vert er að skoða sér í lagi þar sem páskar og sumar eru handan hornsins og þá þarf að létta lund og auka hópefli.



Óvissuferðir eru skemmtileg leið til að komast frá amstri dagsins og skemmta sér vel í faðmi sveitar.



Gifting í flugvél er frumleg leið.

# Giftingar í flugvél

***Vinsælt hefur verið hjá pörum undanfarin ár að láta gefa sig saman í rómantískri ferð til Íslands.***

Um átta pör giftu sig um borð í flugvél 14. febrúar síðastliðinn. Tilefnið var Valentínusardagurinn. Pörin voru frá Hollandi og eiga það sameiginlegt að hafa verið gefin saman um borð í vél Icelandair sem var á leið frá Hollandi til Íslands.

Eftir lendingu var haldið beint í Bláa lónið þar sem snætt var og látið fara vel um sig í lóninu. Brúðhjónin gistu svo í Reykjavík í tvær nætur áður en þau héldu heim á leið.

**Golfbílar ...... Golfbílar......**



**Lexa býður uppá golfbíla frá Bandaríkjunum, Bílarnir eru uppgerðir af fagmönnum.**

**Lexa býður einnig uppá yfirbyggingar með rennihurðum á allar tegundir Golfbíla, Kerrur fyrir golfbílinn og mikið úrval aukahluta**

**Lexa veitir alla almenna þjónustu fyrir Golfbílinn þinn,, s.s. Skipta um olíu, reimar, kerti,þrif og fl.**

**E-Z-GO.....Club Car…..Yamaha…..Melex…..City Car**

LEXA

**Sími 897 1100**
**www.lexa.ws**





## Tískudrottningin og poppgyðjan Madonna
*Útlit hennar og stíll* BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM TÍSKU – LAUGARDAGUR 4. MARS 2006 ]

# vor & sumar



NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT

SJÓLIÐARENDUR
Bláar, svartar og rauðar
BLS. 2



LÉTTIR OG LIPRIR
Sumarskór BLS. 2

RÓMANTÍK
Blúnduskyrtur BLS. 2

KRASSANDI HVÍTUR
Stjörnutíska BLS. 4

LIFANDI OG LÉTTLEIKANDI
Strákatíska vorsins BLS. 6



MYNSTRAÐ OG KAOTÍSKT
Af sýningarpallinum BLS. 10

GLITRANDI GYLLTAR
Gullið heldur velli BLS. 10





Bossanova.

Kron.

Kron.

38 Þrep.

# Léttir og liprir

Sumarlegir skór fara nú að tínast inn í verslanir borgarinnar.

Fátt er sumarlegra þegar hlýna tekur í veðri en að fjárfesta í fallegum sumarskóm. Nú er þessi létti og þægilegi skófatnaður farinn að tínast inn í helstu skóverslanir borgarinnar. Þótt háhæla skór séu áfram vinsælir halda flatbotna skórnir velli og eru í fleiri útgáfum en í fyrra. Sumarskór eru sætir við pils og kvartbuxur og eru upplagðir á hlýjum síðkvöldum.



Ozio.



GS Skór.





Atson





# Sjóliðarendur

Þverrendur eru í tísku og finnast í hvítum, svörtum, bláum og rauðum lit.

Vortískan er undir áhrifum frá sjóliðum þetta árið. Þar má helst nefna þverrendurnar sem finna má í bláu og hvítu, svörtu og hvítu eða rauðu og hvítu. Hvert sem farið er rekst maður á röndóttar flíkur en það eru ekki bara Reykvíkingar sem hrífast af þessari tísku. D&G sýndi herralínu sína á dögunum en þar mátti sjá karlmenn íklædda sjóliðaflíkum frá toppi til táar.



Peysa úr Oasis.



Blússa úr Sautján.

Stuttur bolur með hlýrabol innanundir. Fæst í Warehouse.

Vesti úr Oasis.

Stuttermabolur sem fæst í Sautján.

Peysa úr Evu.



Ljósbleik gegnsæ skyrta með ísaumuðum glitsteinum frá Warehouse.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bleik með doppum í Warehouse.

Hvít með hekluðri blúndu að framan og á bakinu. Fæst í Warehouse.



Perlufesti úr Oasis.

# Rómantískar og þunnar

Doppur, steinar, slaufur og borðar á þunnum sumarskyrtum.

Ekki er hægt að kvarta undan því að rómantík vanti í tískuna í vor og sumar, þar sem léttir kjólar, blúndur, silki og dúllulegir fylgihlutir eru allsráðandi. Stuttermablússur úr léttu efni, skreyttar hekluðum blúndum, slaufum, doppum og glitsteinum sem passa vel við gallabuxur, pils og hnébuxur fást nú í tonnatali. Gott er að nota þær undir jakkapeysur eða léttar peysur með vaffhálsmáli ef ekki viðrar til að hafa handleggina bera. Margar þeirra eru gegnsæjar og því nauðsynlegt að vera í fallegum hlýrabol innanundir og vanda val á brjóstahaldara. Auk þess er hægt að vera í þröngum og síðum stuttermabol undir þeim, jafnvel í sterkum lit. Fylgihlutirnir eru líka nauðsynlegir, sérstaklega síðar og grófar hálsfestar í litatónum sem passa vel við litinn á blússunni og hárbönd og spangir. Á bera handleggina er líka flott að setja armbönd.



Armband úr Whistles.


KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.
KEA
Skyr
NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL
Hennar Hátign
FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

## algert æði...



Þessi hvíta kápa frá All saints. Hún er fallega hvít, tvíhneppt með belti í mittið. Neðri hluti hennar er nánast eins og pils, þar sem örlítið hringsnið er á henni og kápan síðari að aftan. Hún er vel fóðruð og hentar því vel á íslensku sumri. Hún er geggjuð við hvítan kjól og rauða skó, gallabuxur eða herralegar síðbuxur. Það eina sem þarf er eldrauður varalitur á varirnar þegar komið er í kápuna, og hún mun gera hvaða konu sem er ótrúlega „foxí“.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI














Uma Thurman í anda gamla Hollywood, í síðum silkikjól með demanta. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Brittany Murphy er sæt í hvítum og silfurlitum kjól. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Beyoncé Knowles er alltaf kynþokkafull og ber þennan silfurlita og hvíta kjól sérstaklega vel. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Krassandi hvítur

Hvíti liturinn er sá heitasti í Hollywood um þessar mundir enda aðaltískuliturinn í vor og sumar.

Nú eiga ekki aðeins brúðarkjólarnir að vera hvítir, heldur samkvæmiskjólarnir líka. Hreinn og tær liturinn ber með sér keim sakleysi og klassa. Fallega sniðnir kjólar njóta sín sérstaklega vel í öllum tónum litarins, allt frá skjannahvítum upp í kremlitaðan. Allir ættu að geta fundið hvíta litinn sem tónar við húðlitinn sinn. Liturinn nýtur sín sérstaklega vel með silfurlit og gulli en einn helsti kostur litarins er án efa sá að hægt er að nota hvað skó og fylgihluti sem er við hann. Nú er því kjörið tækifæri að fá sér hvítan kjól og nota með honum bleiku eða rauðu skóna sem passa ekki við neitt annað í fataskápnum. Stuttir, síðir, þröngir, víðir, með belti, úr silki eða bómull, allir eru þeir æði, svo lengi sem þeir eru hvítir.



Maggie Gyllenhaal í nýtískulegum stuttum kjól með belti í mittið.



Hillary Swank í nettum hvítum hlýralausum kjól.



Jessica Alba er saklaus og sæt í hvítu.

# Hugað að hverju einasta smáatriði

Vor- og sumartískan hjá Whistles er litrík, kvenleg og töffaraleg.

Kjólar, pils og blúndur eru áberandi í vor og sumartískunni hjá Whistles, en einnig örlítið pönkaraleg og töffaraleg. Heil lína hefur verið hönnuð sem kallast Gwen, og er innblásturinn sóttur í fatastíl söngkonunnar Gwen Stefani, sem er einmitt bæði kvenlegur og töffaralegur. Kjólar, buxur og litríkar peysur sem hægt er að blanda saman á marga vegu einkenna þessa línu, ásamt endalausum smáatriðum eins og litlum hjartalaga tölum, blúndum, borðum, slaufum og mynstri á ólíklegustu stöðum. Önnur lína hjá Whistles kallast Salma og einkennist af kjólum og sterkum litum, jakkapeysum og blúndum og fallegum pilsum. Fötin hjá Whistles eru öll hönnuð með það í huga að hægt sé að blanda þeim saman og nota þau hvert með öðru, þó ólík séu. Belti, töskur, skór og fylgihlutir auka á fjölbreytnina og er samsetningin persónubundin.



Svartur bómullarkjóll sem hægt er að nota hversdags eða sem veislukjól.



Vorlegt pils, með undirpils úr hekluðri blúndu. Bolur með hekluðum efri hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Dökkblár og hvítur röndóttur kjóll með ásaumuðu blómi og tölum í bakið.

## lakkskór...



eru aftur komnir í tísku, og tökum við því fagnandi, enda fátt flottara en lakkskór. Sérstaklega háhælaðir, annað hvort svartir eða eldrauðir og opnir í tána. Einnig eru þeir flottir flatbotna. Ef þú átt eitt par af lakkskóm í geymslu er ráð að bretta upp ermarnar og draga fram kassann sem geymir þá, þurrka af þeim rykið, skella sér í þá og tjútta. Æðislegir við sparikjólinn eða þröngu gallabuxurnar.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
2 g crème/krem
Vnr 39 97 82
Vectavir 1%
penciclovir.
Vectavir á frunsuna
Handhæg vörn, þægileg í veskið.
Fæst án lyfseðils!
Viltu losna við frunsuna?
Vectavir verkar frá byrjun einkenna.
Vectavir verkar einnig á blöðrur.
Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.
Vectavir krem 2 g án lyfseðils.
Vectavir ... í veskið!
Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## krullur ...

Leggðu sléttujárninu og taktu fram krullujárnið, því nú eiga krullurnar að fá að njóta sín. Ekki þýðir þó að láta þær flæða óheflaðar, heldur skiptir máli að vera vel greiddur. Málið snýst um að hafa hárið kvenlegt og klassískt. Fyrirmyndirnar eru gamlar kvikmyndastjörnur með nútímalegu ívafi. Helst ber þó að varast að láta hárið verða of mikið og svo maður líti ekki út fyrir að vera ein af stjörnunum í sjónvarpsþáttunum Dallas. Mestu skiptir að hárið sé glansandi og fallegt en ekki úfið og mikið. Ekki fara yfir strikið þegar sett er krullukrem í hárið, og nuddaðu því í rakt hárið. Notaðu rúllur í hárið, en ekki láta þær vera lengur en tuttugu mínútur, og greiddu þær lauslega í sundur með fingrunum.



Elle Macpherson með fallegar krullur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## fylltir hælar ...

voru smart í fyrra og eru það aftur í ár. Ef þú varst svo framsýn í fyrra að festa kaup á skóm með fylltum hæl geturðu andað léttar, fylltir hælar voru ekki eins sumars tískubóla, þeir ráða ríkjum í sumar líka. Hversdagslegir skór sem og spariskór eru fallegir með fylltum hæl. Það góða við þessa skótísku er að skór með fylltum hæl eru stöðugir og lítið mál fyrir óvanar tískudrósir að skella sér á mjög háa hæla.



## fagrir fótleggir ...



njóta sín hvergi betur en í stuttbuxum. Þær eru í tísku í ár rétt eins og í fyrra. Vissulega eru þau skipti teljandi á fingrum annarrar handar sem hægt er að bregða sér í bæjarferð berleggjaður í stuttbuxum á Íslandi. Hér blæs kaldur norðanvindur sem gefur sjaldan svo mikil grið að stuttbuxur séu ákjósanlegur klæðnaður. Því mælum við með litríkum sokkabuxum við stuttbuxurnar. Þær eru líka ágætis tilbreyting frá stuttum pilsum, sem hafa verið vinsæl undanfarin ár en eru nú á undanhaldi.



Rauðköflótt skyrta úr Kúltúr.

Ljós röndóttur pólópolur í Kúltúr.

Jakkapeysa með hvítum renndum rúllukraga. Fæst í Kronkron.

# Lifandi og léttleikandi

**Fyrir næsta sumar er margt að gerast í herratískunni. Umfram allt eiga strákar að finna sér það sem hentar hverjum og einum best.**

Almennt eru tískusérfræðingar á því að aldrei fyrr hafi verið eins mikið líf í herratískunni. Sú staðreynd sést best á því að mun fleiri tískuhönnuðir hafa verið að hanna vor- og sumarföt fyrir karlmenn. Herratískan hefur nefnilega í gegnum tíðina verið mun hægari og líflausari en tískan fyrir konur. Með fleiri línum og mismunandi áherslum ætti herratískan því að geta orðið örlítið líflegri og fjölbreyttari.

Vegna aukinnar fjölbreytni er mun erfiðara en áður að telja upp örfá atriði sem eiga eftir að vera meira ríkjandi í tísku sumarsins en áður. Sérstaklega er erfitt að spá fyrir um tískuna hér á landi þar sem veðrið er síbreytilegt.

Strákar ættu samt ekki að vera hræddir við liti og skrautleg mynstur. Þó mega litirnir ekki vera mjög æpandi skærir heldur frekar sterkir og ákveðnir. Buxur halda áfram að vera frekar niðurþröngar eða með beinu sniði. Þó má alveg prófa eitthvað annað í staðinn fyrir hefðbundnar gallabuxur. Kvartbuxur eiga alltaf vel við á sumrin og einnig líflegar hnésíðar stutbuxur. Léttar skyrtur eiga einnig vafalaust eftir að verða nokkuð vinsælar. Flottast er að hafa þær vel sniðnar og með flottum kraga. Kraginn er einnig alltaf að verða meira og meira áberandi á jökkum og meira lagt upp úr þeim. Blazer-jakkar úr sléttu flaueli halda áfram að vera klassískir.

Annars er um að gera að vera nógu uppátækjasamur. Umfram allt gildir þó að vera samkvæmur sjálfum sér.



Köflótt, grá, græn og svört jakkaföt með stuttbuxum í Kronkron.



Kurt Cobain-stuttermabolur, belti með stjörnusylgju og skór með hauskúpu úr versluninni Elvis.

Köflótt skyrta og stuttermabolur með mynd af Rodney Dangerfield úr versluninni Elvis.




Glæsilegt úrval af handsmíðuðum íslenskum skartgripum

LÁRA GULLSMIÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

Fatabreytingar
50 ára reynsla

Allar fatabreytingar.
Buxur styttar meðan beðið er.




Keyrt upp frá Skúlagötu



SKRADDARINN Á HORNINU
Árni Gærdbo

Vatnsstíg 11 – 101 Reykjavík
Sími: 552 5540



Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 24 mánuði
(visa/euro) Engin útborgun

Sjóntækjafræðingur með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

GLERAUGNAVERSLUN
Gleraugað

Í bláu húsunum við Faxafen Sími: 568 1800



ÚTSALA 20 - 70% afsl.
www.1928.is
VERÐSPRENGJA Í MARS
Kommóða Stór
H 91cm x 92 cm
Verð áður 19.000
Verð nú 9.900
Handklæði með hekluðum bekk, 110 cm X 60 cm
Verð áður 1.400
Verð nú 840
Kollur
Hæð 46cm
Verð áður 2.900
Verð nú 2.300
Lyklaskápur
H 36 x B 24cm
Verð áður 2.500
Verð nú 1.990
Hálfmáni
H 70cm x B 58cm
Verð 9.900
Verð nú 5.900
Blaðagrind úr járni
H 81 x B 32
Verð áður 4.900
Verð nú 3.900
Skartkistill
H 20cm x 30 cm
Verð áður 2.500
Verð nú 1.900
Blaðakarfa
H 32cm x 35 cm
Verð áður 2.900
Verð nú 2.300
Handheklaðir púðar m/fyllingu
Áður 995
Verð nú 495
Hornhilla úr járni
H 180 x B 60
Verð áður 17.500
Verð nú 13.900
Járnhilla 4 hillur
H 159 x B 64 x D 25
Verð áður 17.500
Verð nú 13.900
Spegill
55cmx67cm
Verð áður 7.000
Verð nú 3.900
Hringhilla úr smíðajárni
H 140cm x 33 cm
Verð áður 8.900
Verð nú 5.900
Ping Fang ( skilrúm )
Hæð 180cm x b120cm
Verð áður 19.000
Verð nú 9.900
Blaðagrind úr smíðajárni
H 110cm x B 38cm
Verð áður 6.900
Verð nú 4.900
Stór kommóða 90cmx80cm
Verð áður 19.900 Verð nú 9.900
Kistlar
Stór hæð 50 x 75
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Mið hæð 38 x 65
Verð áður 7.900
Verð nú 5.900
Lítill hæð 28 x 55
Verð áður 5.900
Verð nú 4.900
Náttborð : h70cmxd40cmxb50
Verð áður 11.900
Verð nú 5.900
Ping Fang úr basti með lérefti og vösum 50%afsláttur
Verð frá 3.500
2 fyrir 1
Veggklukka
H 35 x B 30
Verð 1.700
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnun • 10-18 mánudaga til laugardaga og 13-18 sunnudaga



NÝTT-NÝTT-NÝTT

Hárspangir frá kr. 290
Síðar hálsfestar frá kr.990
Síðir bolir kr. 1990

Nýja vorlínan frá Pilgrim
komin Ný breið belti
og margt fleira

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Mikið úrval af
brjóstagjafabrjóstahöldurum
og brjóstagjafabolum





Móðurást
Hamraborg 7 • Kópavogi • Sími 564 1451
www.modurast.is

Vorið er komið
hjá okkur

molo
oilily
DIESEL
Lee



ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

P.S. Útsöluhorn - 4 verð
500-1000-1500-2000
Langur laugardagur opið 10-17




Dansdrottningin Madonna 2006.

# Tískudrottningin Madonna

**Madonna hefur stokkið fram á sjónvarsviði með nýtt útlit, enn eina ferðina. Að þessu sinni er hún diskódrotting og gerir það að sjálfsögðu með stæl.**

Enn og aftur er Madonna endurfædd með nýjan stíl og nýtt útlit á sama tíma. Að þessu sinni stekkur hún á sviðið sem dansdrottning og með plötu sinni Confessions on The Dance Floor dansar hún sig beint í sviðsljósið með framtíðardiskótakti. Hún nálgast fimmtugsaldrinn óðfluga en lætur það ekki stöðva sig og kemur fram fáklædd og ögrandi á sviðinu eins og svo oft áður. Hún hefur ætíð lagt mikið upp úr því að hafa stæltan og fallegan líkama og hefur gaman af því að sýna hann. Mörgum gæti þótt hún of gömul og að hún ætti að haga sér betur, en Madonna fer ætíð ótroðnar slóðir, brýtur reglur og lætur aðra fylgja sér. Hún er þekkt sem kameljón í tískuheiminum og hefur haft gríðarleg áhrif á tískuna allt frá því að hún öðlast frægð á níunda áratugnum.

Einkennandi fyrir stíl hennar er síbreytilegur stíll, og þá helst að still hennar fylgir vissu hlutverki. Hún klæðist eftir því hvað við á. Hún er ögrandi og sexí þegar hún kemur fram sem söngkonan Madonna, smekkleg og til baka þegar hún kemur fram með eiginmanni sínum og siðprúð þegar hún er með börnum sínum. Allt virðist fara henni og getur hún breytt um hárlit og útlit eins og hendi sé veifað, enda kölluð kamelljónið.

Smekkur hennar virðist vera óaðfinnanlegur og tekst henni alltaf að vera skrefi á undan tískunni. Hún gefur aldrinum langt nef og sýnir heiminum að miðaldra móðir getur verið sexí poppdíva og á eflaust eftir að leika sama leikinn þegar hún verður amma einn daginn.



Ljóshærð í svartri kápu í ágúst 2000.




Plötualbúm fyrstu plötu Madonnu sem hét Madonna the first album og kom út árið 1983.



Berbrjósta með Jean Paul Gaultier árið 1995.



Madonna árið 1978.



Í íburðarmiklum gulum kjól árið 1998.



Ljóshærð í hvítum silkikjól árið 1995.



Svarthærð í japönskum silkikjól árið 1999.



Við tökur á myndbandi í september 1998.



# ALLT ÞAÐ BESTA FYRIR ÞIG

***Skelltu þér á glæsilegt tilboð og komdu þér í form fyrir sumarið!***

## TILBOÐ

Frá **3.690** kr. pr. mán.

**Þú gengur í Bónusklúbbinn og færð veglegan kaupauka* að verðmæti 12.000 kr.**




- Vönduð íþróttataska
- Sportþrenna frá Lýsi
- Bókin „Lögmálin 9 um megrun“ eftir Daniel Kirchenbaum
- Boðsmiði í Bláa Lónið
- Gjafabréf fyrir máltíð á Quiznos
- Stuttermabolur
- Special K 500 g pakki
- Minna mál frá Myllunni
- Fitty brauð frá Myllunni
- Toppur
- Vatnsflaska frá Hreyfingu

*á meðan birgðir endast

**Tryggðu þér glæsilegan kaupbæti, hafðu samband strax í dag í síma 414 4000 eða með tölvupósti radgjafar@hreyfing.is**

HReyfinG

Faxafeni 14  414 4000  www.hreyfing.is




Lopapeysur
Stuttar, þröngar með rennilás
Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890
www.handknit.is

Rope Yoga
stúdíó - Ármúla 44

Skráning í gangi
Kennari: Emma Bjarnadóttir
Upplýsingar: sími 860 2173 & 581 1222 - info@egER.is - www.egER.is

Vellíðan í vetur

Dagmar Koeppen býður upp á
* svæðanudd
* punktameðferð
*munið gjafakortin
* vertu til
* lifðu
* njóttu
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur
Dagmar Koeppen, svæðanuddari
Guðrún S. Jónsdóttir
S. 511 6660 Laugavegi 96 (hjá Toni&Guy)
SPA fegurð

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.

Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.


Rýmingarsala
Opið laugardag frá 11-16
Gullbrá, Nóatúni 17 • Sími 562 4217

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380



Ermalaus bómullarkjóll með frumskógarmynstri frá Marni.



Kjóll frá Diane Von Furstenberg.



Silki- og bómullarkjóll frá Salvatore Ferragamo.



Hlýralaus og skósíður silki- og bómullarkjóll frá Luca Luca.

# Mynstrað og kaotískt

Í vor verða mynstraðar flíkur vinsælar.

Mynstur voru mjög áberandi á sýningum fyrir komandi vortísku. Þar mátti meðal annars sjá líflegt, afrísk mótíf og stór blómamynstur.

Calvin Klein var undir áhrifum Bauhaus á meðan mynstur Phi og Alexandre Herchcovitch voru kaotískari og hlaðnari skrauti.

Marni valdi sér pálmatré en Christian Lacroix var með blúndur og þjóðlegra skraut.



Grófur silkikjóll með blómamynstri frá Alexandre Herchcovitch.



Silkikjóll í Bauhaus-stíl frá Calvin Klein.



Silkikjóll með klútamynstri frá Michael Kors.

verðlistinn v/Laugalæk • sími 553 3755



Gylltar stuttbuxur, blúnduskyrta, loðfeldur og nóg af fylgihlutum. Vor og sumarlína Robertos Cavalli.
NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

# Glitrandi gylltar

Gullið fær að skína áfram í sumar og ættu þeir sem hafa fjárfest í gylltum fatnaði í fyrra að taka því fagnandi.

Gullið er ennþá í tísku í fatnaði, fylgihlutum og snyrtivörum. Gyllti liturinn í sumar fer sérstaklega vel saman við hvítan og appelsínugulan en hann mun einnig sjást mikið í grófum gullkeðjum og í töskum og beltissylgjum. Gylltir skór eru ennþá heitir, en áherslan er þó meiri á gylltar flíkur, eins og herðaslár, jakka, stuttbuxur og pils. Vor og sumarlína tískuhúss Robertos Cavalli leggur áherslu á gullið og glamúrinn, og virðist reglan vera að hafa sem mest af fylgihlutum með. Við lifum á tímum velsældar og góðæris sem sést sérstaklega vel á tískunni, enda er gylltur litur peninga og auðs. Gull, gull, gull er það sem við eigum að hugsa um í tískunni í vor og sumar.



Gylltur jakki með kögri í vor og sumarlínu Robertos Cavallino.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Applesínugulur og gylltur fara sérstaklega vel saman. Vor og sumarlína Roberto Cavalli.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## skoðaðu heiminn ...

með smart sólgleraugu á nefinu. Nú þegar vorsólin er farin að skína skært er um að gera að fjárfesta í fallegum sólgleraugum fyrir vorið og sumarið. Stór sólgleraugu eru málið í ár, umgjörðin má vera bæði ljós og dökk. Veldu það sem klæðir þig best. Auðvitað er ekki úr vegi að eiga fleiri en eitt par, ekki viltu láta sjá þig með sömu gleraugun öllum stundum. Og mundu að jafn flott og sólgleraugu eru í dagsbirtu úti við eru þau hallærisleg inni við, til að mynda á dimmum skemmtistað.



Full búð af nýjum vörum



bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Sími 554 3533

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS




SOLUSTADIR:
Skor.is, Kringlunni og Smáralind | Motor, Kringlunni | Exodus, Hverfisgötu | Inter-Sport, Bildshöfða | Herra Hafnarfjörður, Hafnarfirði | Perfect, Akureyri | Sentrum, Egilstöðum | System, Neskaupstað | Pex, Reyðarfirði

unltd. by marc ecko
Footwear

# LOKSINS LOKSINS LOKSINS

## Hollywood þægindi á Íslandi!



## Hann er til leigu!

- Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- Tekur 17 farþega
- Lystisnekkja á hjólum

**GOLD LIMO**

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is



Til sölu Chevrolet Trailblaizer LTZ árg. '02, einn með öllu, leður, rafm. í öllu, hiti í sætum, hiti í speglum og framrúðu, akstursstölva, DVD sjónvarp o.fl. Bílalán getur fylgt. Ath skipti. Uppl. í s. 820 3588.



Idol dómara bíll. Til sölu einn glæsilegasti Pajero landsins, 2003 GLSI DID Disel 3000, ekinn aðeins 46 þús. með öllu, fæst með 100 % láni. Upplýsingar í síma 899 8051.



VW Passat V6 árgerð 2002, mikið af aukahlutum, gott eintak. Uppl. í s. 896 4656.

M. Benz E220 árg. 2004, í mjög góðu standi, ek. 36 þús. km. Ásett verð 3.900 þús. Tilboð 3.200 þús. Uppl. í s. 845 5525.

## Bílar óskast

Óska eftir M. Benz 190 dísel, bodyi eða bíl með ónýtri vél. Uppl. í s. 663 0713 & 486 3313.

Leita eftir Jeep Wrangler ekki eldri en 1990 í allavega ástandi. Með húsi og (helst) 4.0l vél. Ca. 350.000. Sími 845 8553.

Óska eftir að kaupa bíl fyrir 30 þús., helst station. Uppl. í s. 694 6462.

Óska eftir lítið ek. og vel með förnum bíl, ekki eldri en '01. Stgr. í boði. Uppl. í s. 695 2902.

Óska eftir góðum bíl á góðu verði, helst skoðaður.. á verðb. 300-400 þús. S. 694 4431.

Óska eftir bílum langt undir gangverði. Gjarnan nýlegir. Mega þarfnast hvers kyns lagfæringa. S. 822 4167 .

## Jeppar



Til sölu MMC Pajero árg.9/98. 2,8 dísel, ek. 185 þús., 32" breyting. Hagstætt lán getur fylgt. Verð 1580 þús. Uppl. í síma 824 2151



Ford Explorer Eddie Bauer 2005 4L, V6, leðursæti, 7 manna, rafm., hiti, minni í sætum, dráttarb., bakkvörn, hraðast., 6cd geislaspilari, o.m. fl. Bíllinn er sem nýr. Ásett verð 3.690 þ. ATH! Gott stgr. verð! Uppl. í s. 821 2066.



Suzuki (Chevrolet) Grand Vitara árg. '03, 2.5 V6 ek. 33 þús. mílur, ssk. Verð 1.690 þús., bílalán ca 950 þús. Uppl. í s. 695 6100.



Suzuki Vitara breyttur 33" ek. 190 þús., árg. '91, 3ja dyra, vel með farinn. Tilboð óskast. Selst næstu helgi. Uppl. í s. 845 3671, Ásgeir.



Toyota 4Runner '92, í topp standi. Ásett 400 þ. Tilboð stgr. 230 þ. Uppl. í s. 867 1607.



LandCruiser GX 90 Turbo dísel 3L ssk., ek. 198 þ. V. 1.790 þ. er á 33" en br. f. 35", 7 manna gott eintak. S. 846 1200.



Vínrauður Musso jeppi E-32 árg. '97, ssk., bensínvél, 150 hö, ek. 143 þús., heilsársdekk 31", rafmagn í rúðum og speglum, samlæstar hurðir, sk. '07, ný heddpakkning og bremsuklossar. Verð 800 þús. Uppl. í s. 554 6331 & 896 6331.



Galloper 2,5 TDi ssk., árg. '00, ek. 126 þús. Áhv. 825 þús. Uppl. í s. 664 5584.



Toppeintak. Jeep Liberty Renegate. Árg. '04, ek. 32 þ. km. Brúnsans. Einn með öllu. V. 3,2 þ.(Áhv. 2,6 þ.) S. 662 6648.



Toyota Hi Lux '92, ek. 220 þ., sk. '07, breyttur 38" er á 35", aukatankur, talstöð, allur pakkinn. Ásett v. 980 þ. Tilboð, yfirtaka lán 680 þ. + 150 þ. út. 26 þ. á mán. S. 695 2695.



Nissan Terrano II 2,7 dísel túrbó árg. '99, ekinn 176 þús. Gott verð.......... Uppl. í s. 564 4493 & 892 6782.



Land Cruiser 80, árg. '94, ekinn 243 þ. Nýlega upptekin vél, mikið endurnýjaður, loftdæla ofl. Verð 1.950 þ. Uppl. í s. 551 7779 & 660 9669.



Toyota Land Cruiser LX sjálfsk., dísel árg. 2003, ek. 36 þús. Verð 3.550 þús. Beinssala Uppl. í s. 892 8898.



### Lítið út

Land Criuser 90 árg. '98, ek. 230 þús. Góður bíll, 36 " dekk, 35" fylgir, mikið endurnýjaður, þjónustaður af Toyota. Verð 1.840 þús. 399 þús. út, áhv. 1.440 þús. Uppl. í s. 821 9560.



Nissan Terrano 2.7 sjálfskiptur árg ' 00 góður bíll, gott verð. Uppl í s. 899 6533.



Toyota Land Cruiser 100 VX 7/2001, ek. 65 þ. km. Sjálfsk., 35", leður, lúga, Tems, TV, DVD o.fl. Verðtilboð. S. 899 6753.



Cherokee Grand Limited árg. '96 með öllu. Flott og gott eintak í toppstandi. V. 790 þús. S. 864 8338.



Til sölu vel með farinn Nissan Patrol '98, 33" breyttur. Tilboðsverð 1500 þús. Uppl. í s. 692 7601.



Mitsubishi Pajero tdi. árg. '04, 3,2L GLS sjálfskiptur, topplúga, leður. Ekinn 34 þ. km. Upphækkaður 35". Verð 3.590 þ. Áhv. 1.800 þ. Uppl. í s. 896 4013 e. kl. 18 og s. 898 8588 e. kl. 15.



Toyota D.Cab '03, ek. 55 þús. 38" breyttur. Læst framan og aftan, lengdur milli hjóla, loftdæla, aukatankur og fl. og fl. S. 894 0066.



Pajero '99 33" breyttur. Fyrrum sýningabíll hjá heklu. Sjón er sögu ríkari ek. 178 þús. verð 1.350 þús. lán 1.030 þús. S. 864 3898.



Til sölu Isuzu Trooper árg. 2000. ekinn 100 þús., 32" dekk, álfelgur sjálfsk., 7 manna, 5 dyra, skoðaður '07, litað gler, rafm í rúðum, rafm. í speglum, dr.krókur. Vel með farinn og góður jeppi. Aðeins tveir eigendur. Uppl. í síma 897 2593.



Honda CRV Advance '00 árg., ek. 57 þ. Rafdrifnar rúður, CD, fjarstýrðar saml., þjónustubók og einn eigandi frá upph. Sem nýr. S. 899 9377.



Nissan Patrol '92, ek. 380 þús. Í toppstandi. Fæst á aðeins 450 þús. eða hæstbjóðanda. Uppl. í s. 894 3063.



### L-200

Til sölu vel með farinn L-200, ek. 176 þús., aukafelgur fylgja. Gott eintak. Uppl. í s. 897 0888.



Til sölu Nissan Patrol '99 ekinn 93 þús. m/leðri og lúgu. 44" breyttur, læsingar, 2 aukatankar, milligír, 5,42 hlutföll, tölvukubbur, 3" púst, K&N sía, HD gormar, Koni demparar, stýristjakkur, aukarafkerfi, krómgrind, kastarar, þokuljós, vinnuljós, loftdæla, tjakk- og spilfestingar F+A, tölvufesting, filmur, þjófavarnarkerfi ofl. ofl. 100% Þjónustubók frá upphafi. 1 eigandi. Einstakt eintak. Einn með öllu. Tilbúinn á fjöll! Verð 3.750 þús. eða staðgreitt 3.300 þús. Uppl. í síma 691-9933 eða tölvupósti sjk@simnet.is

MMC Pajero '97, ekinn 152 þ. km, 2,5 TDI. Aukadekk, skíðabogar, CD, nýsk. 850 þús. S. 867 1576.

Til sölu Nissan Patrol árg. '91, upphækkaður fyrir 38", er á 35" dekkjum, læstur að framan og aftan, nýr 3 faldur vatnskassi, ný kúpling og nýjir 2 rafgeymar. Þarfnast smá lagfæringar. Tilboð 450 þús. stgr. Uppl. í s. 697 7766.

Til sölu Bens jeppi 300GD '82, á nýjum 32" dekkjum. Verðhugmynd 120 þús. S. 895 9789.

Cheeroke árg. '95 2.5 dísill, turbo interkoler, 35 tommu dekk, cd spilari. Tilboð óskast. Uppl. s. 898 3526

## Fornbílar

Óska eftir Muscle Car árg. '65-'80. Gott verð fyrir réttan bíl. S. 662 8414.

## Pallbílar








Ford F 150 King Ranch árg. '05, ek. 8500. 37" breyting. Uppl. í s. 898 4988.

## Sendibílar



Til sölu Man 12.220LE des. '04. Ek. 75 þús. Skr. 9.995 t. Enginn þungaskattur, möguleiki að skrá upp í 12 tonn. 2T lyfta, kassi 6.05x220 hæð, 242 br. Dráttarkr. engin skipti. Verð 4,8 millj. + vsk. Uppl. í s. 893 1462.



Vörukassi óklæddur, hæð 2,1, lengd 5, breidd 2,5. Vörulyfta Zepro 1.500 kg. Uppl. í s. 699 1919.

Ford Transit árg. '97, 2,5 túrbó dísel, ek. 423 þús. Skipti á ódýrari. Verð 400 þús. Uppl. í s. 867 6611.

Til sölu Transporter '98 TDi, ek. 148 þús. Ný sumar-og vetrard. Ný tímareim og kúpling. Uppl. í s. 898 7145.

## Vörubílar



Scania 112 '86 með Fassi 160 krana fjórir í glussa, útak fyrir krabba og rotor, radio fjarstýring. Bíll í þokkalegu standi. Uppl. í s. 893 5531.



Man TGA 510 árg. 2001, ekinn 302 þús. Eurotrailer árg. 2005, nánast ónotaður. Til afhendingar strax. Verð. 6,7 mill. Th. Adolfsson ehf. S. 567 7567.

Scania '92 93ML4x2, loftpúðar að aftan, ek. 500 þús. Með föstum palli. 18 tm Hiapkrani. Krani og bíll nýsk. Verð 2,3 m. S. 663 4092.

## Húsbílar



Peugeot '92 ek. 66 þús. Verð 2,3 millj. Uppl. í s. 462 4847 & 692 4847.



### Peugeot 2,5 Turbo dísel Concorde

árg. 1994, ekinn 159 þús. 7,5 m langur, cruis control, navigator, staðsetningatæki, 2x6 CD box, 2xsterio, gerfihnattamóttakari, bakkmyndavél, sólarsellur, markisa, svefnpláss fyrir 6, sér sturta og sér klósett, heitt og kalt vatn, eldavél og ísskálpur, öryggishólf, stór farangusgeymsla, hjóla og móturhjólagrind, spennubreytir 12-220V. Einn með öllu, verður að skoðast. Ásett verð 2,9 millj. Mjög glæsilegur bíll. S. 696 9697.



Fiat Euramobil 500 Sport árg. 05/'03, ek. 105 þús. km, 2,3L túrbó dísel. Markísa, tvöföld einangrun. Verð 2.980 þús. Uppl. í s. 696 9697.



Fiat Weinsberg Orbiter 2,3 túrbó dísel árg. 2003, ek. 114 þús. Verð 3.040 þús. Uppl. í s. 696 9697.



Til sölu Hobby húsbíll Lágþekja T550FS. Nýr og ónotaður húsbíll á verulega góðu verði vegna breyttra aðstæðna. Uppl. í síma 863 4746.

Til sölu Benz 208 húsbíll, í góðu lagi. Uppl. í s. 867 6220.

WV LT 28, árgerð 1984 dísel. Húsbíll, ek. 194 þ. km. Í góðu standi, nýskoðaður, ný uppt. vél, ekin 4000 km. tilboð Uppl. í s. 847 7033.

## Mótorhjól

Frábært byrjendahjól, Honda Shadow ace 750cc 2001. Glæsilegt hjól, mikið af aukahlutum, ekið 22 þ. km. Ásett verð 690.000. S. 893 1600 & 821 9050.

Kawasaki VN1500 Mean Streak árg. 2003, ekið 5.700 km. Ýmsir aukahlutir. Verð 1.200 þ. S. 892 3590.

RM 250 '04. Lítið notað. 480 þús. Uppl. í s. 866 0532.

Kawasaki Vulcan Classic 800 árg. '00, ekið 21 þús. Óska eftir stgr.tilboði. Uppl. í síma 847 7264.

Kawasaki Vulcan 1600 Mean Streak 2005, ekið 700 km. Uppl. í s. 898 4988.

Kawasaki KX 250 2001, Fallegasti 01 Kawinn. Ný upptekin vél, Procircut púst, portað, ofl. Verð 300. þús staðgreitt. Engin skipti. Uppl. s. 897 3666 & 565 2354.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting

Hunangsneglur. Framlenging 5.500 kr. Tímapantanir í síma 697 6573 & 5645455. Snyrtilindin.

## Námskeið



**Viltu læra að setja á Gel-neglur?**
The Edge naglaskólinn. Frábær efni, þunnar og fallegar neglur. Möguleiki á miklum tekjum. Skráning er hafin í 533 3400 og á www.karon.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ



**Snyrtinámskeið**
Langar þér að læra eitthvað nýtt og spennandi? didrix.is /námskeið.

Listanámskeið, þriggja ára til níu ára. Leikhöllin.

Ný námskeið eru að hefjast. Leikhöllin.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu glæsileg Skovby borðstofa, 12 stólar. Selst á mjög góðu verði. Uppl. í s. 896 1067.

2/3 sófi 40þ, Borð 20þ, Stólar x4 5þ stk. 2 1/2 árs úr Tekkhúsinu og Habitat. Myndir á /heima.is/indridi/tilsolu. Indriði 8971912

2ja ára sjónvarpsskápur, stofuborð og spegill frá Mýru til sölu + ársgamall amerískur svefnsófi. Uppl. í s. 860 6005 & 696 2105.

Sófaborð með brúnleitum keramik flísum frá TM húsgögnum, 145x85cm h. 48 cm. Verð 20 þús. Dökkgrænn hornsófi, 1 1/2 árs gamall með smámynstri. Heildarlengd 3,85m. Verð 20 þús. S. 586 1803.

Stofuskápur, 3 einingar með gleri. Verð 25 þús. Bleikt Rococco sófasett 3+1+1. Verð 50 þús. 2 stórar bókahillur, palesander. Verð 6 þús. 4 handsaumaðar velour gardínulengjur. Verð 4 þús. S. 847 4721.

Antík pluss sófasett með útskornum viðarörmum. Verð 25-30 þús. Uppl. í s. 699 6423.

Til sölu svefnsófi frá Rúmfatalegernum, sér ekki á honum, góður í sumarbústaðinn. Verð 15.000. Uppl. í s. 863 6377.

Til sölu borðstofuborð og 6 stólar með stækkanlegri plötu, skenkur, laus efri skápur í stíl við með gleri. Uppl. í s. 566 7338.

Nýjar gerðir af fataskápum. Opið um helgina Axis, Smiðjuvegi 9

Persnesk teppi, húsgögn og gjafavörur. Zedrus, Hlíðarsmára-11.

## Gefins

Sony myndbandstæki, virkar vel og fæst gefins ef það er sótt. Uppl. gefur Tómas s. 554 6286.

## Barnavörur

Til sölu barnakerra og barnastóll. Uppl. í síma 896 7118.

## Dýrahald



Doberman hvolpar til sölu. Ættbók frá Íshundum. Tilbúnir til afhendingar í enda mars. Verða heilsufarsskoðaðir og örmerktir. Uppl. í s. 824 1063 Einar.



Min Pin hvolpar. Miniature Pincher hvolpar til afhendingar í byrjun Apríl. Ættbók HRFÍ. Uppl. í s. 898-2720

Silki Terrier hvolpur til sölu, bólusettur, heilsufarsskoðaður og ættbók fylgir. Uppl. í s. 566 7129 & 690 2908.

Til sölu Rottweiler hvolpar til afhendingar strax. Verð 150 þús. Hægt er að greiða með skuldabréfi til 6 mán. Uppl. í s. 893 6870.

Óskum eftir góðu heimili fyrir hundinn okkar, tæplega 3ja ára blendingur, blíður og skemmtilegur fjölskylduhundur. S. 849 2801.

Silky Terrier hvolpar til sölu, heilsufarsskoðaðir, bólusettir og örmerktir, fara ekki úr hárum. Uppl. í s. 586 2081 & 867 5719.

**Grate Dan**
Til sölu gullfallegur og yndislegur Stóri Dan hvolpur. Sími 691 7306.

Labrador hvolpar til sölu. Uppl. í s. 431 3008 & 895 8099 & 431 3018.

Til sölu Stóri Dan hvolpar. Uppl. í s. 895 1441 e.kl. 12.

Af sérstökum ástæðum fæst 2ja ára gömul læða gefins á gott heimili. Er vön að fara út og inn að vild. Uppl. í s. 864 8003.

4ra mán. hreinræktaður gulur Labrador hvolpur til sölu. Uppl. í s. 861 6644.


**Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ


## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws.

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska

Sölusýning á hrossum í Hestheimum Rangárvallarsýslu nk. sun. 5. mars. kl. 14. Uppl. í s. 487 6666.

Þæg 10v. hryssa til sölu. Töltsækin og taumlétt. Verð 150 þús. S. 699 0456. manaskal@internet.is

**Bújörð**
Til leigu jörð í Borgarfirði 143 fm einbýli, hesthús og útihús. Tilvalið fyrir hestamenn og fl. Sími 694 2171.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu er 2ja herbergja íbúð 76 fm, á Álftanesi. Uppl. í s. 892 7088.

Fyrirtæki á stór Reykjavíkursvæðinu óskar eftir íbúð fyrir starfsmann. Uppl. í s. 564 174 & 663 3989.

Til leigu ný glæsileg 2ja herb íbúð í miðbænum. Bílastæði í bílgeymslu Laus strax. Leiga 105 þús. Áhugasamir sendi fyrirspurn á 101rvik@visir.is

2ja herb. stúdíó íbúð til leigu í vesturbæ Kópav. fyrir róleg. og reglus. einstakl. Uppl. e. kl. 12. í s. 895 1441.

## Húsnæði óskast

Vil kaupa 2ja herb. íbúð m. bílskúr á höfuðborgarsv. Má þarfnast viðhalds. S. 690 0966.

**Snyrtileg íbúð óskast.**
Óskum eftir snyrtilegri 2ja herbergja íbúð í langtímaleigu, frá og með 1. apríl. Greiðslugeta 70 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 699 2778.

Fjölskylda óskar eftir 4ra-5 herb. íbúð til leigu í Linda-/Salahverfi í Kópavogi frá og með 1. júní. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 892 6069.

I'm looking for an appartment or room in Hafnarfjörður or surroundings. Tel 566 7177,(evenings)

Miðbæjarotta óskar eftir 2ja herbergja íbúð, reyklaus og reglusamur. Uppl. í s. 692 4769.

Óskum eftir 3 herb íb með bílskúr. Loftnet og tæknikerfi ehf. S. 898 3427.

2 vinkonum vantar 2-3ja herb. íbúð sem allra fyrst á sv. 101, 107. Greiðslugeta 50-80 þús. á mán. Skilvísum og traustum greiðslum heitið. Uppl. í s. 847 9243 & 849 0651.

Herbergi óskast, ca 20 fm. Helst í 105 eða nágr. Uppl. í s. 822 2194, Sturla.

Reglusamt par með 1 barn óska eftir 4 herb. íbúð í Rvk. Öruggum greiðlum heitið. Uppl. í s. 696 0947.

3 strákar óska eftir að leigja íbúð á 90-100 þús. Reglusamir, meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 694 6462.

Einstæður faðir óskar eftir 2ja herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Öruggar greiðslur. S. 868 0490.

Par með 2 börn óskar eftir 4ra herb. íbúð frá maí í Árbænum. Skilvís og reglusöm. Uppl. í s. 517 1559 & 695 9840.

Par óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð, verður að vera leyfð dýrum, á annað hvort höfuðborgarsvæðinu eða Suðurnesjunum. Greiðslugeta 40-60 þús. Uppl. í s. 690 5087.

2 kvk 23 og 25 ára óska eftir 3ja herb. íbúð. Greiðslugeta 80-110 þús. Reglusamar og reyklausar. Skilvísum greiðslum heitið. S. 866 1213 Margrét eða esterlilja@hotmail.com

Reyklaus og reglusamur maður óskar eftir einstaklings/stúdíó- eða 2 herb. íbúð á svæði 101 eða 107. Fyrirframgreiðsla og meðmæli sé þess óskað. Uppl. í s. 895 4015.

## Sumarbústaðir




**Rafgirðingaefni.**
Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarrafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk., 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak., 464 8600



Til sölu 64 fm sumarhús. Tilbúið að utan og fokhelt að innan. Verð 5 mill. Upplýsingar í s. 692 9383 & 555 3383. Húsið er til sýnis um helgina.

**Sumarhús á Torrevieja Spáni**
Höfum enn nokkrar vikur lausar frá 27 júní til 27. júlí. H-hús Sæluríki Spáni s. 894 9284.


**Sumarhús á Torrevieja Spáni**
Höfum enn nokkrar vikur lausar frá 27 júní til 27. júlí. H-hús Sæluríki Spáni s. 894 9284.


## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Ca 140 fm atvinnuhúsnæði eða lagerhúsnæði til leigu við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Laust strax. Uppl. í s. 898 0504.

Vantar iðnaðarhúsnæði 90-120 fm fyrir lager, verkstæði og skrifstofu. S. 898 3427, Loftnet og tæknikerfi ehf.

130 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð til leigu við Súðavog, góð aðkoma. Uppl. í s. 695 0495.

Til leigu við Smiðjuveg 10 R, 562 fm versl/iðn.húsnæði á jarðhæð lofthæð 3,3m, innk.dyr, gluggar og góð aðkoma. Langtímaleiga í boði. Uppl. í síma 893 0420.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk í aukastörf á virkum dögum og um helgar.
**Uppl. fást hjá Söru 868 6304 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Smáralind.**

**Veitingahúsavinna**
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu starfssfólki í þjónustustörf, dag, kvöld og helgarvaktir. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Bakaríið Austurver**
Starfsfólk óskast í afgreiðslu í bakaríið Austurver. Einnig vantar í pökkun og útkeyrslu.
**Uppl. í s. 845 0572 María.**

**Starfskraftur óskast strax**
í afgreiðslu í söluturni alla virka daga milli kl. 11 til 18. Tilvalið fyrir húsmæður sem vilja komast út á vinnumarkaðinn.
**Upplýsingar í síma 892 2365 milli kl. 8 & 9 á kvöldin.**

**Frábær-aukavinna**
Okkur vantar hressa, jákvæða og þjónustulundaða starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti og Höfðabakka. Kvöld og helgarvinna, eða dagvinna, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Vydas Skipholti í s. 552 2211 eða 6924310 og Gunnar Höfðabakka s. 517 3990 eða 660 1144.

**Skólavefurinn**
Skólavefurinn leitar að kröftugum einstaklingum í úthringiátak, reynsla af svipuðum störfum æskileg en ekki skilyrði. Unnið er á kvöldin á virkum dögum og milli kl. 13 og 18.30 um helgar. Hentar vel fyrir skólafólk. Góð laun í boði ýrir rétta aðila.
**Frekari uppl. í s. 848 4805, Sigþór.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í ca 75% vinnu 20 daga í mánuði. T.d. 20 dagar frá 12-19 eða 15 dagar frá 12-19 og 5 dagar frá 7-14.
**Upplýsingar í síma 843 9950 eða 898 2975.**

**Vélamenn**
Óskum eftir vönum vélamönnum í malarnám. Uppl. í síma 565 0870. Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu okkar: www.alexander.is.




# FERÐIR

**Slóvenía**
Erum að bóka í ferðir 8.- 17. maí..
Sjá nánar á www.isafoldtravel.is
Ferðaskrifstofan Ísafold, sími 544 8866
Litlir hópar - lifandi ferðir
ÍSAFOLD

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Langar þig að vinna sjálfstætt við hárgreiðslu?**
Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir duglega og áhugasama einstaklinga. Það er mikið að gera hjá okkur og góður mórall. Uppl. í s. 561 8677.

Starfskraftur óskast í mötuneyti. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Áhugasamir hafi samband í s. 691 5976.

Veitingahúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig framreiðslunemum, (þjónanemum). Einnig vönu aðstoðarfólki í sal. Uppl. á staðnum milli kl. 14 og 17 alla daga.

Vantar reglusama og duglega verkamenn strax. Góð laun fyrir góða menn. Upplýsingar í síma 698 6675 SS hús.

**Byggingavinna**
Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl. í s. 899 0909 eða 893 5114.

**Atvinna atvinna**
vantar fólk í allar deildir í Rúmfatalagerinn Holtagörðum. Upplýsingar gefur Njáll í síma 820 8001 eða á staðnum. Rúmfatalagerinn.

TJ Glans bílaþvottastöð óskar eftir starfsm. í hlutastörf. Tilvalið fyrir skólafólk. S. 515 2700.

Óska eftir manneskju í vinnu í mötuneyti í Reykjavík. Hafið samband við H.H veitingar, sími 421 7220 mánud til föstud kl. 9.00-16.00 hhveitingar@simnet.is

**Gröfumaður**
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða gröfumann, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 892 0848.

Tvo háseta vana netaveiðum vantar á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013.

Aðstoðarverkstjóri óskast í fiskvinnslu Gullfisks í Hafnarfirði. Þarf að vera vanur á lyftara og duglegur til verka. Upplýsingar í síma 693 0203

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi fyrir hád. og aðra hvora helgi. Ekki yngri enn 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Járnsmíði**
Óskum eftir mönnum vönum járnsmíði og einnig aðstoðarmönnum. Upplýsingar í síma 692 8091.

Vanur vélamaður óskast á beltagröfu, þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 861 5577.

Óska eftir að ráða vanan trailerbílstjóra, einnig mann á belta og hjólagröfu. Uppl. í s. 899 0012.

Óska eftir starfsfólki, kostur ef viðkomandi hefur unnið við múr eða flísalagnir. Uppl. í s. 898 5594, Einar.

Óska eftir góðum starfskrafti í verslun sem selur barna og unglingafatnað. S. 694 2171.

Fagsmíði óskar eftir smiðum til starfa. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Uppl. gefur Gunnar í s. 893 0561.

**Hlaðbær-Colas hf.**
Óskum eftir hjólaskóflumanni með vinnuvélaréttindi í framtíðarstarf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina! Uppl. á skrifstofu í síma 565 2030.

## Atvinna óskast

Get útvegað erlenda starfsmenn í vinnu, geta unnið við flest öll störf. Uppl. í s. 846 9424.

26 ára karlmaður óskar eftir vinnu við útkeyslu. Uppl. í s. 697 3103.

Hef reynslu í smíðum, sölumensku, útkeyrslu, eldamensku, þjónn,verslun og fl. Uppl. í síma 822 6808.

56 ára kona óskar eftir vel launuðu starfi. Vön verslunar- og skrifstofustörfum ásamt verslunarsjórn. Uppl. í síma 567 2023.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða á www.sigradu.com.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

tenor
www.tenor.is

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júni hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

## Leikir

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vinabær.

Mundu eftir milljónunum. Lottó.

vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS



Fíton / SÍA

## TILLAGA AÐ FERJUHÖFN VIÐ BAKKAFJÖRU

***VESTMANNAEYINGAR OG AÐRIR ÁHUGASAMIR UM SAMGÖNGUR TIL EYJA***

Opið hús verður í Siglingastofnun Íslands, Vesturvör 2, Kópavogi,
**í dag laugardag, 4. mars milli kl. 13 og 16**
þar sem líkan af ferjuhöfn við Bakkafjöru verður til sýnis.

SIGLINGASTOFNUN

**Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu** heldur félagsfund þriðjudaginn 7. mars 2006 í félagsheimilinu Hátúni 12 kl. 20:00.

**Málefni fundar:**

Fulltrúar frá borgarstjórnarflokkunum í Reykjavík koma og ræða um stefnumál flokkanna hvað varðar málefni fatlaðra.

Önnur mál:

## Sjóðurinn Blind börn á Íslandi

Sjóðurinn **Blind börn á Íslandi** veitir styrki til blindra og sjónskertra barna á Íslandi allt að 16 ára aldri.

Úthlutað verður styrkjum úr sjóðnum fyrir Sumardaginn fyrsta sem er 20.apríl næstkomandi. **Umsóknir um styrki þurfa að hafa borist eigi síðar en 1. apríl '06.**

Umsóknir skal senda til Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17 skulu vera skriflegar og þeim fylgja kostnaðaráætlun vegna þess sem sótt er um.



## Menningarstarf í Kópavogi

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna /viðburða á sviði menningar og lista í Kópavogi. Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum umsóknareyðublöðum fyrir **3.apríl nk.**, ásamt fylgiskjölum.

Eyðublöðin fást á skrifstofu Tómstunda- og menningarsviðs **Fannborg 2, 2. hæð** og á heimasíðu Kópavogs, **www.kopavogur.is**

Lista- og menningaráð Kópavogs veitir styrki til menningarstarfs í Kópavogi tvisvar á ári, í október og apríl.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Lista- og menningarráð Kópavogs

oddi hf.

# Háseta vantar á bát

Vanan háseta vantar á línuskipið Núp BA 69 frá Patreksfirði.

**Upplýsingar í símum 852-2203 GSM 899-3944 og 450-2100. Oddi hf. Patreksfirði.**

X HÚS FASTEIGNASALA
Jón Magnússon
Hæstaréttarlögmaður og löggiltur fasteigna- og skipasali
Skeifunni 19, 108 Reykjavík – sími: 533-1060, fax: 533-1069 – xhus@xhus.is – www.xhus.is
Opið mánudaga til föstudaga 08:30 til 17:00

## SÖLUSÝNING Í DAG LAUGARDAG

**Bókaðu skoðun hjá Valdimari Tryggvasyni í síma : 897-9929.**
**Nýtt 70 fm Sumarhús aðeins um 6 km frá Flúðum.**



Húsið er á steyptri plötu með hita í gólfum. Búið er að gera um 90 fm verönd við húsið. Hátt er til lofts í öllu húsinu sem gefur því mikinn sjarma. Möguleiki er á millilofti. Mahoní gluggar og hurðir, en stór rennuhurð er í stofu. Fallegt 1,2 hekt land með góðu útsýni. Húsinu er skilað fullbúnu að utan en einangruðu að innan. Búið verður að taka inn heitt og kalt vatn ásamt rafmagni. Frárennsli verður fulltengt. Öll þjónusta er á Flúðum þ.e. góð búð, sundlaug, banki o.f.l. Tveir gólfvellir eru á svæðinu, annar 18 holu á Flúðum og hinn 9 holu í Ásatúni. Möguleiki að fá húsið fullbúið ef þess er

FRAMTAK BLOSSI ehf

# Óskar eftir vélfræðingi - vélvirkja - bifvélavirkja

Til starfa á dieselverkstæði. Aðalverksvið bilanagreining og viðgerðir á eldsneytiskerfum dieselvéla. Spennandi starf fyrir menn með áhuga á rafeindabúnaði og tölvustýringum.

**Framtak-Blossi er eini viðurkenndi þjónustuaðilinn á Íslandi fyrir BOSCH eldsneytiskerfi „Bosch Diesel Center“**

*Uppl. gefur Björn Berg í símum 847 0771 - 565 2556*
*bjorn@framtak.is*

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali

**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**

# Opið hús í dag

**laugardaginn 4. mars. milli 14:00 og 15:00**

## Andrésbrunnur 3, Grafarholti



Frum

Glæsileg nýleg 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í lyftublokk ásamt stóru stæði í bílageymslu. 40 fm sólpallur.
**Verð 22,8 millj.**

**Kristinn sölumaður Hússins fasteignasölu s: 848-9992 tekur á móti gestum. Verið velkomin.**

# Fosstún 14, Selfossi



## Opið hús milli kl 14-15 í dag

Glæsilegt einbýlishús, frábær staðsetning. Húsið er einnar hæðar timbur hús á fallegri lóð, stendur við endann á botngötu, klætt Steni klæðningu, byggt árið 2000. Íbúðarhúsið er 105,7 fm. og bílskúr er 20,8 fm. að stærð. Allar innréttingar eru vandaðar og fallegar, spónlagðar beyki og sér-smíðaðar. Sölumaður tekur á móti gestum. **Verð 29,8 millj.**

**595 9050 hóll**
Hóll-M | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | s: 595 9050

# Lækjarsmári 60, 201 Kóp.



## Opið hús milli kl 14-15 í dag

Flott 3ja herbergja 82 fm. íbúð með sér-inngangi af svölum og stæði í bílageymslu. Anddyri og stofa er parketlagt og herbergi dúklögð. Baðherbergi er snyrtilegt með flísaþiljum á veggjum. Stórar suður-svalir. Húsið er Permaform hús í góðu ástandi. **Verð 21,9 millj.**

**Íbúð 201 stendur á bjöllu. Sölumaður tekur á móti gestum.**

**595 9050 hóll**
Hóll-M | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | s: 595 9050

## Úrvinnslugjald hefur verið lagt á fleiri tegundir úrgangs. Því fjölgar endurvinnsluflokkum í móttökustöðinni í Gufunesi.

**Gjaldskrá móttökustöðvarinnar í Gufunesi fyrir úrgang sem ber úrvinnslugjald er nú þannig:**

| Úrgangsflokkur | Tegund | Gjald kr/kg m.vsk |
|---|---|---|
| 341 | Pappírsumbúðir | 0 |
| 390 | Filmuplast, litað og eða áprentað | 0 |
| 391 | Plastumbúðir, tómar og loklausar | 0 |
| 394 | Heyrúlluplast | 0 |
| 395 | Hjólbarðar | 0 |
| 397 | Filmuplast, glært óáprentað | |
| 0 – 125 kg/mán | | 0 |
| 126 – 250 ” | Endurgreiðsla | 4,36 |
| 251 – 375 ” | ” | 6,23 |
| 376 og yfir | ” | 8,72 |
| Baggað filmuplast > 500 kg/baggi í 40 feta gámi á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkv. sérstöku samkomulagi | | 12,45 |
| 398 | Bylgjupappi | |
| 0 – 250 kg/mán | | 0 |
| 251– 500 ” | Endurgreiðsla | 3,42 |
| 501 og yfir ” | ” | 4,67 |
| Fyrir einstakan farm yfir 1.000 kg sem móttekinn er á fyrir fram umsömdum tíma og með sérstöku samkomulagi | | 5,42 |
| Baggaður bylgjupappi >500 kg/baggi í 40 feta gámi á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkv. sérstöku samkomulagi | | 9,15 |

# Ekkert gjald

## í Gufunesi á fleiri endurvinnsluflokkum

SORPA
sorpa.is

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## FRAMNESVEGUR-SÉRHÆÐ





Glæsileg 3ja herb. íbúð á 1. hæð, sérinngangur. Stærð 63,8 fm. Tvær stofur og eitt svefnherbergi. Góðar innréttingar. Flísalagt baðherbergi. Mikil lofthæð og fallegar gólffjalir gera íbúðina mjög sjarmerandi. **LAUS 1. APRÍL.**
**Verð: 19,0 millj.** Nr. 5335

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri Sími: 8964090



## SUMARBÚSTAÐUR - BORGARFIRÐI

N r og góður bústaður í landi Laufás, um 82,7 fm. þ.e. grunnf. 58,1 fm. og manng. svefnloft um 24,6 fm. Stór verönd, heitur pottur. Gott úts ni. **Til afhendingar strax. Verð: 16,9 millj. EIGENDUR VERÐA Á STAÐNUM HELGINA 4-5 MARS. ÁHUGASAMIR ERU HVATTIR TIL AÐ SKOÐA B STAÐINN. UPPL. HJÁ FINNBOGA S. 895 0474 OG HAGBARÐI S. 895 0485.**

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali



## SUMARBÚSTAÐUR - BISKUPSTUNGUM

N r og glæsilegur sumarbústaður um 50,0 fm. ásamt 10,7 fm. gestahúsi. Húsið stendur á fallegum úts nisstað. Bústaðurinn er fullbúinn með heitum potti og stórri timburverönd. **Steypt plata með hitalögn.**
**Verð: 14,5 millj.** nr.526



Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

Kristinn Valur Wiium Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson Sölustjóri Sími: 8964090

Húsið þitt í góðum höndum
www.bakki.com
Fasteignasalan Bakki 482-4000

# Fasteignasalan Bakki
## Sigtún 2 Selfossi Sími 482-4000
## www.bakki.com
### Árni Valdimarsson lögg.fasteignasali
### Sigurður Sveinsson hdl.lögg.fasteignasali

# OPIÐ HÚS
## Sunnudag 5 mars
## 14:00-16:00





Til sölu íbúðir í fjölbýlishúsinu við Fossveg nr. 2 á Selfossi þ.e. á efstu hæð íbúðir 502,503 og 504, endaíbúð á 4 hæð íbúð 401 og á 2 hæð íbúð 203, aðrar eru seldar. Íbúðirnar bjóðast fullbúnar með eða án gólfefna þó er búið að flísaleggja íbúð 401 með vönduðum flísum og íbúð 203 er búið að setja á parket og flísar. Sameign er flísalögð með granít flísum þ. e. stigar og stigangar, lyfta er í húsinu. Lóðin er tyrfð, bílaplan malbikað. Hvergi hefur verið til sparað í að gera íbúðirnar sem skemmtilegastar m.a. er bæði nuddbaðkar með útvarpi og stór nuddsturta, ásamt upphengdu salerni og innréttingar allar af vandaðri gerð. Eldavél ofn og vifta fylgir.

**Byggingaraðili Tindaborgir ehf.**
**s. 482-2708**



Verð frá 14,5 millj.

## Hafðu samband við sölumann
## 482-4000 eða 899-5466

Viðskiptahúsið

**Sími : 566 88 00**
**Skúlagata 17**
**www.vidskiptahusid.is**
**Opið 9 - 17 alla virka daga.**

# MALLORCA ~ NÝJAR EIGNIR

## OPIÐ HÚS

**Laugardag og sunnudag**
**4. og 5. mars frá kl. 13-17 að Skúlagötu 17**
**Sölustjóri TM Abdel Modisch verður á staðnum.**










**Kynnum nýjar eignir frá TM TORREBLANCA sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í byggingu og sölu fasteigna við Miðjarðarhafströnd Spánar og jafnframt með 35 ára reynslu á sínu sviði.**

- Gæðaeignir við Costa Blanca strandlengjuna og Mallorca.
- Fullbúnar húsgögnum, tækjum og öllu því sem til þarf.
- Glæsileg sameiginleg aðstaða á hverju svæði.
- Einstaklega góðar staðsetningar.
- Þjónustuskrifstofa á hverju svæði.
- Nýjar eignir beint frá byggingaraðilanum.
- 10 ára ábyrgð byggingaraðilans á nýbyggingum.

tm



Viðskiptahúsið

Skúlagata 17 101 Reykjavík sími : 566 88 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is

LAUGARNES
fasteignafélag




www.laugarnes.is

# bænum?

## Akrahverfi

*Nýjar og vandaðar íbúðir tilbúnar til afhendingar næsta sumar*



### Hallakur 2a,b og c

18 íbúðir
- 9 íbúðir, 4ra herbergja, stærðir frá 138,4 fm
- 9 íbúðir, 3ja herbergja, stærðir frá 106,8 fm

### Hallakur 4a og b

12 íbúðir
- 6 íbúðir, 4ra herbergja, stærðir frá 138,4 fm
- 6 íbúðir, 3ja herbergja, stærðir frá 106,8 fm





### Hofakur 1,3,5 og 7

36 íbúðir (með bílskýli og lyftum)
- 4 íbúðir, 4ra herbergja, stærðir frá 153,9 fm
- 18 íbúðir, 3ja herbergja, stærðir frá 130,3 fm
- 14 íbúðir, 2ja herbergja, stærðir frá 76,1 fm

Allar frekari upplýsingar veita söluaðilar:

MIÐBORG fasteignasala
Laugavegi 182, sími: 533-4800

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, sími: 570 4500

RE/MAX BORG
Hafnahvoli, Tryggvagötu 11, sími: 522-2800

# DRAUMAHELGIN

## *Borgar námslánin í skíra gulli*

Guðjón Þorstein Pálmarsson leikara dreymir um sól, sælu og sjóræningjafjarsjóð.

„Um leið og ég væri búinn á æfingu myndi ég fara á einkaþotunni minni til Nassau á Bahamaeyjum. Ég myndi ekki eyða dýrmætum tímanum í að fara í gegnum fríhöfnina og tollinn, heldur stökkva út úr vélinni í fallhlífinni minni og lenda á hafnarbakkanum,“ segir Guðjón eða Denni eins og hann er kallaður. „Þar myndi ég fá mér ferskt Conch-salat með öllu nema tómötum. Það er fátt betra eftir langt flug í einkaþotu og hátt fallhlífarstökk en að fá sér spriklandi ferskt skeldýrasalat með öllu nema tómötum.“

Við höfnina bíður Danna mótórhjól sem hann sparkar í gang og brunar á, eins og hraði sé að fara úr tísku, að húsinu sínu sem hann á hinum megin á eyjunni. „Þegar þangað er komið er löngu kominn háttatími. Ég sofna og vakna um morguninn við útvarpsfréttirnar og viti menn, það er skollinn á heimsfriður og fuglaflensan var víst bara ekkert hættuleg eftir allt saman. Þetta var bara vinnustaðahrekkur hjá einhverjum fuglafræðingum sem fór úr böndunum,“ segir Denni, sem hlær að þessu öllu saman og fær sér appelsínusafa.

Því næst tekur við mikið og erfitt heimspekiverkefni. „Ég hugsa með mér hvað fólkið sem hingað til hefur staðið í stríðsrekstri ætlar að gera við allan frítímann sem það hefur núna? Mér dettur ekkert í hug þannig að ég fæ mér bara smá ristað brauð með mysingi og tek af sjálfum mér loforð um að nú skuli ég í framtíðinni vera miklu duglegri að fara niður að tjörn og gefa öndunum, því nú sé ekkert að óttast.“

Denni ætlar ekki að gleyma því að rækta líkamann eftir alla hugarleikfimina og eftir klukkutíma af intensívu nude-yoga fer hann og nær í kafarabúninginn sinn, hendir honum á pallinn á pikköppnum og spænir af stað niður að smábátahöfninni þar sem hann hittir vini sína.

„Við siglum á tremmakraftmiklum spíttbát lengst út á ballarhaf eftir gömlu korti sem ég keypti á eBay. Ég sting mér út í stóra vatnið og finn strax fjársjóð. Restin af helginni fer síðan í að moka upp fjársjóðnum og fagna alheimsfrið. Á mánudaginn ætla ég síðan að skreppa niður í LÍN og borga námslánin í skíra gulli,“ segir Denni.



GUÐJÓN ÞORSTEINN PÁLMARSSON LEIKARI

## VISSIR ÞÚ...

...að rithöfundurinn Jules Verne bar millinafnið Gabriel?

...að hann fæddist árið 1828 í Nantes í Frakklandi?

...að þegar hann var níu ára fór hann í heimavistarskóla?

...að þar kenndi honum maður að nafni Brutus de Villeroi? Villeroi var uppfinningamaður og fann meðal annars upp fyrsta kafbát Bandaríkjahers, USS Alligator.

...að hugmyndir Villeroi kunna hafa verið fyrirmynd að Nautilus í meistaraverki Vernes, Sæfaranum?

...að Verne fór ungur til Parísar að nema lög að undirlagi föður síns?

...að hann hóf fljótlega að skrifa sögur?

...að þegar faðir hans komst að bókmenntaáhuga hans skrúfaði hann fyrir fjárstreymi til Vernes svo hann neyddist til að vinna fyrir sér sem verðbréfamiðlari?

...að Verne hataði verðbréfamiðlun en var samt mjög hæfur miðlari?

...að Jules Verne giftist ekkju og tveggja barna móður og eignaðist með henni son?

...að árið 1863 hitti Verne hinn þekkta franska útgefanda Pierre-Jules Hetzel, sem gaf meðal annars út verk Victors Hugo?

...að Hetzel myndaði strax sterkt samband við Verne og alla tíð síðan ritstýrði hann bókum hans?

... að fyrsta bók Verne undir verndarvæng Hetzel var „Cinq semaines en ballon“ (Fimm vikur í loftbelg), en hún fjallaði um könnun Afríku úr loftbelg?

...að hún kom út 1863?

...að fyrir tilstuðlan Hetzel bætti Verne húmor við bækur sínar, sögulok urðu glaðlegri og pólitísk skilaboð voru tónuð niður?

...að síðar gaf Verne út bækur eins og „Leyndardómar Snæfellsjökuls“ og „Umhverfis jörðina á áttatíu dögum?“

...að síðasta saga Verne kom út 1994, en hún hafði þá fallið í gleymsku þar til barnabarn hans fann hana?





KORTER.IS

10% afsláttur af öllum vörum í versluninni á kauphlaupi

Troðfull búð
af nýjum vörum fyrir börn og unglinga

Nýtt DIESEL deild fyrir 8-16 ára
Nýtt Diddl vörurnar vinsælu
Nýtt Tísku skart - skór- töskur - aukahlutir

Ath. opnum á næstu dögum PUMA deild fyrir 8-16 ára

Fransa) Freeze) noise PUMA DIESEL XBOYZ claire.dk collexion

Zink
Smáralind - S. 554 4242



Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

V SINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hvað er auðgað úran?

Í náttúrulegu úrangrýti er einkum að finna tvær samsætur. Samsætan U-238 er tæp 99,3% af úrani en í kjarna hennar eru 92 róteindir og 146 nifteindir, en rúm 0,7% af úraninu eru U-235 með kjarna úr 92 róteindum og 143 nifteindum. Samsæturnar hafa sömu efnafræðilegu eiginleika en hegðun þeirra í kjarnahvörfum er gerólík. U-235 er það sem kallað er kjarnkleyft efni, það er að segja að talsverðar líkur eru á því að kjarninn klofni í smærri brot þegar laus nifteind rekst á kjarna þessarar samsætu. Við klofnunina losnar mikil orka og yfirleitt nokkrar nifteindir. Samsætan U-238 er hins vegar ekki kjarnkleyf, en það þýðir að ólíklegt er að kjarnaklofnun eigi sér stað þegar nifteind rekst á kjarna samsætunnar.




Þegar laus nifteind rekst á kjarna samsætunnar U-235 eru talsverðar líkur á að kjarninn klofni í smærri kjarnabrot. Við það losnar mikil orka.

**Keðjuverkandi kjarnaklofnun**

Eins og fyrr segir losna yfirleitt einhverjar nifteindir þegar kjarni samsætunnar U-235 klofnar. Þessar nifteindir geta svo hugsanlega rekist á annan slíkan kjarna og valdið því að hann klofni. Röð slíkra kjarnaklofnana nefnist keðjuverkun. Örlög nifteindanna geta þó verið önnur en að valda kjarnaklofnun. Nifteindir geta til dæmis sloppið út úr úranstæðunni, eða gleypst í kjarnahvarfi sem veldur ekki kjarnaklofnun.

Til þess að vaxandi keðjuverkun geti átt sér stað þurfa líkur á að nifteind valdi kjarnaklofnun í efni að vera nægilega miklar. Segjum sem svo að tvær nifteindir losni að meðaltali við hverja kjarnaklofnun, þá þurfa að vera meira en helmings líkur á því að nifteind valdi kjarnaklofnun í efni ef keðjuverkun á að vera vaxandi. Ef þrjár nifteindir yrðu til að meðaltali við hverja kjarnaklofnun þyrftu að vera meira en þriðjungs líkur á að nifteind ylli kjarnaklofnun til að vaxandi keðjuverkun gæti átt sér stað.

**Auðgun eykur líkur á klofnun**

Gripið er til ýmissa ráða til þess að auka líkur á kjarnaklofnun (eða tíðni kjarnaklofnunar) í efni, og eru þau misjöfn eftir tegund kjarnaofna. Ein algeng aðferð er sú að auðga úranið sem er notað sem eldsneyti í ofninum. Með þessu er átt við að hlutfall hinnar kjarnkleyfu samsætu U-235 er aukið, en við það aukast líkurnar á að nifteind valdi kjarnaklofnun áður en hún breytist af sjálfu sér í róteind eða fer í burtu.

Auðgunin fer fram með þeim hætti að úrangrýti með efnaformúluna U3O8 (úranoxíð) er breytt í UF6 (úranflúoríð) sem er lofttegund. UF6-gasið er svo sett í eins konar skilvindu þar sem þyngri samsætan U-238 er skilin frá þeirri léttari U-235. Hafa ber í huga að aðeins lítill hluti samsætunnar U-238 skilst frá hverju sinni svo að nauðsynlegt er að síendurtaka ferlið þangað til að hlutfall U-235 er orðið nægilega hátt í UF6-gasinu. Þegar hlutfall U-235 er komið upp í tæp 3% er UF6-gasinu breytt í UO2 (úrandíoxíð) sem er í föstu formi, en það er eldsneytið sem notað er í kjarnaofna.

**Raforka eða sprengja?**

Eldsneyti með hlutfall U-235 upp á 3% er heppilegt til notkunar við raforkuframleiðslu í kjarnaofni en er ekki nægilega virkt til að nota í kjarnorkusprengju. Í kjarnorkusprengju þarf hlutfall U-235 að vera 80-90%. Í fréttum að undanförnu hefur talsvert verið fjallað um áhuga Írana á að koma sér upp aðstöðu til að auðga úran og andstöðu ýmissa annarra þjóða gegn því. Það sem vakir fyrir þeim sem leggjast gegn því að Íranar komi sér upp slíkri aðstöðu er að koma í veg fyrir að þeir geti framleitt nægilega auðgað úran til þess að búa til kjarnorkusprengju og fái heldur eldsneyti sitt annars staðar frá. Hins ber þó að gæta að kjarnaofn má nota til framleiðslu á kjarnkleyfu plútoni (Pu) sem má nota sem eldsneyti í kjarnorkusprengjur, en auðveldara er að hreinsa það heldur en hið kjarnkleyfa U-235.

*Ágúst Valfells, lektor við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík*

### Af hverju er orðið „fags“ notað yfir sígarettur í Bretlandi en um homma í Bandaríkjunum?

Í ensku er fag ‚sígaretta‘ stytting úr fag-end, ‚stubbur, stúfur‘. Upphafleg merking er því endi á sígarettu en færist síðan yfir á alla sígarettuna í óformlegu máli. Orðið virðist vera frá því í lok 19. aldar.

**Sígarettureykingar kvenlegar**

Orðið fag þekktist í amerísku slangurmáli um sígarettur þegar árið 1915 en um kvenlegan karlmann frá því um 1920 og frá því um 1940 nánast eingöngu um samkynhneigðan mann. Skýringin á notkuninni um sígarettur er talin sú að vindla- og pípureykingarmönnum í Bandaríkjunum hafi þótt kvenlegt að reykja sígarettur sem fóru að verða mjög algengar í lok fyrri heimsstyrjaldar.

**Fag stytting á faggot**

Fag í merkingunni ‚samkynhneigður karlmaður‘ er stytting úr orðinu faggot í sömu merkingu. Elsta dæmi í Oxford English Dictionary (V:663-664) er frá 1914. Þar er orðið talið slangur sem upprunalega komi frá Bandaríkjunum. Í Dictionary of American Slang segir aftur á móti að enskir skólastrákar hafi notað fag allt frá 1830 um strák sem var í þjónustu einhvers, skósvein og að þaðan sé merkingin ‚samkynhneigður‘ komin.

Svo virðist því sem báðar merkingarnar þekkist í ensku vestan hafs og austan þótt sígarettumerkingin virðist hin algengari í Bretlandi.

*Guðrún Kvaran, prófessor, forstöðumaður Orðabókar Háskólans*

Vísindi á verði bíóferðar! Í stað þess að fara með börnunum í bíó á laugardegi er tilvalið að leiða þau inn í heim vísindanna. - Þann 11. mars hefjast Undur vísindanna sem er röð fimm námskeiða um vísindi handa fjölskyldum á vegum Vísindavefsins, Endurmenntunar og Orkuveitunnar. Í fyrsta námskeiðinu verður fjallað um undur örtækninnar og þar verður ýmsum spurningum svarað, meðal annars: Geta tölvur orðið óendanlega hraðvirkar? Mun iPod komast fyrir í eyrnalokk? Munu vélmenni öðlast meðvitund? Verður hægt að hala niður DVD-mynd af netinu á einni sekúndu? Hægt er að skrá sig á vefslóðinni http://www.endurmenntun.is


Stjórnmálaskóli Framsóknarflokksins



Laugardaginn 11. mars

Dagskrá:

Kl. 10:00 **Skólasetning** – formaður flokksins, Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra
Kl. 10:30 **Saga og hugmyndafræði Framsóknarflokksins** – Einar Gunnar Einarsson, skrifstofu Framsóknarflokksins
Kl. 12:00 **Hádegismatur** – ritari flokksins, Siv Friðleifsdóttir þingmaður, ávarpar hópinn
Kl. 13:00 **Framkoma og greinarskrif** – Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra
Kl. 14:30 **Starf ungra framsóknarmanna** – formaður SUF, Jakob Hrafnsson
Kl. 15:00 **Kaffipása**
Kl. 15:15 **Sveitarstjórnarmál** – Árni Magnússon, félagsmálaráðherra
Kl. 16:00 **Árangursríkt hópastarf** – Helga Sigrún Harðardóttir, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins
Kl. 17:00 **Skólaslit** – Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Kl. 17:30 **Heimsókn á Alþingi** – Jón Kristjánsson, Dagný Jónsdóttir og Birkir Jón Jónsson taka á móti hópnum
Kl. 19:00 **Kvöldmatur – SUF partý**

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Öll kennsla fer fram í húsnæði Framsóknarflokksins að **Hverfisgötu 33** í Reykjavík. Námskeiðsgjald er ekkert en þátttakendur verða að **skrá sig í síðasta lagi fimmtudaginn 9. mars** með því að hafa samband við skrifstofu Framsóknarflokksins í síma 540 4300 eða með því að senda póst á framsokn@framsokn.is









**Renault Kangoo**
Verð frá kr. 1.420.000
**Verð frá kr. 1.140.562 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 21.895
**Fjármögnunarleiga kr. 17.586** án vsk.

**Renault Trafic dci100 – Dísel**
Verð frá kr. 2.230.000
**Verð frá kr. 1.791.165 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 34.696
**Fjármögnunarleiga kr. 27.868** án vsk.

**Renault Master**
Verð frá kr. 2.390.000
**Verð frá kr. 1.919.679** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 37.224
**Fjármögnunarleiga kr. 29.899** án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Með bílinn handa þér



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# VELKOMIN Í HÚSGAGNAHÖ

## 3 hæðir af spennandi vörum til heimilisins

**10.000 kr.** viðbótarafsláttur ef settið er keypt saman 3+2



**30% AFSLÁTTUR**

**SINCLAIR** 3 sæta sófi B222 x D98 x H87 cm úr svörtu leðri. Kr. **89.980**
**SINCLAIR** 2 sæta sófi B172 x D98 x H87 cm úr svörtu leðri. Kr. **69.980**

**SINCLAIR 3 SÆTA**
**89.980**
verð áður 139.980

**SINCLAIR 2 SÆTA**
**69.980**
verð áður 99.980

# LOKADAGAR SÓFAVEISLUNNA

**20.000 kr.** viðbótarafsláttur ef settið er keypt saman 3+2



**30% AFSLÁTTUR**

3 SÆTA **59.980** VERÐ ÁÐUR **89.980**

2 SÆTA **49.980** VERÐ ÁÐUR **79.980**

**LYON** 3 sæta sófi B231 x D94 cm, sand áklæði. Kr. **59.980**
**LYON** 2 sæta sófi B213 x D94 cm, sand áklæði. Kr. **49.980**



TUNGUSÓFI **49.980** VERÐ ÁÐUR **89.980**

**45% AFSLÁTTUR**

**BOSTON** tungusófi B240 x D95/153 cm fæst í Camel, rauðu og sand áklæði. Kr. **49.980**



**50% AFSLÁTTUR**

3 SÆTA **39.980** VERÐ ÁÐUR **79.980**

**BENNET** 3 sæta sófi B190 x D100 x H105 cm. Kr. **39.980** einnig til **LA-Z-BOY** stóll í sama áklæði. Kr. **39.980** verð áður kr. ~~68.980~~



**40% AFSLÁTTUR**

HORNSÓFI **94.980** VERÐ ÁÐUR **159.980**

**DENVER** hornsófi L255 x 255 cm x D90 x H70 cm, fæst í camel og sand áklæði. Kr. **94.980**

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

# LLINA

**HÚSGAGNAHÖLLIN**



50% AFSLÁTTUR

**TOSCANA** sensation áklæði sem hægt er að taka af og þvo í þvottavél. 3 sæta sófi B215 x D93 x H49/83 cm. Kr. **39.980**
**TOSCANA** 2 sæta sófi B155 x D93 x H49/83 cm. Kr. **29.980** verð með viðarfótum.

## TOSCANA 3 SÆTA
**39.980**
verð áður 79.980

## TOSCANA 2 SÆTA
**29.980**
verð áður 69.980

# R - YFIR 200 GERÐIR AF SÓFUM



**10.000 kr.** viðbótarafsláttur ef settið er keypt saman 3+2

25% AFSLÁTTUR

3 SÆTA **59.980** VERÐ ÁÐUR **79.980**

2 SÆTA **49.980** VERÐ ÁÐUR **69.980**

**SNOOPY** 3 sæta sófi B230. Kr. **59.980**
**SNOOPY** 2 sæta sófi B192. Kr. **49.980**



30% AFSLÁTTUR

3 SÆTA **69.980** VERÐ ÁÐUR **99.980**

2 SÆTA **59.980** VERÐ ÁÐUR **89.980**

**BERLIN** 3 sæta sófi B240 x D95 x H60/80 cm, mokka áklæði. Kr. **69.980**
**BERLIN** 2 sæta sófi B210 x D95 x H60/80 cm Kr. **59.980**
**BERLIN** stóll B121 x D95 x H60/80 cm kr. **39.980** áður kr. ~~59.980~~



30% AFSLÁTTUR

TUNGUSÓFI **79.980** VERÐ ÁÐUR **119.980**

**SÓFI 5420** tungusófi B240 x D95/170 cm, fæst einnig í öðru áklæði. Kr. **79.980**



3 SÆTA **89.980** VERÐ ÁÐUR **119.980**

2 SÆTA **69.980** VERÐ ÁÐUR **89.980**

**MIAMI** 3 sæta sófi B155 x D87 x H72 cm elfeben leður. Kr. **89.980**
**MIAMI** 2 sæta sófi B207 x D87 x H72 cm elfeben leður. Kr. **69.980**

# Pissað upp í vindinn

Hann er verkfræðingur, verðlaunalagasmiður og framkvæmdastjóri Fortuna ehf. sem stundar hugarrannsóknir og vinnur eftir nýrri vísindalegri sýn að markaðs- og auglýsingamálum. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* kannaði hug **Hallgríms Óskarssonar** til forvarnarauglýsinga, en umræða þess efnis hefur undanfarið verið áköf og umdeild eftir að börn voru fengin til að tala tæpitungulaust í auglýsingum Blátt áfram-samtakanna.




Hallgrímur Óskarsson er framkvæmdastjóri Fortuna - hugarrannsókna ehf., en fyrirtækið hefur einkaleyfi til notkunar á ZMET-aðferðinni sem er fyrsta viðurkennda aðferðin sem greinir ómeðvitaðar hugsanir sem stýra 95 prósentum allra skoðanamótandi hugsana neytenda. ZMET-aðferðin var þróuð við hinn virta Harvard-háskóla á síðastliðnum áratug og hefur opnað fyrirtækjum nýja sýn á hugsunarhátt neytenda og þar með opnað þeim nýjar leiðir til að koma til móts við þarfir viðskiptavina.

Sjálfur er Hallgrímur sérfræðingur í virkni auglýsinga og hefur um hríð leiðbeint stjórnendum íslenskra fyrirtækja í að skilja hvað vekur upp hámarksviðbrögð hjá viðskiptavinum. Hluti af því er að hámarka auglýsingaáhrif. Áhugasvið hans snýst ekki síst um forvarnarauglýsingar þar sem hann hefur bent á niðurstöður rannsókna sem segja til um hvernig þeim sé best háttað svo tilætlaður árangur náist.

*Ef við horfum á forvarnarauglýsingar á borð við „Blátt áfram"; hafa þær tilætluð áhrif og kemst boðskapurinn til skila?*

Því miður eru mörg dæmi þess að forvarnarauglýsingar hafi lítil sem engin áhrif. Auglýsingar „Blátt áfram" eru um margt athyglisverðar því þær vekja upp bæði jákvæð og neikvæð viðbrögð. Dæmi um jákvæð viðbrögð er vakning hjá foreldrum sem í kjölfarið hugsa kynferðislega misnotkun sem raunhæfa áhættu fyrir barn sitt og fyrir vikið passar fólk betur upp á börn sín, sem er vitaskuld afar jákvætt, en þar liggur hundurinn jafnframt grafinn. Auglýsingarnar hvetja foreldra til að ræða þetta málefni við börnin en gefa engar leiðbeiningar um hvernig sú umræða á að fara fram. Því finnst mér líklegt að margir foreldrar finni sig í þeirri erfiðu stöðu að langa til að tala um þetta en viti ekki hvernig þeir eigi að bera sig að. Vera má að upplýsingarnar sé að finna einhvers staðar á netinu, en ekki hægt að gera ráð fyrir að nema lítill hluti fólks hafi fyrir þeirri leit og því betra ef ráðgjöfin hefði falist í auglýsingunni.

*Er eitthvað athugavert við þátt barna í auglýsingunni?*

Í fljóti bragði á ég erfitt með að sjá beinan tilgang þess að nota börn í þessari framsetningu efnis og vissulega dálítið sjokkerandi að heyra þau fara með svo áhrifaríkar setningar, en hver eru hin raunverulegu áhrif? Ég hef ekki fullrannsakað það með ZMET-aðferðinni en fyrstu niðurstöður benda til þess að áhrifahóparnir séu þrír, en þar deila sama hópi þeir sem verða fyrir sömu áhrifum af auglýsingum (sjá hliðarramma um áhrifahópa). Því má vel hugsast að hægt hefði verið að ná fram öllum jákvæðu áhrifum auglýsingarinnar og sleppa þeim neikvæðu með annarri framsetningu.

*Geturðu komið með dæmi um slíka framsetningu?*

Já, auglýsing þar sem fullorðið fólk lýsir því yfir hvernig það ræddi þessi mál við börn sín. Samantektarsetning gæti þá verið eftirfarandi: „Ég er faðir tveggja stúlkna, fimm og níu ára, og hef nýlega gert mér grein fyrir að öll börn geta átt á hættu að verða fyrir kynferðislegri misnotkun af einhverju tagi. Því ákvað ég að ræða við þær um eðlileg samskipti við annað fólk og sagði þeim að enginn mætti snerta á þeim rassinn eða pjölluna, nema með þeirra leyfi. Og að segja pabba og mömmu frá ef einhver reynir að gera það."

Með þessari framsetningu hefðu jákvæðu áhrifin haldist óbreytt hjá áhrifahópi #1 en neikvæðu áhrifin hefðu minnkað eða jafnvel horfið. Neikvæð áhrif hinna áhrifahópanna myndu einnig hverfa að mestu, og því væri hægt að skoða slíka framsetningu næst þegar fara þarf af stað með átak af þessu tagi, án þess að ég gagnrýni á nokkurn hátt þá sem standa að baki „Blátt áfram"-herferðinni, því augljóst er að samtökin hafa unnið gott verk í að opna umræðuna um þessi mál.

*Er almenn vinnuregla sú að gera hugsanarannsóknir áður en haldið er út í gerð forvarnaauglýsinga?*

Því miður ekki, því auglýsendur hafa ekki haft yfir vísindalega viðurkenndum aðferðum að ráða sem segja nákvæmlega til um þær hugsanir sem auglýsingarnar vekja. Enn í dag eru flestar ákvarðanir teknar með brjóstvitinu eða á þann hátt að auglýsingagerðarfólk ákveður herferðir eins og það heldur að virki best í stað þess að vinna út frá vísindalegum gögnum um hámörkun áhrifa þeirra. Það er eins og að pissa út í handahófskennda átt og þá eins víst að maður pissi upp í vindinn, nema maður hafi athugað vindáttina fyrst. Í dag þarf ekki lengur að giska; komnar eru fram rannsóknaraðferðir sem finna út raunveruleg áhrif auglýsinga og þetta mun á næstu misserum leiða til mikilla breytinga í allri auglýsingagerð. Ég geri mér vonir um að tími illa ígrundaðra auglýsinga verði brátt að baki en leiðin að því markmiði er að skilja eðli ómeðvitaðra hugsana.

*Manneskjan er margbrotin og einstaklingarnir misjafnir. Er hægt að greina hugsanir almúgans, því það sem virkar vel á einn gæti virkað þveröfugt á annan?*

Það er nefnilega alls ekki svo að ein skilaboð virki með mismunandi hætti á mismunandi manneskjur. Þegar ómeðvitaðar hugsanir eru greindar reynast þær vera tiltölulega fáar og auðvelt að ná utan um þær. Hins vegar gerist það oft að ein gerð auglýsinga leiðir til ákveðinnar hegðunar hjá einum hóp en andhverfar hegðunar hjá öðrum. Dæmi gæti verið ef Britney Spears myndi syngja popplag gegn reykingum og gerum ráð fyrir að hún reyki ekki. Þá myndu margar unglingsstúlkur meðtaka þau skilaboð afar sterkt, meðan gallharðir rokkstrákar myndu fá góða ástæðu til að aðgreina sig frá sykurpoppinu með því að auka við sig reykingar. Þess vegna skiptir máli að aðgreina áhrif allra hópa sem að málinu koma og þá framleiða lag með fyrirmyndum helstu hópa í forsvari fyrir hverja tónsmíð. Slík lausn, vel útfærð, gæti tryggt hámarksáhrif og útilokað neikvæð áhrif um leið.

*Eru takmörk fyrir því sem færa má í tal í auglýsingum?*

Einu lagalegu takmörkin eru almenn takmörk tjáningarfrelsins ásamt reglum um það hvernig megi tala um aðra aðila á markaði. Því er ekki bannað að setja fram svæsna né ögrandi hluti í auglýsingum. Hins vegar er oft æði tilgangslítið að ögra vegna áhrifa á áhorfendur. Það þjónar nefnilega langt í frá alltaf markmiðum auglýsinga að leggja áherslu á stuðandi framsetningu og dæmi um sannarlega stuðandi auglýsingu er „Blátt áfram" því þar eru börn látin segja setningar sem við erum alls óvön að heyra af vörum þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að talsvert stór hópur fólks lokar eyrum fyrir ögrandi skilaboðum í stað þess að meðtaka þau og íhuga, og fer að hugsa neikvætt um þann sem flytur skilaboðin. Þetta á bæði við í forvarnar- og almennum markaðsauglýsingum. Ögrandi framsetning er því vandmeðfarin vegna blendinna viðbragða og alls ekki alltaf rétta leiðin að settu marki.

*Höfum við byggt upp þol gagnvart áreiti auglýsinga og því orðið nauðsynlegt að sjokkera til að ná umtali og athygli í forvörnum?*

Almenningur hefur fyrir margt löngu byggt upp þol gagnvart auglýsingum svo lifa megi af í sífellt auknu áreiti þeirra. Rannsóknir í Bandaríkjunum hafa sýnt að börn eru orðin vanari því að sjá auglýsingar og leggja ekki jafn mikinn trúnað upp úr þeim og áður. Það er ekki endilega það sama að ná umtali og athygli, og auka með því hegðun sem auglýsingin á að stuðla að, því oft geta sjokkerandi auglýsingar haft þveröfug áhrif, eins og áður kom fram.

*Geta skilaboð auglýsinga með forvarnargildi þá kveikt bál hjá þeim sem síst skyldi?*

Já, og sá er oft helsti vandi forvarnarauglýsinga. Það er ekki hægt að segja fólki hvernig það á að hugsa; aðeins um hvað það á að hugsa. Í forvarnarauglýsingu er hvorki hægt að segja fólki að neyta ekki fíkniefna því að þau séu hættuleg, né segja því að keyra ekki hratt því að hraðakstur geti leitt til alvarlegra umferðarslysa. Hins vegar er mögulegt að vekja fólk til umhugsunar um fíkniefni, hraðakstur og aðra miður skemmtilega hluti en það ræðst alltaf af heildarframsetningu auglýsingarinnar; hvort hún hvetji eða letji mismunandi hópa til þeirrar hegðunar sem varað er við. ■



**Flestir íslenskir auglýsendur nota enn þá frumstæðu aðferð að meta velgengni auglýsinga út frá því hversu margir hafa sagst sjá þær og mælt er meðal annars í símakönnun. Að mati Hallgríms er það svipað og að áætla fylgi stjórnmálaflokks út frá því að spyrja fólk hvort það hafi tekið eftir formanni viðkomandi flokks í fjölmiðlum í liðinni viku.**

● Húmor er oft notaður í auglýsingum og almennt jákvætt þegar húmor tengist þeim áhrifum sem auglýsingin á að ná. Svo er þó oft ekki. MUU-auglýsingarnar frægu (mjólkurauglýsingarnar) eru dæmi um auglýsingar sem líklega höfðu engin viðskiptatengd áhrif og vöktu engar hvetjandi hugsanir um aukna neyslu á mjólk. Húmorinn í auglýsingunum féll þó vel í kramið hjá mörgum, en alls ekki öllum. Þá vaknar upp spurning um markmið auglýsinganna. Var markmið að birta fyndið efni? Og af hverju styrkti þá Mjólkursamsalan ekki gamanmyndagerð í staðinn? Líklega væri hún ófáanleg til þess því slíkt er of fjarlægt hennar viðskiptatengdu markmiðum.

● Ég segi oft í gamni þegar ég sé auglýsingar sem hafa engin viðskiptaleg áhrif að betra sé að gefa peninginn til Mæðrastyrksnefndar. Dæmi um forvarnarauglýsingu sem notar húmor er „Heppinn" og segir frá fólki sem skaddast varanlega eftir umferðarslys en er svo „heppið" að þurfa ekki lengur að sjá um ýmsa þætti í daglegri rútínu. Mörgum finnst gaman að fylgjast með þessum auglýsingum því í þeim er svartur húmor og margir hafa gaman að tvíræðninni sem kemur fram. En þegar kemur að raunverulegum áhrifum í þá veru að minnka hraðakstur bendir margt til þess að áhrif herferðarinnar séu afar lítil.

● Kunn er auglýsing gegn hraðakstri sem sýnir andlitsmyndir af fórnarlömbum á vegum landsins. Sú auglýsing hefur unnið til verðlauna fyrir tæknilega vinnu því á því sviði er auglýsingin góð. Mynd- og hljóðhluti er fagur en því miður virðist sem varanlegar hugsanir áhorfenda um að minnka umferðarhraða séu mjög veikar. Í umferðarauglýsingum er nefnilega ekki hægt að segja: „Hægðu á þér!" vegna þess að önnur manneskja slasaðist mikið. Fólk meðtekur þau skilaboð almennt ekki, en engu að síður ganga margar forvarnarauglýsingar út á einmitt þau grunnskilaboð.

● Dæmi um forvarnarauglýsingu sem virkar má einnig finna víða. Þar má nefna myndir af lungum gegnsósa af tjöru eftir miklar reykingar. Þar er talað um skýrar, neikvæðar afleiðingar reykinga á mjög myndrænan og öflugan máta.

**ÁHRIFAHÓPUR #1: FULLORÐIÐ FÓLK**

Hugsanir á borð við: „Þetta getur komið fyrir mitt barn" vakna og leiða til aukinnar vitundar um verndun barna gegn kynferðislegri misnotkun. Auglýsingar geta einnig haft neikvæð áhrif á sama hóp og valdið því að fólk verði óöruggara með að snerta börn: „Er í lagi að snerta barnið mitt svona eða hinsegin?" getur orðið ríkjandi hugsun og má færa rök fyrir að slíkt geti frekar komið upp í samböndum barna og stjúpforeldra.

**ÁHRIFAHÓPUR #2: BÖRN**

Börn sjá önnur börn á skjánum segja setningar sem þau skilja ekki alveg, en fer þó eftir aldri. Börnin skynja að börnin á skjánum fá mikla athygli fullorðinna áhorfenda og getur leitt til þeirra jákvæðu viðbragða fyrir samfélagið að börn sem þolendur byrji að segja frá miður fallegum tilvikum sem eiga sér raunverulega stoð. Á sömu lund gætu börn reynt að fá sams konar athygli og börnin í sjónvarpinu fá og hugsunargangurinn þá verið: „Ég vil athygli" - „börnin í auglýsingunni fá athygli" - „ég ætla að gera eins og þau". Rangar ásakanir eða ýktar í þessum málum geta orðið jafnmikill harmleikur og réttmætar ásakanir, en með rannsókn væri hægt að sjá hvor hópurinn er stærri og þar með hægt að ákveða hvort réttmætt sé að nota börn með þessum hætti í auglýsingar.

**ÁHRIFAHÓPUR #3: FULLORÐIÐ FÓLK SEM HEFUR SNERT AF ÞEIRRI ÞÖRF SEM AUGLÝSINGARNAR EIGA AÐ VINNA GEGN.**

Í ákveðnum tilfellum geta auglýsingar unnið gegn markmiði sínu, einkum ef áhorfandinn býr yfir annarlegum kenndum sem enn hafa ekki fengið útrás. Í slíkum tilfellum getur orðalag barna í auglýsingu mögulega ýtt á þær kenndir að koma upp á yfirborðið. Orðalagið: „að strjúka pjöllu" eða „fikta í typpi", skapar hugsanatengsl við hinar annarlegu hvatir og getur átt þátt í að breyta hugsunum í verknað. Sams konar hugsanatengsl verða þegar í fréttum segir að Kate Moss sé ein fegursta fyrirsæta heims, ásamt því að neyta fíkniefna. Þar sem annað er eftirsótt (fegurð) verður hitt það líka (neysla).

# Vaxtalaus tilboð

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

COLCHON DUPEN

DINAMICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 1.800 kr* | 13 mán. | 23.400.- |
| 120 x 200 | 2.300 kr* | 13 mán. | 29.900.- |
| 150 x 200 | 2.800 kr* | 13 mán. | 36.400.- |
| 180 x 200 | 3.300 kr* | 13 mán. | 42.900.- |

COLCHON DUPEN

ORTOPEDICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.500 kr* | 13 mán. | 45.500.- |
| 120 x 200 | 4.600 kr* | 13 mán. | 59.800.- |
| 150 x 200 | 5.100 kr* | 13 mán. | 66.300.- |
| 180 x 200 | 6.000 kr* | 13 mán. | 78.000.- |

COLCHON DUPEN

IMPERIAL



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 4.100 kr* | 13 mán. | 53.300.- |
| 120 x 200 | 5.000 kr* | 13 mán. | 65.000.- |
| 150 x 200 | 5.900 kr* | 13 mán. | 76.700.- |
| 180 x 200 | 7.700 kr* | 13 mán. | 100.100.- |

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

## Sængurver úr **100% bómull**



Cool Linen sængurverasett
hvítt, drapp
1.999 kr



Cool Linen sængurverasett
drapp, blátt
1.999 kr



Cool Linen sængurverasett
með blúndu, hvítt
2.499 kr

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Að skapa bjarta framtíð í nýju landi

Anh-Dao Tran hefur um árabil starfað að málefnum innflytjenda. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* spjallaði við **Anh-Dao** og **Hildi Jónsdóttur**, jafnréttisráðgjafa Reykjavíkurborgar, um hvernig hægt sé að aðstoða unga innflytjendur við að afla sér menntunar.

Anh-Dao Tran er menntunarráðgjafi og verkefnisstjóri Framtíðar í nýju landi, tilraunaverkefnis sem miðar að því að aðstoða erlend ungmenni á aldrinum 15-25 ára við að afla sér menntunar og virkja þau til frekari þátttöku í íslensku samfélagi. Með henni starfar Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar sem er formaður verkefnisstjórnar. Anh-Dao hefur um árabil starfað að málefnum innflytjenda, bæði hérlendis og í Bandaríkjunum og þekkir vel málefni ungra innflytjenda innan íslenska skólakerfisins.

Anh-Dao útskýrir að vinnan við verkefnið hafi hafist haustið 2002 þegar hún var flutt aftur til Reykjavíkur eftir nokkurra ára búsetu á Bifröst. „Ég fékk svo margar spurningar, fólk hafði samband við mig og bað um hjálp. Síminn stoppaði ekki, sérstaklega rétt áður en skólarnir voru að byrja.“ Anh-Dao hefur starfað sem túlkur fyrir Alþjóðahúsið og þekktir meðal annars margar víetnamskar fjölskyldur og á þessum tíma fann hún þörf þeirra fyrir stuðning og leiðsögn, sérstaklega í tengslum við menntun og menntunartækifæri. Stuttu síðar kynntist hún Hildi Jónsdóttur og í sameiningu hleyptu þær verkefninu af stokkunum í samvinnu við Reykjavíkurborg, Rauða kross Íslands, félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Alþjóðahúsið og Velferðarsjóð barna.

Þetta er víðtækt verkefni sem meðal annars miðar að því að veita þátttakendum þess stuðning og hvatningu, kynna þeim þá þjónustu sem þegar er í boði, til dæmis starfsnám í Fjölsmiðju Rauða kross Íslands og nám í mismunandi framhaldsskólum en fyrsti hópurinn sem unnið er með er hópur ungmenna sem ættuð eru frá Víetnam. Anh-Dao útskýrir að það sé meira en að segja það fyrir ungmenni af erlendum uppruna að skrá sig í framhaldsskóla, ekki aðeins vegna þess að skólarnir taki misvel á móti þeim heldur sé tungumálið líka mikill þröskuldur. „Við höfum lengi talað um það að útlendingar þurfi að læra íslensku sem daglegt mál, talmál, og nú eru margir að kenna það og það gengur vel. En það er þetta skólamál. Nemendur þurfa að vera fljótir að læra íslenskuna sem þau þarfnast í framhaldsskólunum. Það er mjög erfitt, sérstaklega þegar þau hafa ekki verið lengi á Íslandi.“ Ofan á það bætist að þekking innflytjenda á íslenska skólakerfinu er takmörkuð – framhaldsskólarnir hafi ólíkar áherslur, sumir eru með bekkjakerfi, aðrir áfangakerfi, sumir eru með starfsnám og aðrir ekki. „Þess vegna eru foreldrarnir líka dálítið týndir og geta ekki veitt börnunum sínum jafn mikinn stuðning,“ segir Anh-Dao og bætir við að foreldrarnir hafi misgóða íslenskukunnáttu og að aðgengi að upplýsingum um framhaldsskólana sé líka takmarkað vegna þess.

### Leitast við að efla einstaklingana

Á síðasta ári var unnið fjölbreytt starf með þátttakendum í verkefninu, meðal annars hófu tveir þeirra störf í starfsþjálfunarverkefni Fjölsmiðjunnar. Einnig var aðstoðað við tungumálanám þátttakenda á margvíslegan hátt, þeim liðsinnt við umsóknir til dæmis um skólavist og við að fá fyrra nám metið inn í nýjan skóla. Hluti af starfi innan verkefnisins er að gefa ráð, til dæmis um framhaldsskóla og



HILDUR JÓNSDÓTTIR JAFNRÉTTISRÁÐGJAFI

námskeið sem hæfa áhugamálum og getu ungmennanna og leita aðstoðar fyrir þá sem hana þurfa.

„Verkefnið hefur gengið ofsalega vel,“ útskýrir Anh-Dao, „þátttakendum hefur fjölgað og fólk hefur tekið okkur mjög vel.“ Hildur tekur undir þetta og undirstrikar að það sé aðallega tvennt sem þau hafi haft að augnamiði fyrsta árið. „Við vildum vinna traust þeirra ungmenna sem verkefnið nær til þannig að þau myndu leita til þess og ákveða að vinna með því vegna þess að það er heilmikil skuldbinding. Við bjuggumst við að þetta gæti tekið tíma en það hefur gengið gríðarlega vel. Þar skiptir mestu máli að verkefnisstjórinn Anh-Dao þekkir þetta samfélag svo vel. Hitt er að við vildum mynda tengsl við alla þá fjölmörgu aðila sem geta og vilja vinna með okkur en það hefur líka gengið vel og margir hafa haft samband,“ segir Hildur og bendir á að nú séu þau í auknum mæli farin að leita samstarfs hjá fyrirtækjum.

„Við erum ekki bara að útvega fólki vinnu því margir þátttakendanna eru þegar í vinnu. Við erum að leita að ábyrgari vinnustöðum, fyrirtækjum sem sýna samfélagslega ábyrgð og eru tilbúin til þess að bjóða þeim vinnu þar sem er boðið upp á íslenskunám, eða starfsmaðurinn getur sótt íslenskunám samhliða vinnu. Einnig er mikilvægt að vinnan sé unnin í félagslegum tengslum svo að málið æfist vegna þess að mörg þessara ungmenna eru í láglaunastörfum, til dæmis að vaska upp á veitingastöðum, þar sem þau nota ekki tungumálið. Þau eru ekki í vinnu sem er að aðlaga þau að samfélaginu.“ Hildur segir að þau leiti að fyrirtækjum sem geti boðið þátttakendunum í verkefninu starf við þeirra hæfi – vinnu sem ýmist gagnast þeim til þess að læra meiri íslensku, vinnu sem þau hafa áhuga á að stunda eða gæti til dæmis vakið áhuga þeirra á frekara námi. „Við erum í auknum mæli að leita að fyrirtækjum og hjálpa þátttakendunum að skipta um vinnu því þau þora ekki að segja upp vinnunni sinni fyrr en þau eru komin með aðra. Þau eru oft háð tekjunum og ef til vill ekki tilbúin af efnahagslegum ástæðum til að fara í framhaldsskóla eða ekki með nógu góðan grunn í íslensku til þess,“ segir Hildur.

Innan verkefnisins er líka leitast við að efla einstaklingana og auka félagslega færni þeirra. Í samstarfi við skátana var til dæmis haldið leiðtoganámskeið fyrir þátttakendurna. „Okkur finnst skipta máli að virkja krakkana til að vera leiðtogar í eigin lífi og styrkja hópinn sem slíkan. Við þurfum á því að halda að innflytjendasamfélagið eigi sér góða og öfluga talsmenn. Það virkar í báðar áttir og auðveldar öllum að vinna saman, til dæmis ólíkum stofnunum sem vinna á þessu sviði. Það er í þágu samfélagsins og þágu krakkanna sem hóps og sem einstaklinga að fá leiðtogaþjálfun og sjálfsstyrkingu,“ segir Hildur og bætir því við að það sé mikið í húfi fyrir lítið samfélag eins og Ísland og að við höfum ekki efni á að standa illa að málefnum innflytjenda.

### Innflytjendur á Íslandi

„Það er svo stutt síðan innflytjendamál komust á dagskrá á Íslandi,“ segir Anh-Dao og bendir á það séu ekki nema svona 10-15 ár síðan að þetta kom inn í umræðuna. Hún þekkir það vel af eigin raun því hún kom fyrst til Íslands árið 1980. „Ég kom hingað á undan grænmetinu,“ segir hún hlæjandi. „Þegar ég kom fyrst var ekkert til, nema kannski epli eða bananar en svo fjórum árum síðar var svo margt breytt.“ Anh-Dao flutti til Íslands ásamt eiginmanni sínum Jónasi Guðmundssyni hagfræðingi árið 1984. Anh-Dao er fædd í Víetnam en flúði ásamt fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna árið 1975 og þekkir því hlutskipti innflytjenda og flóttafólks vel. Hún aðstoðaði meðal annars hóp flóttamanna frá Víetnam sem kom hingað til lands árið 1990.

Hún segir að viðhorf fólks hafi breyst mikið á þessum áratugum en það séu ennþá fordómar til dæmis meðal fólks sem heldur því fram að útlendingar séu að flykkjast til Íslands til þess að taka frá þeim vinnu. Hún útskýrir að við megum ekki bara halda að útlendingar séu ekki bara vinnuafl heldur hafi þeir svo margt lærdómsríkt fram að færa fyrir íslenskt samfélag. „Við getum ekki tekið neitt án þess að gefa eitthvað til baka,“ segir Anh-Dao.

Hún útskýrir þá erfileika sem mæta ungum innflytjendum sem þurfa að hjálpa foreldrum sínum við að byggja upp nýtt líf í nýju landi. Áherslan hafi löngum verið á atvinnu fremur en á frekari skólagöngu en þetta sé að breytast og ungmenni séu nú tilbúnari til þess að fara í skóla. „Við verðum að finna leið til þess að segja þeim að þau geti farið í skóla, það vantar eitthvað í kerfið en þau þurfa að hjálpa okkur að breyta því.“ Foreldrar og fjölskylda skipta miklu máli þegar kemur að hvatningu unga fólksins. „Það vilja allir foreldrar betra líf fyrir börnin sín,“ segir Anh-Dao en bendir líka á að foreldrarnir hafi í mörgum tilfellum ekki skilning eða þekkingu á umhverfinu eins og börnin og geti því ekki stutt þau sem skildi.

Samfélagið þarf líka að styðja við nýja íbúa og Anh-Dao segir að Ísland myndi græða mikið á því að allir tækju höndum saman og hugsuðu betur um náunga sinn. „Við þurfum að bjóða fleirum að taka þátt, ég er hrifin af hugmyndinni um sjálfboðaliðastarf því það gefur fólki meira að kynnast af eigin raun – frekar en að gefa þúsundkall í eitthvað málefni – þá er mikilvægt að kynnast því sem liggur á bak við. Það getur verið erfitt eða tímafrekt en það er nauðsynlegt, líka með tilliti til fordóma og mismunar og því þurfum við líka að virkja fólk. Við erum öll manneskjur og viljum öll eiga gott líf og vera hamingjusöm.“ Innan verkefnisins Framtíð í nýju landi vinna þrettán sjálfboðaliðar eða mentorar sem liðsinna jafnöldrum sínum og styðja þau félagslega og í námi. Anh-Dao bendir enn fremur á að innflytjendur geti ekki kynnst landinu án þess að eiga samskipti við innfædda og að menningarlæsi virki í báðar áttir.

Í framtíðinni vonast Anh-Dao og Hildur til þess að módelið sem tilraunaverkefnið þeirra er að þróa muni nýtast fleirum, ekki aðeins öðrum ungum innflytjendum sem þurfa að fóta sig innan íslenska skólakerfisins heldur einnig öðrum íslenskum ungmennum sem mögulega glíma við saman vanda. „Við vitum að brottfall úr íslenskum framhaldsskólum er of hátt,“ segir Hildur og áréttar að mjög margir, einnig innfædd ungmenni, þurfi meiri stuðning til þess að finna sér nám við hæfi og koma sér aftur í skóla. Þær stöllur benda enn fremur á að þessa dagana er verið að huga að breytingum á íslenskukennslu fyrir erlenda nemendur, eða nemendur sem tala íslensku sem annað tungumál, í framhaldsskólum. Í tillögum sem sjá má á heimasíðu menntamálaráðuneytisins er meðal annars áréttað að allir nemendur í framhaldsskólum sem hafa annað móðurmál en íslensku og fasta búsetu hér á landi eigi rétt á sérstakri íslenskukennslu og lagðar fram hugmyndir um framkvæmd slíkrar kennslu. Í tillögunum er einnig kveðið á um að framhaldsskólar skuli móta sér móttökuáætlanir fyrir nemendur sem eiga rétt á slíkri kennslu og meta stöðu þeirra á einstaklingsgrundvelli en hingað til hefur framhaldsskólum verið í sjálfsvald sett hvernig þeir taka á móti nemendum af erlendum uppruna. Anh-Dao og Hildur eru því bjartsýnar að þessar tillögur muni almennt hvetja forsvarsmenn framhaldsskólanna til þess að huga betur að málefnum ungmenna af erlendum uppruna. ■



**ANH-DAO TRAN, VERKEFNISSTJÓRI FRAMTÍÐAR Í NÝJU LANDI** „Við getum ekki tekið neitt án þess að gefa eitthvað til baka.“

- Ekki er vitað til þess að skipuleg skráning hafi farið fram á brottfalli nemenda af erlendum uppruna úr íslenskum framhaldsskólum en áætlað er að um fjörutíu prósent nemenda í framhaldsskólum hætti námi áður en þeir ljúka prófi.
- Allir nemendur sem hefja nám í framhaldsskóla þurfa að ljúka 24 einingum í bóklegu grunnnámi áður en þeir geta hafið starfsnám sitt af fullum krafti, þrátt fyrir að hafa yfirleitt grunnskólapróf eða 10 ára nám að bak í grunnskóla
- Margt bendir til þess að ungmenni sem flosna upp úr framhaldsskóla eigi erfitt uppdráttar á vinnumarkaði. Nýleg rannsókn sem unnin var fyrir ÍTR og Félagsþjónustuna í Reykjavík leiddi meðal annars í ljós að ungmenni 16-19 ára sem standa utan framhaldsskólanna séu langtum verr stödd félagslega og andlega en jafnaldrar þeirra í framhaldsskóla.
- Upplýsingar frá Hagstofunni benda til þess að brottfall úr iðngreinum og fjarnámi sé ekki minna en úr bóknámi.
- Færri Íslendingar stunda nám á framhaldsskólastigi en annars staðar á Norðurlöndunum. Einungis 56 prósent Íslendinga á aldrinum 25–65 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi en þetta hlutfall er um það bil 78 prósent á hinum Norðurlöndunum.
- Yngsti þátttakandinn í verkefninu Framtíð í nýju landi er fæddur 1988 en sá elsti 1980.
- Í lok fyrsta starfsársins 2005 voru 25 þátttakendur í verkefninu og hafði þá fjölgað um tíu síðan því var hleypt af stokkunum en verkefnið snertir, með einum eða öðrum hætti um það bil 50 ungmenni.
- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands eru 96 ungmenni af víetnömskum uppruna á aldrinum 17-27 ára búsett hérlendis en 98 prósent þeirra búa á höfuðborgarsvæðinu.


Nýtt!

VISALán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.



- Staðgreiðsluverð
- Lægri vextir
- Lægri kostnaður
- Til allt að 36 mánaða
- Framlengdur ábyrgðartími
- Flutningstrygging
- Vildarpunktar

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

Spurðu um

VISALán
– HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

ENNEMM / SÍA

# FLÖT SJÓNVÖRP

## FRÁBÆRT ÚRVAL!

### ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR!




**UNITED**

**PTV42** 42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, HDTV Ready, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 139.990**

FULLT VERÐ kr. 159.990

---




**UNITED LTV27**

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, HDTV Ready, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990




**GRUNDIG LXW828510**

32" LCD HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu og 16ms svartíma, (H/V): 170/170° sjónsviði og 450 cd/m2 birtustigi, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart tengum (með RGB) og PC tengi (DVI-D og VGA), SVHS og RCA tengi, heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990




**THOMSON 42PB120S5**

42" ED PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með 852x480 punkta upplausn og 3000:1 skerpu,1000 cd/m2 birtu, HDTV Ready, mynd í mynd (1 móttakari), 28w Nicam Stereó hljóðkerfi, textavarp með 2100 síða minni, 2 Scart, Component, SVHS og CVBS tengjum, PC tengi (DVI), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990

---

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# Gætum haft opið 24 tíma á sólarhring

**Stefán Þormar Guðmundsson** söðlaði um fyrir fjórtán árum síðan og hætti í vel launuðu starfi innkaupastjóra til að taka við rekstri Litlu kaffistofunnar í Svínahrauni. Þar hefur hann hvern dag síðan staðið vaktina ásamt fjölskyldu sinni frá klukkan sex á morgnana. *Albert Örn Eyþórsson* gerði sér ferð og stoppaði við í kaffi hjá honum á leið austur fyrir fjall.



**SÚPA EINS OG ÞÆR GERAST BESTAR** Það er ekkert sjoppulegt við rjómalagaðar súpurnar sem boðið er upp á í Litlu kaffistofunni en Stefán kýs fremur að bjóða slíkt en hamborgara og slíka skyndibita. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Fullyrða má að Litlu kaffistofuna þekki allir landsmenn. Þessi gamla timburbygging sem stendur við þjóðveginn eins og skrattinn úr sauðarleggnum í eyðilegu og hrjóstrugu umhverfi sandhóla og hraundranga og er elsti starfandi áningastaðurinn við þjóðveginn.



**LJÓS Í MYRKRINU** Fátt er kærara þeim er leið eiga um Svínahraunið í vondum veðrum en að sjá Litlu kaffistofuna álengdar. Þar standa dyrnar opnar alla daga og nætur líka ef veðurspár gera ráð fyrir óveðri. MYND/INGÓ.J

## Viðskiptin aukast dag frá degi

Það er nóg að gera alla daga hjá Stefáni og þann dag er blaðamaður tók hús á honum var engin undantekning. Tólf flutningabílar stóðu á planinu fyrir utan, bílstjórar þeirra inni í hádegismat og gerðu allir sem einn góðan róm að þeim réttum sem í boði voru. Rjómalagaðar súpur Stefáns eru hnossgæti svo ekki sé minnst á heimalagað brauðið sem allnokkrir gera sér sérstaka ferð út af segir Stefán með stolti.

Mikið er um að fólk á leið í bústaði sína fyrir helgar komi við og taki með sér nokkrar sneiðar í nesti. Hægt er að ganga að slíku góðgæti vísu alla daga ársins meðan opið er en standi vilji ferðalanga til að fá sér hamborgara eða slíkan skyndibita koma menn að tómum kofa á Litlu kaffistofunni. „Ég vil fremur bjóða upp á þjóðlega rétti en slíkan mat og það hefur sýnt sig að flestir þeir sem hingað koma eru ánægðir með það. Ég kvarta ekki undan viðskiptunum. Það koma hérna dagar og vikur yfir allt sumarið sem ég gæti alveg haft opið allan sólarhringinn og haft nóg að gera en ég verð að hugsa um fjölskylduna.“



**MAÐUR ER MANNS GAMAN** Einkunnarorð Stefáns eru fengin úr Hávamálum: „Ungur var ég forðum, fór ég einn saman: þá varð ég villur vega. Auðigur þóttumst, er ég annan fann. Maður er manns gaman.“FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## Umferðin þung en vegir batnað

„Það koma álagstímar hér á sumrin þegar umferð hér um er margföld á við Reykjanesbrautina sem gjarnan er miðað við í fréttum. Mig minnir að það mesta sem mældist á sunnudegi hér síðasta sumar voru tæplega 17 þúsund bílar á sólarhring. Þá myndaðist líka flöskuháls hér fyrir neðan. Nú eru komin tvö ný hringtorg hér á leiðinni frá Reykjavík að kaffistofunni og ég veit að margir eru forvitnir um hvort það sama verður uppi á teningnum í sumar. Einnig veit ég um marga sem furða sig á að vegurinn sé ekki tvær akreinar í báðar áttir í stað þess að hafa tvær aðeins öðru megin. En vegurinn er öruggari en áður að mínu viti.“

Áður fyrr birtust vart fréttir af ófærð eða óhöppum á Suðurlandsvegi án þess að Litla kaffistofan væri nefnd. Þar áttu allmargir athvarf þegar veður voru sem verst en Stefán segir þetta liðna tíð. „Fyrir utan stöku skot hefur ekkert verið að veðri hér um slóðir í mörg ár og af sem áður var þegar vegurinn varð ófær hvað eftir annað alla vetur. En við stöndum enn vaktina í hvert sinn sem veðurspáin er slæm og þá er hér opið fyrir alla sem á þurfa að halda.“

## Sögulegar myndir á veggjum

Hvarvetna sem litið er í matsal kaffistofunnar má líta ljósmyndir frá hinum og þessum atvikum í íslenskri knattspyrnu gegnum tíðina.

Upphaflega segir Stefán, sem sjálfur er Skagamaður í húð og hár, að til hafi staðið að leyfa myndunum að hanga í eitt ár eða svo en áhuginn hafi verið slíkur að þær hanga enn uppi og alltaf bætist í safnið. „Ég hef fengið hingað til mín hópa ferðamanna eingöngu til að skoða myndirnar og þetta vekur athygli hjá útlendingum líka. Þar sem ég sjálfur er forfallinn boltaaðdáandi þá finnst mér til sóma að þær hangi hér enda er safnið orðið ansi gott þótt ég segi sjálfur frá. Hér er mynd af fyrsta leiknum sem spilaður var á Íslandsmótinu árið 1912 og fleiri myndir eru hér sem þykja merkilegar fyrir margra hluta sakir. Það er mér ánægja að safna þeim og sýna enda engin íþrótt sem kemst nálægt knattspyrnunni hvað skemmtun varðar að mínu viti.“

## Stendur vaktina áfram

Stefán hefur ekkert í hyggju að hætta eða setjast í helgan stein á næstunni.

„Við höfum gaman af þessu og höfum kynnst svo mörgu fólki sem hingað kemur að það verður ekki á næstunni. Með meiri umferð aukast viðskiptin vonandi enn frekar og það er von mín að allir sem hingað koma finnist þeir velkomnir enda er ár og dagur síðan ég gerði mér grein fyrir að þú færð alltaf til baka það sem þú gefur. Fái viðskiptavinur góða heimilislega þjónustu og góðan mat aukast líkurnar til muna að hann komi aftur. Það er allur galdurinn.“







NÝKOMIÐ AFTUR:

ETHNICRAFT EIKARLÍNAN
20% AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT MARSMÁNUÐ

FABRIKAN

TEKK
COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



**BROKEBACK MOUNTAIN** Þykir nánast örugg um að hirða styttuna sem besta mynd ársins.



**MUNICH** Steven Spielberg í fantaformi en verður að lúta í lægra haldi fyrir Ang Lee.



**GOOD NIGHT AND GOOD LUCK** George Clooney sýnir að hann er framtíðarmaður í Hollywood.



**CAPOTE** Philip Seymour Hoffman þykir stórkostlegur og myndin fáguð.

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR Í ÓSKARINN

# ALLT GETUR GERST

Sumum þykir hún ofmetin og fyrirsjáanleg, aðrir segja allt geta gerst á Óskarnum, en þetta er hátíðin sem allir bíða eftir.

78. verðlaunin verða afhent í Kodak-höllinni annað kvöld en Óskarinn er sennilega frægustu kvikmyndaverðlaunin, sama hvað tautar og raular. Reyndar er rangt að kalla þetta Óskarsverðlaun því réttnefni styttunnar er „Academy Award of Merit“ eða Heiðursverðlaun Akademíunnar.

Tvennar sögur fara af nafngiftinni Óskar en lífseigasta minnið er sennilega um bókasafnsvörðinn Margaret Herrick sem þótti styttan vera lík Óskari frænda sínum, hver svo sem það er. Önnur saga og öllu skemmtilegri er hins vegar sú að leikkonan Bette Davis hafi skírt styttuna í höfuðið á fyrsta eiginmanni sínum.

Jon Stewart sér um að bjóða gesti velkomna og fetar þar með í fótspor Steve Martin, Whoopi Goldberg, Billy Crystal og Johnny Carson að ógleymdum David Letterman, sem hristi allverulega upp í skrautklæddum stjörnunum með hnyttnum orðaleikjum um Opruh Winfrey.

Hollywood er loksins að jafna sig eftir að Peter Jackson jarðaði keppinauta sína með Hringadróttinssögu árið 2003. Verðlaunin í fyrra þóttu bragðdauf og átti Million Dollar Baby ekki marga fylgismenn meðal kvikmyndaáhugamanna en flestir reiknuðu með að Martin Scorsese myndi loks standa uppi sem sigurvegari. Árið í ár er hins vegar ákaflega bitastætt, fullt af ádeilu og sögulegum ágripum að ógleymdri einhverri eftirminnilegustu ástarsögu ársins.



**GYLLENHAAL** Var frábær sem Jake Twist í Brokeback Mountain. Tryggir myndinni einu leikaraverðlaunin.

### Besta myndin

**Brokeback Mountain:** Það kæmi mörgum á óvart ef samkynhneigðu smalastrákarnir hans Ang Lee færu ekki heim með Óskari frænda. Hún var valin besta myndin á Golden Globe og Bafta.

**Helsti keppinautur**

**Capote:** Mögnuð frásögn af sögunni á bak við eina vinsælustu bók bandarískrar bókmenntasögu. Leikurinn þykir með eindæmum góður og myndin er sú eina sem gæti „hugsanlega, kannski“ skákað Brokeback.

**Aðrar tilnefndar**

**Crash:** Rasismi lifir góðu lífi í LA en Crash er ekki Óskarsmynd. **Munich:** Verður að teljast ólíklegt að gullkálfurinn Steven Spielberg skáki Ang Lee. **Good Night and Good Luck:** Sterk og stílfærð en það nægir ekki þetta árið.

### Besti leikari í aðalhlutverki

**Philip Seymour Hoffman:** Sýnir ótrúlegan leik sem Truman Capote og líkt og Brokeback hefur hann unnið öll hugsanleg verðlaun sem í boði eru.

**Helsti keppinautur**

**Joaquin Phoenix:** Umbreytist í Johnny Cash og þótt erfitt sé að etja kappi við Hoffman skyldi enginn útiloka ást Kanans á látnum hetjum.

**Aðrir tilnefndir**

**Terrence Howard (Hustle & Flow):** Lítið hefur farið fyrir nafni þessa leikara í spádómum erlendra kvikmyndaspekinga. **Heath Ledger (Brokeback Mountain):** Þrátt fyrir frábæran leik er tími Ledgers ekki enn kominn. **David Strathairn (Good Night and Good Luck):** Leikur hans sem Edward R. Murrow er ótrúlega traustur en hlutverkið of „venjulegt“ að þessu sinni.

### Besta leikkona í aðalhlutverki

**Reese Witherspoon sem June Carter í Walk the Line:** Litla, sæta og rómantíska leikkonan sýnir að hún getur leikið. Reese tekur vonandi við verðlaununum með stóískri ró og verður sér ekki til skammar.

**Helsti keppinautur**

**Felicity Huffman sem Bree Osbourne í Transamerica:** Kvikmyndagestir gleyma því að kynskiptingurinn er í raun kona. Aðþrengda eiginkonan rennur mörgum seint úr minni en Huffman líður fyrir gæði myndarinnar sjálfrar.

**Aðrar tilnefndar**

**Keira Knightley (Pride & Prejudice):** Tilnefning sem kom mörgum á óvart en Knightley vill ekki bara vera sæta stelpan með breska hreiminn. **Charlize Theron (North Country):** Fá bitastæð kvenhlutverk útskýra tilveru Theron í þessum flokki. **Judi Dench (Mrs. Henderson Presents):** Minnstu sigurlíkurnar enda Dench ekki einu sinni komin á aldur.

### Besti leikari í aukahlutverki

**Jake Gyllenhaal sem Jack Twist í Brokeback Mountain:** Þar sem Heath Ledger fer heim slyppur og snauður er nánast öruggt að Gyllenhaal taki styttuna. Þetta verður stjörnubjart kvöld uppi á fjalli.

**Helsti keppinautur**

**George Clooney sem Bob Barnes í Syriana:** Clooney hefur sýnt það og sannað að hann er bestur fyrir aftan tökuvélina. Gæti hins vegar velt Gyllenhaal úr sessi en það verður að teljast ólíklegt.

**Aðrir tilnefndir**

**Matt Dillon (Crash):** Þessi fornfrægi leikari rís aftur upp úr öskustónni og verður forvitnilegt að sjá hversu lengi þetta velmegunartímabil endist. **Paul Giamatti (Cinderella Man):** Afsökunarbeiðni fyrir tilnefningarleysið í fyrra þegar leikarinn fór hamförum í Sideways. **William Hurt (A History of Violence):** Tíu mínútur og tilnefning hlýtur að teljast afbragðsárangur.

### Besta leikkona í aukahlutverki

**Rachel Weisz sem Tessa í The Constant Gardener:** Þessi flokkur er erfiðastur að spá fyrir um. Þrjár leikkonur koma sterklega til greina en sigur Rachel kæmi fáum á óvart. Bafta gaf ágætis vísbendingu.

**Helsti keppinautur**

**Michelle Williams sem Alma í Brokeback Mountain:** Það verður erfitt fyrir þessa Dawson‘s Creek stúlku að hreppa verðlaunin.



**Aðrar tilnefndar:**

**Amy Adams (Junebug):** Þessi mynd hefur ekki borist til landsins en leikkonan hefur getið sér gott orð fyrir gestagang sinn í Office-þáttunum bandarísku. **Catherine Keener (Capote):** Það ætti náttúrlega að verðlauna Keener fyrir að leika í 40 Year Old Virgin og Capote á sama árinu. **Frances McDormand (North Country):** Frammistaða hennar í myndinni er ekki til að kvarta yfir, langt frá því, en ef skoðaður er leikur hennar í Fargo kemst þetta hlutverk ekki í hálfkvisti við lögreglukonuna Marge Gunderson.

### Handrit byggt á áður birtu efni

**Brokeback Mountain eftir Larry McMurtry & Diana Ossana:** Kvikmyndin tekur öll minni verðlaunin og stendur uppi sem sigurvegari.

**Helsti keppinautur**

**Capote eftir Dan Futterman:** Gott handrit er yfirleitt uppskrift að góðri mynd. Capote er ágætis sönnun þeirrar fullyrðingar.

**Aðrir tilnefndir**

**The Constant Gardener** eftir Jeffrey Caine. **A History of Violence** eftir Josh Olson. **Munich** eftir Tony Kushner og Eric Roth.

**RACHEL WEISZ** Hefur komið mörgum á óvart enda þekktust fyrir að drepa múmíur með Brendan Fraser.

**CRASH** Paul Haggis tekst vissulega upp en þetta er ekki Óskarsmynd.



Andlitið er óþekkt en ef hún sigrar verður það eflaust fyrirtaks Óskarsstund; grátur og gnístran tanna auk ástarjátningar í beinni.

### Frumsamið handrit

**Crash eftir Paul Haggis og Bobby Moresco:** Hollywood elskar að deila á kynþáttahatur og Crash er sú kvikmynd sem fer næst því að fjalla um þann rasisma sem þrífst í nútímaþjóðfélagi, dulinn en alveg jafn rætinn.

**Helsti keppinautur**

**Match Point eftir Woody Allen**: Þegar bandarískir gagnrýnendur segja myndina vera einhverja þá bestu frá meistaranum í áraraðir leggja meðlimir akademíunnar við hlustir.

**Aðrir tilnefndir**

**Good Night and Good Luck** eftir George Clooney og Grant Heslov. **The Squid and the Whale** eftir Noah Baumbach. **Syriana** eftir Stephen Gaghan.

### Besti leikstjóri

**Ang Lee fyrir Brokeback Mountain:** Hið magnaða ævintýri heldur áfram hjá Ang Lee. Ef hann tekur styttuna ekki með heim er það skandall sem lengi verður rætt um.

**Helsti keppinautur**

**George Clooney fyrir Good Night and Good Luck:** Leikarinn gráspengdi gæti alveg eins eyðilagt kvöldið en það verður að teljast ólíklegt. Robert Redford rændi senunni árið 1981 og skaut The Elephant Man og Raging Bull ref fyrir rass... allt getur jú gerst á Óskarnum.

**Aðrir tilnefndir**

**Bennet Miller** fyrir Capote. **Paul Haggis** fyrir Crash. **Steven Spielberg** fyrir Munich.

- fgg



**REESE WITHERSPOON** Gagnrýnendur halda vart vatni yfir frammistöðu hennar sem June Carter.

**FordFocus**

Nýtt tákn um gæði



# Veldu nýjan **Ford**

# Nýtt tákn um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

### Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin EuroNCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

**Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.***

| **Kaupverð** | *5 gíra* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6i | **1.790.000 kr.** | **1.884.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6i | **1.890.000 kr.** | **1.984.000 kr.** |
| Ford Focus 4 dyra Trend 1,6i | **1.940.000 kr.** | **2.034.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6i | **1.990.000 kr.** | **2.084.000 kr.** |

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stillanlegur hiti í framsætum
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum
Öryggispúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun
Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstilltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Aksturstölva og útihitamælir

### Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heyrnartól
Kæling í hanskahólfi
Leiðsögukerfi með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifið ökumannssæti
Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi
Aðfellanlegir speglar
Hiti fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnisspegli
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Berðu saman bíla. Berðu saman Toyota Corolla við Ford Focus.

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



● **Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.930 kr.
Rekstrarleiga 27.980 kr.

● **Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.820 kr.

● **Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.

● **Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.

● **Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.260.000 kr.
Bílasamningur 30.785 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.

● **Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.480 kr.
Rekstrarleiga 47.990 kr.

● **Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.960 kr.



● **Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.

● **Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.

● **Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.630 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.

● **Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.870 kr.
Rekstrarleiga 83.920 kr.

● **Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.280 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.

● **Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.610 kr.

● **Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.420 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Focus er álfelgur og þokuljós; af Ranger er tvílitur.




## Hugur og líkami endist betur ef vel er um hirt.

Komdu í Rope Yoga



Kennari: Kristín Björg

Nýtt 4. vikna námskeið byrjar 13. mars

Mánud. Miðvikud. og föstud.
Kl. 6.30, 7.30, 11.00, 18.30 og 19.30
Sími. 691 0381. Hámark 10 manns í tíma.

TECHNOSPORT



## Hafðu það huggulegt

Diza er lífstílsverslun fyrir þau okkar sem vilja skapa og njóta. Bútasaumsefni, bækur og tilheyrandi. Prjónagarn, uppskriftir og smávara. Erum að taka upp nýjar peysur.



Skoðaðu úrvalið í notalegu umhverfi þar sem stressið er víðsfjarri. Vertu velkomin.

Diza
Ingólfsstræti 6 • s: 561-4000 • www.diza.is



Jam 98,9 BYLGJAN

Allir eru að hlusta!

Ívar Guðmunds
Alla virka daga 9-12




## STUÐ MILLI STRÍÐA Frábærar konur

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** VILL AÐ LJÓSMÆÐRUM SÉU GREIDD SÓMASAMLEG LAUN



Ég hef eins og Íslendingar margir þurft að nýta mér þjónustu. Sú reynsla hefur verið misskemmtileg en jákvæðasta reynsla mín af starfsfólki spítala var án efa þegar ég fæddi barnið mitt. Þær ljósmæður sem ég hitti í fæðingunni voru allar mjög indælar og annað starfsfólk sömuleiðis. Engin jafnaðist þó á við ljósmóður þá sem sótti okkur heim eftir að sólarhringsdvöl í Hreiðrinu svokallaða lauk.

Mér þótti og manninum mínum sömuleiðis ómetanlegt að fá ofsalega hæfa, fróða og góða konu heim. hún sinnti mér vel og gat svarað öllum spurningum vel og greiðlega. Þær voru ótalmargar eins og gefur að skilja. Ég er svo sannarlega ekki ein um að vera ánægð með heimaþjónustu ljósmæðra eftir fæðingu. Löng sængurlega kvenna er liðin tíð og þó að eldri konur sjái stundum þann tíma í hillingum þá held ég að fæstar konur sem ganga í gegnum eðlilega fæðingu myndu vilja vera á spítala í marga daga á eftir. Feður taka yfirleitt mikinn þátt í fæðingum nú til dags og þeim þykir frábært að fá að gista hjá konum sínum eins og hægt er í Hreiðrinu og að vera sem mest til aðstoðar móður og barni fyrstu dagana eftir fæðinguna. Sængurlega heima býður upp á það, en sængurlega á sjúkrahúsi síður.

Auðvitað þurfa alltaf einhverjar konur að vera á spítala eftir fæðingu en ég held að þessi þróun að fara fljótt heim sé bara hið besta mál. En auðvitað þarf að fylgjast með konum þessa fyrstu daga og þar hefur heimaþjónusta ljósmæðra uppfyllt bestu kröfur.

Ég fylltist því undrun og reiði þegar ég heyrði af því fregnir að þessi þjónusta væri hugsanlega að leggjast af vegna launadeilna. Ekki er um ýkja háar upphæðir að ræða og mér þykir fáránlegt ef ekki er hægt að greiða ljósmæðrum sómasamleg laun.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!




OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

## FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena

# Skák og mát!

Rokkað á Kringlukránni laugardagskvöld



Vaðandi fjör upp um alla veggi.
Sjálfur rokkkóngurinn Rúni Júll, Balli, Júlli, Óttar Felix og Tryggvi Hübner.

Leikhúsgestir! Munið glæsilega matseðilinn

www.kringlukrain.is
sími 568 0878




SJÁLFSKRUFNING Baltasar Kormákur fer þá leið að stilla Pétri Gaut upp í nútímanum.

# Pétur Gautur í Kassanum

**Björn Hlynur Haraldsson fer með hlutverk Péturs Gauts í leikstjórn Baltasar Kormáks. Með frumsýningunni í kvöld er jafnframt vígt nýtt leiksvið Þjóðleikhússins, Kassinn, þar sem möguleikarnir eru óþrjótandi.**

„Ég er fyrst og fremst að setja Pétur Gaut fram á aðgengilegan hátt og finna einhverja samsvörun í honum fyrir áhorfendur,“ segir Baltasar Kormákur, sem leikstýrir hinum sígilda ljóðleik Henriks Ibsen um Pétur Gaut, ístöðulausan mann sem þvælist víða um heim og upplifir á flækingi sínum fleira en flestir kærðu sig um.

Uppfærsla Þjóðleikhússins er gerð í tilefni af hundrað ára ártíð Ibsens. Baltasar Kormákur segist reyndar lengi hafa haft hug á því að leikstýra þessu meistarastykki norska skáldjöfursins.

„Í raun og veru hefur mig langað til að takast á við þetta verk síðan ég lék í honum sjálfur,“ segir Baltasar, sem lék Pétur Gaut í sýningu Þjóðleikhússins árið 1991, sem Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrði.

Þetta er í fimmta sinn sem Pétur Gautur eftir Ibsen er settur upp í íslensku atvinnuleikhúsi. Oftast hefur verið notast við þýðingu Einars Benediktssonar, en að þessu sinni hefur Karl Ágúst Úlfsson gert nýja þýðingu fyrir sýningu Baltasars, enda er sú leið farin í þessari sýningu að stilla Pétri Gaut upp í nútímanum.

„Ég held textanum nokkurn veginn, nema það þarf að stytta hann talsvert því annars væru þetta fimm tímar í leik,“ segir Baltasar. „En textanum er öðruvísi raðað upp. Það er búið að setja Pétur Gaut upp á þúsund vegu frá því hann var skrifaður.“

Leikarar, auk Björns Hlyns, eru Brynhildur Guðjónsdóttir, Edda Arnljótsdóttir, Guðrún S. Gísladóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Egill Egilsson og Ólafur Darri Ólafsson.

Leikmyndina gerir Grétar Reynisson, en hann hlaut Grímuna fyrir sýninguna Þetta er allt að koma, sem einnig var leikstýrð af Baltasar Kormáki.

Þessi sýning á Pétri Gaut er jafnframt opnunarsýning á nýju leikrými Þjóðleikhússins, Kassanum, sem Baltasar segir vera góða viðbót við þau leiksvið sem Þjóðleikhúsið hefur upp á að bjóða.

„Þetta er mjög skemmtilegt rými og þarna á eftir að setja upp fullt af skemmtilegum sýningum. Þetta er bæði stærra og heppilegra en hin litlu sviðin,“ segir Baltasar.

Kassinn er eins og nafnið bendir til „svartur kassi“, eins og það er nefnt í leikhúsheiminum – einfaldlega autt rými sem hægt er að útbúa nánast hvernig sem er eftir því sem hentar hverri leiksýningu. Til dæmis má raða áhorfendum í kringum leiksviðið eða gera nánast hvað sem leikstjóra dettur í hug, þótt Baltasar kjósi reyndar að nota þetta nýja rými á nokkuð hefðbundinn hátt á vígslusýningunni.

„Ég hef bara áhorfendur í einum hlutanum og svo er leikið í hinum hlutanum.“



SAMRÆÐUR VIÐ SJÚKRABEÐ Björn Hlynur Haraldsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir í hlutverkum sínum.


BORGARLEIKHÚSIÐ




Stóra svið

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**

Í dag kl. 14 UPPS. Su 5/3 kl. 14 UPPS.
Lau 11/3 kl. 14 UPPS. Su 12/3 kl. 14 UPPS
Lau 18/3 kl 14 Su 19/3 kl. 14 UPPS.
Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14

**CARMEN**

Í kvöld kl. 20 Lau 11/3 kl. 20
Lau 18/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20

**TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-**

Su 5/3 kl. 20 Gul kort.
Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort
Su 19/3 kl. 20 Græn kort
Su 26/3 kl. 20 Blá kort

**WOYZECK**

AUKASÝNINGAR:
Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 .

**KALLI Á ÞAKINU**

Fi 13/4 kl. 14 Lau 15/4 kl. 14
Má 17/4 kl. 14 Fi 20/4 kl. 14
Lau 22/4 kl. 14

Nýja svið / Litla svið

**BELGÍSKA KONGÓ**

Í kvöld kl. 20 UPPSELT Su 5/3 kl. 20
Fö 10/3 kl. 20 UPPS. Lau 11/3 kl. 20 UPPS.
Su 12/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20
Fi 23/3 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**

Fi 9/3 kl. 20 Mi 15/3 kl. 20
Fi 16/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20
Lau 25/3 kl. 20 UPPSELT Fi 30/3 kl. 20
Fö 31/3 kl. 30 Lau 1/4 kl. 20

**HUNGUR**

Í kvöld kl. 20 Mi 9/3 kl. 20 UPPSELT
Fi 9/3 kl. 20 Fi 16/3 kl. 20
Fö 17/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20
ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI

**NAGLINN**

Lau 11/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20 UPPSELT
Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Su 19/3 kl. 20 UPPS.

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**

Fö 17/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

**Aukasýningar í mars:** Sun. 5/3 örfá sæti laus og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

**Aukasýningar sun. 5/3 kl. 13:00** örfá sæti laus og **sun. 12/3 kl. 13:00**. **Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN

2. sýn. í kvöld lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 örfá sæti laus, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 nokkur sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

**Frumsýning í kvöld lau. 4/3 uppselt**, fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 örfá sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Hvað kemur þetta okkur við?** Umræðufundur Leiklistarsambands Íslands
Í dag lau. 4/3 kl. 15:00. Aðgangur ókeypis.
**eikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.








**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Í BEINNI**

eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

5. sýning Laugard. 4.mar. kl. 20:00
6. sýning Föstud. 10.mar. kl.20:00
7. sýning Föstud. 17.mar. kl.20:00
8. sýning Laugard. 25.mar. kl.20:00

*Leikritið gerist í lokaþætti spjallþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggnst baksviðs. Þetta er bráðfyndið leikrit sem óhætt er að mæla með.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1800,-**
**www.leikmos.is**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**RÚNI OG FÉLAGAR** Rúni Júl og félagar ætla að spila rokksmelli sjötta og sjöunda áratugarins í kvöld.

# Rokk eftir Íslandsmót

Íslandsmóti skákfélaga lýkur í kvöld með verðlaunaafhendingu á Kringlukránni. Að henni lokinni verður mikið fjör því sjálfur rokkkóngurinn Rúni Júl, synir hans Balli og Júlli, Óttar Felix og Tryggvi Hübner munu tefla fram öllum helstu rokksmellum sjötta og sjöunda áratugarins og tryggja stuðið.

Ballið er opið fyrir alla. Fórnað verður á báða bóga og leyst úr flækjum stöðunnar á Kringlukránni á laugardagskvöldið þegar bestu skákmenn landsins og aðrir gestir koma saman og fagna.





ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - LOKASÝNING
**KYNNING FYRIR SÝNINGU Í BOÐI VINAFÉLAGSINS - KL.19.15**
**ÁSTARDÚETTAR OG MANSÖNGVAR - HÁDEGISTÓNLEIKAR 7. MARS KL. 12.15**
Einar Th. Guðmundsson, barítón, Katharina Th. Guðmundsson, sópran og Kurt Kopecky, píanó.
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

MasterCard-hafar fá 20% afslátt af miðaverði á hádegistónleika

ÍSLENSKA ÓPERAN

GERÐUBERG



**Síðasta sýningarhelgi**

**Thor Vilhjálmsson**
Sýning á myndverkum Thors, sjónvarpsefni og öðru forvitnilegu frá löngum og glæsilegum höfundaferli Thors.
Sýningunni lýkur 5. mars.

**Sigrún Björgvinsdóttir**
Sýningin „Ort í ull“ í Boganum.
Verkin eru úr þæfðri ull.
Sýningin stendur til 19. mars.

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

www.gerduberg.is







HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fös. 10. mars. kl. 20
Lau. 18. mars. kl. 20
SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

**EF**
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

**VIÐTALIÐ**
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

lau. 4. mars kl. 20 - frumsýning
sun. 5. mars kl. 20
lau. 11. mars kl. 20
sun.12. mars kl. 20
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is




Sun. 05.03 kl. 20:00 laus sæti
Þri. 07.03 kl. 20:00 laus sæti




Sunnudaginn 5. mars

**Söngur og sund**



**Ingibjörg Þorbergs**

Sungin verða lög og textar Ingibjargar Þorbergs og kemur Ingibjörg í heimsókn og tekur lagið.
Sönginn leiðir Ingveldur Ýr Jónsdóttir
Gróa Hreinsdóttir leikur á píanó.

Sungið í Gerðubergi og synt í Breiðholtslaug

Söngurinn hefst stundvíslega kl 13:00
Heitt te á undan • Verð kr. 500

**Menningarmiðstöðin Gerðuberg**
Sími 5757700 • Gerðuberg 3-5
111 Reykjavík • Strætó S4 og 12

## > Hanskar ...

*... í öllum stærðum og gerðum eru svakalega heitir þessa stundina ef eitthvað er að marka tískuvikurnar. Þessir eru úr smiðju Isabel Marant.*



**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN JANICKE STENDAL HANSEN

# Botnleðja, Dead og Aftur

**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég hugsa ekki mikið um tísku. Ég les ekki tískublöð eða hugsa um hvað er inni eða úti. Ég kaupi bara það sem mér finnst flott.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ég elska „second hand" föt og uppáhaldstímabilin mín eru sjöundi og áttundi áratugurinn, bæði í tónlist og tísku.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Ég á mér eiginlega engan uppáhaldshönnuð eða merki. Mér finnst „third hand" eða hönnun úr notuðum flíkum spennandi, eins og Aftur eða 3rdhand frá Osló. Aðal ástæðurnar fyrir því að ég kom til Íslands voru Botnleðja, Dead og Aftur.
**Flottustu litirnir?** Ég elska grænan.
**Hverju ertu veikust fyrir?** Skóm, bolum og jökkum. Ég finn aldrei peysur sem ég fíla.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég keypti Humanoid bol frá Kronkron fyrir kærastann minn.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Vinur minn, Guðmundur Hallgrímsson, er að gera geimfaraullarpeysur sem eru mjög áhugaverðar. Það sem Sara í Nakta apanum gerir er líka skemmtilegt.
**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Ég ætla að kaupa mér sundföt sem ég sá á www.jg4b.com, þau eru frá hönnuði sem heitir Jasper Goodall sem gerir magnaða sundboli og bikiní.
**Uppáhaldsverslun?** Ebay.com og bust.com – á henni getur maður fundið fleiri spennandi búðir. Smeck (gallerí, kaffihús, fataverslun) í Svíþjóð er svo ein af mínum uppáhaldsbúðum. Illgresi er líka skemmtileg.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ég kaupi mér ekki endilega eitthvað í hverjum mánuði. Ég reyni frekar að spara og eyða miklu í einu, helst á sumrin.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Converse skónna sem ég hef átt í sex ár.
**Uppáhaldsflík?** Uppáhaldið mitt er pils sem ég fékk í Illgresi og breytti í kjól.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Á hverju ári í lok mars fer ég til Umeå á tónlistarhátíð, ég kaupi alltaf mikið af fötum þar.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Öll ljótu fötin mín urðu eftir þegar ég kom til Íslands svo ég er eiginlega búin að þurrka þau út úr minninu.





## MÓÐUR VIKUNNAR

### > MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN

# Fullkomin hvíld frá þeim svarta

Þetta er skemmtilegur tími. Verslanir að fyllast af girnilegum vorvörum og það er ekki annað hægt en að kaupa sér eitthvað smotterí – allavega ef maður á að komast í almennilegt sumarskap. Það er þó alls ekki allt sem höfðar til mín. Ég get til dæmis ekki vanist fötum í sjóliðastíl. Hvítar þverröndóttar peysur með bláum röndum eru bara ekkert að gera fyrir mig og ég skil heldur ekki bermúdabuxur. Svona föt minna mig bara á matrósafötin sem ég átti þegar ég var fimm ára. Þó þau hafi verið krúttleg þá sé ég enga ástæðu til að endurvekja stemninguna. Sé bara fyrir mér sleikipinnaklístur í hári og áflog milli okkar systkinanna. Ég gæti tekið upp á því að fara að gera einhvern óskunda ef ég myndi klæða mig í svona múnderingar.

Ég held að ég hafi verið fegnust því að sjá alla litina sem fylgja vortískunni. Eftir mikla svarthvíta tíð er ekki hægt að hugsa sér neitt dásamlegra en fjólublátt, gult, rautt, grænt og bleikt í bland við helling af gulli og glingri. Það merkilega er að ég upplifði nákvæmlega það sama fyrir ári. Þetta er örugglega vorfílingurinn sem bankar uppá með svipuðu sniði og áður.

Síðasta sumar splæsti ég í fokdýra Pradaskó sem ég kolféll fyrir í 35 stiga hita í miðborg Flórens. Þeir eru dökkfjólubláir á litinn með appelsínugulum bryddingum og smá gulli. Ég notaði þá sem sparisskó síðasta sumar en svo kom vetur og þá fóru að renna á mig tvær grímur. Hafði ég eytt öllum þessum peningum í skó sem voru bara sumargrín? Í stað þess að panikka stillti ég skónum fallega upp í hillu og klappaði þeim í skammdeginu. Ég er þó löngu hætt að efast um að þetta hafi verið mistök því núna er að verða Pradahæft úti og ég get farið að spóka mig um í ársgömlu skónum mínum sem líta næstum því út fyrir að vera nýir. Nú er bara spurning um að finna sér eitthvað fjólublátt og fallegt við skóna og bæta aðeins í litagleðina. Fjólublár er fallegur með hvítu, rauðu, appelsínugulu og gylltu. Bleikur passar við allt og guli liturinn kemur sterkur inn. Það er því ekki annað til ráða en að hrista aðeins upp í fataskápnum og hvíla allt þetta svarta. Þó það væri ekki nema bara í smá tíma!










**BJUTEE** Flottur og skemmtilegur bolur sem fæst í Nakta apanum.



**KJÓLL** Ótrúlega töffaralegur kjóll úr Nakta apanum.



**HENRIK VIBSKOV** Flott peysa frá þessum snjalla danska hönnuði. Fæst í Kronkron.



**ALENA AKHMADULLINA** Flott hettupeysa úr vetrarlínu þessa rússneska hönnuðar.



**FHOMMA** Einskonar buxnapils sem er sérlega flott yfir þröngar buxur eða bara dökkar sokkabuxur. Úr Trilogiu.



**MARJAN PEJOSKI** Hönnuður frá Makedóníu sem hannaði meðal annars svanakjólinn hennar Bjarkar, og þennan flotta bol. Fæst í Kronkron.



**FHOMMA** Fallegt pils með háu mitti úr Trilogiu.



**ANNETT OLIVIERI** Íburðarmikill og afar töff leðurjakki úr Trilogiu.

# Heillandi hönnuðir í miðbænum

Miðbær Reykjavíkur býður upp á einhverja flottustu fatahönnun á landinu hvort sem hún er frá íslenskum eða erlendum hönnuðum. Nokkrar búðir eru leiðandi að þessu leyti og þar á meðal búðirnar Kronkron, Trilogia, Elm, Verksmiðjan, Pjúra og Nakti apinn. Þarna má finna frumlega hönnun sem unun er að skoða og klæðast. Það besta við þessa hönnun er að hún er frumleg í stað þess að vera eftiröpun á verkum annarra hönnuða eins og þær flíkur sem flestar ódýrari búðirnar hérlendis bjóða upp á. Að þeim búðum ólöstuðum er að sjálfsögðu ekkert skemmtilegra en að klæðast flík sem kemur beinustu leið frá einhverjum flottum hönnuði og alveg þess virði að hún hafi kostað nokkrum þúsundköllum meira.

Það sjást æ fleiri í áberandi hettupeysu frá Helle Mardahl eða einhverjum af íslensku hönnuðunum í Nakta apanum, íburðarmiklum jakka frá Trilogiu eða með flottan trefil úr Elm eða Verksmiðjunni. Það er því um að gera að spara svolítið peninginn, rölta svo niður í bæ og fjárfesta í gæðalegri flík sem mun endast lengi og gerir lífið örlítið fallegra.

hilda@frettabladid.is



**EROTOKRITOS** Glæsilegur kjóll og skemmtileg litasamsetning. Kjóllinn fæst í Trilogiu.



**HENRIK VIBSKOV** Í nýjustu línunni frá honum var að finna skrautlega bakpoka eins og þennan sem fæst í Kronkron.



**HETTUPEYSA** Hönnuð af Ása og fæst í Nakta apanum.



**HENRIK VIBSKOV** Úr vetrarlínu danska hönnuðarins.



**PREENA** Örlítið öðruvísi bómullarpeysa úr Trilogiu.



**HUMANOID** Töff pils frá Humanoid, fæst í Kronkron.

# Krúttlegur rokkari

Jenny Lewis þekkja sennilega ekki allir en hún er söngkona hljómsveitarinnar Rilo Kiley. Hún er einnig leikkona og hefur leikið í þónokkrum kvikmyndum, þáttum og auglýsingum og var meðal annars í mjög litlu hlutverki í myndinni Pleasantville. Árið 1999 hóaði hún nokkrum vinum sínum saman og þau stofnuðu hljómsveitina Rilo Kiley sem hefur fengið þónokkra athygli. Hún er einnig bakraddarsöngkona í hljómsveitinni The Postal Service en mestu athyglina fékk hún snemma á þessu ári þegar hún gaf út sólóplötuna Rabbit Fur Coat.

Jenny hefur fengið nokkra athygli fyrir skemmtilegan fatastíl og eins og sést á myndunum á hún hana vel skilið. Hún klæðir sig ekki eins og hinn týpíski rokkari og er mikið í stuttum pilsum eða kjólum og háum stígvélum á sviði. Kjólarnir eru oft í krúttlegri kantinum en þeir verða skemmtilega rokkaðir þegar Jenny er komin með gítarinn framan á sig og míkrafóninn í höndina.


**SYNGJANDI SKVÍSA** Þessi kjóll gæti verið keyptur í búð sem selur notuð föt.


**KJÓLL** Sætur kjóll og beltið minnir á Marni.


**Á TÓNLEIKUM** Í krúttlegum kjól.


**ROKKARI** Jenny er ósjaldan í annaðhvort stuttu pilsi eða stuttbuxum á tónleikum.


**HERRATÍSKA** Herraflíkurnar eru ekki síður töff en dömuflíkurnar.


**JUST CAVALLI HER** Dömuilmurinn er frískur og hressandi.

**SUMARLÍNAN** Litríkt og glæsilegt lúkk úr sumarlínu Cavallis.

# *Ilmvatnsparið hans Cavallis*

Nýr ilmur frá hönnuðinum Roberto Cavalli er kominn á markað. Um er að ræða bæði herra og dömuilm og heita þeir Just Cavalli Him og Just Cavalli Her. Ilmirnir verða kynntir í versluninni Maður og kona á milli klukkan fjögur og sex í dag.

Dömuilmurinn er frískandi og hressandi og aðaluppistaðan í honum er bergamot, kanill, bambuslauf, liljur, apríkósur, jasmín, gyllt amber, vanilla, cedarviður og musk. Ilmurinn er tælandi og um leið ákveðinn eins og hönnun Roberto Cavalli er jafnan.

Herrailmurinn er mildur viðarilmur og uppistaðan er bergamot, rósmarín, engifer, kardimomma, kóríander, cedarviður og musk.

Fötin hans Cavallis eru í miklu uppáhaldi hjá mörgum stjörnunum enda gerir hann mikið út á glamúr og glæsileika í hönnun sinni. Hann notar mikið dýramynstur og feldi í flíkur sínar og sparar sjaldan litadýrðina. Meðal kúnna hans eru til dæmis Jennifer Lopez, Lenny Kravitz, Mary J. Blige og síðast en ekki síst Beckham-hjónin. Victoria Beckham er gyðjan hans Cavallis og hefur oftar en einu sinni tekið þátt í sýningum hans. Hún er nánast undantekningalaust í glæsikjólum frá honum þegar hún mætir á fína viðburði.


**JUST CAVALLI HIM** Nýr herrailmur úr smiðju hönnuðarins.




fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# EFTIRMINNILEGUSTU ATVIKIN

Fjölmörg skemmtileg og miður skemmtileg atvik hafa komið upp á Óskarsverðlaunahátíðinni í gegnum tíðina. *Freyr Bjarnason* leit yfir þau tíu eftirminnilegustu og hitaði um leið upp fyrir 78. Óskarsathöfnina í Kodak-leikhúsinu í Hollywood annað kvöld.

**1. Allsber maður hleypur um sviðið (1974)**

Eftirminnilegasta atvik allra tíma er þegar allsberum hippa að nafni Robert Opal tókst að lauma sér fram hjá öryggisvörðunum og hlaupa þvert yfir sviðið með friðartáknið á lofti í þann mund sem breski kynnirinn David Niven ætlaði að kynna Elizabeth Taylor á svið. Niven, sem lék m.a. í Pink Panther-myndunum, brást við á einstakan hátt með því að gera grín að öllu saman. „Eina leiðin til að hann geti látið hlæja að sér er að klæða sig úr öllum fötunum og sýna það sem vantar upp á hjá honum," sagði Niven og glotti við tönn. Þykja viðbrögð hans sýna vel hvernig er hægt að takast á við vandræðalegar uppákomur og snúa þeim upp í andhverfu sína.



**FYRSTA SÆTIÐ** Leikkonan Elizabeth Taylor hlær að atvikinu þegar nakti maðurinn hljóp um sviðið skömmu áður en David Niven hafði kallað hana upp. NORDICPHOTOS/GETTY-IMAGES

**2. Marlon Brando og indjánakonan (1973)**

Þegar Marlon Brando var kjörinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í The Godfather afþakkaði hann verðlaunin og fékk konu klædda sem Apache-indjána til að tilkynna áhorfendunum ákvörðun sína. „Því miður getur Marlon Brando ekki tekið á móti þessum miklu verðlaunum vegna þess hve kvikmyndaiðnaðurinn kemur illa fram við indjána í Bandaríkjunum," sagði hún. Sárafáir klöppuðu og flestir voru sem eitt stórt spurningarmerki í framan.





**3. Rob Lowe syngur (1989)**

Alan Carr, sem framleiddi m.a. myndina Grease, stóð einnig á bak við Óskarinn árið 1989. Frammistaða hans þótti ekki upp á marga fiska því hann hefur verið sakaður um að bera ábyrgð á versta opnunaratriði allra tíma. Hátíðin hófst með fimmtán mínútna söngatriði með sjálfri Mjallhvíti í aðalhlutverki. Þegar leikarinn Rob Lowe mætti til leiks öllum að óvörum og söng með henni dúett náði atriðið nýjum lægðum. Eftir hátíðina var skömmin fullkomnuð þegar Walt Disney lögsótti Óskarsakademíuna fyrir að hafa notað Mjallhvítarbúninginn án leyfis en kæran var síðar dregin til baka.

**4. Jack Palance gerir armbeygjur... með annarri (1992)**

Jack Palance fékk marga til að reka upp stór augu þegar hann tók á móti verðlaunum sem besti aukaleikari fyrir hlutverk sitt í grínmyndinni City Slickers. Hann lét sér ekki nægja að segja einfaldlega „takk fyrir mig" heldur lét sig falla á sviðið og gerði armbeyjur með annarri hendi, rétt eins og hann gerði í myndinni. Ekki slæmt af 72 ára gömlum manni.



**5. Roberto Benigni fer á kostum (1999)**

Annaðhvort heillaðist þú upp úr skónum af ítalska leikaranum og leikstjóranum Roberto Benigni eða hann fór hrikalega í taugarnar á þér þegar hann tók á móti Óskari frænda sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir myndina Life is Beautiful. Benigni klappaði fyrir sjálfum sér, klifraði yfir stóla og fólk áður en hann stökk á sviðið og blaðraði eintóma vitleysu. „Ég vildi að ég væri Júpíter og gæti rænt öllum og lagst síðan niður og elskast með þeim vegna þess að ég veit ekki hvernig ég get lýst... þetta er allt saman spurning um ást," sagði Benigni. Hvað var hann eiginlega að segja?



**6. Frank Capra fer fýluferð (1934)**

Kynnirinn Will Rogers steig eftirminnilega feilnótu þegar hann tilkynnti sigurvegarann fyrir bestu kvikmyndina árið 1934. „Komdu upp á svið Frank og taktu við verðlaunum!" sagði hann og virtist ekki hafa áttað sig á því að tveir leikstjórar sem hétu Frank voru tilnefndir. Frank Capra, sem leikstýrði Lady for a Day, hélt að hann fengi verðlaunin og gekk upp á svið skælbrosandi en komst þá að því að Frank Lloyd hafði unnið fyrir myndina Cavalcade. Sporin aftur í sætið voru þung fyrir Capra og sem betur fer var ekki byrjað að sýna Óskarinn í sjónvarpi á þessum tíma.





**7. Orðaleikir Davids Letterman (1995)**

Þrátt fyrir að dyggir aðdáendur spjallþáttastjórnandans Lettermans vilji meina að hann hafi staðið sig frábærlega sem kynnir á Óskarnum árið 1995 eru flestir sem telja frammistöðu hans þá verstu í sögunni. Eftirminnilegt er þegar hann kynnti Oprah Winfrey og Umu Thurman hvora fyrir annarri á meðan þær sátu úti í sal. „Uma....Oprah, Oprah....Uma," sagði Letterman og enginn skildi neitt í neinu, allra síst þær sjálfar.

**8. Ræða til stuðnings Palestínu (1978)**

Margir nota tækifærið og flagga pólitískum skoðunum sínum þegar þeir taka á móti styttunni. Enginn hefur þó gengið jafnlangt og Vanessa Redgrave þegar hún var valin besta aukaleikkonan fyrir hlutverk sitt í Julia. Redgrave, sem er þekktur stuðningsmaður palestínsku frelsissamtakanna PLO, hafði verið gagnrýnd af samtökum gyðinga (JDL) fyrir aðild sína að heimildarmyndinni The Palestinians. Hún notaði tækifærið og úthúðaði síonistum og þakkaði Hollywood fyrir að láta ekki undan þrýstingi um að sýna ekki myndina. Þegar handritshöfundurinn Paddy Chayefsky steig á sviðið á eftir Redgrave skammaði hann hana. „Það hefði alveg nægt ef þú hefðir einfaldlega sagt „takk fyrir," sagði Chayefsky.





**9. Stríð Joan og Bette (1963)**

Joan Crawford varð víst bálreið þegar meðleikkona hennar í Whatever Happended to Baby Jane?, Bette Davis, var tilnefnd sem besta leikkonan í aðalhlutverki. Crawford skrifaði hinum leikkonunum sem voru tilnefndar og bauðst til að taka við styttunni fyrir þeirra hönd ef þær kæmust ekki á hátíðina. Þegar Anne Bancroft heltist úr lestinni fór Crawford á varamannabekkinn og viti menn? Bancroft vann fyrir hlutverk sitt í The Miracle Worker og Crawford baðaði sig í sviðsljósinu í hennar stað. Á meðan sat Bette Davis sem föstust í sætinu sínu og hugsaði henni þegjandi þörfina.

**10. Sean Penn ver Jude Law (2005)**

Mörgum þóttu brandarar Chris Rock, kynnis síðustu hátíðar, ansi dónalegir. Sérstaklega þótti það óviðeigandi þegar hann gerði grín að hjartaknúsaranum Jude Law fyrir að hafa leikið í öllum myndum sem hann hefði séð síðustu fjögur árin. Þegar Sean Penn steig á svið nokkru síðar virtist honum ekki skemmt. „Fyrirgefið húmorsleysi mitt... en Jude Law er einn hæfileikaríkasti leikarinn sem við eigum," sagði Penn og stökk ekki bros á vör.



Unnið upp úr grein á msn.com.




# Opnað inn í heim hinna heyrnarlausu

„Stundum minnir þetta mig á börn sem eru í kúlu. Það er barn í fjölskyldinni en það tilheyrir einhvern veginn öðrum heimi. Þú reynir og reynir en nærð aldrei til þess,“ segir Laila Margrét Arnþórsdóttir um veröld heyrnarlausra barna.

Í kvöld verður frumsýnd all sérstæð leiksýning í Hafnarfjarðarleikhúsinu, þar sem fjallað er um heim hinna heyrnarlausu. Laila Margrét er höfundur verksins ásamt Margréti Pétursdóttur, sem jafnframt er leikstjóri.

Í leikritinu, sem heitir Viðtalið, segir frá mæðgum. Dóttirin er heyrnarlaus, en er orðin fræg og farin til útlanda. Blaðamaður ætlar að koma að taka viðtal við hana þegar hún er stödd á landinu.

„Hann hefur pantað túlk og mamman á að vera viðstödd,“ segir Laila Margrét, „en svo kemur blaðamaðurinn aldrei og þær fara að tala saman í fyrsta skipti á ævinni. Þær hafa aldrei haft túlk fyrr og fara að gera upp heila mannsævi. Þá fatta þær báðar að þær eiga sér báðar sögu. Mamman segir sína hlið og dóttirin sína hlið. En auðvitað verður þetta ekkert endanlegt uppgjör. Maður gerir ekkert upp heila mannsævi á klukkustund, en það er opnað á það.“

Það sérstæða við þetta leikrit er að báðum tungumálunum er gert jafn hátt undir höfði, íslensku talmáli og íslensku táknmáli. Tvær leikkonur fara með hlutverk móðurinnar, þær Soffía Jakobsdóttir og Berglind Stefánsdóttir. Önnur notar röddina en hin táknmálið. Sömuleiðis fara tvær leikkonur með hlutverk dótturinnar, þær Elsa Guðbjörg Björnsdóttir og Tinna Hrafnsdóttir.

„Þegar þær eru á eintali þá leika þær báðar í einu, önnur talar táknmál en hin raddmál. Svo þegar þær tala saman, þá er túlkurinn alltaf með.“

Túlkinn leikur Árný Guðmundsdóttir, en hún er þaulvanur táknmálstúlkur og hefur af því atvinnu.



**DÓTTIRIN** Þær Elsa Guðbjörg Björnsdóttir og Tinna Hrafnsdóttir leika báðar dótturina, sem öðlast hefur frægð og frama í útlandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

2 3 4 **5** 6 7 8

### Sunnudagur

**TÓNLEIKAR**

☐ 16.00 **Jónas Ingimundarson** heldur píanótónleika í Versölum, Ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn.

☐ 17.00 **Vormenn Íslands**, tenórarnir **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** og **Óskar Pétursson** ásamt barítónsöngvaranum **Ólafi Kjartani Sigurðarsyni** halda tónleika í Hveragerðiskirkju. Með þeim leikur **Jónas Þórir** á píanó.

☐ 17.00 **Jóhanna Halldórsdóttir** altsöngkona, **Martin Frewer** fiðluleikari og **Steingrímur Þórhallsson**, sem leikur á orgel og sembal, flytja ítalska og þýska tónlist frá frumbarokktímanum á tónleikum í Neskirkju.

☐ 20.00 Fiðluleikararnir **Hildigunnur Halldórsdóttir** og **Sigurlaug Eðvaldsdóttir, Jónína Auður Hilmarsdóttir** víóluleikari, **Sigurður Halldórsson** sellóleikari og **Hallfríður Ólafsdóttir** flautuleikari flytja verk eftir Mozart og Sjostakovitsj á tónleikum **Kammermúsíkklúbbsins** í Bústaðakirkju.

☐ 20.00 **Vormenn Íslands**, tenórarnir **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** og **Óskar Pétursson** ásamt barítónsöngvaranum **Ólafi Kjartani Sigurðarsyni** halda tónleika í Selfosskirkju. Með þeim leikur **Jónas Þórir** á píanó.

☐ 21.00 Bandaríska tvíeykið **Shahzad Ismaily** og **Garret Devoe**, sem kalla sig **Pure Horsehair**, halda tónleika á Kaffi Kulture. **Kira Kira** hitar upp.

**OPNANIR**

☐ 14.00 **Ilmur Stefánsdóttir** opnar myndlistarsýningu í GUK+ á Íslandi og í Danmörku og Þýskalandi. Sýninguna kallar Ilmur SKEMMTILEGT eða FUN.

☐ „Rætur rúntsins“ er heiti á sýningu með ljósmyndum hollenska ljósmyndarans **Rob Hornstra** sem opnuð verður í Myndasal Þjóðminjasafns Íslands. Myndirnar á sýningunni eru afrakstur af ferðum Robs um Ísland á síðastliðnu ári.

**SAMKOMUR**

☐ 13.00 **Söngur og sund** í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Í þetta sinn verður **Ingibjörg Þorbergs** gestur hjá **Ingveldi Yr**, sem leiðir samsöng. **Gróa Hreinsdóttir** leikur með á píanó, en á eftir skella allir sér í sund í Breiðholtslaug.

**SÝNINGAR**

☐ Sýning á verkum **Steinunnar Helgadóttur** myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

FM 98,9 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!
**N á tali hjá Hemma Gunn**
Sunnudaga 16-18:30














**SPENCER TUNICK** Þessi þekkti ljósmyndari opnar sína stærstu sýningu til þessa í Listasafni Akureyrar um helgina.

# Naktir líkamar

Ljósmyndir Bandaríkjamannsins Spencer Tunick hafa vakið mikla athygli en hann notar aðallega nakið fólk sem myndefni. Tunick er nú staddur hérlendis og í dag verður opnuð yfirlitssýning með verkum hans í Listasafninu á Akureyri. „Hvort sem þú trúir því eða ekki þá er þetta stærsta sýning mín til þessa og hún er haldin á Íslandi!“ segir hann hrifinn. „Ég hefði aldrei trúað þessu þegar ég byrjaði í bransanum. Listaheimurinn er orðinn svo framúrstefnulegur núna og fólk er opnara fyrir að fara á staði sem eru kannski ekki augljós áfangastaður. Hannes Sigurðsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, ferðaðist um og leitaði eftir þekktum listamönnum til að sýna með yngri íslenskum listamönnum,“ segir Tunick en Halla Gunnarsdóttir listakona opnar einnig sýningu í Listasafninu í dag en í verkum hennar er mannslíkaminn einnig í fyrirrúmi.

Aðspurður hvort hann hafi hugsað sér að taka myndir hérlendis segir hann þá hugmynd nú þegar hafa komið upp. „Það er ekkert ákveðið, en það gæti vel verið að úr því rættist. Ég hef að minnsta kosti mikinn áhuga og er strax orðinn mjög hrifinn af landinu þó ég hafi aðeins verið hér í fjóra tíma!“ segir hann og hlær. „Fólk er ótrúlega opið fyrir að sitja fyrir hjá mér og finnst það í flestum tilvikum frábær reynsla og heillandi hvernig líkamar þess geta orðið að myndlist.“ Fyrir þá sem hafa áhuga á að skrá sig í fjöldamyndatöku hjá Tunick er bent á heimasíðuna www.spencertunick.com.

- bg






## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndin King Kong, sem ekki hlaut náð fyrir augum Óskarsverðlaunaakademíunnar, hefur verið tilnefnd til fimm verðlauna hjá kvikmyndatímaritinu Empire.



Er hún meðal annars tilnefnd sem besta myndin en henni var leikstýrt af Peter Jackson. Pride & Prejudice, Crash og Wallace & Gromit: The Curse of the Were-Rabbit fengu fjórar tilnefningar hver. Það eru lesendur tímaritsins í Bretlandi sem kjósa sigurvegarana. Verðlaunin verða afhent 13. mars.



Orðrómur er uppi um að rokkekkjan Courtney Love og leikstjóri myndarinnar Capote, Bennett Miller, séu saman. Nýverið sáust þau láta vel hvort að öðru í teiti í Hollywood og ýtti það stórlega undir orðróminn. Talsmaður leikstjórans segir aftur á móti að þau séu aðeins góðir vinir.



Leikkonan Teri Hatcher hefur mikla sektarkennd yfir því að hafa komið róti á líf dóttur sinnar Emerson eftir að hún skildi við eiginmann sinn Jon Tenney fyrir tíu árum. Emerson var fimm ára þegar þau skildu og hefur hún flakkað töluvert á milli foreldranna allar götur síðan. Hatcher telur þó að dóttirin hafi það ágætt þrátt fyrir allt.



Breska poppstjarnan fyrrverandi Gary Glitter hefur verið dæmd í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðislega misnotkun á tveimur stúlkum. Glitter var fundinn sekur um að hafa misnotað stúlkurnar í Víetnam þegar þær voru ellefu og tólf ára. Glitter, sem er 61 árs, sagðist vera saklaus og að dómurinn væri eitt stórt samsæri.



RAGNHEIÐUR GEORGSDÓTTIR OG JÚLÍUS SAMÚELSSON

# Alheimsorka á Sólon

Myndlistarfólkið Ragnheiður Georgsdóttir og Júlíus Samúelsson opna samsýningu á verkum sínum á Sólon í dag. Spákonan Sigríður Klinginberg er sýningarstjóri en hún leiddi listafólkið saman fyrir um það bil tveimur árum og hugmyndin um samsýningu skaut í kjölfarið fljótlega upp kollinum.

„Ragga Gogga ólst upp í Vestmannaeyjum og býr yfir mjög óvenjulegri alheimsorku,“ segir Sigríður. „Myndirnar hennar eru mjög áhrifamiklar og dulrænar,“ segir spákonan sem veit lengra en nef hennar nær í þessum efnum. „Myndunum hennar fylgir ákveðin heilun sem hefur haft mikil áhrif á mig.“

Hvað Júlla varðar segir Sigríður að hann sé óheflaður kraftur úr Keflavík. „Júlli hefur tveggja heimsálfa sýn en hann hefur um árabil búið í svörtustu Afríku. Þessir ólíku eðlisþættir hans hafa gert hann að þessum óvenjulega og framsýna listamanni sem hann er.“ Sigríður bætir því við að myndir hans séu engu líkar og spáir því að hann muni láta mikið að sér kveða.

Sýningin opnar klukkan 17 á Sólon og Sigríður lofar gestum magnaðri upplifun sem hressir bæði hug og hjörtu.





## Íslandsmótið í borðtennis

Íslandsmótið í borðtennis fer fram um helgina í TBR-húsinu við Gnoðarvog. Keppni hefst klukkan 10 í dag en leikið er til úrslita á sunnudaginn. Guðmundur Stephensen getur unnið sinn 100. Íslandsmeistaratitil en hann keppir í tvíliða-, tvenndar- og einliðaleik um helgina.

**sport**

sport@frettabladid.is

SIGFÚS SIGURÐSSON OG ARNÓR ATLASON HJÁ MAGDEBURG: LÍKLEGA Á FÖRUM FRÁ FÉLAGINU

# *Íslendingar í ónáð hjá Magdeburg*

Svo virðist sem íslenskir leikmenn séu ekki velkomnir lengur hjá Magdeburg í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta en þýskir fjölmiðlar hafa greint frá því að dagar Sigfúsar Sigurðssonar hjá félaginu séu svo gott sem taldir eftir að það festi kaup á pólska línumanninum Bartosz Jurecki, en hann verður fjórði línumaðurinn í herbúðum liðsins. Eftir að Alfreð Gíslason, nýráðinn landsliðsþjálfari Íslands, var rekinn frá félaginu fyrr í vetur virðist sem að öllum tengslum við Ísland hafi um leið verið rift því framtíð Arnórs Atlasonar hjá Magdeburg er einnig í óvissu og stendur honum til boða að fara eftir núverandi tímabil.



„Ég er bara að skoða mín mál og mun taka ákvörðun fyrr eða síðar," sagði Arnór við Fréttablaðið í gær. „Ég ætla bara að bíða og sjá hvort það kemur upp eitthvað spennandi fyrir mig en þrjú önnur félög í þýsku úrvalsdeildinni hafa haft samband við mig og spurt hvort ég hafi áhuga á að koma," sagði Arnór en vildi þó ekki nafngreina þessi lið. „Þetta er allt á byrjunarstigi ennþá en efeitthvað spennandi kemur upp á borðið reikna ég með því að kýla á það, einfaldlega til þess að fá meiri spilatíma en hér hjá Magdeburg," segir Arnór. Hann bætir því við að einnig skipti máli hver verði ráðinn þjálfari hjá Magdeburg, en arftaki Alfreðs hefur ennþá ekki fundist.



Arnór kveðst ekki alveg skilja stöðu mála hjá Magdeburg í augnablikinu og telur að félagið hafi ekki efni á því að missa Sigfús. „Það liggur fyrir að einn sterkasti varnarmaður liðsins er að hætta og ef Sigfús fer líka held ég að liðið geti lent í verulegum vandræðum."

## > 22 útskrifast með UEFA A

KSÍ útskrifaði í gær 22 þjálfara með UEFA A þjálfararéttindi en það er æðsta þjálfaragráða sem er í boði á Íslandi. Gráðan veitir réttindi til að þjálfa alla flokka á öllum aldri á Íslandi en hún er viðurkennd af 48 af 52 löndum sem eiga aðild að UEFA. Hæsta þjálfaragráða UEFA er UEFA PRO gráðan en KSÍ stefnir á að bjóða upp á hana innan fárra ára. Meðal þeirra sem útskrifuðust í gær með UEFA A gráðuna voru Elísabet Gunnarsdóttir, Guðlaugur Baldursson, Gunnar Oddsson, Magnús Gylfason, Milan Stefán Jankovic, Sigurður Jónsson og Þorvaldur Örlygsson.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

1 2 3 **4** 5 6 7

**Laugardagur**

### LEIKIR

- ☐ 14.00 **ÍBV** og **Valur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Eyjum.
- ☐ 14.00 **Grótta** og **Haukar** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta á Seltjarnarnesi.
- ☐ 16.15 **Stjarnan** og **Haukar** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Garðabænum.
- ☐ 16.15 **HK** og **Víkingur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Digranesinu.
- ☐ 16.15 **ÍBV** og **Fram** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Eyjum.

### SJÓNVARP

- ☐ 12.40 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **WBA** og **Chelsea.**
- ☐ 14.50 **Á vellinum** á Enska boltanum. Upphitun fyrir leiki dagsins.
- ☐ 15.00 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Fulham** og **Arsenal.**
- ☐ 17.15 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Liverpool** og **Charlton.**
- ☐ 17.20 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Bein útsending frá viðureign í 8-liða úrslitunum.
- ☐ 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik í deildinni.

# Alfreð ráðinn landsliðsþjálfari

**Handknattleikssamband Íslands hefur komist að samkomulagi við Alfreð Gíslason um að hann taki við stjórn íslenska landsliðsins í handbolta. Alfreð mun stjórna liðinu fram til 1. júlí 2007.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason mun skrifa formlega undir samning við HSÍ kl. 14 í dag en til stóð að það yrði gert í gærkvöld. Alfreð komst hins vegar ekki til landsins í tæka tíð vegna ófærðar í Þýskalandi og þurfti hann að sætta sig við að sitja fastur í flugvél í nokkra tíma í gærdag.

Að sögn Einars Þorvarðarsonar, framkvæmdastjóra HSÍ, er þungu fargi létt af mönnum þar á bæ með að vera búnir að ganga frá samningi við nýjan landsliðsþjálfara. Eins og Fréttablaðið hafði áður greint frá var Alfreð ávallt fyrsti kostur hjá HSÍ og tóku samningaviðræður tiltölulega skamman tíma eftir að Alfreð fékk sig lausan undan samningi sínum við Magdeburg fyrr í vikunni. „Það var aldrei rætt við neina aðra en Alfreð," staðfesti Einar við Fréttablaðið í gær.

Samningur Alfreðs við HSÍ mun gilda til 1. júlí 2007, en þá er fyrirhugað að hann taki við liði Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni. Athygli vekur að Alfreð mun sinna landsliðsþjálfarastarfi sínu frá Þýskalandi, þar sem hann verið búsettur undanfarin ár. Verður hann þar með fyrsti landsliðsþjálfarinn sem ekki er búsettur á Íslandi. „Við töldum að þetta væri vel hægt. Kjarni liðsins leikur í Þýskalandi og svo verður hann vonandi duglegur að koma til landsins og fylgjast með gangi mála hér heima," sagði Einar.



**ALFREÐ GÍSLASON** Hans fyrsta alvöruverkefni sem þjálfari íslenska landsliðsins eru tveir leikir gegn Svíum um sæti á HM í Þýskalandi sem fram fer í byrjun næsta árs. Hér sést hann fagna sigrinum í Meistaradeild Evrópu með Magdeburg vorið 2002.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Auk þess að þjálfa A-landsliðið mun Alfreð koma að ýmsum öðrum þáttum í starfsemi HSÍ og segir Einar að til standi að nýta krafta hans mjög víða. „Við ætlum að nota hann í uppbyggingu á ákveðinni framtíðarsýn sem við höfum," sagði Einar án þess að vilja fara nánar út í hvað það fæli nákvæmlega í sér.

Ekki er búið að ganga frá ráðningu aðstoðarþjálfara landsliðsins en aðspurður útilokaði Einar ekki að sá sem yrði ráðinn í það starf myndi vera hugsaður sem framtíðararftaki Alfreðs. „Þetta er eitthvað sem hefur lítið verið rætt en að sjálfsögðu er næsta skref að huga að framtíð liðsins eftir Alfreð."

Alfreð Gíslason er einn besti handboltamaður Íslands frá upphafi og eftir glæstan leikmannaferil þar sem hann var m.a. atvinnumaður í Þýskalandi og á Spáni tók Alfreð sín fyrstu skref sem þjálfari með KA á Akureyri. Þaðan fór hann til Hameln í Þýskalandi og síðar Magdeburg, sem hann stjórnaði m.a. til sigurs í Meistaradeildinni í handbolta.

- vig






**ROGER FEDERER** Fagnar hér sigrinum í Opna ástralska mótinu. Með sigri í Opna franska verður hann handhafi allra fjögurra alslemmumótanna.NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Opna franska mótið í tennis:

# Tveir bestu í heimi mætast

**TENNIS** Það verða tveir stigahæstu tennisleikarar heims í karlaflokki sem mætast í úrslitaleik Opna Dubai-mótsins um helgina. Rafael Nadal vann sér sæti í úrslitum eftir sigur á Þjóðverjanum Rainer Schuettler 6-4 og 6-2, en Federer lagði Rússann Mikhail Youzhny 6-2 og 6-3 án þess að sýna nein glæsitilþrif.

Þeir félagar hafa ekki mæst síðan í undanúrslitunum á Opna franska meistaramótinu í fyrra, en þá hafði Spánverjinn ungi betur og vann síðar sigur á mótinu.

Í kvennaflokki mætast þær Amelie Mauresmo og Nadia Petrova í úrslitaleiknum.

- hþh

# HELGARTILBOÐ Í SKÍFUNNI




2.499kr.

100 vinsæl lög um ástina




1.799kr.

Jack Johnson
Curious George




1.799kr.

Úr kvikmynd
Walk the Line




1.999kr.

Belle & Sebastian
Life Pursuit (Limited Edition)



1.799kr.

Dikta
Hunting for Happiness




1.799kr.

Mugison
Little Trip




1.799kr.

Arctic Monkeys
Whatever People say I am...




1.499kr.

Ragnheiður Gröndal
After the Rain




1.799kr.

Ampop
My Delusions

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is







Valur vann góðan 30-28 sigur á Fylki í Laugardalshöll í gær:

# Okkur vantaði sigurviljann

**HANDBOLTI** Valsmenn unnu sanngjarnan sigur á Fylki, 30-28, í DHL-deild karla í gær en tæpt stóð það undir lokin. Valsmenn spiluðu sterka vörn og Fylkismenn áttu í töluverðum erfiðleikum með að finna leið fram hjá henni í byrjun leiks. Það var einungis Heimir Örn Árnason sem tók af skarið og hélt Árbæingum inni í leiknum en hann átti stórgóðan leik og skoraði alls níu mörk. Sóknarleikur Fylkismanna var oft á tíðum ráðleysislegur en framliggjandi vörn Valsmanna kom flatt upp á sóknarleik þeirra. Valsmenn leiddu í hálfleik 16-14 en leikur þeirra var ekki sannfærandi á alla vegu.

Hlynur Jóhannesson átti frábæra innkomu í Valsmarkið en hann stóð vaktina frá lokum fyrri hálfleiks allt til enda. Hlynur varði tuttugu skot, mörg hver úr úrvalsfærum og á ögurstundu. Valsmenn voru ávallt skrefinu á undan í síðari hálfleik en náðu mest fjögurra marka forystu. Fylkismenn sýndu klærnar og minnkuðu muninn niður í eitt mark og fengu tækifæri til að jafna leikinn en allt kom fyrir ekki. Sem fyrr varð sóknarleikur liðsins þeim að falli og á tíðum gerðu þeir Hlyni markmanni of auðvelt fyrir að verja skot þeirra.

Hjalti Þór Pálmason fór fyrir Valsliðinu en hann skoraði tíu mörk en Mohamadi Loutoufi skoraði sex. Heimir Örn dró vagninn eins og áður sagði fyrir Fylki og var langatkvæðamestur liðsins en hann skorti meiri stuðning í sókninni.

„Það vantaði bara sigurviljann hjá okkur, við vorum einfaldlega ekki tilbúnir í þennan leik. Við vorum ekki nógu skynsamir og því töpum við þessum leik," sagði Sigurður Valur Sveinsson, þjálfari



**FRÁBÆR VÖRN VALS** Valsmenn spiluðu frábæra vörn í leiknum og hér stöðvar Ægir Jónsson sóknartilraun Ingólfs Axelssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fylkis, eftir leikinn en hann var alls ekki sáttur með leik sinna manna.

„Við spiluðum mjög illa í leiknum, bæði í vörn og sókn. Hlynur vann þennan leik fyrir Val, við fengum tækifæri til að jafna en hann átti frábæran leik og bjargaði þeim á ögurstundu," sagði Sigurður að lokum.

Óskar Bjarni Óskarsson var mun ánægðari en kollegi sinn hjá Fylki. „Þetta var kaflaskiptur leikur hjá okkur, ég er ánægður með sumt en annað ekki. Við spiluðum góða vörn og markvarslan kom með og allt önnur hraðaupphlaup en við höfum verið að fá. En það komu langir kaflar í síðari hálfleik þar sem við skoruðum einfaldlega ekki," sagði Óskar Bjarni eftir leikinn.

„Fylkisliðið er að spila góða vörn en við náum að skora 30 mörk á þá. Ég er stoltur af sigrinum og við mjökumst áfram í þessu en hugsum bara um einn leik í einu. Ég er fyrst og fremst ánægður með stigin tvö," sagði Óskar Bjarni að lokum. - hþh






**ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR** Afskrifar ekki að stökkva á EM í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þórey Edda Elísdóttir þarf að fara í aðgerð:

# Þórey Edda útilokar ekki að stökkva á EM

**FRJÁLSAR** Þórey Edda Elísdóttir stangarstökkvari er á leiðinni í aðgerð í Þýskalandi vegna meiðsla á öxl. Þórey er með slitið liðband en hún ákvað að taka aðgerðina fram yfir sérstaka sprautumeðferð sem talsverð meiri áhætta fylgir.

„Ég er búin að tala við nokkra lækna en þeir ráðlögðu mér að fara í aðgerð þar sem liðbandið er alveg rifið frá og þess vegna virkar ekki að fara bara í sprautumeðferð. Ef það kæmi eitthvað upp á ólympíuári þá væri dýr ákvörðun að hafa ekki drifið í þessu ef ég þyrfti að fara í aðgerð þá. Aðgerð er því niðurstaðan og ég verð bara að kyngja því," sagði Þórey Edda við Fréttablaðið í gær en hún fer fram 14. eða 21. mars.

„Góðu fréttirnar eru þær að þetta er mjög hreint rifið frá og því er tiltölulega auðvelt að laga þetta. Það er einungis þetta eina liðband sem er slitið frá en ekkert annað sem eru góð tíðindi en það er erfitt að segja hversu lengi ég verð frá. Ég vona að ég geti verið eitthvað með síðari partinn í sumar og ég ætla að vera mjög dugleg í endurhæfingunni. Ég mun alveg geta hlaupið og lyft og því verð ég í fínu formi þegar ég get byrjað að stökkva aftur," sagði Þórey sem útilokar ekki að keppa á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum í ágúst.

„Ég afskrifa það ekki að stökkva á EM en það verður bara að koma í ljós. Ég tek bara einn mánuð í einu og ætla mér ekki að ana út í neitt án þess að vera búin að ná mér að fullu," sagði Þórey að lokum. - hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| | |
|---|---|
| VALUR-FYLKIR | 30-28 |

**Mörk Valur:** Hjalti Þór Pálmason 10, Mohamadi Laotoufi 6, Baldvin Þorsteinsson 5, Sigurður Eggertsson 4, Kristján Þór Karlsson 2, Ingvar Árnason 2, Atli Rúnar Steinþórsson 1. Varin skot: Hlynur Jóhannesson 20, Pálmar Pétursson 4.

**Mörk Fylkis:** Heimir Örn Árnason 9, Arnare Jón Agnarsson 5, Eymar Kruger 3, Arnar Þór Sæþórsson 3, Ingólfur Axelsson 2, Davíð Óskarsson 2, Hreinn Þór Hauksson 2.

**Varin skot:** Hlynur Morthens 15, Sölvi Thorarensen 3.

| | |
|---|---|
| ÞÓR AK.-HK | 22-35 |

**Mörk Þórs:** Arnór Þór Gunnarsson 5, Rúnar Sigtryggsson 4.

**Mörk HK:** Valdimar Þórsson 7, Elías Halldórsson 6.

| | |
|---|---|
| ÍR-AFTURELDING | 28-28 |

**Mörk ÍR:** Ólafur Sigurjónsson 7, Davíð Georgsson 5, Ragnar Helgason 4.

**Mörk Aftureldingar:** Vlad Trufan 8, Aleks Kusmins 8, Ernir Hrafn Arnarsson 5.

| | |
|---|---|
| SELFOSS-VÍK/FJÖ | 28-33 |
| KA-FH | 28-30 |

## ÚR SPORTINU

Louis Saha, franski framherjinn hjá Man. Utd, var í liðinu í úrslitaleik deildabikarsins fyrir skemmstu þar sem stjórinn Alex Ferguson hafði áhyggjur yfir því að hann kynni að fara frá félaginu hefði hann ekki fengið að spila. Þetta sagði knattspyrnustjórinn sjálfur í gær. „Ef ég hefði ekki látið hann spila eftir að hann hafði skorað svona mörg mörk fyrr í keppninni, þá hefði hann líklega hugsað með sjálfum sér: „Ég get fengið að spila reglulega með einhverju öðru liði,“ sagði Ferguson.



John Terry, fyrirliði Englandsmeistara Chelsea, segir að ein megin stæða þess að hann hafi náð svo miklum framförum í sínum leik á síðustu árum sé að horfa á upptökur af sjálfum sér eftir alla leiki liðs síns. „Ég skoða eigin frammistöðu og sé hvað ég hefði mátt gera betur. Fyrir mér snýst fótbolti að miklu leyti um einbeitingu og ég held að það sé stærsta breytingin á mínum leik. Ég held betri einbeitingu núna en fyrir 7-8 árum,“ segir Terry.



Meistaralið San Antonio sigraði Dallas í NBA-deildinni í körfubolta í fyrrinótt, 98-89, í uppgjöri tveggja af efstu liðum deildarinnar. Þetta var fimmti sigur San Antonio í röð en jafnframt fyrsta tap Dallas í síðustu sjö leikjum.

Wayne Rooney, framherji Man. Utd og enska landsliðsins, segir að tilhneigð enska liðsins fyrir því að skora á síðustu mínútum leikja sinna geti reynst góður kostur á HM í Þýskalandi í sumar. „Michael Owen náði því gegn Argentínu og Joe Cole nú gegn Úrúgvæ. Þetta sýnir að við erum að halda einbeitingu í 90 mínútur en andstæðingar okkar ekki. Það gefur okkur mikið forskot.“

Margir í Bandaríkjunum hafa lýst yfir furðu sinni á því að Allen Iverson hafi ekki verið valinn í landslið Bandaríkjanna sem tekur þátt á HM í Japan í sumar og ÓL í Peking eftir tvö ár. Nýjasta samsæriskenningin er sú að forráðamenn Adidas hafi ekki samþykkt að Iverson yrði valinn þar sem hann er á risasamningi hjá Rebook, helsta keppinautar Adidas í körfuboltavörum, en Adidas mun verða helsti styrktaraðili körfuboltaliðs Bandaríkjanna í þessum mótum.



Grétar Rafn Steinsson kom ekki við sögu hjá AZ Alkmaar sem vann sannfærandi sigur á NEC Nijmegen í hollensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Grétar hefur vermt varamannabekkinn mikið að undanförnu eftir gott gengi framan af leiktíðinni. Það voru Haris Medunjanin og Danny Koevermans sem skoruðu mörk AZ sem er í toppbaráttunni í deildinni.

Haukar eru í hefndarhug gegn Stjörnunni eftir tap í bikarúrslitunum:

# Við ætlum ekki að tapa aftur

**HANDBOLTI** Stjarnan og Haukar leiða saman hesta sína í Garðabænum í dag klukkan 16.15 í DHL-deild karla í handbolta. Stjarnan bar sigurorð af Haukum í bikarúrslitaleiknum um síðustu helgi og Páll Ólafsson, þjálfari Hafnarfjarðarliðsins, er svo sannarlega í hefndarhug eftir útreiðina.

„Að sjálfsögðu ætlum við ekki að tapa aftur. Ég vona að það séu allir í hefndarhug, ég er það persónulega og ég vona að ég komi því inn hjá mínum mönnum. Við ætlum að borga fyrir okkur frá því í bikarúrslitaleiknum,“ sagði Páll við Fréttablaðið í gær.

Stjarnan varð bikarmeistari í fyrsta skipti í sautján ár þegar liðið lagði Hauka í Laugardalshöll um síðustu helgi 24-20. Haukar voru yfir í hálfleik en slæmur sóknarleikur varð liðinu að falli í þeim síðari og Stjörnumenn kláruðu verkefnið auðveldlega undir lokin. Þrátt fyrir það ætlar Páll ekki að breyta miklu hjá sínu liði.

„Fyrst og fremst þurfum við að spila betri sóknarleik og það er algjörlega í okkar höndum en ekki þeirra. Ég legg leikinn upp mjög svipað og um síðustu helgi og það verða engar stórvægilegar breytingar á okkar leik,“ sagði Páll. Lokasprettur deildarinnar er framundan en Haukar eru í efsta sæti deildarinnar, í harðri baráttu um titilinn við Fram og Val. Páll býst við mjög spennandi lokaspretti en átta leikir eru nú eftir.

„Það er nóg af leikjum eftir og þetta verður spennandi á lokasprettinum. Í augnablikinu eru þrjú lið í baráttunni um titilinn en Stjarnan á eftir að spila við efstu liðin og ef félaginu tekst að landa sigrum gegn þeim þá blanda þeir sér líka í toppbaráttuna,“ sagði Páll að lokum. **- hþh**



**TEKINN FÖSTUM TÖKUM** Tite Kalandadze er hér tekinn föstum tökum í bikarúrslitaleiknum um síðustu helgi. Búast má við svipuðum átökum í leiknum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**RONALDO** Gæti farið frá Real Madrid vegna ósættis. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ronaldo gæti farið frá Real:

# Skilinn eftir

**FÓTBOLTI** Ronaldo er æfur eftir að hafa verið tekinn úr leikmannahópi Real Madrid fyrir nágrannaslaginn gegn Atletico Madrid í kvöld en leikurinn er í beinni útsendingu á Sýn klukkan 19.00.

Þetta gæti verið dropinn sem fyllir mælinn hjá Ronaldo sem hefur áður sagt að hann gæti farið frá liðinu. Hann hefur verið orðaður við lið bæði á Englandi og Ítalíu.

Fernando Martin, hinn nýi forseti Real, sagði í gær að hann sætti sig ekki við leikmenn sem legðu sig ekki alla fram fyrir liðið. Ronaldo hefur verið gagnrýndur undanfarið fyrir einmitt það en samt sem áður er hann markahæsti leikmaður liðsins með tíu mörk á tímabilinu. Juan Ramon Lopez Caro, þjálfari liðsins, segir aftur á móti að Ronaldo sé ekki í hópnum vegna taktískra ástæðna. **- hþh**





B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Nothing is worth nothing.“**

**Svar:**
Terry Benedict úr kvikmyndinni Ocean's Twelve árið 2004.

# dagskrá

## Í TÆKINU: DENZEL WASHINGTON Í DEVIL IN A BLUE DRESS Í SJÓNVARPINU KL. 22.30.

# *Lærður blaðamaður*



Denzel Washington fæddist í Mount Vernon í New York árið 1954 og var næstelstur þriggja systkina. Faðir hans var prestur og móðirin rak snyrtistofu en þau skildu þegar Denzel var fjórtán ára. Í framhaldinu varð Denzel erfiður unglingur og margir vina hans enduðu í fangelsi. Móðir hans brást við vandamálinu með því að senda Denzel í einkaskóla og síðan í Fordham-háskólann. Þar lauk hann gráðu í blaðamennsku og komst í kynni við leiklistina. Hann flutti til San Francisco og hóf nám við American Conservatory Theater. Í skólanum hætti hann eftir aðeins ár en átti þó ekki í vandkvæðum með að finna sér hlutverk í fjölda sjónvarpsþátta næstu árin.

Fyrsta kvikmyndahlutverkið var í Carbon Copy árið 1981 og út níunda áratuginn lék Denzel bæði í sjónvarpi og kvikmyndum. Hann lék meðal annars í þáttunum St. Elsewhere í heil sex ár og í myndinni Glory sem hann hreppti Óskarinn fyrir árið 1989.

Á tíunda áratugnum lék Denzel í stórmyndum svo sem The Pelican Brief, Philadelphia, Crimson Tide, The Preacher's Wife og Courage Under Fire en fyrir síðastnefndu myndina fékk hann greiddar 10 milljónir dollara. Árið 2002 leikstýrði Denzel sinni fyrstu mynd, Antwone Fisher.

Denzel hefur verið giftur leikkonunni Paulettu Pearson í 23 ár og á með henni þrjú börn.

Þrjár bestu myndir Denzels: **Man on Fire** - 2004 **Philadelphia** - 1993 **Malcolm X** - 1992



▶ 19.40 *Gaman*

MY FAMILY



▶ 19.45 *Gaman*

STELPURNAR



▶ 20.00 *Drama*

SUMMERLAND



▶ 21.10 *Lífstíll*

DR. 90210



▶ 20.50 *Fótbolti*

BARCELONA – DEPORTIVO

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (44:52) **8.08** Bú! (4:26) **8.19** Lubbi læknir (1:52) **8.32** Arthúr (99:105) **8.59** Sigga ligga lá (1:52) **9.23** Gló magnaða (40:52) **9.45** Orkuboltinn (8:8) **10.04** Kóalabirnirnir (23:26) **10.30** Stundin okkar **11.00** Kastljós **11.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

**14.15** Íslandsmótið í handbolta **15.45** Handboltakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (41:51)

**18.30 Frasier** (Frasier XI)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.40 Fjölskylda mín (2:13)** (My Family) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.
**20.15 Spaugstofan**
**20.45 Winslow-strákurinn** (The Winslow Boy) Bandarísk bíómynd frá 1999 byggð á leikriti eftir Terence Rattigan um mann sem leggur allt undir til að hreinsa son sinn af ásökunum um þjófnað.
**22.40 Einkaspæjarinn** (Devil in a Blue Dress) Myndin gerist í Los Angeles um miðja síðustu öld og segir frá einkaspæjara sem er ráðinn til að hafa uppi á konu og flækist inn í pólitískt hneykslismál. Bönnuð börnum.

**0.25** Frida (Bönnuð börnum e) **2.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.10** Músti **7.15** Pingu **7.20** Ljósvakar **7.30** **7.40** **8.05** **8.30** Barney **8.55** Með afa **9.50** Kalli á þakinu **10.15** Tom Thumb & Thumbelina **11.35** Home Improvement 4

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol – Stjörnuleit **15.35** Idol – Stjörnuleit **16.05** Meistarinn **17.05** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.10 Lottó**
**19.15 The Comeback** (Endurkoman) Glænýir gamanþættir með Lisu Kudrow, betur þekkt sem Phoebe úr Vinum, í aðalhlutverki.
▶ **19.45 Stelpurnar** Ný þáttaröð er hafin með Stelpunum sífyndnu.
**20.10 Bestu Strákarnir**
**20.40 Það var lagið**
**21.50 Sky Captain and the World of Tomorrow** (Háloftakafteinninn og veröld morgundagsins) Þegar helstu vísindamenn heimsins taka að hverfa hver af öðrum kemst blaðakonan Polly Parker (Paltrow) að því að brjálaður vísindamaður ætlar sér að ráða yfir heiminum.

**23.40** Control (Stranglega bönnuð börnum)
**1.10** Shipping News (Bönnuð börnum) **3.00** Hidden Agenda (Bönnuð börnum) **4.45** The Comeback **5.15** Sjálfstætt fólk **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**17.30** Fashion Television Nr. 16 (e) **18.00** Laguna Beach (11:17) (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Friends (7:24)** (Vinir 7) (The One With Ross's Library Books)
**19.30 Friends (8:24)** (Vinir 7) (The One Where Chandler Doesn't Like Dogs)
▶ **20.00 Summerland (13:13)** (What's Past Is Prologue) Bandarískur myndaflokkur sem fjallar um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.
**20.45 Sirkus RVK (18:30) (e)** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.15 American Idol 5 (11:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 6 – #513/514 – 12 Boys) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims.
**22.45 American Idol 5 (12:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 6 – #515/516 – 12 Girls)

**0.15** American Idol 5 (13:41) (e) **1.05** Supernatural (3:22) (e) **1.50** Splash TV 2006 (e) **2.20** Kallarnir Nr. 5 (e)

## SKJÁREINN

**10.15** Top Gear (e) **11.00** 2005 World Pool Championship – lokaþáttur

**12.40** Game tíví (e) **13.05** Yes, Dear (e) **13.30** According to Jim (e) **14.00** Charmed – lokaþ. (e) **14.45** Blow Out II – lokaþ. (e) **15.30** Australia's Next Top Model – lokaþ. (e) **16.30** Celebrities Uncensored (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

**18.35 Will & Grace (e)**
**19.00 Family Guy (e)**
**19.30 Malcolm in the Middle (e)**
**20.00 All of Us** Jonny æskuvinur Roberts kemur í bæinn og það verður allt vitlaust þegar neistarnir fara að fljúga á milli hans og Neesee.
**20.25 Family Affair** Það er foreldravika í skólanum en Bill þarf að fara í viðskiptaferð, Hr. French fer í skólann til krakkanna í hans stað.
**20.50 The Drew Carey Show**
▶ **21.10 Dr. 90210** Í þáttunum Dr. 90210, frá E-sjónvarpsstöðinni, er fylgst með lýtalæknum fína og fræga fólksins í Beverly Hills við störf sín.
**21.45 Law & Order: Trial by Jury**
**22.30 Strange** Jude les sig til um púka og illa anda.

**23.30** Stargate SG-1 (e) **0.15** Law & Order: SVU (e) **1.00** Boston Legal (e) **1.50** Ripley's Believe it or not! (e) **2.35** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.05** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**8.30** Ítölsku mörkin **9.00** Ensku mörkin **9.30** Spænsku mörkin **10.00** World Poker **11.30** US PGA 2005 – Inside the PGA T

**12.00** Ísland – Trínidad og Tóbagó **13.40** HM 2006 **15.20** Meistaradeildin í handbolta **16.50** A1 Grand Prix **17.50** Supersport 2006 **17.55** World Supercross GP 2005-06

**18.50 Spænski boltinn beint** (Real Madrid – Atl. Madrid) Bein útsending frá leik Real Madrid og At. Madrid í spænska boltanum.
▶ **20.50 Spænski boltinn beint** (Barcelona – Deportivo) Bein útsending frá leik Barcelona og Deportivo í spænska boltanum. Barcelona hefur farið á kostum í deildinni og virðist vera óstöðvandi umþessar mundir .
**22.50 Box í beinni** (Jeff Lacy – Joe Calzaghe)Einn umtalaðasti bardagi ársins, um WBO heimsmeistaratitilinni í milliþungavigt. Margfaldur WBO meistari, Joe Calzaghe, sem kallaður er ÑStolt Walesì, ver titil sinn enn eina ferðina og er áskorandinn að þessu sinni Florida-búinn og IBF-meistarinn Jeff Lacy sem hefur verið gjörsamlega ósigrandi upp á síðkastið.

**0.55** Hnefaleikar (Erik Morales vs. Manny Pacquiao 2)

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Star Wars Episode II: The Att **8.20** Mona Lisa Smile **10.15** Princess Mononoke **12.25** Elizabeth Taylor: Facets **14.00** Star Wars Episode II: The Att **16.20** Mona Lisa Smile **18.15** Princess Mononoke **20.25 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e)** Sígildur vestri með Paul Newman og Robert Redford. **22.10 Lord of the Rings: The Return of the King** (Hringadróttinssaga: Hilmir snýr heim) Bönnuð börnum. **1.25** Mystic River (Stranglega bönnuð börnum) **3.40** K-19: The Widowmaker (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **13.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **14.00** Gastineau Girls **14.30** Celebrity Soup **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** THS Investigates **22.00** E! Entertainment Specials **23.00** Celebrity Soup **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** THS Investigates **2.00** Dr. 90210

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.10** Upphitun (e) **12.40** WBA – Chelsea (b) **14.50** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Fulham – Arsenal (b) **17.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **17.15** Liverpool – Charlton (b)

**19.30 West Ham – Everton** Leikur sem fram fór í dag.
**21.30 Newcastle – Bolton** Leikur sem fram fór í dag.

**23.30** Aston Villa – Portsmouth **1.30** Dagskrárlok










## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Joe Calzaghe-Jeff Lacy** Sýn, kl. 22:50

### *Arftaki Tysons í beinni á Sýn*



Einhver mest spennandi hnefaleikabardagi ársins fer fram í kvöld þegar margfaldur WBO heimsmeistari í millivigt, sjálft „Stolt Wales“, Joe Calzaghe mætir í hringinn og ver titil sinn enn eina ferðina. Bardaginn fer fram í M.E.N. höllinni í Manchester í Englandi og áskorandinn er IBF meistarinn Jeff Lacy, sem á rætur að rekja til Flórída í Bandaríkjunum. Calzaghe hefur skipað sér í röð sigursælustu boxara Bretlands en þetta er í 18. skipti sem hann ver WBO titil sinn. Calzaghe á að baki 40 sigra og er taplaus og rothöggin hafa verið 31 talsins á meðan hinn upprennandi Lacy á að baki 21 sigra, er einnig taplaus og hefur sigrað 17 sinnum með rothöggi. Margir hafa talað um hinn 28 ára gamla Lacy sem léttari útgáfu af Mike Tyson og hefur hann sjálfur látið hafa eftir sér að hann sé staðráðinn í að verða súperstjarna á einni nóttu með því að leggja andstæðing sinn, hinn 33 ára og ósigrandi Calzaghe.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 5 | | | 9 | 1 |
| | | | | | 3 | | | |
| 3 | | | | | 7 | 2 | | |
| | | | | | | | 4 | 8 |
| | | 9 | 7 | | 5 | 6 | | |
| 1 | 6 | | | | | | | |
| | | 1 | 8 | | | | | 3 |
| | | | 9 | | | | | |
| 8 | 2 | | | 6 | 1 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 |
| 3 | 8 | 4 | 1 | 2 | 7 | 9 | 6 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 |
| 1 | 6 | 9 | 7 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 5 | 2 | 7 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 3 | 5 | 7 | 9 | 4 | 8 | 6 |
| 8 | 9 | 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 7 | 3 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 9 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILID



▶ **16.10**
*Heimildamynd*

STORM THAT DROWNED A CITY

### NFS

**10.00** Fréttir **10.05** Helgin – með Eiríki Jónssyni **11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna **12.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **14.00** Fréttir **14.10** Helgin – með Eiríki Jónssyni **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir ▶**16.10** Storm that Drowned a City **17.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur

**18.00** Veðurfréttir og íþróttir
**18.30 Kvöldfréttir/Fréttir/Veður**
**19.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar.
**19.45 Helgin – með Eiríki Jónssyni**
**20.45 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss**
**21.35 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar.
**22.10 Veðurfréttir og íþróttir og veður**
**22.40 Kvöldfréttir/Fréttir og veður**

**23.20** Síðdegisdagskrá endurtekin í h **9.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Þar sem austrið er ekki lengur rautt **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Er ofbeldi fyndið? **14.35** Tónlist á laugardegi **15.00** Til í allt **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.26** Leikhúsmýslan **19.00** Ópera mánaðarins: Norma **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying







**Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur**

**Fréttablaðið** kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



## HRÓSIÐ

*...fá Edda Ýrr Einarsdóttir og Alma Geirdal, forsvarsmenn Forma, en þær hlutu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem veitt voru við hátíðlega athöfn síðasta fimmtudag.*

## + NÚNA

## BÚIÐ ÷



Bombay TV. Farðu inn á vefsíðuna www.grapheine.com og textaðu þínar eigin Bollywood-myndir. Alger snilld.



Gamaldags blúndur. Karl Lagerfeld og Jón Sæmundur eru báðir með þetta trend á hreinu.



The Stooges. Iggy Pop á leiðinni til landsins og allir vilja vera hundar.



Húðlitaðar sokkabuxur. Nei, nei, nei, nei



Hvítir skór. Ganga bara upp ef þú ert alvöru rokkabillírokkari, annars er þetta hræðilegt.



Teiknaðar augabrúnir. Yfirmáta hallærislegt. Vertu náttúruleg/ur.



**LÁRÉTT**
**2** hvetja **6** ógrynni **8** persónufornafn **9** skarð **11** til dæmis **12** reyna **14** hroki **16** hólmi **17** snúningshraði **18** leyfi **20** ekki heldur **21** sjávardýr.

**LÓÐRÉTT**
**1** rusl **3** í röð **4** bætiefni **5** á móti **7** anddyri **10** hélt á brott **13** starfsgrein **15** pappír **16** F **19** klaki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** örva, **6** of, **8** sín, **9** rof, **11** td, **12** prófa, **14** dramb, **16** ey, **17** gír, **18** frí, **20** né, **21** fisk.
**LÓÐRÉTT: 1** sorp, **3** rs, **4** vítamín, **5** and, **7** fordyri, **10** fór, **13** fag, **15** bréf, **16** eff, **19** ís.

allt
atvinna
Alla sunnudaga



**SHANDI OG FÉLAGAR** Fyrirsætan og plötusnúðurinn Shandi Sullivan er komin til Íslands ásamt vinum sínum í Karaoke Killed the Cat. Frá vinstri: Joel Lawrence, Matt Coats, Chris Ehrman og Shandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### SHANDI SULLIVAN Á ÍSLANDI: FYRIRSÆTA OG PLÖTUSNÚÐUR

# Sú eina sem grét ekki

Shandi Sullivan, sem margir Íslendingar þekkja úr sjónvarpsþættinum America´s Next Top Model, mun troða upp sem plötusnúður á Gauki á Stöng í kvöld ásamt karókíhópnum Karaoke Killed the Cat frá New York.

Þau lentu hér á landi í gærmorgun og ætla að dvelja hérna í viku til að kynnast betur landi og þjóð. Upphafsmaður sýningarinnar, hinn gulltennti Chris Ehrman, segir að Karaoke Killed the Cat sé öðruvísi en allt annað. „Þeir sem vilja taka þá áhættu á að sjá eitthvað sem hljómar ekkert skemmtilegt en er það samt ættu að koma að sjá okkur,“ segir hann og Matt Coats, félagi hans, bætir við: „Þetta er eins og danspartí þar sem allir eiga möguleika á að verða stjörnur,“ segir hann.

Sýningin gengur þannig fyrir sig að Shandi hitar upp með því að spila tónlist frá áttunda áratugnum og síðan taka þeir Coats og Ehrman við og syngja tvö karókílög. Eftir það er röðin komin að fólkinu í salnum. „Fólk er ekki eins taugaveiklað eftir að við höfum lokið okkur af. Við erum frekar aulalegir uppi á sviðinu og fólk hugsar: Ef þessir líta svona illa út þá hljótum við að geta þetta,“ segir Coats og Ehrman bætir við: „Við erum ekkert með stórkostlegar raddir en þetta snýst ekki um það heldur að hafa brennandi áhuga á þessu.“

Þeir viðurkenna að flestir sem komi upp á svið séu búnir að drekka í sig kjark. „Að vera fullur hjálpar mikið,“ segir Ehrman og hlær. „Ég drekk ekki en það eru fáir sem fara upp á svið án þess að vera búnir að drekka og þú getur alltaf séð þegar áfengið fer að segja til sín. Áfengi og karókí hefur alltaf blandast vel saman og við viljum ekki hrófla við því,“ segir hann í léttum dúr.

Shandi játar að líf hennar hafi breyst gífurlega síðan hún tók þátt í America´s Next Top Model. „Ég vann í stórmarkaði þar sem ég raðaði í hillur en komst í þáttinn eftir að hafa talað við framleiðandann í tíu mínútur. Ég bjó í smábæ í miðjum Bandaríkjunum en flutti til New York fyrir tveimur árum og hef verið þar síðan,“ segir Shandi.

Hún segist ekki hafa metnað í að verða fyrirsæta í framtíðinni þó að hún starfi við það stöku sinnum. „Eftir þáttinn gerði ég samning við Trump Model Management og var hjá þeim í eitt og hálft ár og ákvað þá að einbeita mér að því að vera plötusnúður.“

Shandi var þriðja síðasta stúlkan sem var látin fara heim úr sjónvarpsþættinum og náði því lengra en flestar stöllur sínar. Hún segist ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum með brotthvarfið. „Ég hafði það á tilfinningunni að það myndi gerast. Mér fannst dómararnir halda að ég fyndi mig ekki í þættinum, sem var rétt því það var ýmislegt persónulegt í gangi hjá mér á sama tíma. Ég held meira að segja að ég hafi verið sú eina sem grét ekki þegar ég var látin fara,“ segir hún.

Gaukurinn opnar klukkan 22.00 í kvöld og er miðaverð 500 krónur.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breski rithöfundurinn og kennarinn James Skidmore sagði frá því í Fréttablaðinu fyrr í vikunni að hann leitaði nú að bresku forlagi með það fyrir augum að fá almennilega dreifingu á skáldsögu sinnar um baráttu Íslendingasöguhetjunnar Grettis Ásmundarsonar við bölvun, þunglyndi og grimma víkinga í London samtímans. Skidmore ætlar að mæta, ásamt umboðsmanni sínum, á hina risavöxnu bókamessu London Book Fair um helgina og reyna að vekja athygli á The Saga of Grettir Ásmundarsen. Hann ætlar að hafa úrklippu með umfjöllun Fréttablaðsins um bókina meðferðis og útilokar ekki að það geti nýst honum að útbreiddasta dagblað Íslands hafi sýnt verki hans áhuga. Íslenskir forleggjarar verða að sjálfsögðu einnig á bókamessunni þannig að það er aldrei að vita nema Skidmore takist að selja þeim bókina, sem óneitanlega er beintengd menningararfi Íslendinga.



Og enn af bókum og fjöldasamkomum tengdum þeim. Bókamarkaði Félags íslenskra bókaútgefanda í Perlunni lýkur í dag en þar hafa sölumet verið slegin nánast daglega frá opnun. Salan hefur suma dagana verið tvöfalt meiri en í fyrra en það vekur eftirtekt að barnabækur hafa selst sérstaklega vel. Talið er að um 40.000 bækur hafi selst um síðustu helgi og útgefendur hafa ekki haft undan að moka bókum af lagerum sínum yfir í Perluna. Jóhann Páll Valdimarsson, hjá JPV útgáfu, jók svo enn á hamaganginn þegar hann bauð bókamarkaðsgestum 50 eintök af Ísland í aldanna rás með veglegum afslætti. Bækurnar seldust upp á átta mínútum og lá að sögn við handalögmálum þessar dramatísku mínútur.



**- þþ**

GLÆNÝ LÚÐA
HUMAR
TÚNFISKUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Fimmtán stelpur í MTV-partí

Tökur á þættinum Bikinimódel ársins, sem svipar til hins vinsæla America´s Next Top Model, eru hafnar hjá sjónvarpsstöðinni Sirkus.

Í tilefni af þættinum verður haldið sjóðheitt partí á Pravda í kvöld. Þar mun gestadómarinn Ledon velja fimmtán íslenskar stelpur til að fara til Spánar í MTV-partí með rapparanum Kanye West um næstu helgi.

Hluti af stelpunum sem keppa innbyrðis í þættinum mun fara til Spánar en einnig verða nokkrar aðrar föngulegar stelpur teknar með í ferðina.

„Þetta verður VIP-eftirpartí eftir tónleikana með Kanye West,“ segir gestadómarinn Ledon og býst við því að sjá fögur fljóð frá Íslandi. „Þær eru allt öðruvísi en stelpurnar sem ég er vanur að sjá og þetta verður örugglega mjög flott. Allir vita hversu margt fallegt kvenfólk kemur frá Íslandi,“ segir hann. „Vanalega höfum við talað við umboðsskrifstofurnar Ford eða Elite um að útvega okkur stelpur í þessi partí en núna vildum við prófa eitthvað nýtt og hlökkum bara mikið til að sjá hvað verður.“ **-fb**



**HLUTI STÚLKNANNA** Þessar stúlkur verða á meðal þeirra sem mæta á Pravda í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN BLÖNDAL

# ÓSKARSVERÐLAUNABÍÓ







★★★★
„Stjörnuleikur Hoffman er burðarás magnaðs byrjendaverks um sannsögulega siðferðislega togstreitu rithöfundar.“
*G.E. NFS*

„Stórkostleg upplifun, leikur, handrit og leikstjórn í hæðsta gæðaflokki í mynd um kaldrifjaða morðingja og kaldrifjaðar vinnuaðferðir Capotes.
Nokkrir Óskarar í sjónmáli.“
*S.V. MBL*

★★★★
„…ótrúlega áhrifarík, minnistæð og ögrandi kvikmyndagerð“
*L.I.B. topp5.is*

★★★½
„Tregafull ástarsaga tvinnuð hálfgegnsærri spennusögu í stórbrotnu umhverfi andstæðna í Kenya.“
*G.E. NFS*

## Sigurstranglegastar á sunnudag?
## Sjáið myndirnar sem allir eru að tala um!










★★★★★ „MANNBÆTANDI GULLMOLI“
„…Mynd sem þú verður að sjá. Magnþrúngið listaverk
Sem mun fylgja áhorfendum um ókomin ár.“
*S.V. MBL*

★★★★
„Enginn ætti að láta Walk the Line framhjá sér fara því myndin er auðgandi fyrir augun, eyrun og hjartað.“
*V.J.V topp5.is*

★★★★
„Transamerica er áhugaverð og einstök mannlífsskoðun sem rís í hæði í túlkun Huffman, sem tekst hið óframkvæmanlega.“
*S.V. MBL*

REGNBOGINN SMÁRABÍÓ

Landsbankinn

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Garðar

Það voru ákveðin tímamót fyrir Íslendinga þegar stjórn Alcoa ákvað á þriðjudaginn að kanna kosti þess að reisa álver á Bakka við Húsavík. Tímamótin fólust þó ekki í ákvörðun stjórnarinnar eða meintum sigrum íslenskra stjórnmálamanna, heldur því að nú afhjúpaðist kristaltært fyrir okkur öllum hið djúpa eðli Íslendinga sem felst í tvennu: Að vera spenntir fyrir allsherjar skyndilausnum sem hægt er að riggja upp í hvelli án þess að velta fyrir sér afleiðingunum og hins vegar að fagna of mikið og of snemma.

**ÞAÐ** var furðulegt að horfa á brosandi fréttamann Ríkissjónvarpsins (hvar var hlutleysið?) sitja innan um fagnandi Húsvíkinga á pöbb þar nyðra, kallandi eftir fagnaðarlátum líkt og Húsvíkingur hefði verið fyrsti maðurinn til að ganga á Tunglinu þá um kvöldið í geimbúningi úr héraðinu. Alcoa, svo ég rifji upp staðreyndirnar, ætlar að skoða málið. Það var það eina sem var ákveðið. Ég geri heldur ekki ráð fyrir að Húsvíkingum sé sama um á hvaða raforkuverði álverið verði rekið og einnig hvort aðrar atvinnugreinar í landinu, einkum útflutningur, þoli álagið og þensluna. Eða hvað?

**NÚ** á að kýla á það með iðnaðarráðherra í broddi fylkingar. Fá Pólverja og Kínverja, væntanlega, til að byggja verksmiðjuna. Spyrja má í ljósi bjartsýninnar og hinna ótímabæru fagnaðarláta hvers lags veruleiki myndi blasa við Húsvíkingum ef Alcoa og Landsvirkjun næðu ekki samningum. Væri byggðarlagið þá dauðadæmt? Ef það er tilfellið, er þá til einhver betri skilgreining á því að byggð sé illa háð erlendu stórfyrirtæki?

**ÞETTA** er umhugsunarefni. Hvað veldur þessari geðshræringu? Hver er váin? Samkvæmt nýjustu tölum af vef Hagstofunnar voru sex án atvinnu í heilt ár eða lengur á Norðurlandi eystra árið 2000, fimm árið 2001 og fjórir árið 2002, þannig að viðvarandi atvinnuleysi fór sem sagt minnkandi. Tveir af sex fengu vinnu. Atvinnuleysi er auðvitað alltaf leiðinlegt, en þessar tölur gefa ekki til kynna að í fjórðungnum ríki ástand eins og í yfirgefnu kolanámuþorpi á tímum Dickens. Er álverið fyrir hina fjóra?

**ÉG** held að það sé hægt að gera margt á Húsavík og álver er ekkert út úr korti svo sem, ef efnahagslífið og náttúran leyfa, sem er stórt vafamál. Það er í öllu falli athyglisvert að möguleikum á álveri sé fagnað eins og byggðarlagið fari til fjandans annars. Skælbrosandi Húsvíkingar sögðu við fréttamann að stærri tíðindi hefðu ekki gerst síðan Garðar kom til Húsavíkur árið 870.

**SÁ** var nú reyndar eitthvað smá skrítinn því hann vildi skíra landið Garðarshólma. Þá værum við Garðarshólmarar, en hvað um það. Líkingin við Garðar Svavarsson er einkar viðeigandi. Dæmi Garðars ætti einmitt að kenna Húsvíkingum að fagna ekki of snemma og að betra sé að treysta sem mest á sjálfan sig ef unnt er. Garðar var Svíi, kom við á Húsavík í einn vetur og fór svo.


